

**ESTHER TALÍA CASEY**

*Í kjólaham á Akureyri*

Tíska Heimili Heilsa

allt Í MIÐJU BLAÐSINS

**ARI MATTHÍASSON**

*Ekki svo slæmur í fótbolta*

Slær í gegn í auglýsingu Icelandair

FÓLK 62







# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

15. júní 2006 — 158. tölublað — 6. árgangur MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI Sími: 550 5000




**Spila golf og veiða**

Landsliðsmennirnir búa sig á mismunandi hátt undir Svíaleikinn.

FÓLK 50

**Dvínandi glaumur**

„Stöðugleikinn er rokinn út í veður og vind," segir Þorvaldur Gylfason, sem líst ekki á stöðuna. „Verðbólgumarkmið Seðlabankans er markleysa, krónan heldur áfram að falla, verklýðshreyfingin er í viðbragðsstöðu, og erlendar skammtímaskuldir þjóðarbúsins tvöfölduðust fyrstu þrjá mánuði þessa árs."

Í DAG 30

**Tónskáldið í forgrunni**

Ríkarður Örn Pálsson tónskáld fagnar sextugsafmæli með pompi og prakt og á afmælisdaginn kemur út tvöfaldur diskur með tónsmíðum og útsetningum hans.



TÍMAMÓT 34

**Dramatík hjá Þjóðverjum**

Gestgjafar HM, Þjóðverjar, eru svo gott sem komnir í sextán liða úrslit keppninnar eftir dramatískan sigur á Pólverjum þar sem sigurmarkið kom í blálokin.



ÍÞRÓTTIR 59

**VEÐRIÐ Í DAG**




**BJARTVIÐRI EYSTRA** - Í dag verður suðvestan strekkingur víða en þó hægari austan til. Bjartviðri á Norðaustur-, Austur- og Suðausturlandi en kröftótta vestan til og sums staðar lítilsháttar væta, einkum í fyrstu. Hiti 9-17 stig, hlýjast fyrir austan.


**Byrjaðu núna að æfa!**

Besta leiðin til að undirbúa sig fyrir Reykjavíkurmaraþon Glitnis er að skrá sig í hlaupahóp á glitnir.is. Hlaupahópur Glitnis hleypur frá styttu ... á Kirkjusandi ... daga kl. 17.30 ...





# Kjaraviðræður eru sagðar í sjálfheldu

**Vinna við endurskoðun kjarasamninga er í sjálfheldu vegna þess að ríkisstjórnin hefur hafnað ósk verkalýðshreyfingarinnar um skattþrep fyrir hina tekjuminni. Samkomulag næst varla fyrir helgi eins og stefnt hafði verið að.**

**EFNAHAGSMÁL** Vinna verkalýðshreyfingarinnar við framlengingu kjarasamninga er í sjálfheldu og veltur það á ríkisstjórninni hvernig þróunin verður. Forystumenn verkalýðshreyfingarinnar hafa lagt áherslu á nýtt skattþrep fyrir hina tekjuminni í samræmi við það umboð sem þeir hafa en ríkisstjórnin hefur hafnað því alfarið. Málið er í klemmu. Búist er við því að samningaviðræður dragist fram yfir helgi.

Viðræður aðila vinnumarkaðarins halda áfram. Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, SA, kom til landsins í gær og hitti þá fulltrúa Starfsgreinasambandsins og Samiðnar og svaraði spurningum þeirra um útfærslu og framkvæmd á tilboði SA. Vilhjálmur heldur áfram hringferð sinni um verkalýðshreyfinguna í dag og svarar þeim spurningum sem hafa vaknað.

Undanfarna daga hefur verkalýðshreyfingin farið yfir ýmis flókin álitaefni um útfærslu og framkvæmd á tilboði SA, til dæmis mismunandi launakerfi og kjarasamninga og hvernig tilboðið kemur út gagnvart ýmsum bónuskerfum og akkorðskerfum. Í tilboðinu þykja vera miklir fyrirvarar.

„Það girðir mjög fljótt úti stóra hópa hjá okkur sem myndu ekki fá neitt út úr þessu," segir Kristján Gunnarsson, formaður Starfsgreinasambandsins. Hann er samt ánægður með svörin sem hann fékk frá Vilhjálmi og telur viðræðunum miða ágætlega.

Kristján segir mikilvægt að ríkisstjórnin „sýni raunveruleg viðbrögð við efnahagsástandinu og að við sláum verðbólguna niður. Annars horfum við upp á þann ávinning sem við gætum hugsanlega skapað brenna mjög fljótt upp. Eins og málin horfa núna myndi allur ávinningur hverfa fyrir áramót," segir hann og telur „lyklana að framhaldinu" vera í höndum ríkisstjórnarinnar.

„Mestu máli skiptir hvernig aðkoma ríkisins verður en næsta skref er að boða formannafund í Starfsgreinasambandinu eftir helgina þar sem við förum yfir þetta tilboð eins og það mun líta út þá. Í framhaldi af því verður svo tekin ákvörðun um hvort við hoppum á vagninn eða ekki," segir Kristján. **- ghs**



FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

**Í RAÐIR BESTA FÉLAGSLIÐS HEIMS** Eiður Smári Guðjohnsen skrifaði í gær undir fjögurra ára samning við Spánar- og Evrópumeistara Barcelona en hann hefur undanfarin sex ár leikið með Chelsea. Spænska liðið greiddi um 1.100 milljónir króna fyrir landsliðsfyrirliðann íslenska. Eiður sést hér með forseta félagsins, Joan Laporta, og þjálfaranum, Frank Rijkaard, við undirskriftina í gær. Nánar á síðum 54-55.

Eiður Smári Guðjohnsen genginn í raðir Spánar- og Evrópumeistara Barcelona:

# Annar draumur rætist hjá Eiði

**FÓTBOLTI** Eiður Smári Guðjohnsen skrifaði í gær undir fjögurra ára samning við spænska stórliðið Barcelona. Hann hefur leikið undanfarin sex ár með enska liðinu Chelsea en spænsku meistararnir greiddu átta milljónir punda fyrir íslenska landsliðsfyrirliðann.

Það er jafnvirði 1.100 milljónir króna sem er langhæsta upphæð sem hefur verið greidd fyrir íslenskan knattspyrnumann en Eiður átti metið sem var um 440 milljónir punda er hann fór til Chelsea frá Bolton.

„Ég vona að ég sé ekki búinn að ná hátindi ferilsins og eigi eftir að bæta leik minn enn frekar," sagði Eiður Smári á blaðamannafundinum á Nou Camp í gær.

Bæði Joan Laporta, forseti Barcelona, og Frank Rijkaard, þjálfari liðsins, lýstu yfir mikilli ánægju með nýja liðsaukann á blaðamannafundinum og Eiður sagði að hann væri að upplifa annan draum, en hann hefði eins og flesta stráka dreymt um að spila fyrir annað hvort Barcelona eða Real Madrid á Spáni.

Eiður sagðist sannfærður um að hann væri að taka skref í rétta átt og teldi sig geta staðið undir þeim kröfum sem til hans væru gerðar hjá félaginu.

Íslenski landsliðsfyrirliðinn fær það verðuga verkefni að leysa Svíann Henrik Larsson af hólmi hjá liðinu. **- hbg / - sha**

Verðmæti Kauphallarfélaga:

## Rýrnað um 480 milljarða

**VIÐSKIPTI** Áframhaldandi lækkun varð á innlendum hlutabréfum í gær, þriðja daginn í röð, og endaði Úrvalsvísitalan næstlægsta gildi á árinu, í 5.356 stigum. Hefur hún lækkað um 3,23 prósent frá áramótum.

Frá því að vísitalan náði hámarki um miðjan febrúar hefur hún lækkað um 23 prósent en á sama tíma hefur heildarmarkaðsverðmæti Kauphallarfélaga lækkað um 480 milljarða króna; farið úr 2.350 milljörðum í 1.873 milljarða króna. **- eþa /** **sjá bls. 24**



**PENTAGON** Varnarmálaráðuneytið ætlar nú að svipta hulunni af yfirheyrslutækni sinni. NORDICPHOTOS/AFP

Herinn lætur undan:

## Upplýst um yfirheyrsluaðferðir

**WASHINGTON, AP** Bandaríska varnarmálaráðuneytið ætlar að láta undan miklum þrýstingi frá bandarískum þingmönnum og mannréttindasamtökum og svipta alveg hulunni af tilsögn um hvernig skuli staðið að yfirheyrslum.

Leiðbeiningarnar áttu að vera trúnaðarmál í annars opinberri leiðbeiningabók til hermanna og taldi varnarmálaráðuneytið ótækt að birta reglurnar því það auðveldaði óvininum að bregðast við og búa sig undir yfirheyrslu.

Talið er að nú verði einhverjum aðferðum úthýst úr reglugerðinni og fagna mannréttindasamtök því að reglurnar verði gagnsæjar og skýrar, en það hefur verið umkvörtun hermanna að vita ekki nákvæmlega hvernig að málum skuli staðið í yfirheyrslum. **- kóþ**





## SPURNING DAGSINS

*Halldór, hefði ekki verið rétt að vísa þeim á dyr?*

„Nei, þeir hafa sinn rétt og við virðum hann.“

Fulltrúar frá Samkeppniseftirlitinu gerðu húsleit hjá Visa Ísland í fyrradag og tóku gögn og afrit af tölvugögnum. Halldór Guðbjarnason, framkvæmdastjóri Vísa Ísland, gagnrýndi aðfarirnar harkalega.

Ríkissaksóknari hefur ákveðið að hætta rannsókn á meintum lygum Jóns Geralds:

# Vonast eftir afsökunarbeiðni

**DÓMSMÁL** Ríkissaksóknara, Boga Nilssyni, þykir ekki vera grundvöllur til að rannsaka það frekar hvort Jón Gerald Sullenberger hafi borið ljúgvitni gegn Jóhannesi Jónssyni í Baugsmálinu og hefur rannsókninni nú verið hætt. Þetta kemur fram í bréfi sem Bogi sendi Einari Þór Sverrissyni, lögmanni Jóhannesar, 8. júní. Jóhannes lagði fram kæru á hendur Jóni Gerald vegna þessa hinn 6. apríl.

Jón Gerald hefur sent frá sér yfirlýsingu vegna málsins þar sem hann segist frá fyrsta degi málsins hafa sagt satt og rétt frá og hyggjast gera það áfram. Hann segist jafnframt vonast eftir opinberri afsökunarbeiðni frá Jóhannesi og Einari vegna ásakananna.

Einar Þór segir sig og Jóhannes telja kæruna hafa verið reista á réttum gögnum og að hún hafi verið byggð á rökum. „Hins vegar er erfitt að sanna brot eins og rangar sakargiftir enda er bréf ríkissaksóknara reist á þeirri niðurstöðu. Aðalatriðið er það að Jóhannes var sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, sem voru reistar á grundvelli ásakana Jóns Geralds, og hann hefur ekki verið ákærður að nýju,“ segir Einar. - sh



**RANNSÓKN HÆTT** Jón Gerald segist frá fyrsta degi málsins hafa sagt satt og rétt frá og hyggjast gera það áfram.

Algengasta form forsjár:

# Í höndum beggja foreldra

**HAGSTOFA** Undanfarin fjögur ár hefur verið algengast að forsjá barna eftir skilnað sé í höndum beggja foreldra, samkvæmt nýjum tölum Hagstofu Íslands.

Árið 2005 átti þetta við um 72,8 prósent barna úr lögskilnuðum. Sameiginleg forsjá er einnig algengust eftir sambúðarslit og var árið 2005 valin í 74 prósentum tilvika. Alls voru börn undir átján ára aldri úr lögskilnuðum og sambúðarslitum 1.145 á árinu 2005.

Áður var algengast að móðir færi ein með forsjá en sameiginleg forsjá hefur færst sífellt í vöxt frá því að foreldrum var gefinn kostur á því árið 1992. - sdg

Alþjóðahvalveiðiráðið:

# Ársfundur um næstu helgi

**HVALVEIÐAR** Sendinefnd á vegum íslenskra stjórnvalda er nú farin til St. Kristofer og Nevis í Karíbahafi en um næstu helgi fer ársfundur Alþjóðahvalveiðiráðsins þar fram. Stefán Ásmundsson, skrifstofustjóri í sjávarútvegsráðuneytinu, er formaður nefndarinnar en auk hans eru Ásta Einarsdóttir og Gísli Víkingsson í nefndinni.

Japanir íhuga að draga sig út úr Alþjóðahvalveiðiráðinu, náist ekki samstaða á fundinum um að leyfa hvalveiði. Japanir hyggjast leggja fram tillögu um að hvalveiðibanni verði aflétt en þrjá fjórðu atkvæða þarf til þess að tillagan verði samþykkt. Hvalveiðibann hefur verið í gildi í tvo áratugi. - mh

Síminn sækir rétt sinn:

# Gerir kröfu í bú sakborninga

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur Íslands staðfesti á þriðjudaginn úrskurð Héraðsdóms um að bú Ragnars Orra Benediktssonar yrði tekið til gjaldþrotaskipta að kröfu Símans hf.

Ragnar Orri hafði gert þá kröfu að málinu yrði vísað frá dómi, en hann var dæmdur á síðasta ári í þriggja mánaða fangelsi fyrir hlutdeild sína í „Landssímamálinu“ svokallaða.

Síminn hf. gerir einnig kröfu í bú Sveinbjörns Kristjánssonar, Kristjáns R. Kristjánssonar og Árna Þórs Vigfússonar, að sögn Evu Magnúsdóttur, upplýsingafulltrúa Símans. - kóþ

## STJÓRNMÁL

**Sjálfstæðiskonur ósáttar** Landssamband sjálfstæðiskvenna sendi frá sér yfirlýsingu í gær þar sem lýst er yfir vonbrigðum með brotthvarf Sgríðar Önnu Þórðardóttur úr umhverfisráðuneytinu. Breytingar á ríkisstjórn hafi þó verið óumflýjanlegar.

# Forystuháskóli á alþjóðavísu í mótun

**Menntamálaráðherra opnaði í gær nýja stofnun um sjálfbæra þróun og þverfaglegar rannsóknir við Háskóla Íslands. Stofnuninni er ætlað að leika stórt hlutverk í að leysa mörg af alvarlegustu vandamálum alþjóðasamfélagsins.**

**VÍSINDI** Stofnun Sæmundar fróða um sjálfbæra þróun og þverfaglegar rannsóknir við Háskóla Íslands var formlega opnuð í gær af Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur menntamálaráðherra. Meginhlutverk stofnunarinnar er að vera vettvangur fyrir þverfaglegar rannsóknir, samstarf og fræðslu um sjálfbæra þróun, umhverfi, samfélag og efnahag. Opnun stofnunarinnar fylgir í kjölfar formlegs samkomulags Háskóla Íslands og Jarðarstofnunar Columbia-háskóla í Bandaríkjunum um samvinnu á sviði rannsókna og kennslu er varða sjálfbæra þróun.



**DR. PACHAURI**

Þar verða verkefni á sviði loftlagsbreytinga og þróun á tækni til að bregðast við loftslagsbreytingum í forgrunni og mun stofnun Sæmundar fróða taka virkan þátt í því samstarfi.

Dr. Guðrún Pétursdóttir er forstöðumaður stofnunarinnar. „Þegar ég er spurð að því hvað sjálfbærni sé svara ég oft með því að spyrja til baka hvort viðkomandi myndi fá eitthvað lánað hjá nágranna sínum og skila því hálfónýtu til baka. Hækkandi hitastig vegna útblásturs gróðurhúsalofttegunda getur bókstaflega ráðið því hvort jörðin verði byggileg eða ekki í framtíðinni. Við trúum því varla að vandamálið sé svona alvarlegt en við getum ekki leyft þessu að halda svona áfram. Það er óábyrgt og við eigum engra kosta völ nema takast á við þennan vanda.“ Guðrún segir vísindamenn Háskólans hafa gegnt lykilhlutverki í alþjóðlegu samstarfi til lausnar þessa alheimsvanda og með Stofnun Sæmundar fróða sé vettvangur áframhaldandi þróunar í rannsóknum og hagnýtum verkefnum tryggður.



**FRÁ OPNUNINNI Í GÆR** Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra opnaði Stofnun Sæmundar fróða um sjálfbæra þróun við Háskóla Íslands formlega í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra segir Stofnun Sæmundar fróða hafa mikla þýðingu fyrir háskóla- og rannsóknasamfélagið á Íslandi en einnig alþjóðasamfélagið í heild. „Við Íslendingar getum og eigum að taka forystu í þessum málum því við eigum frábæra vísindamenn sem eru í forystu á sínu sviði. Þetta sýnir hvernig Háskólinn er að byggjast upp sem forystuháskóli á alþjóðavísu og stofnunin mun styðja það markmið.“

Í tengslum við opnunina flutti fyrirlestur í boði forseta Íslands, dr. Rajendra K. Panchauri, stjórnarformaður orkurannsóknarstofnunarinnar á Indlandi. Dr. Panchauri fjallaði um lykilþætti opinberrar stefnumótunar og tækniumhverfi í sjálfbærum heimi. Kom fram í máli hans að lausnin á vanda alþjóðasamfélagsins í tengslum við loftlagsbreytingar fælist fyrst og fremst í hugarfarsbreytingu og að allar þjóðir heims yrðu að koma að lausn vandans á jafnréttisgrundvelli. Fyrirlesturinn var sá þriðji í fyrirlestraröð forsetaembættisins - Nýir straumar. svavar@frettabladid.is

Frelsissvipting og líkamsárás:

# Hélt konu í íbúð hennar

**DÓMSMÁL** Karlmaður á þrítugsaldri hefur verið ákærður fyrir líkamsárás og frelsissviptingu fyrir að hafa í september í fyrra ráðist á konu og haldið henni nauðugri í íbúð hennar.

Meint árás átti sér stað á heimili konunnar. Manninum er gefið að sök að hafa tekið hana hálstaki og hent henni til og frá. Hann er síðan kærður fyrir að hafa haldið henni nauðugri í íbúðinni í tvær klukkustundir.

Honum er einnig gefið að sök að hafa í febrúar ruðst inn í sömu íbúð og neitað að yfirgefa hana. Konan krefst 800.000 króna í bætur og að maðurinn verði dæmdur til refsingar. - sh

Q bar í Ingólfsstræti:

# Úthýsa verkum Hornsleths

**MYNDLIST** Aðstandendur Q bar í Ingólfsstræti hafa brugðist við áskorunum um að taka niður listaverk danska myndlistamannsins Hornsleths, sem hafa hangið þar uppi í nokkra daga. Kvartanir bárust frá stúlkum sem hafa tekið þátt í fegurðarsamkeppnum og aðstandendum þeirra, en stúlkurnar eru sýndar í málverkunum ásamt grófum texta.

Björn Rúnar Egilsson, einn aðstandenda sýningarinnar, segir Hornsleth ekki ráðast persónulega gegn þeim sem í málverkunum birtast, heldur reyna að vekja fólk til umhugsunar um hvernig nekt kvenna sé notuð í auglýsingaskyni. Sýningin sé ádeila á klámvæðingu fjölmiðla og Hornsleth sýni á grófan hátt hvernig markaðssetning verði í framtíðinni.

„Mér finnst það hneyksli að einhver hafi tekið að sér að sýna þetta,“ segir Unnur Steinsson, móðir Unnar Birnu Vilhjálmsdóttur fegurðardrottningar. - sgj




Kristín Gísladóttir sjúkraþjálfari aðstoðar við val á réttri dýnu alla fimmtudaga á milli kl. 16 og 18.

LYSTADÚN Marco

Opið virka daga: 10–18
Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500


Umfangsmiklar breytingar ákveðnar á sendiherrastigi utanríkisþjónustunnar:

# Albert Jónsson til Washington

**STJÓRNMÁL** Albert Jónsson verður sendiherra Íslands í Bandaríkjunum frá 1. nóvember. Um þá ráðstöfun og breytingar á högum tólf annarra sendiherra var tilkynnt í gær. Var það eitt af síðustu embættisverkum Geirs Haarde sem utanríkisráðherra.

Albert starfaði lengi í forsætisráðuneytinu og var þar náinn samverkamaður Davíðs Oddssonar í öryggis- og varnarmálum. Fylgdi hann Davíð í utanríkisráðuneytið, þar sem hann starfar þar til hann heldur utan. Helgi Ágústsson, sem verið hefur sendiherra í Washington, kemur til starfa í utanríkisráðuneytinu.

Í ágúst verður Grétar Már Sigurðsson, skrifstofustjóri viðskiptaskrifstofu, sendiherra í Peking, höfuðborg Kína, og við starfi hans tekur Berglind Ásgeirsdóttir sem verið hefur aðstoðarframkvæmdastjóri OECD. Eiður Guðnason, sendiherra í Kína, mun veita skrifstofu upplýsinga- og menningarmála forstöðu og tekur Elín Flygenring, sem gegnt hefur því starfi við embætti prótókollstjóra. Stefán Lárus Stefánsson prótókollstjóri verður sendiherra gagnvart Evrópuráðinu í Strassborg. Hörður H. Bjarnason, sendiherra í Strassborg, kemur til starfa á alþjóðaskrifstofu. Benedikt Ásgeirsson, sendiherra í Pretoríu í Suður-Afríku, tekur við starfi sendiherra í Rússlandi í ágúst en við starfi hans tekur Sigríður Dúna Kristmundsdóttir. Benedikt Jónsson flytur frá Moskvu til starfa á viðskiptaskrifstofu. Þorsteinn Ingólfsson, sem verið hefur fulltrúi Norðurlanda í stjórn Alþjóðabankans, kemur til starfa í ráðuneytinu en kjörtímabili hans í bankanum lýkur 1. júlí. Þá hefur Lilja Viðarsdóttir verið skipuð aðstoðarframkvæmdastjóri EFTA í Brussel frá 1. september. - bþs



**ALBERT JÓNSSON** Verður sendiherra í Washington frá og með 1. nóvember.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


Sumarblóm
fyrir
þjóðhátíð
Stjúpur
10 stk.
Verð: 399
Stórlækkað verð
á sumarblómum
Sólboði
4 stk.
999
Flauelsblóm
10 stk. 499
Hengilobelia
399
Margaríta
4 stk. 999
Frostþolnir útipottar
25% afsl
blómaval
heillandi heimur
Reykjavík - Keflavík - Selfoss - Akureyri
Kringlan - Smáralind

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 14.6.2006

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 75,8 | 76,16 |
| Sterlingspund | 139,59 | 140,27 |
| Evra | 95,27 | 95,81 |
| Dönsk króna | 12,781 | 12,855 |
| Norsk króna | 12,149 | 12,221 |
| Sænsk króna | 10,272 | 10,332 |
| Japanskt jen | 0,6589 | 0,6627 |
| SDR | 111,65 | 112,31 |

*Gengisvísitala krónunnar*
132,4199

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Rúm 48 prósent fólks vilja að lífeyrissjóðir byggi þjónustuíbúðir fyrir aldraða:

# Unga fólkið mjög jákvætt

**LÍFEYRISMÁL** Helgi Vilhjálmsson, eigandi sælgætisverksmiðjunnar Góu, boðaði til blaðamannafundar í gær þar sem hann kynnti niðurstöður nýrrar rannsóknar er kannaði viðhorf fólks til málefna lífeyrissjóðanna. Rannsóknin var kostuð af Helga en unnin af IMG Gallup.

Þar kemur fram að rúm 48 prósent aðspurðra telja að hlutverk lífeyrissjóða eigi að vera að byggja hjúkrunarrými eða þjónustuíbúðir fyrir aldraða sjóðsfélaga sína.

Þegar niðurstöður rannsóknarinnar eru skoðaðar vekur athygli að þeir sem vilja að lífeyrissjóðir bæði byggi og reki hjúkrunarheimili eða þjónustuíbúðir fyrir aldraða eru flestir í yngsta aldurshópnum, 16 til 24 ára, og þeim elsta, 55 til 75 ára.

Aðspurður hvers vegna Helgi hafi ákveðið að láta gera þessa rannsókn segir hann það tilkomið eftir að hafa séð vistarverur föður síns á dvalarheimilinu þar sem hann bjó þegar hann varð áttræður. „Hann deildi þá herbergi með öðrum karli og þar var einn stóll, en ekki einu sinni borð til þess að tefla á," segir Helgi. „Þá fór ég að hugsa að það hlyti að vera eitthvað sem þessir digru lífeyrissjóðir gætu gert fyrir gamla fólkið svo að það þyrfti ekki að búa við svona aðstæður." - æþe



**HELGI VILHJÁLMSSON Í GÓU** Sannfærður um að lífeyrissjóðirnir geti gert skurk í öldrunarmálunum. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Bush Bandaríkjaforseti:

## Neitar að loka Guantanamo

**BANDARÍKIN, AP** Forseti Bandaríkjanna, George W. Bush, neitaði í gær að loka Guantanamo-fangelsinu á Kúbu, en þar segja mannréttindasamtök að fari fram pyntingar og mönnum sé haldið án dóms og laga.

„Mig langar að loka Guantanamo. Ég vil líka að það sé skýrt að þar geymum við fólk sem er fjári hættulegt," sagði forsetinn. „Fyrr eða síðar mun þetta fólk hljóta réttarhöld og lögfræðiaðstoð."

Um helgina frömdu þrír fangar í fangelsinu sjálfsmorð og háværar kröfur hafa heyrst þess efnis að fangelsinu verði lokað. - sgj

Baugsmálið í Hæstarétti:

## Hafna kröfu verjendanna

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur staðfesti í gær úrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur þess efnis að hafna kröfu verjenda í Baugsmálinu um að settur ríkissaksóknari og dómstjóri beri vitni fyrir dómi.



**SIGURÐUR TÓMAS MAGNÚSSON**

Gestur Jónsson, verjandi Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, og Jakob Möller, verjandi Tryggva Jónssonar, fullyrtu að Sigurður Tómas hefði haft afskipti af skipan dómara í málinu, sem hefði orðið til þess að Arngrímur Ísberg var skipaður dómari í stað Péturs Guðgeirssonar, sem var dómari í fyrra Baugsmálinu.

Sigurður Tómas vísaði því á bug að samskiptin hefðu verið á nokkurn hátt óeðlileg og sagðist einungis hafa bent á tengsl Péturs við eitt vitna málsins. - sh

Lagabreytingar á Alþingi:

## Hert lög um hvíldartíma

**STJÓRNMÁL** Á seinustu starfsdögum Alþingis voru samþykktar breytingar á lögum sem varða reglur um hvíldartíma bílstjóra hópferða- og farmflutningabíla. Meðal breytinga er að eftirlitsmenn Vegagerðarinnar hafa nú leyfi til að banna frekari akstur slíks ökutækis meðan beðið er eftir að lögregla komi á staðinn, en áður máttu þeir aðeins stöðva ökutækið ef grunur lá um að ekki væri farið eftir reglum um hvíldartíma, frágang farms eða heildarþyngd ökutækis.

Fyrir tveimur árum féll dómur í Hæstarétti þar sem bílstjóri vöruflutningabíls var sýknaður af ákæru fyrir brot á reglum um hvíldartíma vegna þess að lögin þóttu ekki nógu skýr. - sþs

# Segir fyrirtæki hafa kvartað yfir Visa

**Framkvæmdastjóri Kortaþjónustunnar segir PBS ekki eiga hlut að máli í rannsókn Samkeppniseftirlitsins á Visa Ísland. Hann telur kvartanir fyrirtækja hugsanlega ástæðu og segir Visa beita harkalegum vinnubrögðum í samkeppni.**

**SAMKEPPNISMÁL** „Það er ekkert til í þessum orðum Halldórs og við höfnum þeim alfarið," segir Jóhannes Ingi Kolbeinsson, framkvæmdastjóri Kortaþjónustunnar, vegna ummæla Halldórs Guðbjarnarsonar, forstjóra Visa Ísland, um að húsleit sem gerð var hjá fyrirtækinu í fyrradag eigi upptök sín hjá keppinautnum PBS, sem Kortaþjónustan hefur umsýslu fyrir á Íslandi.

Jóhannes segist vita til þess að einstök fyrirtæki hafi kvartað yfir Visa Ísland til Samkeppniseftirlitsins og telur það geta verið ástæðu rannsóknarinnar nú. „Visa Ísland býður upp á lánastarfsemi á borð við raðgreiðslur sem við gerum ekki. Og þeir neita að veita okkar viðskiptavinum kost á slíkum raðgreiðslum nema þeir færi öll sín viðskipti til sín. Samkvæmt samkeppnislögum er bannað að skilyrða kaup á einu við kaup á öðru og hugsanlega er Samkeppniseftirlitið að skoða það út frá kvörtunum fyrirtækja."

Kortaþjónustan selur þjónustu danska fyrirtækisins PBS, sem er í eigu danskra banka og sparisjóða, á Íslandi. PBS hefur verið í samkeppni við Visa Ísland og Kreditkort frá árinu 2002 um færsluhirðingu sem snýst um uppgjör á kortafærslum. Tekið er á móti kortafærslum úr posum fyrirtækja, færslan gerð upp og greitt inn á reikning viðkomandi fyrirtækis. Þóknanir eru síðan ákveðin prósenta af hverri færslu. Visa Ísland og Kreditkort greiða fyrirtækjum um mánaðamót eftir lok kortatímabils og PBS borgar tveim dögum eftir að færslan berst.



**UNDIRSKRIFT Á GREIÐSLUKORT** Kortafærsla er eins og rafræn ávísun. Kaupmenn senda kortafærslur til fyrirtækja sem greiða upphæðina inn á reikninga kaupmanna og taka ákveðna þóknun í sinn hlut. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Visa Ísland og Kreditkort stunda ekki færsluhirðingu á kortum hvors annars og eru því ekki í samkeppni. Ný lög um fjármálafyrirtæki, sem voru innleidd gegnum EES árið 2002, gerðu PBS kleift að koma inn á íslenskan markað og annast færsluhirðingu vegna korta frá bæði Visa Ísland og Kreditkortum.

Að sögn Jóhannesar hefur Visa Ísland stundað mjög harða samkeppni og sýnt mun harkalegri vinnubrögð en Kreditkort. „Hvar mörkin eru á því hvað er lögmæt, hörð samkeppni og hvað er misnotkun er hugsanlega nú í skoðun hjá Samkeppniseftirlitinu."

Samkeppniseftirlitið gefur ekki upp hvort rannsóknin komi í kjölfar einstakra kvartana eða kæru. Að sögn starfsmanns getur stofnunin tekið slíkar rannsóknir upp að eigin frumkvæði.

sdg@frettabladid.is

Húsleit hjá Kreditkortum hf.:

## Vísað í ólögmætt samráð

**SAMKEPPNISMÁL** Samkeppniseftirlitið gerði húsleit hjá Kreditkortum hf., sem hefur umboð fyrir Mastercard á Íslandi, á þriðjudag í kjölfar húsleitar stofnunarinnar hjá Visa Ísland.

Í dómsúrskurðinum sem fulltrúar eftirlitsins höfðu meðferðis var vísað í 10. grein samkeppnislaga, sem lýtur að ólögmætu samráði fyrirtækja.

Ragnar Önundarson, framkvæmdastjóri Kreditkorta, segir að tilefni húsleitarinnar hafi verið tölvupóstur sem fannst við húsleitina hjá Visa Ísland.

Að sögn Ragnars takmarkaðist leitin við hans starfsstöð, fundargerðir stjórnar og afritun af tölvupóstkerfinu. - sdg



**ÖKUHERMIR PRÓFAÐUR** Þessi unga kona var ein þeirra fyrstu sem fengu að taka í stýrið. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

Nýr ökuhermir vígður:

## Sá fyrsti sinnar tegundar

**SAMGÖNGUR** Sturla Böðvarsson samgönguráðherra vígði í gær nýjan ökuhermi sem sérstaklega er hannaður til ökukennslu.

Kaup á herminum er samvinnuverkefni Sjóvá, samgönguráðuneytisins og Brautar, bindindisfélags ökumanna.

Þetta er fyrsti ökuhermirinn sem kemur til landsins, sem sérstaklega er gerður til ökukennslu. Hann verður staðsettur í Forvarnahúsi Sjóvá sem fyrirhugað er að opna á næstunni. - æþe

Lax sem meðafli fiskiskipa:

## Veiðist með uppsjávarfiski

**LAXVEIÐI** Landssamband veiðifélaga, í samvinnu við Veiðimálastofnun, fékk IMG-Gallup til að afla upplýsinga um hugsanlegan meðafla á laxi í veiðum íslenskra fiskiskipa. Gerð var símakönnun meðal sjómanna um áramótin 2005-2006. Af þeim sem svöruðu hafði rúmlega 21 prósent sjómanna orðið vart við að lax hefði veiðst sem meðafli á skipi sem þeir höfðu verið í áhöfn á undanfarna tólf mánuði.

Mest kom fram af laxi í afla stórra uppsjávarskipa sem stunduðu veiðar með hringnót og flotvörpu. - shá


BÍLL DAGSINS

FORD FOCUS STATION

Nýskr 11.99 - Beinskiptur - Ekinn 117 þús km. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00 -18:00 og laugardaga kl. 12:00 -16:00.


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

17. JÚNÍ

Nú styttist í að við fögnum lýðveldisdeginum hinn17. júní. Veðurhorfur fyrir þann dag eru heldur sólarlitlar en allt stefnir þó í að vindur verði hægur. Það er strax áfangasigur. Hins vegar eru flestar spár að gera ráð fyrir lítilsháttar vætu hér og hvar. Einna eindregnustu úrkomuna í spánum er að sjá norðvestan til og síðan suður með Vesturlandinu. Sýnist að úrkomulítið verði á austurhelmingi landsins.

VEÐURHORFUR Í BORGINNI

Suðvestan 5-8 m/s. Bjart með köflum og úrkomulítið. Hiti 8-11 stig.

*um hádegi »*




*um hádegi »*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 17°C heiðskírt | London | 18°C hálfskýjað | Alicante | 22°C hálfskýjað |
| Árósir | 19°C skýjað | París | 24°C léttskýjað | Mallorca | 22°C lhálfskýjað |
| Osló | 16°C heiðskírt | Frankfurt | 22°C skúrir | Algarve | 21°C skúrir |
| Stokkhólmur | 19°C heiðskírt | Friedrichshafen | 23°C léttskýjað | Krít | 23°C heiðskírt |
| Gautaborg | 6°C hálfskýjað | Berlín | 24°C skúrir | Las Palmas | 23°C heiðskírt |

* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.

Fíton/SÍA



# Kringlukast

# 20-50%

**AFSLÁTTUR AF NÝJUM VÖRUM**

**14.–19. júní**

Kringlukastið er í fullum gangi með fjöldan allan af spennandi tilboðum á nýjum vörum. Einstakt tækifæri til að gera frábær kaup!

**Opið til 21 í kvöld**

| Mán. til mið. | Fimmtudagur | Föstudagur | Laugardagur | Sunnudagur |
|---|---|---|---|---|
| 10.00 - 18.30 | 10.00 - 21.00 | 10.00 - 19.00 | 10.00 - 18.00 | 13.00 - 17.00 |

www.kringlan.is / upplýsingasími 588 7788 / skrifstofa 568 9200

**Nýtt kortatímabil**

Kringlan



## KJÖRKASSINN

*Viltu að Íslendingar hefji hvalveiðar á ný?*

| | |
|---|---|
| Já | 45,5% |
| Nei | 54,5% |

*Er rétt að gera gatnamót Kringlumýrabrautar og Miklubrautar mislæg?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Vísir

Tillaga Vilhjálms Þ. um afnám virðisaukaskatts á tæki björgunarsveitanna:

# Engar breytingar ráðgerðar

**BJÖRGUNARSVEITIR** Gunnar Stefánsson, sviðsstjóri björgunarsviðs Landsbjargar fagnar tillögu Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar um afnám virðisaukaskatts á tækjakost björgunarsveitanna. Í máli Vilhjálms kom fram að ekki eigi að líta á rekstur sveitanna sem fyrirtækjarekstur en þetta sagði hann í ræðu sinni á sjómannadaginn.

Björgunarsveitir fá í dag niðurfelldan virðisaukaskatt og aðflutningsgjöld á bílum, bátum og öðrum tækjum. Björgunarsveitir þurfa hins vegar að borga virðisaukaskatt af fjarskiptatækjum og skyndihjálparbúnaði, en Gunnar telur mjög brýnt að fá það til baka.

Björgunarsveitirnar mótmæltu nýlega breytingu laga á Alþingi en þar lá frammi tillaga um að bílar sveitanna ækju um á litaðri olíu og þyrftu að borga kílómetragjald. Niðurstaðan er sú að björgunarsveitir þurfa ekki að borga kílómetragjald og segir Gunnar það skipta miklu þar sem um hundrað bíla sé að ræða og fjármögnun félaganna fari að mestu leyti fram í sjálfboðaliðavinnu.

Ármann Kr. Ólafsson aðstoðarmaður fjármálaráðherra segir engar áætlanir uppi um að breyta virðisaukaskattskerfinu. **- gþg**



**EINN AF SNJÓBÍLUM BJÖRGUNARSVEITANNA** Tækjakostur björgunarsveitanna er mjög dýr en bílar, vélsleðar og skip eru meðal annars undanþegin virðisaukaskatti.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Sameiginleg forsjá algengari:

# 560 lögskilnaðir á síðasta ári

**HAGSTOFAN** Samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofu Íslands voru lögskilnaðir 560 á síðasta ári og sambúðarslit 631, að því er fram kemur á heimasíðu Hagstofunnar. Frá árinu 1992 hafa foreldrar hér á landi átt þess kost að fara sameiginlega með forsjá barna sinna eftir skilnað. Framan af var algengast að móðir væri ein með forsjá og árið 1994 átti þetta við um 70,6 prósent barna úr lögskilnuðum.

Sama ár var sameiginleg forsjá valin í 22,8 prósentum tilfella. Til samanburðar má geta þess að árið 2005 voru foreldrar með sameiginlega forsjá barna sinna í 72,8 prósentum tilfella eftir lögskilnað. **- hs**

## SVÍÞJÓÐ

**Dæmdir fyrir hryðjuverk** Þrír menn voru dæmdir í gær fyrir að undirbúa hryðjuverk og ráðast á kjörstað í Svíþjóð. Þetta er önnur sakfellingin síðan ný hryðjuverkalög voru sett á þar í landi árið 2003.

## FJÁRÖFLUN

**Komnir heim** Fjórum veðurbörnum slökkviliðsmönnum var fagnað innilega við komuna heim til Reykjanesbæjar í gær, eftir að þeir höfðu hjólað hringinn í kringum landið til styrktar Umhyggju.

Keisarafrú hvílir í Danmörku:

# Líkið flutt

**RÚSSLAND, AP** Jarðneskar leifar Maríu, konu Alexanders III Rússakeisara, verða fluttar til greftrunar í St. Pétursborg í september. Þær hafa hvílt í Danmörku síðan keisarafrúin lést árið 1928. María flúði Rússland í byltingunni 1917, en 17. júlí 1918 var sonur hennar ásamt fjölskyldu sinni drepinn af bolsévikum. **- sgj**

# Aftur ráðist á þinghúsið í Palestínu

**Palestínskur þingmaður Hamas-samtakanna lagði í gær á flótta undan mótmælendum, sem líklega aðhyllast Fatah-samtökin. Ósætti milli hreyfinganna eykst daglega. Sló í brýnu milli manna í þinghúsinu.**

**PALESTÍNA, AP** „Við erum hungruð! Burt með Haniyek!“ hrópuðu mótmælendur við þinghús Palestínu í gær, en Hamas-stjórnin, með Ísmael Haniyek í forsæti, hefur ekki greitt út laun síðan í febrúar. Þriðjungur þjóðarinnar er á launum frá heimastjórninni og neyðin því mikil.

Vesturveldin hafa að mestu skrúfað fyrir beina fjárhagsaðstoð til heimastjórnarinnar og erfitt er fyrir önnur ríki að koma til hjálpar því Bandaríkin hafa hótað bankastofnunum refsiaðgerðum, aðstoði þau við fjármagnsflutninga til Palestínu. Sú aðstoð yrði álitin aðstoð við hryðjuverkasamtök.

Heimastjórnin segist vera búin að safna um sextíu milljónum dala í neyðaraðstoð frá erlendum ríkjum en féð kemst ekki til landsins vegna bankabannsins.

Í gær var utanríkisráðherra Palestínu, Mahmoud Zahar, stöðvaður á flugvellinum á Gazasvæðinu með fulla ferðatösku af peningum. Hann mun hafa safnað þeim erlendis á ferðalagi og ætlað að smygla þeim inn í landið. Það voru menn hliðhollir Fatah-hreyfingunni og forseta landsins, Mahmoud Abbas, sem gættu flugvallarins og stöðvuðu utanríkisráðherrann. Hann var með um 800.000 Bandaríkjadali í töskunni, rúmar sextíu milljónir króna. Ekki var útséð hvort fénu yrði skilað áfram til heimastjórnarinnar, en rígur og ósætti einkenna samlíf þessara tveggja hreyfinga, Fatah og Hamas.

Mótmælin í gær benda síst til að hreyfingarnar séu að nálgast nokkra málamiðlun, því mótmælendurnir, sem hrópuðu ókvæðisorð að Hamas-stjórninni, voru sagðir Fatah-liðar, en fyrr í vikunni fóru þeir einnig hamförum í Ramallah og settu eld að þinginu þar. Að auki var Hamas-liði skotinn til bana á Gaza-svæðinu í vikunni, líklega af Fatah-mönnum.

Þrátt fyrir allt eru viðræður í gangi milli forvígismanna hreyfinganna og er meðal annars tekist á um stofnun palestínska ríkisins og viðurkenningu á tilvistarrétti Ísraelsríkis. Langt mun þó í land, því fylkingarnar eru á öndverðum meiði hvað varðar Ísrael. Hamas-samtökin vilja hvorki meira né minna en „algjöra útrýmingu“ Ísraelsríkis, meðan Fatah hafa lýst sig tilbúin til viðræðna við nágrannaríkið, sem í vikunni gerði „fyrirbyggjandi“ loftárás á Gaza-svæðið.

klemens@frettabladid.is



**FRÁ MÓTMÆLUNUM Í GÆR** Þriðjungur þjóðarinnar hefur verið launalaus síðan í febrúar og kennir Hamas um ástandið.
NORDICPHOTOS/AFP







# Minnihlutinn er ósáttur við stefnuna

### Fátt nýtt komið fram

„Ég einhvern veginn bjóst við meiru, þetta er dauflegra en við var að búast þegar menn eru að taka við eftir tólf ára setu í minnihluta og í raun fátt nýtt,“ segir Dagur B. Eggertsson, oddviti Samfylkingarinnar. Dagur telur einnig að bakslag hafi orðið í jafnréttismálum borgarinnar og bendir á að konur eigi aðeins tíu sæti af 32 í nefndum borgarinnar.



**DAGUR B. EGGERTSSON**

„Ég held að þessi stjórnarsáttmáli skilji eftir gríðarlega mikið rými fyrir okkur í minnihlutanum til þess að halda því pólitíska frumkvæði sem við höfum haft á undanförnum árum og það ætlum við okkur að gera,“ segir Dagur. **- gþg**

### Rýr hlutur kvenna

„Ég vil byrja á því að óska þeim alls hins besta,“ segir Svandís en hún segir ýmislegt í málefnasamningnum sem stingi í augun. Svandís telur að umhverfisstefna meirihlutans taki ekki á alvarlegum málum eins og loftmengun í borginni og vill sjá áætlun um hvernig hægt sé að minnka svifryksmengun í borginni.



**SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR**

„Nýr meirihluti ætlar að festa leikskólastigið í sessi sem gjaldtökustig en það er ólíkt því sem Framsóknarflokkurinn hafði boðað í kosningabaráttunni“ segir Svandís.

Svandís er óánægð með hlut kvenna í nefndum borgarinnar og segir þetta skref aftur á bak. **- gþg**

### Óljós framtíð flugvallarins

Ólafur F. Magnússon, oddviti Frjálslynda flokksins, segir mikið áhyggjuefni að framtíð flugvallarins sé óljós og ætlar að reyna að sjá til þess að Heilsuverndarstöðin komist aftur í eigu almennings. Hann bendir einnig á að meirihlutinn hafi á bak við sig minnihluta atkvæða og því muni Frjálslyndi flokkurinn „veita nýkjörnum borgarstjóra kröftugt, málefnalegt aðhald“.



**ÓLAFUR F. MAGNÚSSON**

Ólafur er ánægður með stefnu meirihlutans í fjölskyldumálum og málefnum eldri borgara og að lagningu Sundabrautar verði flýtt, sem og gerð mislægra gatnamóta Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar. **- gþg**

# Ótrúleg tilboð



Jakki
grár, khakigrænn
3.999 kr
Verð áður 4.999kr.

Jakki
grár, d.grár
3.999 kr
Verð áður 4.999kr.

Jakki
khakigrænn
2.999 kr
Verð áður 4.999kr.

Jakki
brúnn
2.999 kr
Verð áður 4.999kr.

weather report
Jakki stuttur
svartur, d.blár
3.999 kr
Verð áður 4.999kr.

RAGTAG
Gallabuxur
4.999 kr

Gildir til sunnudags eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



## VEISTU SVARIÐ?

1 *Hver er nýkjörinn forseti borgarstjórnar?*

2 *Við hvaða lið er Eiður Smári að semja?*

3 *Hvað heitir væntanleg plata Bob Dylan?*

SVÖR Á BLS. 62

Könnun Gallup um stöðu og framtíðarhorfur í atvinnulífinu sýnir breyttar horfur:

# Minni bjartsýni fyrirtækja

**VIÐSKIPTI** Fimmtíu og sjö prósent svarenda í könnun IMG Gallup á stöðu og framtíðarhorfum í atvinnulífinu telja núverandi aðstæður góðar. Er það talsvert verri niðurstaða en í sambærilegri könnun sem gerð var í febrúar en þá töldu þrír af hverjum fjórum aðstæður góðar.

Þriðjungur svarenda telur að aðstæður verði verri eftir sex mánuði en sautján prósent að þær verði betri. Helmingur telur að aðstæður verði óbreyttar.

Könnunin leiðir í ljós miklar breytingar á stöðu og horfum eftir atvinnugreinum. Dregið hefur úr væntingum um aukna innlenda eftirspurn, en aukinnar erlendrar eftirspurnar er vænst. Þróun EBITDA-framlegðar (hagnaðar fyrir fjármagnsliði, skatta og afskriftir) síðustu sex mánuði var áberandi best í sjávarútvegi auk þess sem horfur þar eru bjartastar.

Tæpur helmingur svarenda taldi gengisþróun krónunnar neikvæða, en rúmlega þrjátíu prósent að hún væri hagstæð. Níutíu og sjö prósent fyrirtækja í sjávarútvegi töldu gengisþróunina jákvæða.

Könnun IMG Gallup er gerð í samstarfi við Samtök atvinnulífsins, fjármálaráðuneytið og Seðlabankann og er birt ársfjórðungslega. Í úrtaki eru fjögur hundruð stærstu fyrirtæki landsins. - jsk



**Á SJÓ** Horfur eru bjartar í sjávarútvegi samkvæmt könnun IMG Gallup.

Skýrsla um umferðarslys:

## Vilja meiri umræðu í skólum

**UMFERÐ** Æskilegt er að skólar nýti skýrslur Rannsóknarnefndar umferðarslysa ásamt öðrum skýrslum um umferðaröryggismál í verkefna- og rannsóknarvinnu nemenda. Telur nefndin að slík vinna nemenda með upplýsingar og tölfræði gæti haft forvarnargildi gegn alvarlegum umferðarslysum, en þetta kemur fram í skýrslu nefndarinnar fyrir árið 2005.

Þar er einnig mælt með að fjallað sé um orsakir umferðarslysa í námsefni skólanna, meðal annars um útafakstur bifreiða við mismunandi aðstæður, þol mannslíkamans og fleira þessu tengt. - sþs

Framtíðarlandið
FÉLAG ÁHUGAFÓLKS UM FRAMTÍÐ ÍSLANDS
ÍSLAND ER Á TEIKNIBORÐINU
– höfum áhrif á framtíðarmyndina
SKÖPUNARGLEÐI
HUGREKKI
FRUMKVÆÐI
VIRÐING
ÁBYRGÐ
NÁTTÚRA
SJÁLFSTÆÐI
FJÖLBREYTNI
Stofnfundur 17. júní
kl. 12:00 í AUSTURBÆ
www.framtidarlandid.is

www.ru.is/simennt
SÍMENNT HR



Löggiltur verðbréfamiðlari
- tveggja anna nám til prófs í verðbréfaviðskiptum

Símennt Háskólans í Reykjavík býður tveggja anna nám til prófs í verðbréfaviðskiptum. Um er að ræða réttindanám sem skiptist í þrjá hluta skv. reglugerð um próf í verðbréfaviðskiptum nr. 633/2003.

**I. hluti - Lögfræði (60 klst.)**
Grunnatriði lögfræðinnar og réttareglur á þeim sviðum sem varða störf á fjármagnsmarkaði.
Verð kr. 69.000,-

**II. hluti - Viðskiptafræði (60 klst.)**
Grundvallarþættir fjármálafræðinnar, vaxtaútreikningar, tímavirði fjármagns, fjármagnskostnaður fyrirtækja, aðferðir við mat á fjárfestingum og greiningu ársreikninga.
Verð kr. 69.000,-

**III. hluti - Fjármagnsmarkaður (80 klst.)**
Lög og reglur á fjármagnsmarkaði, tegundir verðbréfa, samval verðbréfa og verðbréfasöfn, fjárvarsla, ráðgjöf o.fl.
Verð kr. 92.000,-

Hverjum hluta lýkur með prófum en prófgjöld eru ekki innfalin í verði námskeiðs. Verð pr. próf kr. 9.700,-

Námið hefst 13. september nk. og lýkur í apríl 2007.
**Umsóknarfrestur er til 14. ágúst 2006.** Fjöldi þátttakenda er takmarkaður.

Upplýsingar og skráning:
Charlotta Karlsdóttir
Sími: 599 62 58
Charlotta@ru.is
www.ru.is/simennt

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY



**HVALVEIÐAR VIÐ ÍSLAND** Ákveðið hefur verið að gefa leyfi fyrir veiði á 50 hrefnum. Töluverðrar óánægju gætir meðal fólks sem starfar við hvalaskoðun víðsvegar um landið, en hún hefur á undanförnum árum verið vaxandi atvinnugrein. FRÉTTABLAÐIÐ/KK

# Efast um skynsemi vísindaveiðanna

**Hvalaskoðunarsamtök Íslands eru algerlega mótfallin fyrirhuguðum veiðum á fimmtíu hrefnum í vísindaskyni. Skynsamlegra að leggja auknar áherslur á rannsóknir á stofnstærðir hvalastofna við Ísland, segir dr. Hilmar Malmquist.**

**HVALVEIÐAR** Hvalaskoðunarsamtök Íslands sendu í gær frá sér fréttatilkynningu þar sem fyrirhuguðum veiðum á 50 hrefnum í vísindaskyni er harðlega mótmælt. Í fyrra voru 39 hrefnur veiddar í vísindaskyni en ákveðið að hafa skammtinn 50 dýr á þessu ári til þess að flýta rannsóknunum.

Samtökin mótmæla jafnframt „fullyrðingu Hafrannsóknastofnunar um að þessi ákvörðun sé í samræmi við hvalarannsóknaráætlun sem lögð var fyrir vísindanefnd Alþjóða hvalveiðiráðsins árið 2003“, eins og segir orðrétt í tilkynningunni.

Áætlunin gerði ráð fyrir því að 200 hrefnur, 200 langreyðar og 100 sandreyðar yrðu veiddar á tveimur árum.

Doktor Hilmar Malmquist, forstöðumaður Náttúrufræðistofu Kópavogs, segir mörgum spurningum varðandi veiðarnar vera enn ósvarað. „Hvað ætlar Hafrannsóknastofnun að gera við niðurstöðurnar sem fást úr þessum vísindaveiðum? Ef það kemur í ljós, að hrefnustofninn er að éta mikið af nytjafiski, til hvaða ráðstafana verður þá gripið? Ég myndi telja skynsamlegra að efla rannsóknir á stærð hrefnustofnsins, frekar en að veiða nokkur dýr á ári,“ segir Hilmar og leggur áherslu á að það skipti miklu máli að vita hversu stórir hvalastofnarnir eru, ef það á að veiða þá á annað borð, en minna máli skipti hvað hvalirnir séu að éta.



**HILMAR MALMQUIST** Telur hrefnuveiðarnar ekki skila mikilvægum niðurstöðum í rannsóknarlegu tilliti.



**ÁSBJÖRN BJÖRGVINSSON** Mótmælir fyrirhuguðum hrefnuveiðum á þessu ári harðlega.

Ásbjörn Björgvinsson, formaður Hvalaskoðunarsamtaka Íslands, segir vísindaveiðarnar hafa skaðað hvalaskoðunargreinina með beinum hætti. „Hrefnuveiðimenn veiða oftar en ekki svokallaða „skoðara“, sem eru hrefnurnar sem koma nálægt bátunum. „Skoðararnir“ eru okkar söluvara í hvalaskoðuninni og þess vegna skaðar það greinina með beinum hætti þegar dýrin eru veidd,“ sagði Ásbjörn og lagði áherslu á að Hafrannsóknastofnun gæti ekki fullyrt um það hvort stærð hrefnustofnsins gæti haft veruleg áhrif á afrakstursgetu nytjafiska. „Stofnunin hefur slegið því fram, með stórum orðum, að stærð hrefnustofnsins geti haft veruleg áhrif á afrakstursgetu nytjafiska. Fram á þetta hefur aldrei verið sýnt og það er ábyrgðarlaust af hálfu stofnunarinnar að lýsa þessu yfir, án nokkurra forsenda. Auk þess skaða veiðarnar, sem skila engum tekjum heldur aðeins kostnaði, atvinnugrein sem skilar miklum tekjum í þjóðarbúið.“

magnush@frettabladid.is




**VEIÐAR OG SKOÐUN VIÐ LANDIÐ** Hvalveiðar og hvalaskoðunarstaðir eru víða umhverfis landið. Á kortinu sjást hvar hvalir hafa verið verið veiddir og hvar skipulögð hvalaskoðun hefur farið fram í kringum landið. Rauðu punktarnir staðirnir sýna veiðistaði en bláu svæðin eru hvalaskoðunarstaðir.



BELGÍA: LÍTIÐ LAND,
HEIMSINS BESTI BJÓR.

ANNO 1366
STELLA ARTOIS

0,0%



**SÆKÝR Í GARÐINUM** Þær hafa fengið óvenjulegan gest, þessar konur í Flórída. Sækýrin notaði sér tækifærið sem hitabeltisstormurinn Alberto veitti, og synti langt á land upp þegar flóðin urðu þar á þriðjudag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bólivíumenn byggja upp ferðaþjónustuna:

# Guevara malar gull í Bólivíu

**BÓLIVÍA** Minningu byltingarforingjans Che Guevara á að nýta í anda einkaframtaks og markaðshyggju. Á heimasíðu Reuters-fréttastofunnar er greint frá því að í Bólivíu ætli frumkvöðlar í ferðamannaþjónustu að sækja inn á markað „vinstri-túrisma“ með því að leggja vegarslóða sem kenndur verður við dvöl Guevaras í Bólivíu.

Che ætlaði sér að steypa stjórn Bólivíu og koma á kerfi svipuðu því sem hann barðist fyrir á Kúbu, þegar bandaríska leyniþjónustan lét Bólivíumenn taka hann af lífi árið 1967.

Mikil vinstrisveifla ríkir nú í stjórnmálum Rómönsku Ameríku og var það eitt fyrsta verk Evo Morales, nýkjörins forseta Bólivíu og vinar Fídels Kastró, að hengja upp gríðarstóra mynd af Che á skrifstofu sinni. Það eru hins vegar sjálfstæðir athafnamenn, alls ótengdir forsetanum, sem ætla sér að selja ferðamönnum minningu Guevaras.



**ERNESTO CHE GUEVARA** Byltingarmaðurinn er vinsæll sem aldrei fyrr í Rómönsku Ameríku. NORDICPHOTOS/AFP

Til stendur að sameina ævintýralega pílagrímaferð og náttúruskoðun um stórskorin einangruð fjallasvæði sem hafa verið meira og minna ósnert síðan Che reið þar um héruð. Einnig skulu endurgerðar herbúðir byltingarmannanna og farið í skoðunarferðir um fangaklefa og hótelherbergi.

Athafnamennirnir segjast ekki gera þetta af hugsjón, heldur sjái þeir einfaldlega „glitta í gull ferðamannanna“. **- kóþ**

Ákærður fyrir líkamsárás:

## Kýldi mann í andlitið

**DÓMSMÁL** Karlmaður á þrítugsaldri hefur verið ákærður fyrir líkamsárás og áfengislagabrot en hann á að hafa að kvöldi 20. maí kýlt mann sem var að vísa honum út af veitingastað fyrir ólæti.

Meint árás átti sér stað á veitingastað í Stykkishólmi. Manninum er gefið að sök að hafa verið með mikinn hávaða og dónaskap við gesti og starfsfólk, hrækt á starfsmann veitingahússins og kýlt mann sem hafi reynt að vísa honum út með þeim afleiðingum að hann hlaut bólgur og sár á vör.

Ákærandi krefst 85.000 króna í bætur og að maðurinn verði dæmdur til refsingar. **- sþs**

Umferðareftirlit:

## Ók undir áhrifum fíkniefna

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á Selfossi stöðvaði bifreið í venjubundnu eftirliti aðfaranótt sunnudags. Undir stýri sat karlmaður sem talið er að hafi verið undir áhrifum fíkniefna. Þá fannst við þetta sama tækifæri ætlað þýfi í bílnum en það var tölvubúnaður ýmiss konar.

Maðurinn hefur komið við sögu lögreglunnar áður. Honum var sleppt að lokinni yfirheyrslu en blóð var sent til rannsóknar svo hægt væri að meta hvort maðurinn hafi í raun verið undir áhrifum. **- sgi**



**TEIKNINGAR AF KAPPAKSTURSBRAUTINNI** Á tölvuteikningu af svæðinu má sjá hvernig arkitektar sjá fyrir sér samspil kappakstursbrautarinnar og annarra framkvæmda.

# Kappakstursbraut við Grindavíkurveg

**Áhugamenn akstursíþrótta bíða með óþreyju lagningar kappakstursbrautar á Reykjanesi. Bæjarstjóri áætlar að brautin valdi litlu ónæði og tillit verði tekið til umhverfisins. Talið er að 300 manns fái störf við rekstur svæðisins.**

**AKSTURSÍÞRÓTTIR** Framkvæmdir við kappakstursbraut á Reykjanesi fara af stað í september að öllu óbreyttu, að sögn Vilhjálms Vilhjálmssonar, framkvæmdastjóra Toppsins, sem stendur að verkefninu. Kappakstursbrautin er hluti af skipulagi 370 hektara svæðis við afleggjarann til Grindavíkur sem mun innihalda skólasvæði, íbúðir, þjónustu og verslun. Kappakstursbrautin sjálf mun þekja 60 hektara og vera 4,2 kílómetrar að lengd, en auk hennar verða minni brautir og aðstaða fyrir ýmsar aðrar akstursíþróttir.

Mörg erlend stórfyrirtæki koma að verkinu, þar á meðal HOK Sport Architecture, sem hannaði meðal annars Arsenal-leikvanginn. Talið er að um 300 störf muni skapast kringum starfsemina, en hún mun hefjast í litlum áföngum. Framkvæmdaraðilum er gert að uppfylla ákveðin skilyrði varðandi fjármögnun og annað til að fá landi úthlutað. „Reykjanesbær leggur til land í nokkrum skrefum, eftir því hvernig framkvæmdaraðilunum gengur að uppfylla hvert verkefni,“ segir Árni Sigfússon, bæjarstjóri Reykjanesbæjar. Hann telur umhverfisrask verða lítið sem ekkert og hefur ekki áhyggjur af útblæstri eða ónæði af kappakstrinum. „Það er hluti af því sem við verðum að gæta að og hluti af því sem hönnun arkitektanna hefur gengið út á,“ segir Árni.

Von er á umhverfisáhættumati á næstunni, en á komandi vikum munu verkfræðingar meta jarðveginn. Hins vegar segir Vilhjálmur að ekki sé þörf á hefðbundnu umhverfismati, því brautin sjálf þeki svo lítið svæði, en tekið verði tillit til umhverfisþátta, eins og til dæmis nálægðar við Seltjörn.

Ólafur Guðmundsson, dómari í Formúlu 1, segir að kappakstursbrautin muni duga fyrir allar minni tegundir kappaksturs og jafnvel fyrir prófanir á Formúlu 1 bílum og æfingar. „Brautin er ekki bara keppnisbraut, heldur fjölnota akstursvæði. Hana verður hægt að nota í ökukennslu, bílaprófanir, æfingar og þjálfun lögreglu.“ Hann sér ekki fyrir sér að raunhæft verði að keppa í Formúlu 1 á Reykjanesinu, þar skorti betri aðstöðu, og það sé alls ekki markmiðið með brautinni.

„Það er mikið ánægjuefni að farið sé að sjá fyrir endann á langri baráttu fyrir því að til verði kappakstursbraut á Íslandi. Við erum ein fárra Evrópuþjóða sem hafa ekki átt kappakstursbraut.“

**steindor@frettabladid.is**

Afgreiðslu frumvarps frestað:

## Engin áhrif á starfsemina

**ATVINNULÍF** Að frumvarp um Nýsköpunarmiðstöð Íslands hafi ekki verið samþykkt á vorþingi mun ekki hafa áhrif á störf Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins, að sögn Smára Þórarinssonar fjármálastjóra. Hann segir fjárhagslega stöðu sjóðsins vera sterka og að einn milljarður hafi fengist í sjóðinn í kjölfar sölu Símans.

Gunnar Örn Gunnarsson lét af störfum sem framkvæmdastjóri síðastliðinn febrúar, en í dag verður auglýst í stöðu nýs framkvæmdastjóra. Sjóðurinn hefur lítið fjárfest í nýjum fyrirtækjum undanfarin fjögur ár, en að sögn Smára verður breyting þar á með tilkomu aukins fjármagns. **- sgj**



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

Mikil aðsókn í HÍ:

## Aldrei fleiri umsóknir

**HÁSKÓLI** Metaðsókn er í nám við Háskóla Íslands á næsta skólaári. Þegar umsóknarfrestur rann út hinn 6. júní höfðu yfir þrjú þúsund stúdentar sótt um skólavist, þar af um átta hundruð í meistara- og doktorsnám og viðbótarnám til starfsréttinda. Umsóknir erlendra stúdenta voru að auki um fimm hundruð.

Inntökupróf í læknadeild fara fram hinn 14. og 15. júní en í ár óskuðu 290 einstaklingar eftir því að þreyta prófið, sem er mesti fjöldi frá upphafi. Þó fá aðeins um sjötíu þeirra að hefja nám við Háskólann í haust. **- sþs**



**JURTIN FORBOÐNA** Mexíkóskir eiturlyfjahringar smygla sífellt meira af kannabisefnum til Bandaríkjanna. NORDICPHOTOS/AFP

Mexíkóski herinn fundvís:

## 7 tonn af grasi

**MEXÍKÓ AP** Mexíkóskir hermenn fundu á þriðjudag nærri sjö tonn af marijúana í tankbíl við landamæri Bandaríkjanna. Bíllinn var stöðvaður við venjubundið eftirlit á þjóðvegi.

Yfirvöld segja að mexíkóskir eiturlyfjahringir reyni í auknum mæli að smygla marijúana til Bandaríkjanna, en eftirspurn eftir kókaíni í Bandaríkjunum hefur minnkað vegna aukinnar innlendrar framleiðslu á amfetamíni. **- kóþ**

Bókmenntahátíð í Madríd:

## Íslenskar bækur kynntar

**LANDKYNNING** Ísland tók þátt í hinni árlegu Madrídarbókakaupstefnu sem stóð frá 26. maí til 11. júní. Kaupstefnan var haldin undir berum himni og voru íslenskar bókmenntir kynntar í Norðurlandabásnum. Þetta er tíunda árið í röð sem íslenskar bækur eru á boðstólunum á hátíðinni.

Margar íslenskar bækur, þýddar yfir á spænsku, voru í boði á kaupstefnunni og má þar til dæmis nefna Brekkukotsannál eftir Halldór Laxness og Engla alheimsins eftir Einar Má Guðmundsson. Auk þeirra voru margar þýddar fornsögur til sölu. Árlega sækja um þrjár milljónir manna hátíðina. **- sgj**

Héraðsdómur Norðurlands eystra tekur fyrir líkamsárásarmál:

# Ákærður fyrir árás í fjósi

**DÓMSMÁL** Aðalmeðferð í máli manns á sextugsaldri fór fram í gær í héraðsdómi Norðurlands eystra. Maðurinn var ákærður fyrir líkamsárás sem átti sér stað í fjósi í Eyjafjarðarsveit í júní síðastliðnum. Hinn ákærði veittist að manni á fertugsaldri í fjósinu með því að lemja hann á vanga og á háls. Fórnarlambið hlaut áverka á vanga og fann til eymsla á hálsi og herðum og vöðvar hans voru stífir og bólgnir.

Ákærði lét sér ekki nægja að ráðast á manninn heldur greip hann með sér yfirtengi til stillingar á aukatæki dráttarvélar á leið út úr fjósinu.

Þá þingfesti Héraðsdómur í gær mál á hendur rúmlega tvítugum manni fyrir líkamsárás á Sjallanum í nóvember síðastliðinn. Ákærði skallaði tæplega tvítugan mann í andlitið með þeim afleiðingum að nefbein hans brotnaði og það brotnaði upp úr framtönn.



**FJÓS** Aðalmeðferð hófst í gær í líkamsárásarmáli sem átti sér stað í fjósi í Eyjafjarðarsveit. FRÉTTABLAÐIÐ/GUNNAR

Í báðum tilfellum er þess krafist að hinir ákærðu verði dæmdir til refsingar. **- gþg**

Femínistafélagið:

## Málum bæinn bleikan

**JAFNRÉTTISMÁL** Femínistafélagið hvetur alla til þess að bera eitthvað bleikt næstkomandi mánudag, 19. júní, þegar kvenréttindadagurinn verður haldinn hátíðlegur.

Fólk er hvatt til að sýna stuðning sinn í verki, til dæmis með því að klæðast bleiku, borða bleikan mat, flagga bleiku, auglýsa tilboð á einhverju bleiku eða hvað sem er sem er bleikt.

Aðstandendur átaksins eru Stígamót, UNIFEM, Kvenréttindafélag Íslands, Femínistafélag Íslands og fleiri. **- gþg**

### PAKISTAN

**Meintur njósnari hálshöggvinn** Pakistanskir vígamenn eru sagðir hafa hálshöggvið afganskan mann, sem þeir grunuðu um að njósna fyrir Bandaríkjastjórn, og hóta að aðrir sem slíkt geri hljóti sömu örlög.

### SAMEINUÐU ÞJÓÐIRNAR

**Aftur til Austur-Tímor** Kofi Annan, aðalritari Sameinuðu þjóðanna, segir það óumflýjanlegt að sent verði friðargæslulið til Austur-Tímor, en það gerist þó ekki næsta hálfa árið.




ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS TOY 31537 02/2006

Þú kemst ofar í Lexus RX350, ofar í glæsileik og ofar í hugum annarra. Orðið lúxussportjeppi hafði enga merkingu fyrr en RX 350 kom til sögunnar. Hann sameinar ýtrustu kröfur um munað, þægindi, afköst, kraft og akstурseiginleika. Líkt og hvert sandkorn tekur til sín birtu himinsins verður þú eitt með gæðum og fágun sem stafar frá RX350.

Komdu og gefðu Lexus RX350 færi á að uppfylla ýtrustu kröfur sem þú gerir til lúxussportjeppa. Við vitum hver niðurstaðan verður. Hún kemur þér ef til vill á óvart en hún kemur okkur ekki á óvart. RX350 er smíðaður í þeim tilgangi að uppfylla óskir þeirra sem gera kröfur til sjálfs sín og kröfur til annarra. Þess vegna verður niðurstaðan gagnkvæm virðing milli þín og Lexus RX350.

Verð frá: 5.690.000 kr.

Nýbýlavegi 6 Kópavogur Sími 570 5400 www.lexus.is

LEXUS
The pursuit of perfection



**ÁFRAM ÓSKAR!** Fólk velur sér alls kyns undarleg gæludýr, en mörg gætu verið verri en hann Óskar litli, sem er öndin hennar Katie Horn sem býr í Bandaríkjunum. Óskar étur nærri því allt, meira að segja tómata, að sögn eigandans. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Veiði Færeyinga á íslenska þorskinum:

# Óvíst hvort veiðar eru löglegar

**FISKVEIÐAR** Eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu hafa Færeyingar veitt meira úr íslenska þorskstofninum en þeir hafa heimild til samkvæmt samningi. Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra segir að annað hvort stafi þetta af ólöglegum veiðum Færeyinga innan íslensku lögsögunnar eða því að Færeyingar stundi veiðar innan sínar lögsögu á íslenskum þorski sem syndir yfir og við því sé ekkert hægt að gera.

Ef um ólöglegar veiðar er að ræða verður tekið hart á því samkvæmt Einari en hann gat ekkert sagt til um hvort svo væri. Fiskveiðisamningur á milli Íslands og Færeyja var endurnýjaður um síðustu áramót og segir Einar að hann verði að sjálfsögðu efndur en hann er endurnýjanlegur á hverju ári.

Hjá Dagmar Sigurðardóttur, upplýsingafulltrúa Landhelgisgæslunnar, fengust þær upplýsingar að gæslan hefði uppi eftirlit bæði á sjó og í lofti. Ef skip er staðið að verki við ólöglegar veiðar er það fært til hafnar og málið er rannsakað. Ef um brot er að ræða þá er skipið kyrrsett þangað til að búið er að greiða sektir eða tryggingu fyrir þeim.

- gþg



**ÞORSKVEIÐAR** Landhelgisgæslan bregst við ef fiskveiðiskip eru staðin að verki í íslenskri lögsögu. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR

Amnesty hvetur ESB-þjóðir:

# ESB stuðli ekki að pyntingum

**BRUSSEL, AP** Mannréttindasamtökin Amnesty International hafa hvatt leiðtoga þjóða Evrópusambandsins til að taka höndum saman gegn ólöglegum fangaflutningum og pyntingum CIA á grunuðum hryðjuverkamönnum.

Að sögn Amnesty hafa sjö Evrópuríki, þar á meðal Þýskaland, Bretland og Ítalía, tekið þátt í handtökum og flutningi grunaðra manna til svæða þar sem pyntingar eru stundaðar. Þá sakar Amnesty einnig Bretland um þátttöku í ráni á tveimur mönnum sem sakaðir um að starfa með al-Kaída.

- sgj

# Ofbeldismál gegn lögreglu fara sjaldan fyrir dóm

**Allt að 95 prósent þeirra mála sem lögregla skrifar skýrslu um sem meint ofbeldi í sinn garð fara aldrei fyrir dómstóla, að sögn framkvæmdastjóra Landssambands lögreglumanna. Hann bendir jafnframt á að hafi lögregla kært borgara fyrir rangar sakargiftir hafi þau mál einnig farið í sorpið.**

**LÖGREGLUMÁL** Á bilinu 90-95 prósent af þeim málum sem lögreglumenn skrifa skýrslu á um meint ofbeldi í sinn garð fara aldrei fyrir dómstóla, að sögn Páls Winkel, framkvæmdastjóra Landssambands lögreglumanna. Hann bætir við að þessi mál séu einfaldlega lögð niður.

Mikil og vaxandi óánægja hefur verið meðal lögreglumanna með starfsumhverfi sitt. Þeir benda á að þeir vinni undir „mikilli streitu og gríðarlegu álagi“.

Á sínum tíma sendu þeir dómsmálaráðherra greinargerð þar sem bent er á atriði sem þarf að bæta til að gera vinnuumhverfi lögreglumanna viðunandi. Fyrsta atriðið er meðferð og úrvinnsla mála er varða hótanir eða ofbeldi gagnvart lögreglumönnum. Hið næsta varðar refsingar vegna hótana eða ofbeldis gagnvart lögreglumönnum. Þriðja atriðið varðar viðbrögð vegna rangra sakargifta borgara í garð lögreglu.

„Stærstur hluti ofbeldismála gegn lögreglumönnum er felldur niður af einkennilegum ástæðum sem ekki eru í samræmi við lög, áður en þau rata fyrir dómstóla,“ segir Páll. „Í þeim örfáu málum sem dæmt er í eru refsingar vegna árása á lögreglumenn það vægar, að aldrei hefur verið notað meira en eitt ár af sex ára refsiramma, sem lögin gera ráð fyrir, á árabilinu 1984-2005. Loks er mjög algengt að borgarar leggi fram kærur á lögreglumenn fyrir meint brot í starfi. Það er mjög gott aðhald þegar einhver sannindi eru til staðar. Svo er hins vegar ekki í 99 prósentum tilvika og málin eru felld niður að því undangengnu að viðkomandi lögreglumaður hefur þá réttarstöðu sakbornings, þarf að mæta í skýrslutöku hjá ríkissaksóknara þar sem hann stendur frammi fyrir því að missa æruna, starfið og einnig þá nýtingu menntunarinnar, en hún er afar sérhæfð.“

Páll nefnir nýlegt dæmi þar sem maður kærði fjóra lögreglumenn fyrir að handjárna sig við ljósastaur klukkan fjögur að nóttu fyrir framan veitingastað. Þar hafi hann verið látinn dúsa í klukkutíma, en þá hefðu þeir komið aftur til að berja hann.

„Í svona glórulausum tilvikum höfum við kært viðkomandi borgara til baka fyrir rangar sakargiftir,“ segir Páll. „Þau mál fara líka beint í sorpið hjá ákæruvaldinu. Þetta erum við ósáttir við, því dæmd refsing myndi fæla fólk frá því að gera svona ósvinnu.“

jss@frettabladid.is



**HÓPSLAGSMÁL** Lögreglan þarf oft að vinna við tvísýnar aðstæður eins og í þessu tilviki sem myndin sýnir. Þá brutust út hópslagsmál í miðbænum.



**EIFFELTURNINN** Turninn frægi í París er sagður hafa verið eitt skotmark hryðjuverkamanna. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

Hryðjuverkamenn í París:

# Eiffelturninn eitt skotmarkanna

**FRAKKLAND, AP** Franskur dómstóll dæmdi í gær 25 manns í fangelsi fyrir að skipuleggja árásir á Frakkland, en árásirnar áttu að vera hluti af stuðningi við öfgafulla múslima í Tsjetsjeníu.

Höfuðpaurarnir fimm fengu átta til tíu ára fangelsi, en hinir styttri vist.

Fólkið var handtekið árið 2002 og 2004, og leikur grunur á um að það hafi ætlað að sprengja Eiffelturninn, verslunarmiðstöð, rússneska sendiráðið og lögreglustöð.

Flest er fólkið ættað frá Alsír.

- smk


NÁM SAMHLIÐA STARFI

*Einingarnámskeið í viðskiptagreinum*

Næsta vetur býður Endurmenntun Háskóla Íslands fjölmörg sjálfstæð námskeið úr Námi samhliða starfi og eru mörg þeirra jafnframt kennd í fjarnámi. Hvert námskeið er hægt að fá metið til þriggja eininga á BS-stigi hjá viðskipta- og hagfræðideild HÍ.

- Upplýsingatækni - *einnig í fjarnámi*
- Hagfræði - *einnig í fjarnámi*
- Reikningshald og skattskil - *einnig í fjarnámi*
- Lögfræði - *einnig í fjarnámi*
- Forysta og stjórnun - *einnig í fjarnámi*
- Rekstrarstjórnun
- Fjármál I - *einnig í fjarnámi*
- Markaðsfræði I - *einnig í fjarnámi*
- Alþjóðamarkaðsfræði og markaðsáætlanir
- Utanríkisverslun
- Mannauðsstjórnun - *einnig í fjarnámi*

Inntökuskilyrði í námskeiðin er stúdentspróf eða diplóma úr Námi samhliða starfi hjá Endurmenntun. Umsóknarfrestur er til 1. júlí 2006. Frekari upplýsingar og skráning í síma 525-4444 og á heimasíðu Endurmenntunar, www.endurmenntun.is.

ARGUS / 06-0344



ENDURMENNTUN HÁSKÓLA ÍSLANDS
– að vaxa og dafna




**GUANTANAMO** Bandarískur hermaður stendur vörð yfir Guantanamo-fangabúðunum á Kúbu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sameinuðu þjóðirnar:

# Loka ber fangabúðunum strax

**BANDARÍKIN, AP** Fimm mannréttindasérfræðingar Sameinuðu þjóðanna kölluðu í gær eftir tafarlausri lokun fangabúða Bandaríkjahers við Guantanamo-flóa á Kúbu. Yfirlýsing þeirra var birt á vef Sameinuðu þjóðanna.

Fangabúðirnar hafa verið mikið gagnrýndar undanfarið, eftir að þrír fangar frömdu sjálfsvíg þar um síðustu helgi. Enginn þeirra hafði sætt formlegri ákæru, ekki fremur en langflestir hinna 460 fanga sem þar dúsa. Sumir hafa verið þar frá opnun búðanna árið 2002.

Í gær kom jafnframt fram að faðir eins hinna látnu segist telja að sonur sinn hafi verið myrtur af hermönnum. Kallaði hann eftir alþjóðarannsókn á málinu.

- smk

IG+ gjaldeyrisreikningur



# Blómlegri dalir!

$ | Nýr gjaldeyrisreikningur SPRON ber mun hærri vexti en sambærilegir reikningar.

Hinn nýi **IG+ gjaldeyrisreikningur SPRON** hentar vel þeim sem eiga í erlendum viðskiptum og öðrum sem vilja framúrskarandi vexti á þann gjaldeyri sem lagður er til hliðar. Reikningarnir eru bundnir til þriggja mánaða, lágmarksinnborgun er ein milljón króna.

ARGUS / 06-0310

**Færð þú örugglega bestu vextina á gjaldeyrinn?**
Kynntu þér málið á **spron.is**

spron

Upplýsingar í næsta útibúi SPRON í síma 550 1200, 550 1400 eða á spron.is



Opið til kl. 21 í kvöld!
Brúðargjafirnar fást í Smáralind

# BRÚÐHJÓN sumarsins 2006

## Sumarleikurinn Brúðhjón sumarsins í Smáralind

**Ætlið þið að láta pússa ykkur saman í sumar?**
Komið við í Smáralind, búið til gjafalista og skráið ykkur í brúðkaupsleik Smáralindar og Rásar 2, þar sem brúðhjón sumarsins 2006 verða valin. Heppnustu brjúðhjón sumarsins fá gjafir frá Smáralind fyrir eina milljón og Sumarferðir ætla að bjóða þeim í lúxusferð til útlanda.

### Dæmi um vinninga:



**Sumarferðir:** Brúðkaupsferð á sólríkan sælustað - **LÚXUS VIKUFERÐ**
**Ormsson:** Þvottavél og þurrkari - íslenska parið
**Smáralind:** Brúðargjafakort Smáralindar fyrir 100.000 kr.
**Líf og list:** Vöruúttekt að eigin vali fyrir 50.000 kr.
**Byggt og búið:** KitchenAid hrærivél
**Hjörtur Nielsen:** Pottasett
**Tous:** Bollastell
**Intersport:** Þrekhjól
**Drangey**: Ferðataska
**Elsa Nielsen:** Málverk
**Nóatún:** 25.000 kr. gjafakort
**Isis:** Leðurtaska, hárskart, skart og lúxus sólgleraugu frá Evita Peroni fyrir brúðina
**Iceland on Track:** Dagsferð innanlands í 44" lúxus jeppum

### Hvernig gengur leikurinn fyrir sig?

Þátttökuseðlar fást í þeim verslunum Smáralindar, sem eru með í leitinni að brúðhjónum sumarsins 2006. Tilvonandi brúðhjón fylla út seðla í uppáhalds verslunum sínum og skrá jafnframt óskir um gjafir. Í lok sumars verður seðlunum safnað saman og Brúðhjón sumarsins 2006 dregin út.
Nánari upplýsingar má finna á www.smaralind.is.




Þegar ástin blómstrar

Verslanir opnar mán-mið 11-19, **fim 11-21**, fös 11-19, lau 11-18 og sun 13-18 / smaralind.is / 528 8000



**FIMMBURAR EÐA FLEIRI?** Kínverska konan Qiao Yubo er þunguð af að minnsta kosti fimm börnum. Hún er eingöngu komin fimm mánuði á leið en mittismál hennar er þegar orðið 1,75 metrar. Til samanburðar má nefna að hún er 1,67 metra há. Eins og gefur að skilja er Qiao orðin afar þung á sér og gengur eingöngu í sérsaumuðum fötum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Eve Online geysilega vinsæll í Kína:

# Tæp hálf milljón Kínverja í biðröð

**TÖLVULEIKIR** Yfir þrjátíu þúsund kínverskir spilarar skráðu sig í fjölspilunarleikinn Eve Online á fyrstu klukkustundunum eftir að opnað var fyrir prófanir á honum í Kína í fyrradag. Þar að auki eru um 350.000 manns á biðlista eftir að fá að spila leikinn, en áætlað er að fullgerð útgáfa komi út í næsta mánuði. Það er íslenska tölvuleikjafyrirtækið CCP sem á og rekur leikinn og hafa íbúar annars staðar í heiminum átt kost á að spila hann á evrópskum þjóni seinustu þrjú ár. Þar eru yfir 100.000 spilendur en kínverski leikurinn verður algjörlega aðskildur hinum evrópska.

Eve Online er eini leikurinn sem CCP hefur gefið út og gengur hann mjög vel á heimsvísu. Megintekjur fyrirtækisins eru í dollurum en útgjöld í krónum, og því hafa sveiflur krónunnar gagnvart dollaranum haft mikil áhrif á rekstur þess. Þegar dollarinn var sem lægstur var jafnvel talað um að fyrirtækið flyttist úr landi, en ekki eru uppi áform um það sem stendur segir Hilmar Veigar Pétursson, framkvæmdastjóri CCP. „Á meðan krónan er í stöðugu ástandi er mjög fínt að vera á Íslandi, en það er erfitt að takast á við þessar sveiflur í innlendum kostnaði og þá ber maður óneitanlega aðra kosti saman við það.“ - sþs



**ÍSLENSKI TÖLVULEIKURINN EVE ONLINE** Prófanir hafa staðið yfir á leiknum í Kína og verður leikurinn gefnn þar út í næsta mánuði.

Utanríkisráðherra:

## Ekki gerbreyta skattkerfinu

**EFNAHAGSMÁLIN** Geir H. Haarde utanríkisráðherra segir að ríkisvaldið sé að vinna að sínum ráðstöfunum í efnahagsmálum þannig að endurskoðun kjarasamninga geti farið fram milli aðila vinnumarkaðarins strax í þessari viku, ekki í haust eins og kveðið er á um í samningum.



**GEIR H. HAARDE** Verðandi forsætisráðherra.

Geir segir koma til greina að leysa þessi mál með samkomulagi, „við erum að vinna í því,“ segir hann og tekur illa í nýtt lægra skattþrep fyrir hina tekjuminni. „Við höfum ekki fallist á að gerbreyta skattkerfinu en ég vil ekki fara út í smáatriði í þeim viðræðum. Þær eru í gangi.“ - ghs



**BYSSUR TIL SÖLU** Borgaryfirvöld í San Francisco mega ekki banna skammbyssusölu. NORDICPHOTOS/AFP

Meirihlutinn verður að lúffa:

## Löglegt á ný að selja byssur

**BANDARÍKIN, AP** Dómari í Kaliforníu hefur komist að því að lögbann á sölu skammbyssna, sem samþykkt var af 58 prósentum borgarbúa í San Francisco í nóvember, standist ekki nánari skoðun. Löggjöf Kaliforníuríkis leyfir sölu vopnanna og borgin má ekki banna það sem fylkið leyfir.

Dómarinn féllst þar með á rök Rifflasambandsins (NRA) en forvígismenn þess stefndu borginni daginn eftir að lögbannið var samþykkt.

Forsvarsmenn NRA fögnuðu úrskurðinum og sögðu að dómarinn „viðurkenndi að löghlýðnir skotvopnaeigendur ... eru hluti af lausninni, ekki vandanum.“ Borgaryfirvöld íhuga nú hvort úrskurðinum verði áfrýjað. - kóþ

### OFBELDI

**Réðust á söngvara** Fjórir menn hafa verið handteknir fyrir árás á samkynhneigða söngvarann Kevin Aviance í New York síðastliðinn laugardag. Mennirnir hrópuðu að honum fúkyrði og börðu hann til óbóta.

### LÖGREGLUFRÉTTIR

Lögreglan í Vík greinir frá því að um fimmtíu ökumenn hafi verið stöðvaðir í umdæminu að meðaltali á viku síðan eftirlit með hraðakstri var aukið. Talsmaður lögreglunnar segir að áframhald verði á þessu mikla eftirliti.

# Írak skaðar orðstír Bandaríkjanna

**Stuðningur almennings í fimmtán löndum heims við stríð Bandaríkjamanna gegn hryðjuverkum hefur dvínað til muna á síðasta ári. Sífellt fleiri Evrópubúar vantreysta George W. Bush Bandaríkjaforseta.**

**BRETLAND, AP** Stefna Bandaríkjanna í Írak er hættulegri ógn en kjarnorkuáætlun Írana, samkvæmt alþjóðlegri könnun hins virta Pew-rannsóknarhóps sem birt var í vikunni. Stuðningur við George W. Bush Bandaríkjaforseta og stríð hans gegn hryðjuverkum fer einnig dvínandi meðal spurðra, en könnunin náði til 17.000 manns í 15 löndum.

Jafnframt kom fram að sá velvilji sem aðstoð Bandaríkjanna vegna flóðbylgjunnar 2004 skapaði í garð þeirra, hefur dvínað til muna síðan í fyrra, jafnvel í þeim löndum sem fengu aðstoðina, svo sem í Indónesíu.

Stríðið í Írak reynist orðstír Bandaríkjanna sífellt dýrkeyptara. Sérstaklega líta landsmenn Indlands, Spánar og Tyrklands stórveldið hornauga nú, og hefur stuðningur þeirra við Bandaríkin hrapað stórlega síðan í fyrra, eða úr 71 prósenti niður í 56 prósent á Indlandi, úr 41 prósenti í 23 prósent á Spáni og úr 23 prósentum niður í 12 prósent í Tyrklandi.

Meirihluti þeirra sem spurðir voru í tíu löndum af fjórtán, þegar svör Bandaríkjamanna eru ekki talin með, sögðu heiminn vera hættulegri síðan Bandaríkin hófu stríð sitt á Írak. Sextíu prósent Breta, sem þó eru helstu bandamenn Bandaríkjanna í þeim hernaði, telja Íraksstríð hafa gert veröldina að ótryggari stað en áður.

Auk þess treysta Evrópubúar Bush Bandaríkjaforseta sífellt minna, og telja flestir að Bandaríkjunum muni ekki takast að ná takmörkum sínum í stríðinu gegn hryðjuverkum.

Kjarnorkuáætlun Írana veldur Evrópubúum og Bandaríkjamönnum sífellt meiri áhyggjum, en múslimaþjóðir hafa hins vegar litlar áhyggjur af Íransstjórn. Íranar hafa staðfastlega haldið því fram að kjarnorkuvinnsla þeirra sé eingöngu í friðsamlegum tilgangi, en talsmenn Bandaríkjastjórnar telja að þá sé ætla sér að nota orkuna til framleiðslu á kjarnorkuvopnum.

Á meðan Indverjar og Japanar hafa mestar áhyggjur af loftlagsbreytingum vegna gróðurhúsaáhrifanna, hafa þær tvær þjóðir sem valda mestum gróðurhúsaáhrifum, Bandaríkjamenn og Kínverjar, minnstar áhyggjur vegna þess vanda.

Skoðanakönnunin var gerð í Bandaríkjunum, Bretlandi, Egyptalandi, Frakklandi, Indlandi, Indónesíu, Japan, Jórdaníu, Kína, Nígeríu, Pakistan, Rússlandi, Spáni, Tyrklandi og Þýskalandi á tímabilinu 31. mars og 14. maí.

smk@frettabladid.is



**HERMAÐUR Í ÍRAK** Bandarískur hermaður við störf í Írak, en að baki hans gengur daglegt líf áfram sinn vanagang. Meirihluti aðspurðra í fimmtán löndum sem tóku þátt í nýlegri skoðanakönnunum telja að stríð Bandaríkjanna gegn hryðjuverkum hafi gert heiminn ótryggari en áður var, og fer stuðningur Evrópubúa við George W. Bush Bandaríkjaforseta ört dvínandi. NORDICPHOTOS/AFP

Evrópusambandið eykur þrýstinginn á Kúbustjórn:

# Engar refsiaðgerðir í bili

**LÚXEMBORG, AP** Evrópusambandið hefur langtímaáætlun um lýðræðisþróun á Kúbu í smíðum og lýstu utanríkisráðherrar aðildarríkjanna 25 yfir djúpstæðum áhyggjum af bágri stöðu mannréttindamála í eyríkinu á mánudag.

Ríkisstjórnin í Havana var hvött til að leysa pólitíska fanga úr haldi og henni boðið til viðræðna, meðal annars um mannréttindamál. Ráðherrar sumra aðildarríkjanna vildu ganga lengra og grípa til refsiaðgerða, en ákvörðunum um slíkt var frestað að sinni.

Ráðherrar fyrrum austantjaldslanda voru sérlega harðir í afstöðu sinni gegn ríkisstjórn Kúbu og minntu þeir á að einnig þyrfti að gera áætlun um hvernig ætti að bregðast við óumflýjanlegu fráfalli Kastrós, en hann verður áttræður í ágúst.

Hvað tekur við á Kúbu við lát Kastrós er allsendis óljóst. Víst þykir að umbreytingar verði á stjórnarháttum þar á bæ, en hversu róttækar þær breytingar verða er annað mál. „Mikilvægt er að undirstrika að Kastró muni ekki ríkja að eilífu,“ sagði utanríkisráðherra Tékklands.

ESB ætlar að gera sitt til að koma í veg fyrir áframhaldandi einræðisstjórn á Kúbu, en margir óttast að Raúl, yngri bróðir Kastrós, hafi hug á að taka við stjórnartaumunum. - kóþ



**FÍDEL KASTRÓ** Kastró er ekki vinsæll meðal ráðamanna fyrrverandi austantjaldslanda í Evrópu. NORDICPHOTOS/AFP

Könnun á stöðu atvinnulífs:

## Segja aðstæður frekar góðar

**ATVINNULÍF** Niðurstöður úr nýrri könnun IMG Gallup á stöðu og framtíðarhorfum í atvinnulífinu gefa til kynna að aðstæður séu tiltölulega góðar en þó lakari en í seinustu könnun. Stjórnendur sjá fram á versnandi horfur næsta hálfa árið hvað varðar innlenda eftirspurn þótt áfram megi búast við þenslu á vinnumarkaði.

Gengisþróun undanfarinna mánaða hefur gert það að verkum að hagur útflutningsgreina fer batnandi, og staðfestir könnunin þetta. Áfram er spenna á atvinnumarkaði og skortur á starfsfólki í flestum greinum, en í maí mældist 1,3 prósenta atvinnuleysi á Íslandi. - sþs

Vinnuslys rétt hjá Skógum:

## Skaut nagla í fótinn á sér

**SLYS** Maður á þrítugsaldri varð fyrir því óláni við vinnu seinnipart þriðjudags að skjóta sig í fótinn með naglabyssu.

Slysið átti sér stað á sveitabæ skammt vestan við Skóga, rétt hjá Hvolsvelli.

Um var að ræða voðaskot úr byssunni og skaut maðurinn nagla í hnéð á sér og hlaut töluverð meiðsli af.

Hann var fluttur með sjúkrabíl á Borgarspítalann í Fossvogi þar sem gert var að sárum hans. - æþe



**STEPHEN HAWKING** Prófessorinn virti hefur áhyggjur af framtíð mannkynsins og jarðarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Stephen Hawking varar við:

## Menn verða að flytja út í geim

**VÍSINDI** Örlög mannkynsins gætu ráðist á því hvort við finnum nýja plánetu til að búa á innan hundrað ára, að sögn Stephens Hawking, hins heimsfræga stjarneðlisfræðings.

„Við munum ekki finna nokkurn stað eins huggulegan og jörðina nema við förum til annars stjörnukerfis,“ sagði hann á fyrirlestri í Hong Kong á þriðjudag. „Líf á jörðu er í síaukinni hættu á útrýmingu vegna gróðurhúsaáhrifa, kjarnorkustyrjaldar, stökkbreyttrar veiru eða annars sem okkur hefur ekki enn hugkvæmst.“

Hawking mun gefa út barnabók um eðli alheimsins á næstunni. - sgj



**ROBERT REDFORD** Leikarinn vill koma repúblikönum frá völdum. NORDICPHOTOS/AFP

Robert Redford:

## Harmleikur í uppsiglingu

**WASHINGTON, AP** Leikarinn Robert Redford hélt tölu síðstliðinn mánudag á fundi frjálslyndra stjórnmálasamtaka sem kallast „Baráttan fyrir framtíð Bandaríkjanna“.

Redford sagði til einskis að rökræða við Bush-stjórnina um orkumál og að eina leiðin til breytinga væri að koma repúblikönum frá völdum. Til þess þyrftu demókratar að taka sér herkænsku repúblikana til fyrirmyndar.

Redford brýndi fyrir demókrötum að vera stórhuga og koma skikki á sín mál svo þeir sigruðu í næstu kosningum og sagði að ef það mistækist yrði það „ekki einungis harmleikur fyrir flokkinn, heldur fyrir þjóðina alla“. - kóþ



**SADDAM HUSSEIN** Lögfræðingur Saddams varð fyrir vonbrigðum með úrskurðinn. NORDICPHOTOS/AFP

Réttarhöld yfir Saddam:

## Vitnaleiðslum verjenda lokið

**ÍRAK AP** Aðaldómarinn í réttarhöldum yfir Saddam Hussein úrskurðaði á þriðjudag að vitnaleiðslum verjenda væri lokið og að ákærendur myndu flytja lokaræðu sína í næstu viku.

Verjandi Saddams mótmælti, en hann telur sig ekki hafa náð að flytja mál sitt með fullnægjandi hætti og vildi fá að leiða fleiri vitni fram fyrir dóminn. Dómarinn svaraði með því að verjandinn hefði nú þegar leitt fram 62 vitni og ef það dygði ekki til myndu 100 vitni ekki hjálpa honum frekar. - kóþ

Breytingar hjá VG:

## Drífa í stað Svandísar

**STJÓRNMÁL** Gengið hefur verið frá ráðningu Drífu Snædal í starf framkvæmdastýru Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs. Hún tekur við í haust af Svandísi Svavarsdóttur, oddvita Vinstri grænna í borgarstjórn, sem sinnt hefur starfinu síðastliðið ár.



**DRÍFA SNÆDAL** Tekur við af Svandísi Svavarsdóttur.

Drífa hefur starfað sem fræðslu- og framkvæmdastýra Samtaka um kvennaathvarf seinustu ár, en hún hefur próf í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands. Hún hefur gegnt stöðu ritara Vinstri grænna síðan 2003 og hefur setið í stjórn flokksins frá stofnun hans árið 1999. ■

Geitungar eiga erfitt uppdráttar í sumar:

# Stofninn lítill og ræfilslegur

**NÁTTÚRA** Geitungastofninn á Íslandi er mjög illa á sig kominn það sem af er sumars. Búin eru lítil og fá og geitungarnir sjálfir eru ræfilslegir. Að sögn Róberts Ólafssonar meindýraeyðis er ástæðan fyrir þessu hrun stofnsins síðasta sumar þegar tvísýnt var um að hann lifði yfirleitt af, en líklegast þykir að einhvers konar sveppasýking hafi verið þar á ferðinni. Þó getur verið að stofninn taki kipp seinna í sumar, líkt og gerðist í fyrra.

Hann nefnir að þegar geitungabúin séu lítil og á aðgengilegum stöðum sé oft auðveldara fyrir fólk að losa sig við þau sjálft frekar en að fá aðstoð meindýraeyðis. Ef rétt sé að staðið eigi að vera hægt að fjarlægja geitungabú á öruggan hátt með því að úða á það eitri sem kaupa má úti í búð.

Aðspurður að því hversu mikil hætta stafi af geitungum svarar Róbert því að þeir séu meinlaus dýr sé þeim ekki ógnað. Vissulega beri varúðar að gæta ef um bráðaofnæmi sé að ræða, en almennt hafi geitungur enga ástæðu til að stinga, sé hann látinn í friði. Best sé að skipta sér bara ekkert af þeim.

Landsmenn geta því andað léttar, það sér ekki fram á geitungafaraldur í sumar. - sþs



**GEITUNGUR** Meinlaus ef hann er látinn í friði segir meindýraeyðir.

Drápið á al-Zarqawi:

# Var klukkutíma að deyja

**ÍRAK, AP** Bandaríski herinn segir sjúkraliða hafa reynt í tuttugu mínútur að bjarga hryðjuverkamanninum Abu Musab al-Zarqawi, eftir loftárás á hús sem hann var í. Bandarískir hermenn voru sakaðir um að hafa barið hann til dauða eftir loftárásina, en læknar segja nú að innvortis meiðsli hafi verið banamein Jórdanans.

Al-Zarqawi er sagður hafa muldrað og reynt að komast af sjúkrabörunum, en hann var ýmist með eða án rænu eftir árásina. Meðal þeirra sem dóu í árásinni voru tvær konur og ungt barn, en ekki er vitað hvar líkin verða færð til greftrunar. - sgj



## „ORÐRÉTT“

### *Allur er varinn óþarfur*

**„Það er engin þörf fyrir herafla á Íslandi.“**

MARK STANHOPE AÐMÍRÁLL. FRÉTTABLAÐIÐ 14. JÚNÍ.

### *Kona fyrir borð*

**„Ég sé vitaskuld eftir meirihlutanum og svo fannst mér sorglegt að sjá konur bera skarðan hlut frá borði í kjöri til nefnda og ráða.“**

STEINUNN VALDÍS ÓSKARSDÓTTIR, FRÁFARANDI BORGARSTJÓRI. FRÉTTABLAÐIÐ 14. JÚNÍ.

*nær og fjær*

# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** HELGA STEFFENSEN BRÚÐULEIKARI

## *Ótrúlega skemmtilegt og gefandi starf*

„Ég byrjaði núna í júní 26. árið í Brúðubílnum og við erum búnar að sýna tvisvar á dag og förum á þessa gæsluvelli sem eftir eru og svo förum við á svona opin svæði,“ segir Helga Steffensen. „Við erum með leikrit í júní sem heitir duddurnar hans Lilla og það er Lilli, sem er mjög vinsæll hjá litlu börnunum, hann er að reyna að venja sig af því að vera með snuð.“

„Þetta er alveg rosalega vel sótt, og meira að segja í morgun vorum við í Miðgarði og það var svo hvasst að það var ekkert venjulegt en krakkarnir koma, veðrið er ekkert að hamla því að þeir komi,“ segir Helga.

„Á veturna er ég starfandi í Leikbrúðulandi og í vetur vorum við með selinn Snorra og fórum í leikskóla, grunnskóla og kirkjur og ætlum að halda áfram með þá sýningu næsta haust.“

Leikbrúðuland byrjaði árið 1974 og voru sýningarnar á Fríkirkjuvegi 11. Þar var Meistari Jakob meðal annars sýndur.

Aðspurð um uppruna Lilla segir Helga að hann hafi komið í Brúðubílinn strax í upphafi og sé því orðinn 25 ára. Helga gerir allar brúðurnar sjálf og hefur gert fleiri hundruð brúður í gegnum tíðina og samið yfir fimmtíu leikrit. Lilli hefur farið í gegnum smá endurnýjun en Helga segir að þetta sé alltaf sami Lilli og börnin myndu taka eftir því um leið ef einhverjar breytingar yrðu gerðar á honum.

„Ég hef eiginlega ekki farið neitt í sumarfrí í gegnum tíðina,“ segir Helga og hlær, „ég kalla það sumarfrí þegar ég fer á sumrin með Brúðubílinn og ferðast um landsbyggðina. Mér finnst ég bara vera mjög heppin að vera í starfi sem ég virkilega nýt þess að vera í,“ segir Helga að lokum.

Dagskrá Brúðubílsins er að finna á heimasíðu ÍTR en hann verður í Reykjavík í júní og júlí.



## SJÓNARHÓLL

**EIÐUR SMÁRI TIL BARCELONA**

### *Glæsilegur árangur Eiðs*

„Þetta er örugglega eitt glæsilegasta skref sem íslenskur knattspyrnumaður hefur stigið,“ segir Hermann Gunnarsson, fjölmiðlamaður og knattspyrnuaðdáandi. „Alveg frábært að hafa staðið sig jafn vel og hann hefur gert með Chelsea, þessu meistaraliði í Englandi, og vera eiginlega dottinn úr náðinni þar, en fara svo til Evrópumeistaranna. Það er draumur allra fótboltamanna að spila með Barcelona eða Real Madrid og mig dreymdi þetta á yngri árum. Ég fékk einu sinni að spila leik í Barcelona-treyju og það að fara í búninginn gerði mig að helmingi betri fótboltamanni og ég er viss um að það verður þannig með Eið. Ég er ekki viss um að hann fljúgi inn í liðið, en það skiptir ekki máli, því Eiður er persónuleiki sem gefst ekki upp. Hann var valinn í stjörnulið heimsins af Ronaldinho, sem þýðir að besti knattspyrnumaður heims og verðandi liðsfélagi hans vill hafa hann með sér. Þetta getur ekki verið meira spennandi. Katalónía mun taka honum fagnandi. Ég var hrærður af fögnuði og samfagna þessum árangri hans.“



HEMMI GUNN

# Breskir slökkviliðsmenn á jökli

**Sjö enskir slökkviliðsmenn frá Cornwall-skaga eru nú á ferð yfir Vatnajökul en ferðin er farin til styrktar krabbameinssjúkum börnum þar í landi. Sjónvarpsfréttamaður frá BBC Cornwall er með í för svo heimamenn geti fylgst með gangi mála og slökkviliðsmanna.**



SLÖKKVILIÐSMENNIRNIR SVELLKÖLDU Hér eru ferðalangarnir áður en þeir lögðu í hann en þeir eru Tim Edwards, Ray Filbey, Dave Diment, Simon Martyn, Mark Kass, James Marks og Phil Hoare.

„Sjömenningarnir komu hingað til lands 7. júní og ráðgerðu þeir að komast upp á jökul hinn níunda og koma til byggða þann sextánda,“ segir Arndís Guðmundsdóttir, sem er tengiliður hópsins hér á landi. „En það gerði mikla rigningu og rok svo að þeir komust ekkert fyrsta daginn. Íslenska veðráttan var ekki lengi að ögra þessari áætlun þeirra.“

En þó fall sé fararheill hafa þeir lent í miklu brasi uppi á jökli. „Vindurinn hefur stundum farið í 28 metra á sekúndu og einn morguninn vöknuðu þeir í frosnum tjöldum þannig að aðstæður hafa ekki verið þeim hliðhollar. Nú eru þeir farnir að ókyrrast þar sem þeir eiga bókað far heim næsta sunnudag en þeir þurfa heldur betur að spýta í lófana svo þeir nái nú örugglega fluginu,“ segir Arndís.



INGÞÓR BJARNASON Á HVANNADALSHNJÚKI Fararstjórinn sést hér uppi á Hvannadalshnúk en vonandi verður hann þar ásamt liði sínu seinna í dag.

Það voru björgunarsveitirnar á Húsavík og í Mývatnssveit sem fluttu kappana upp að Kverkfjöllum þar sem jöklaferðinn hófst ásamt Ingþóri Bjarnasyni sem er fararstjóri. Sá kappi er ýmsu vanur en hann fór yfir Grænlandsjökul árið 1993, á suðurpólinn 1997 og var kominn hálfa leið á norðurpólinn ásamt Haraldi Erni Ólafssyni árið 2000. Þá kól hann hins vegar á fingrum og varð að hætta leiðangrinum.

Á þriðjudag komu göngugarparnir til Grímsfjalla og í gær gengu þeir hálfa leið þaðan að Hvannadalshnjúki í miklu hvassviðri. Þrátt fyrir erfiðar aðstæður og ýmsa erfiðleika láta Bretarnir vel af ferðinni að sögn Arndísar. „Þeir eru mjög vel þjálfaðir en þeir höfðu aldrei stigið á gönguskíði áður, svo það gekk brösuglega fyrir sig framan af í öllu rokinu og rigningunni. En þeim þykir þetta mjög gaman og mikið ævintýri,“ bætir hún við.

Viðfangsmikil áheitasöfnun fer nú fram í Cornwall en ekki fengust fregnir um hversu mikið hefði safnast.

BBC Cornwall er svæðissjónvarp í héraðinu sem hefur flutt fréttir af ferðinni en einnig er ráðgert að sýna þar heimildarþátt um ferðina. jse@frettabladid.is






DORGAÐ Á BRYGGJUNNI Í SÚÐAVÍK Dorgkeppnin verður haldin um helgina eins og hefð er fyrir á Bryggjudögum en einnig munu súðvískir barkar etja kappi í Sædolkeppninni.

Bryggjudagar í Súðavík:

## Dorgað og keppt í Sædol

Hinir árlegu Bryggjudagar hefjast í Súðavík á morgun og segir Guðný Hanna Harðardóttir, framkvæmdastýra hátíðahaldanna, að von sé á því að íbúafjöldinn rúmlega tvöfaldist í þorpinu enda standi gestum margt til boða.

„Þetta hefst með því að hljómsveitin Hundur í óskilum heldur tónleika í íþróttahúsinu en á laugardeginum mun söngurinn koma úr barka heimamanna því þá verður hið svokallaða Sædol Súðavíkur haldið,“ segir framkvæmdastýran, sem er farin að iða í skinninu. „Þetta er söngvakeppni þar sem söngvarar undir fimmtán ára taka þátt. Að sjálfsögðu verður hin vinsæla dorgkeppni líka á sínum stað en hún er jafnan vel sótt.

Menn verða að fá sér í svanginn líka svo það verður grillað í Raggagarði og brugðið á leik. En einnig verður boðið upp á siglingu út í kvíar þar sem fólk getur fengið að fóðra fiskana svo allir fái nú að borða,“ segir Guðný Hanna og ætlar aldrei að þreytast á því að telja upp það sem í vændum er.

Á laugardaginn verður slegið upp balli en hljómsveitinn Spútnik leikur þá fyrir dansi og á sunnudaginn mun Barði Ingibjartsson leiðsögumaður leiðsegja göngugörpum sem vilja fylgja honum um leyndardóma Álftafjarðar. „Hann gjörþekkir svæðið enda heimamaður,“ segir Guðný Hanna.

Þetta er í fjórða sinn sem Bryggjudagar eru haldnir og segir Guðný Hanna að tekist hafi svo vel til að ákveðið hafi verið að gera þá að árlegum atburði.

# EITT LÍF – NJÓTUM ÞESS



# HEILSU OG HÆGINDADAGAR
# TILBOÐIN Í FULLUM GANGI!










**Áttu von á gestum? Glæsilegur sýningarsalur okkar er fullur af nýjum svefnsófum – NÚ Á TILBOÐI!**

# EKKI MISSA AF ÞESSU!!!


www.design.is ©2006

Betra BAK

Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477 • betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Opið virka daga frá kl. 10-18
Lokað á laugardögum í júní og júlí


Búum okkur til
Stórar og góðar
1 kg
ÚRVALS RÆKJA
599 kg KR.
Úrvalsrækja
Grilllax
SKÖTUSELURINN roð- og brjósklausi
Frábær frosin afurð - frábært verð
ROÐ OG BRJÓSKLAUS SKÖTUSELUR
1198 KR.
600g
LAX Á GRILLIÐ
998 kg KR.
BEINLAUS OG MARINERAÐUR FROSINN
FROSNAR marineraðar lúðusteikur
1198 kg KR.
frá Norðanfiski
Nýtt í Bónus!
Skötu selur
Frábært úr frystinum!
Grilllúða
24 pinnar
Smoothie skyrdrykkurinn
Sjáðu verðið!
EKKERT BRUÐL
24 íspinnar
499 KR.
Til í allt!
5 heimilispylsur + 5 pylsubrauð
5 pylsur + 5 brauð
299 KR.
PYLSUTILBOÐ
HONEY MUSTARD
99 KR.
510g
Eitthvað fyrir alla!
SMOOTHIE 250ml
79 KR.
4 XL brauð
98 KR.
10 hamborgarar
899 KR.
1 kíló
4x 80g hamborgarar
295 KR.
MEÐ BRAUÐI
4 hamborgarar
4 hamborgarabrauð
Kíló af hamborgurum
4 XL BÓNUS
hamborgarabrauð


góða hátíð í Bónus!
EKKERT BRUÐL
Frosin jarðarber í kílópakkningu
RABARBARASULTA 159 KR. 900g
KÍLÓ af jarðarberjum! 198 KR.
Rabarbarasulta
BÓNUS
Allt sem þarf, er vatn, olía og vöfflujárn
EKKERT BRUÐL
BÓNUS
Vöffluduft
PURREFNABLANDA
fyrir um 20 vöfflur
VÖFFLUDUFT 159 KR. 500g
PEYTIRJÓMI 129 KR. 250g
Halta
Nýtt kortatímabil!
EKKERT BRUÐL
FROSIÐ GRÆNMETI Í KÍLÓPAKKNINGUM!
LONDONLAMB
frá Kjarnafæði
KF LONDONLAMB 979 KR. MERKT VERÐ 1399
KJARNAFÆÐI
LONDON LAMB
30% afsláttur við kassann
Broccoli vegetable mix
BROKKOLÍ BROKKOLÍBLANDA 198 KR. HEILT KÍLÓ!
1 Kg
ÚRBEINAÐ HANGILÆRI
HANGILÆRI ÚRBEINAÐ 1499 KR. MERKT VERÐ 2499 KR.
NORÐLENSKT KOFAREYKT HANGIKJÖT
BÓNUS
HANGILÆRI ÚRBEINAÐ
40% afsláttur við kassann
Sjáðu verðið!
3 Bónus tröllarúllur
Góðar við grillið - góðar í eldhúsið
3 XL rúllur 298 KR.
3 Eldhúsrúllur
BÓNUS
BEINLAUS ÝSA -HARÐFISKUR FRÁ SJÓMANNINUM
HARÐFISKUR 230g 998 KR.
Kofareyktu sveitabjúgun
KOFAREYKT SVEITABJÚGU
SVEITABJÚGU 299 KR. KOFAREYKT
KJARNAFÆÐI
www.bonus.is
BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## Svona erum við

> Meðalaldur kvenna við stofnun sambúðar.




Heimild: Hagstofa Íslands

# baksvið

*fréttir og fróðleikur*

**FBL GREINING:** FC BARCELONA

# *Félag stofnað af Svisslendingi*

Í gær var gengið frá kaupum á knattspyrnumanninum Eiði Smára Guðjohnsen til Barcelona en hann hefur undanfarin sex ár leikið með Englandsmeisturunum í Chelsea.

### Hvenær var knattspyrnufélag Barcelona stofnað og af hverjum?

Félagið var stofnað árið 1899. Fremstur í flokki frumkvöðla þar var Svisslendingurinn Joan Gamper. Hann kom við í Barcelona að hitta frænda sinn sem bjó þar en Joan var sjálfur á leið til Afríku þar sem hann ætlaði að taka þátt í því að koma upp fyrirtækjum sem versla myndu með sykur. Hann varð reyndar svo heillaður af þessari höfuðborg Katalóníu að hann settist þar að. Hann lék fjölmarga leiki með félaginu og var mikill markahrókur. Hann varð forseti félagsins árið 1908 og gegndi því starfi nær sleitulaust þar til 1925. Þá var hann rekinn frá Spáni þar sem hann var sakaður um að vera með áróður fyrir sjálfstæði Katalóníu en áhangendur félagsins höfðu baulað á spænska þjóðsönginn fyrir kappleik en að sama skapi klappað fyrir þeim breska. Hann hélt til síns heimalands þar sem hann síðar féll fyrir eigin hendi.



**SIGURSTUND** Skærasta stjarna Barcelona, brasilisíki galdramaðurinn Ronaldinho, horfir löngunaraugum á Evrópubikarinn.

### Hver er staða félagsins í dag?

Barcelona er Evrópu- og Spánarmeistari enda spila þar margir af bestu leikmönnum heims eins og Brasilíumaðurinn Ronaldinho og Kamerúninn Samuel Eto'o. Forsvarsmenn félagsins segja að leikmenn þess leiki einungis fyrir félagið og samfélagið tengt því og þess vegna eru engar auglýsingar á liðsbúningnum, enn sem komið er.

### Hvað heitir leikvangur félagsins?

Leikvangur félagsins heitir Nou Camp og stærsti knattspyrnuleikvangur í Evrópu en hann tekur um 98 þúsund áhangendur.

## SPURT & SVARAÐ



**ALMA SIGURÐARDÓTTIR VERKEFNASTJÓRI**

# *Nordjobb*

Í ár hafa óvenjumargar umsóknir borist til Norræna félagsins á Íslandi frá ungu fólki á Norðurlöndunum um vinnu hér á landi í sumar. Alma Sigurðardóttir er verkefnastjóri hjá Norræna félaginu.

**Hvað er Nordjobb?**

Nordjobb er vinnumiðlun fyrir ungt fólk á alrinum 18-28 ára og þetta er verkefni sem miðar að því að kynna fyrir ungu fólki hversu auðvelt það er að flytjast á milli Norðurlandanna. Krakkarnir fá sumarvinnu í öðru norrænu landi og dveljast þannig sumarlangt og verkefnið sér um að útvega húsnæði og skipuleggur tómstundadagskrá.

**Af hverju þessi mikli fjöldi til Íslands núna?**

Talan er komin upp í 147 sem eru ráðnir hérna á Íslandi en það virðist vera skortur á vinnuafli og vinnuveitendur hafa tekið rosalega vel í það að taka þátt í verkefninu, það hefur gengið ofsalega vel að finna störf fyrir krakkana hérna.

**Hve margir Íslendingar fara út?**

Samtals eru að fara út frá Íslandi 36 en sú tala hefur lækkað svolítið. Það má alveg búast við því að þessi tala hækki þó vegna þess að það eru margir Íslendingar sem fara til Danmerkur og þar gerast hlutirnir aðeins hægar.

Margar gerðir af

ljósum!



RAFSÓL

Skipholti 33 • 105 Reykjavík
Sími 553 5600 • www.rafsol.is
rafsol@rafsol.is



**SÉÐ YFIR SAL BORGARSTJÓRNAR REYKJAVÍKUR** Jafnréttismál komust óvænt á dagskrá á fyrsta fundi borgarstjórnar eftir kosningar og sakaði Samfylkingin meirihlutann um forneskjuleg viðhorf. Því var umsvifalaust vísað á bug. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Brosandi meirihlutinn sagður forneskjulegur í jafnréttismálum

**Ný borgarstjórn Reykjavíkur kom saman til fyrsta fundar síns á þriðjudag. Sólin skein og bjart var yfir borgarfulltrúum, í það minnsta þeim átta sem sitja í meirihluta. Jafnréttismál komust óvænt á dagskrá fundarins.**

Borgarfulltrúar tíndust í Ráðhúsið einn af öðrum rétt áður en fundur hófst klukkan eitt. Þeir röðuðu sér til sætis við skeifuborðið í borgarstjórnarsalnum eftir flokkum; Dagur B. Eggertsson, oddviti Samfylkingarinnar, settist við annan enda þess og við hlið hans aðrir fulltrúar flokksins og í framhaldinu Vinstri græn og Ólafur F. Magnússon, Frjálslynda flokknum. Þá kom að meirihlutanum; Björn Ingi Hrafnsson Framsóknarflokki sat við hlið Ólafs og honum á vinstri hönd sjö borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokks.

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson stýrði fundi í upphafi í krafti þess að hann er starfsaldursforseti borgarstjórnar. Byrjaði hann á að bjóða borgarfulltrúa velkomna til starfa, sagði daginn fallegan og hvatti fólk til að njóta hans. Þá las hann upp bréf yfirkjörstjórnar í Reykjavík þar sem kjör borgarfulltrúa er staðfest. Bréfinu lýkur á undirskrift yfirkjörstjórnarfulltrúans Vilhjálms H. Vilhjálmssonar og lagði Vilhjálmur Þ. sérstaka áherslu á H-ið þegar hann las nafn nafna síns. Að því búnu var Hanna Birna Kristjánsdóttir, Sjálfstæðisflokki, kjörin forseti borgarstjórnar og Vilhjálmur var formlega kjörinn borgarstjóri eins og lög og reglur segja til um. Komu þau sér fyrir við háborðið og losnaði þar með um tvö sæti við skeifuborðið. Við það þjappaði meirihlutinn sér saman og myndaðist tveggja sæta gjá milli meiri- og minnihlutans. Gjáin sú er táknræn fyrir væntanleg átök fylkinganna á kjörtímabilinu og hafi einhver velkst í vafa lýsti Ólafur F. Magnússon því yfir að stjórnarandstaðan ætlaði að veita nýkjörnum borgarstjóra kröftugt málefnalegt aðhald.

Vilhjálmur Þ. lét hins vegar flokkadrætti lönd og leið í stuttu ávarpi og sagðist ætla að vera borgarstjóri allra Reykvíkinga og þjóna borgarbúum á skilvirkan hátt með kurteisi og tillitssemi að leiðarljósi.

Nokkur fjöldi fólks fylgdist með fundinum af pöllunum og mátti kenna þar varaborgarfulltrúa og aðra áhugamenn um stjórnmál.

Næst tók við kjör í fjölda nefnda, ráða og stjórna og gekk það að mestu snurðulaust fyrir sig, utan hvað fresta þurfti kosningum í nokkur hverfaráð þar sem í ljós kom að meirihlutinn tilnefndi fulltrúa til starfa sem ekki eru borgar- eða varaborgarfulltrúar, en slíkt er skilyrði fyrir setu í hverfaráðum. Þá kom til hlutkestis um annan varamann í almannavarnanefnd þar sem tveir hlutu jafn mörg atkvæði. Hafði Samfylkingin heppnina með sér og verður Steinunn Valdís Óskarsdóttir, fyrrverandi borgarstjóri, annar varamaður í almannavarnanefnd Reykjavíkur næstu fjögur árin. Einnig þurfti forseti tvívegis að hringja bjöllu sinni þar sem borgarfulltrúar Samfylkingar voru frammi á gangi þegar greiða átti atkvæði.

Að atkvæðagreiðslum loknum lét Samfylkingin bóka að bakslag væri komið í jafnréttismál borgarinnar með vali meirihlutans á fólki í nefndir og ráð. Í bókuninni segir: „Það skiptir máli að sjónarmið beggja kynja heyrist í öllum fagráðum borgarinnar og að jafnvægi milli kynja ríki þegar litið er til formennsku. Hér ríkir forneskjan ein af hálfu B og D lista og hlýtur að kalla á hörð viðbrögð kvennahreyfinga og annarra jafnréttissinna. 13. júní 2006 verður minnst sem sorgardags í sögu Reykjavíkur."



**HLÝTT Á NÝJAN BORGARSTJÓRA** Samfylkingarmennirnir Dagur B. Eggertsson, Steinunn Valdís Óskarsdóttir og Stefán Jón Hafstein hlusta á Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson í pontu.

Sjálfstæðismenn svöruðu og sögðu 29 konur sitja sem aðal- og varamenn fyrir hönd meirihlutans í níu aðalnefndum borgarinnar. Það væru rúm fjörutíu prósent þeirra staða sem meirihlutinn skipaði í. „Að kalla þessa skipan svartan dag í sögu jafnréttis eru slík öfugmæli og ber slíkan keim pólitískra upphrópana, að það er ekki svaravert. Óskandi er að Samfylkingin í borgarstjón velji sér betri málefnagrunn þegar hún biður sér næst hljóðs hér í borgarstjórn." Þessu var svo svarað og það sagt lýsa bágri málefnastöðu meirihlutans að hann þyrfti að telja varamennina með.

Hvort sem fólk lítur á þriðjudaginn síðasta sem svartan eða ekki í jafnréttismálum tala tölurnar sínu máli. Í níu aðalnefndum borgarinnar situr samtals 61 fulltrúi. 37 þeirra eru karlar, 24 konur. Meirihlutinn hefur 35 sæti til umráða. Í þeim sitja 22 karlar og 13 konur. Minnihlutinn hefur 26 sæti til umráða. Í þeim eru 12 karlar og 14 konur.

Að sama skapi er 61 varamaður í þessum níu nefndum. Meirihlutinn hefur sín 35 sæti og í þeim sitja 19 karlar og 16 konur. Í 26 sætum minnihlutans sitja hins vegar 15 karlar og 11 konur.

Samtals er því 41 karl á vegum meirihlutans aðal- eða varamaður í þessum níu nefndum en 29 konur. Á vegum minnihlutans eru 27 karlar og 25 konur. Konur eru formenn þriggja nefnda, fjögurra þegar óstofnað leikskólaráð tekur til starfa, en það hefur ekki verið mannað að öðru leyti en því að Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir verður formaður.

Eftir þennan fyrsta fund borgarstjórnar eftir kosningar kynntu Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson og Björn Ingi Hrafnsson helstu mál sem þeir ætla að koma í framkvæmd en aðrir borgarfulltrúar gengu út í sumarið, sem hvarf daginn eftir jafn skyndilega og það kom.



FRÉTTAVIÐTAL
BJÖRN ÞÓR SIGBJÖRNSSON
bjorn@frettabladid.is


REGATTA
GREAT OUTDOORS ™
NÝJAR VÖRUR
bolir
skyrtur
buxur
zip-off buxur
kvartbuxur
vesti
flíspeysur
softshell peysur
hettupeysur
regnjakkar
regnbuxur
isotex jakkar
isotex buxur
bakpokar
legghlífar
gönguskór
svefnpokar
göngustafir
töskur
sandalar
ofl. ofl.
NÝTT
KORTATÍMABIL
Opið
virka daga 10 – 18
laugard. 11 - 16
ÚTIVIST&SPORT
verslanir / hópa- og fyrirtækjaþjónusta
Reykjavík Faxafen 12 S. 533-1550. Akureyri Strandgata 3 S. 464-4450. Keflavík Hafnargata 25 S. 421-3322
Aðrir sölustaðir: Ísafjörður Hafnarbúðin S. 456-3245. Reyðarfjörður Molinn S. 474-1400. Höfn H. Hafnarbraut 34 S. 478-2216

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 5.356 **-1,72%** **Fjöldi viðskipta:** 810 **Velta:** 6.273 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Atlantic Petroleum** | +0,69% | **Alfesca** | -6,20% |
| | | **Össur** | -3,67% |
| | | **Bakkavör** | -3,52% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 62,40 -0,95% ... Alfesca 3,48 -6,20%... Atorka 5,70 +0,00% ... Bakkavör 43,90 -3,52% ... Dagsbrún 5,50 -2,14% ... FL Group 17,40 -3,33% ... Flaga 3,91 +0,00% ... Glitnir 17,00 -2,30% ... KB banki 731,00 -0,95% ... Landsbankinn 20,00 -2,91% ... Marel 68,60 -1,15% ... Mosaic Fashions 14,70 -1,01% ... Straumur-Burðarás 17,10 -1,16% ... Össur 105,00 -3,67%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn ...*

### Hreinsað til í OR

Nýr meirihluti í Reykjavík ætlar að „hreinsa til í borginni“. Hlýtur það að vekja athygli að í nýrri stjórn Orkuveitu Reykjavíkur, eins stærsta fyrirtækis landsins, skuli engin kona taka sæti. Mikið hefur verið rætt um rýran hlut kvenna í stjórnum almenningshlutafélaga og ráðum og nefndum á vegum opinberra aðila. Hlýtur þessi ákvörðun borgarstjórnarflokkanna að teljast sérstakt innlegg í þessa umræðu, enda hafa stjórnmálamenn oft gagnrýnt viðskiptalífið fyrir „kvenmannsleysið“. Í eldri stjórn OR sátu einmitt tvær konur, Sigrún Elsa Smáradóttir og Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, sem gefa eftir sæti sín til karla.



### Munur á kjöti og nauti

Landssamband kúabænda áréttar um þessar mundir að á vef sambandsins, naut.is, sé ekki að finna neinar uppskriftir, þótt þar megi finna ýmsar upplýsingar um landbúnað, nautgriparækt og mjólkurframleiðslu. Áréttingin er þó ekki að ástæðulausu sett fram því glöggur kjötkaupandi hafði samband við Landssambandið og benti á að á umbúðum Íslandsnauts kjötvara væri vísað á uppskriftir á naut.is. Landssamband kúabænda segir hins vegar að nautakjötsuppskriftirnar sé að finna á vefnum www.kjot.is og segir framleiðanda Íslandsnauts, Ferskar kjötvörur, munu breyta umbúðum sínum.

## MARKAÐSPUNKTAR...

Aðild Føroya Banka P/F að Kauphöll Íslands varð virk í gær og er þess vænst að viðskipti með færeysk bréf aukist í kjölfarið. Kauphallaraðilar eru orðnir 25, þar af fimm erlendir.

Jyllands Posten og Politiken hafa valið nafnið 24tímar á fríblað sitt sem keppa á við danska Fréttablaðið. Blaðið verður einnig með vef á slóðinni 24timer.dk.

Í gær fór fram útboð á nýjum flokki ríkisbréfa til tveggja ára, RIKB 08, hjá Lánasýslu ríkisins. Alls bárust 36 tilboð í flokkinn samtals að nafnvirði 14 milljarðar króna. Tekið var tilboðum fyrir 5 milljarða að nafnverði með 11,6 prósenta meðalávöxtun.

## Atvinnuleysið helst óbreytt

Atvinnuleysi var 1,3 prósent í síðasta mánuði og er það óbreytt frá mánuðinum á undan. Alls voru 47.418 atvinnuleysisdagar skráðir á landinu öllu en það jafngildir því að 2.062 manns hafi verið á atvinnuleysisskrá í maí en 158.000 manns á vinnumarkaði, samkvæmt upplýsingum Vinnumálastofnunar.



**IÐNAÐARMENN** Atvinnuleysi var 1,3 prósent í maí og breyttist ekki á milli mánaða.

Atvinnuleysi stendur nánast í stað á höfuðborgarsvæðinu en lækkar lítillega á landsbyggðinni. Á höfuðborgarsvæðinu eykst þó atvinnuleysi kvenna lítilsháttar.

**- jab**

# Hlutabréf lækka um 480 milljarða frá toppnum

**Úrvalsvísitalan hefur fallið um rúman fimmtung frá því hún náði hæsta tindi um miðjan febrúar. FL Group og Landsbankinn hafa lækkað langmest allra félaga frá toppnum.**

Frá því að Úrvalsvísitalan náði hæsta gildi frá upphafi þann 15. febrúar hefur hún lækkað um rétt tæp 23 prósent. Lokagildi vísitölunnar var 5.356 stig í gær en hæst fór hún í 6.925 stig. Frá áramótum er lækkunin ekki nema 3,23 prósent en vísitalan hækkaði skarpt á fyrstu vikum ársins.

Heildarverðmæti félaga í Kauphöll Íslands var 2.350 milljarðar þann 15. febrúar, samkvæmt tölum frá Kauphöll Íslands, en það samsvaraði um tvöfaldri landsframleiðslu síðasta árs. Við lokun markaðarins í gær hafði verðmætið lækkað niður í 1.873 milljarða króna eða um 477 milljarða.

Hafa ber í huga að heildarverðmæti Kauphallarfélaga stóð í 1.850 milljörðum um áramótin þannig að mikil verðmæti urðu til á mjög skömmum tíma. Hlutfallsleg lækkun heildarvirðis frá því um miðjan febrúar er aðeins minni en lækkun sjálfrar Úrvalsvísitölunnar þar sem nokkur félög hafa aukið hlutafé á þessum tíma en aðeins eitt fyrirtæki (Kögun) verið afskráð.

Um miðjan febrúar má segja að bjartsýnin hafi verið hvað mest á hlutabréfamarkaði en þá „toppuðu“ stærstu fjármálafyrirtækin, KB banki, Glitnir banki, Landsbankinn og Straumur-Burðarás. FL Group fór í hæsta gengi um svipað leyti.

Hlutabréf í FL Group og Landsbankanum hafa fallið meira en önnur frá hæsta gengi á árinu, FL Group um 37 prósent en Landsbankinn einu prósenti minna. Níu Kauphallarfélög hafa lækkað um fimmtung eða meira eftir að gengi þeirra náði hæsta gildi á árinu og sextán félög yfir tíu prósent.

Nýherji er eina félagið sem hefur staðið í stað af þeim félögum sem könnun Fréttablaðsins nær til, en hafa ber í huga að nokkur fyrirtæki hafa litla veltu á bak við sig.

Úrvalsvísitalan hefur lækkað hratt í vikunni eftir að erlend hlutabréf tóku að falla vegna ótta fjárfesta um að líklegar vaxtahækkanir dragi úr hagvexti í heiminum. Vísitalan lækkaði um 1,1 prósent á mánudaginn, um 2,5 prósent á þriðjudaginn og um 1,7 prósent í gær. Um tíma í viðskiptum gærdagsins hafði lækkunin náð þremur prósentum.

**eggert@frettabladid.is**

### MESTA LÆKKUN FÉLAGA FRÁ HÆSTA GENGI Á ÁRINU

| Félag | Lækkun frá hæsta gengi á árinu | gengisbreyting frá áramótum |
|---|---|---|
| FL Group | -37,2% | -8,9% |
| Landsbanki | -36,3% | -20,9% |
| Atlantic Petroleum | -27,6% | 34,6% |
| KB banki | -26,8% | -2,0% |
| Avion Group | -25,1% | -25,1% |
| Mosaic Fashions | -25,0% | -21,8% |
| Glitnir | -24,8% | -1,7% |
| Bakkavör | -22,0% | -13,8% |
| Dagsbrún | -21,4% | -8,3% |
| Straumur | -19,7% | 7,5% |
| Alfesca | -18,9% | -14,7% |
| Atorka Group | -17,4% | -11% |
| Flaga Group | -15,2% | -15,2% |
| TM | -13,0% | 48,1% |
| Icelandic Group | -12,0% | -12,5% |
| Össur | -11,0% | -7,9% |
| Marel | -9,7% | 5,5% |
| Vinnslustöðin | -8,0% | -3,6% |
| Actavis | -7,0% | 25,3% |
| HB Grandi | -0,4% | 31,9% |
| Nýherji | 0% | 2,9% |

### HEILDARVERÐMÆTI FÉLAGA Í KAUPHÖLL

(upphæðir í milljörðum króna)

| Dagsetning | Heildarvirði |
|---|---|
| 1.1. 2006 | 1.816 |
| 15.2. 2006 | 2.350 |
| 1.6. 2006 | 2.005 |
| 14.6. 2006 | 1.873 |


## Skráning skuldabréfa í Kauphöll Íslands

### Óverðtryggð skuldabréf Landsbanki Private Equity 1

FLOKKAR: LPE1 A – 1.000.000.000 kr. – útgefið við skráningu 280.000.000 kr.
LPE1 B – 1.000.000.000 kr. – útgefið við skráningu 280.000.000 kr.
LPE1 C – 2.000.000.000 kr. – útgefið við skráningu 370.000.000 kr.
LPE1 D – 1.500.000.000 kr. – útgefið við skráningu 250.000.000 kr.

NAFNVERÐ ÚTGÁFU: Heildarnafnverð útgáfunnar er 5.500.000.000 kr., þar af er útgefið við skráningu 1.180.000.000 kr. að nafnverði.

ÚTGÁFUDAGUR: 30. júní 2005

LOKAGJALDDAGI OG VEXTIR: LPE1 A 1. júní 2012 - 9,42%
LPE1 B 1. júní 2013 - 9,36%
LPE1 C 1. júní 2014 - 9,29%
LPE1 D 1. júní 2014 - 9,44%

Vextir bætast við höfuðstólinn einu sinni á ári, í fyrsta sinni 1. júní 2006, en höfuðstóll bréfanna, að viðbættum uppsöfnuðum vöxtum, er endurgreiddur í einu lagi á lokagjalddaga (kúlubréf).

INNKÖLLUNARHEIMILD: LPE1 A í fyrsta lagi 1. júní 2007 án uppgreiðslugjalds
LPE1 B í fyrsta lagi 1. júní 2008 án uppgreiðslugjalds
LPE1 C í fyrsta lagi 1. júní 2009 án uppgreiðslugjalds
LPE1 D í fyrsta lagi 1. júní 2009 án uppgreiðslugjalds

Verði innköllunarheimild nýtt ber að innkalla flokkinn í heild sinni og þá reiknast ekki vextir á bréfin frá innköllunardegi. Tilkynna verður um innkölllun með tveggja mánaða fyrirvara.

SKRÁNINGARDAGUR: Kauphöll Íslands hf. mun taka bréfin á skrá þann 19. júní 2006.

UMSJÓNARAÐILI: Umsjón með skráningu skuldabréfanna í Kauphöll Íslands hefur Fyrirtækjaráðgjöf Landsbanka Íslands, Hafnarstræti 5, 155 Reykjavík. Skráningarlýsingu og önnur gögn sem í er vitnað í lýsingunni er hægt að nálgast hjá Landsbanka Íslands.

Landsbankinn

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SÍA.IS LBI 33124 06/2006




**HÖFUÐSTÖÐVAR KFW Í FRANKFURT** Þýski bankinn KfW gefur út krónubréf og er í hópi stórtækustu útgefenda slíkra bréfa. MYND/KFW

# Krónubréf sjást aftur

Eftir nokkurt hlé var tilkynnt um útgáfu krónubréfa í byrjun vikunnar. Þá jók þýski þróunarbankinn KfW við útgáfu sína um fimm milljarða króna.

Samkvæmt upplýsingum greiningardeildar Glitnis banka er þýski bankinn þá kominn í 59 milljarða króna útgáfu og með ríflega fjórðung af allri útgáfu krónubréfa.

Heildarútgáfa krónubréfa stendur nú í 234 milljörðum króna. „Fremur lítið hefur verið um krónubréfaútgáfu að undanförnu en síðast var útgáfa 10. maí síðastliðinn og var það 2 milljarða króna útgáfa af hálfu KFW,“ segir á síðu Glitnis og er þar talið líklegt að áfram verði lítið um slíka útgáfu. „Ekki síst þar sem þrengt hefur að möguleikum bankanna til fjármögnunar á móti skiptasamningum til grundvallar útgáfunni. Einnig eru fjárfestar smeykir við kaup á krónubréfum eftir að þau útreið sem margir hafa fengið.“

Greiningardeildin segir hins vegar ekki hægt að líta fram hjá því að krónubréfakaup séu margfalt betri fjárfestingarkostur núna en þegar þau voru mest. „Ástæðan er bæði staða krónunnar en hún hefur veikst mikið frá því að útgáfan var í mestum blóma og skammtímavextir hafa hækkað.“

**- óká**



TILBOÐ
ÞRÁÐLAUST
Logitech sett
ÍSLENSKIR STAFIR
Loksins á íslandi er hægt að fá fullkomið Logitech lyklaborð með ábrenndum íslenskum stöfum
Íslenskt 105-hnappa lyklaborð
ÞRÁÐLAUST LYKLABORÐ
Vandað þráðlaust lyklaborð með frábærum multimedia flýtihnöppum ásamt auðveldri stjórn á hljóði og völfrun.
ÞRÁÐLAUS GEISLAMÚS
Engar snúrur og ekkert vesen með þessari frábæru þráðlausu geislamús, skrunhjól flýtir fyrir allri vinnslu
VERÐ 4.990
EX110
Logitech
ACER CU6530
6.3 MegaPixla upplausn, 3x Optical Zoom linsa
Stór 2.5" LCD skjár auðveldar skoðun mynda í vélinni
Acer CU6530 er ótrúlega létt og nett, aðeins 125 gr.
SD rauf, USB2, hleðslurafhlaða og flott taska fylgja
VERÐ 29.900
acer
TViX 3.5" SPILARI
NÝ OG GLÆSILEG KYNSLÓÐ TVIX SPILARA
NÚ KYNSLÓÐ
BEINT Í SJÓNVARP
Horfðu á kvikmyndir í sjónvarpi, ljósmyndir úr fríinu eða hlustaðu á tónlist, allt saman án tölvu
BEINT Í GRÆJUR
Stjórnaðu með fjarstýringu spilun á tónlist úr TviX 3,5" án tölvu eða sjónvarps
AUÐVELD Í NOTKUN
Spilar alla mögulega staðla, AVI, DivX3-5, DAT, MPEG, VOB, MP3, WMA, OGG og JPEG
ÁN HD 16.900
250GB 27.900
320GB 32.900
Öll verð eru birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl
TViX 2.5" SPILARI
Eina græjan sem þarf í fríið, spilar tónlist, kvikmyndir og les myndirnar þínar beint úr myndvél eða kortalesara
ÁN HD 14.900
40GB 22.900
100GB 29.900
LOGITECH G15
Magnað G15 leikjalyklaborð með LCD GamePanel, baklýsingu á lyklaborði og forritanlega G-lykla
VERÐ 12.900
SENNHEISER RS-110
Ótrúlega létt og þægileg þráðlaus heyrnatól með 3 RF rásum, 100m drægni og 20 tíma rafhlöðuendingu
VERÐ 4.990
SENNHEISER
ACER CE 5330
Acer CE 5330, 5 MegaPixla upplausn 3x Optical Zoom, stór LCD skjár SD rauf, USB2, taska og hleðslurafhlaða
VERÐ 17.900
512MB Secure Digital minniskort frá Corsair
VERÐ 3.990
Flott myndavélartaska úr leðurlíki með axlaról
VERÐ 990
Target örmyndavél 640x480 upplausn, 8MB minni
VERÐ 1.990
Vönduð og rúmgóð taska fyrir TViX 3100 spilara
VERÐ 2.990
Traxdata útvær 11-in-1 kortalesari fyrir flest kort
VERÐ 2.990
100 stk 4x6 Glossy Photo GP-501 Ljósmyndapappír
VERÐ 1.490
VERÐ 3.990
VERÐ 4.490
TÖLVULISTINN
SÉRVERSLUN MEÐ TÖLVUBÚNAÐ Í 12 ÁR
REYKJAVÍK
Nóatúni 17
Sími 562 6730
AKUREYRI
Glerárgötu 36
Sími 464 7400
KEFLAVÍK
Hafnargötu 90
Sími 534 7400

## > KÍLÓVERÐ Á EGGJUM




Heimild: Hagstofu Íslands

# neytendur
hagur heimilanna

**NEYTANDINN:** UGLA JÓHANNA EGILSDÓTTIR ATHAFNAKONA

## *Atvinnumaður í fallhlífarstökki*

„Bestu kaupin mín voru þegar ég keypti mér ferð í fallhlífarstökk í Namibíu. Það voru svei mér þá góð kaup, því það var svo mikil lífsreynsla,“ segir tónlistarkonan, neminn og stjórnmálakonan Ugla Jóhanna Egilsdóttir. „Ég komst heil niður og þetta var ábyggilega það skemmtilegasta sem ég hef gert. Ég gæti vel hugsað mér að gera það aftur, kannski til dæmis ef ég fer einhvern tímann út í skiptinám. Þá væri gaman að læra þetta almennilega og ég gæti alveg hugsað mér að vera atvinnumaður í þessu.“

Varðandi verstu kaup sín er Ugla ekki lengi að hugsa sig um. „Þegar ég var fimmtán ára og nýbúin að fá útborgað fannst mér ég vera ógeðslega rík og keypti mér snjóbretti. Ég prófaði það tvisvar, en rann alltaf stjórnlaust niður, svo að lokum notaði ég það bara sem sleða. Við sátum kannski þrjú á brettinu, við sem höfðum ekki skíði með okkur í skíðaferðir og renndum okkur niður brekkurnar.“

Ugla vinnur ásamt vinkonum sínum hörðum höndum að því að koma af stað vefritinu Latastelpan.is, verkefni styrkt af Hinu húsinu og Pelsinum, og mun hún vinna í því þar til hún hefur nám við HÍ í haust. Í gær var hún skipuð varamaður í menningar- og ferðamálaráði Reykjavíkurborgar, en auk þess vinnur hún hörðum höndum að tónsmíðum með hljómsveitinni Byssupiss.



## GÓÐ HÚSRÁÐ
### KARTÖFLUR ÚT Í SÚPUNA

■ *Hákon Aðalsteinsson hreindýrabóndi fyrir austan lumaði á tveimur gömlum húsráðum þegar blaðamaður hafði samband við hann.*



„Ef þú ert búinn að salta súpuna þína of mikið þá er ágætt að skera niður hráar kartöflur og setja út í hana að lokinni eldun og þá tekur þetta í sig saltið þannig að hún verður æt á eftir.

Svo er líka annað hérna, sem er ágætt, núna þegar allir eru að kaupa sér jarðir, að þú átt ekki að borða smjör með hangikjöti, þá verðurðu aldrei jarðeigandi.

Hákoni líst vel á sumarið en byrjað verður að veiða hreindýr 20. júlí og í ár má veiða 990 dýr.

Rannsókn í Danmörku:

## Börn horfa mikið á klám

Dönsk börn og unglingar milli tólf ára og tvítugs horfa mikið á klám samkvæmt nýlegri rannsókn í Danmörku, en niðurstöður hennar voru birtar í dönskum fjölmiðlum í vikunni.

Níutíu og átta prósent pilta horfa á klám og áttatíu og sex prósent stúlkna í sama aldursflokki.

Sérfræðingar í Danmörku telja að þessi þróun valdi ranghugmyndum ungs fólks um kynlíf og spyrja sig sumir hvort það eigi að vera í höndum klámframleiðenda að upplýsa börn um kynlíf. Einnig veldur það áhyggjum að ungar stúlkur reyna að líkjast þeirri stöðluðu kvenímynd sem sést í klámefni.

Börn hafa helst aðgang að klámi í gegnum klámsíður á internetinu, að því er fram kemur í rannsókninni. **-sgj**

Íbúar á Höfn ferðast um langan veg til að kaupa ódýra matvöru:

# Næsta lágvöruverslun við Höfn í yfir 300 km fjarlægð

**NEYTENDUR** Konu, sem var á ferð á Höfn í Hornafirði, blöskraði hátt verðlag á staðnum og hafði samband við Neytendasamtökin vegna málsins. Á Höfn hefur einu lágvöruverslun staðarins, Krónunni, verið lokað og nú er einungis matvöruverslun 11-11 á staðnum. Eftir ferðina ákvað konan að gera verðsamanburð á nokkrum vörutegundum og eru þær vörur sem mestan mun hafa í töflunni. Tekið skal fram að þó að verklag verðkönnunarinnar samræmist ekki reglum Neytendasamtakanna staðfesta samtökin að innihald hennar sé rétt. Eins og sjá má í töflunni er vöruverð í verslun 11-11 á Höfn yfir sextíu prósentum hærra, þar sem verðmunurinn er mestur, en í verslun Krónunnar í Skeifunni.

Íbúi á Höfn í Hornafirði sem blaðamaður hafði samband við sagði íbúa staðarins gjarnan fara á Egilsstaði til að versla en þangað er um tveggja tíma akstur. „Verslun Krónunnar var lokað nú í apríl og íbúar staðarins eru ekki ánægðir með að hafa ekki lágvöruverslun á staðnum.“ Íbúinn sagði að þegar hann ætti leið til Reykjavíkur notaði hann einnig tækifærið til að versla í matinn. Áætlaði hann að matarinnkaup á Höfn kostuðu hann helmingi meira eftir að Krónan hætti. **- hs**

**HÁTT VERÐLAG MATVÖRU Á HÖFN**

| Vörutegund | Krónan Skeifunni | 11-11 Höfn | mis-munur |
|---|---|---|---|
| Kötlu kartöflumjöl 500gr | 87 | 118 | 35,6% |
| Havre fras-morgunkorn | 196 | 297 | 51,5% |
| Þorskalýsi | 288 | 469 | 62,8% |
| Ljóma smjörlíki | 90 | 129 | 43,3% |




**KRÓNUNNI Á HÖFN Í HORNAFIRÐI** Hefur verið lokað og þurfa bæjarbúar nú að greiða mun hærra verð fyrir matvöru.

British Airways:

## Nýjar reglur um farangur

Í næsta mánuði tekur British Airways í gildi nýjar farangursreglur sem er meðal annars ætlað að stytta biðraðir við innritun. Farangursreglurnar taka til handfarangurs, innritaðs farangurs og umframfarangurs. Þegar reglurnar taka gildi verður öllum farþegum heimilt að taka með sér um borð eina handtösku, skjalatösku og hefðbundna tösku undir fartölvu eða aðra tösku af sambærilegri stærð.

Farþegar með ungabörn fá aukna farangursheimild á innrituðum farangri frá ellefta október næstkomandi sem nemur einni aukatösku auk barnakerrru sem má leggja saman. Þá mega foreldrar taka með sér aukalega eina handtösku um borð í flugvélina.






**Jamis Lady Bug**
12”, 2-5 ára
Verð **9.590 kr.**
Verð áður 11.990 kr.



**Jamis Laiser 2.0**
20”, 5-9 ára álstell, fótbremsa
Verð **11.990 kr.**
Verð áður 14.990 kr.



**Jamis Fester 2.0**
20”, 6-9 ára, álstell, 6 gíra
Verð **15.990 kr.**
Verð áður 19.990 kr.



**Jamis Fester 2.4**
24”, 8-12 ára, álstell, 21 gíra, framdempari
Verð **18.390 kr.**
Verð áður 22.390 kr.

SMÁRALIND SÍMI 545 1550 • GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 • KRINGLUNNI SÍMI 545 1580

# Fá börn taka mark á auglýsingum

**Íslensk könnun bendir til að 4% barna trúa því sem þau sjá og heyra í auglýsingum. Meirihluti barna er spurður álits þegar stærri innkaup eru gerð fyrir heimilið.**

**NEYTENDUR** Fannar Ottó Viktorsson rannsakaði unga neytendur og markaðsáreiti í BS verkefni sínu í viðskiptafræði við Háskóla Íslands nú í vor. Fannar lagði könnun fyrir eitt hundrað nemendur á aldrinum 11-12 ára þar sem þeir voru beðnir um að telja upp þau vörumerki sem þekktu. Vörumerkin voru flokkuð í vörur til húsþrifa, gosdrykki, fatamerki og tölvur. Í ljós kom að börnin gátu að meðaltali talið upp sex vörutegundir innan flokks gosdrykkja en færri innan annarra flokka. Til samanburðar var sama könnun lögð fyrir tvítug ungmenni en í ljós kom að þau gátu ekki talið upp fleiri vörumerki en yngri hópurinn nema í flokki vöru til húsþrifa. Þegar viðhorf til vörumerkja var skoðað kom í ljós að stelpum finnst vörumerki skipta meira máli en strákum.



FANNAR OTTÓ VIKTORSSON

Fannar segir að það sem mest hafi komið á óvart í rannsókninni sé að aðeins 4% barna trúa því sem þau sjá og heyra í auglýsingum almennt. „Í rannsókninni kom einnig í ljós að 70% foreldra spyrja 11-12 ára börn sín álits áður en nýr hlutur er keyptur á heimilið. Hér er átt við stærri innkaup eins og heimilistæki eða tölvukaup.“



**BARN HORFIR Á SJÓNVARP** Uppeldi stjórnar frekar neysluvenjum barna en löngun þeirra í hluti sem sýndir eru í þeim auglýsingum sem þau horfa á.

Fyrirfram hafði Fannar búist við því að meirihluti 11-12 ára barna tryði því sem þau sjá og heyra í auglýsingum og kom niðurstaðan því á óvart. Þá kom einnig á óvart að eldri hópurinn gat ekki talið upp fleiri vörumerki en sá yngri.

„Umræða hefur verið uppi um að banna að sýna auglýsingar í sjónvarpi sem höfða til barna fyrr en eftir ákveðinn tíma á kvöldin, en niðurstaða þessarar rannsóknar gefur ekki tilefni til að ætla að þess sé þörf vegna þess að börn trúa ekki því sem þau sjá og heyra í auglýsingum.“ Fannar segir að af þessu megi ráða að uppeldi stjórni neysluvenjum barna frekar en löngun þeirra í hluti vegna áhrifa frá auglýsingum.

„Markaðsáreiti hafa aukist mjög á undanförnum árum sem veldur því að börn verða síður móttækileg fyrir þeim þrátt fyrir að fyrirtæki hafi verið dugleg að markaðsetja vörur þannig að þær höfði til barna.

Samkvæmt rannsókninni gera ungir neytendur sér hins vegar grein fyrir að fyrirtækin eru aðeins að reyna að selja vöru sína.“ Fannar segir þetta geta verið vísbendingu um að erfitt gæti orðið að ná til þessarar kynslóðar í gegnum auglýsingar í framtíðinni.

**hugrun frettabladid.is**

■ **Pepsi hættir netleik:**

## Nokkrir misnotuðu kerfið



Ölgerðin hefur hætt Pepsi-leik, sem hefur verið haldið úti á netinu í tengslum við HM í Þýskalandi, sökum misnotkunar.

„Þetta er bara sorglegt dæmi þar sem nokkrir svindlarar eru að eyðileggja fyrir mörgum,“ segir Arna Kristín Hilmarsdóttir, vörumerkjastjóri Pepsi á Íslandi. „Okkur grunar að einhverjir hafi nú þegar náð að svindla út vinninga.“

Enn er þó hægt að senda inn SMS-skilaboð í leiknum, skilaboðið kostar nítján krónur. **- æþe**

■ **INNFLUTNINGUR**

## Færri bílar fluttir inn



Í maí voru fluttar inn vörur fyrir 35,7 milljarða samkvæmt bráðabirgðatölum um innheimtu virðisaukaskatts. Ef horft er á hreyfingar milli mánaða má sjá að helstu drifkraftar innflutnings eru sem fyrr hrá- og rekstrarvörur ásamt fjárfestingarvörum, en aukinn innflutning í þeim flokkum má að mestu rekja til stóriðjuframkvæmda. Nokkuð virðist vera að hægja á innflutningi bifreiða en tölur um nýskráningar á bílum í maí gefa ekki til kynna að bílakaup almennings hafi aukist frá sama tíma í fyrra. **-hs**

■ **Rannsóknarstöð í þéttbýli:**

## Sjúkdómar gætu breiðst út

Miklar deilur eru um áætlun Bush-stjórnarinnar um að staðsetja rannsóknarstöð banvænna veira á þéttbýlu svæði við San Fransiskó-flóa. Þarna á að rannsaka meðal annars HIV-veiruna, veiruna sem veldur miltisbrandi og fleiri sjúkdómsvaldandi veirur sem berast með lofti. Óskir um að stöðin verði reist annars staðar hafa ekki náð eyrum yfirvalda.

Talið er að jarðskjálfti geti valdið því að veirurnar sleppi út í andrúmsloftið og skaði íbúa þessa svæðis, þar sem 7 milljón manns búa, en San Fransiskó er á miklu sprungusvæði og jarðskjálftar þar tíðir. **-sgj**

■ **SKÓLAMÁL**

## Námskeið hjá Björk lækkuðu

Í frétt sem birtist í Fréttablaðinu mánudaginn 12. júní var rangt farið með að hækkun hefði orðið á íþróttanámskeiði hjá Fimleikafélaginu Björk. Í könnun verðlagseftirlits ASÍ voru rangar tölur frá í fyrra notaða þannig að samanburðurinn varð rangur. Í könnuninni kemur fram að hækkun námskeiðsgjalda nemi um áttatíu prósentum á milli ára en hið rétta er að námskeiðsgjöld hafa lækkað á milli ára. Þannig kostaði níu daga heilsdagsnámskeið hjá Björk í fyrra 14.900 krónur sem gerir 1.655 krónur á dag en í ár kostar heilsdagsnámskeið í fimm daga 7.900 krónur eða 1.580 krónur á dag. **-hs**




**Jamis Capri 2.0**
*20”, 6-9 ára, ástell, 6 gíra*
Verð **15.990 kr.**
Verð áður 19.990 kr.

# Hátíðartilboð
# 20% afsláttur

**af öllum barnahjólum og línuskautum fimmtudaginn 15. og föstudaginn 16. júní**

Hlífasett fylgir

ROLLERBLADE THE SKATE CO.

**Verðlaunaframleiðandinn Jamis**
*Þú færð hjólin frá bandaríska verðlaunaframleiðandanum Jamis aðeins í Útilíf. Ár eftir ár hefur Jamis fengið verðlaun fyrir hjól sín, m.a. sæmdarheitið besta hjólið, enda þykir Jamis sameina ótrúleg gæði og hagstætt verð.*





# Rollerblade
## barnaskautar

**Rollerblade Micro TFS**
*Stækkanlegir barnaskautar*
*Einfalt og töff reimakerfi*
*Rammi: Trefjaplast*
*Hjól: 72 mm/80A*
*Legur: ABEC 3*
*Stærðir: 34-37 og 36-40*
Verð **7.990 kr.**
Verð áður 9.990 kr.

**Rollerblade Micro Combo**
*Stækkanlegir barnaskautar*
*Rammi: Trefjaplast*
*Hjól: 72 mm/80A*
*Legur: ABEC 3*
*Ein stærð: 29-34*
Verð **7.990 kr.**
Verð áður 9.990 kr.

**Útilíf er með línuskautana fyrir alla fjölskylduna!**
*Rollerblade er eitt þekktasta merki heims í línuskautum, þar gengur þú að gæðunum vísum á góðu verði.*

ÚTILÍF

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS UTI 33136 06/2006

**Vissir þú?**
*að Álfadís frá Selfossi sem vakti athygli sem hæsta dæmda fjögurra vetra hryssa á landsmótinu árið 2000 á fimm skráð afkvæmi? Þar af eru tveir stóðhestar sem hlotið hafa fyrstu verðlaun, þeir Álfasteinn og Álfur frá Selfossi. www.worldfengur.com.*

# Fákar *og fólk*

**HESTAMAÐURINN:** BRYNJA ÞORGEIRSDÓTTIR

## Varð bara lasin um leið og ég fór á hestbak

Brynja Þorgeirsdóttir heitir hún, valkyrjan sem hendist nú vítt og breitt um land ásamt tökumanni og býr til hestaþætti fyrir Ríkissjónvarpið. Allir landsmenn eiga þess kost á að horfa á þættina, en ekki er víst að aðdáendur þeirra viti að umsjónarmaðurinn, hún Brynja, er algjörlega forfallin hestamanneskja. Hún á tvö hross, hefur verið að spreyta sig á keppnisvellinum á innanfélagsmótum, stundum með góðum árangri, allt upp í fyrsta sæti. Svo sótti hún tíma í reiðkennslu í allan vetur til að bæta um betur. Hún er ekkert frábrugðin öðrum hestamönnum með það, að vilja alltaf vera að prófa eitthvað nýtt, gera betur og betur og jafnvel föndra lítillega við ræktun. Að minnsta kosti fer hryssa sem hún á undir stóðhest í sumar. Sem sagt hestadella eins og hún gerist best.

„Þetta byrjaði allt þegar ég fór í sveit sem krakki að Syðstu-Fossum í Borgarfjarðarsveit,“ segir hún. „Þar fór ég á hestbak í fyrsta skipti. Ég varð bara lasin strax, því ég fékk strax þessa bakteríu á háu stigi. Hestamennskan var fólgin í því að við teymdum þessa þægu barnahesta sem við máttum leika okkur á, frá húsinu, hoppa síðan á og þá tóku þeir sprettinn aftur heim að bæ. Og auðvitað vorum við alltaf berbakt.

Ég var svo óheppin að vera sú einasta eina í minni fjölskyldu sem hafði áhuga á þessu. Ég þekkti alls engan sem var í hestum. Ég varð einn af þessum krökkum sem hímdi alltaf í hesthúsahverfinu og horfði á fólk með vonaraugum að það myndi nú leyfa mér að fara á bak eða bara kemba.“

Það var ekki fyrr en fyrir þremur árum að Brynja keypti sér sinn eigin hest - og síðan annan. Og þar með varð draumurinn að veruleika. Nú tvinnar hún saman vinnuna og áhugamálið með fjölbreyttri umfjöllun um allt sem við kemur hrossum og hestamennsku.

Meira að segja ferðalögin á hestbaki, sem hingað til hafa verið ein hennar besta skemmtun, verða í sumar skemmtileg vinna. Þá fer hún á Löngufjörur með Íshestum, þar sem tekið verður upp efni. Í för verða valdir gestir, ekki af verri endanum. Við bíðum spennt.



### Tími sleppiferða er hafinn



Það hefur lengi verið viðtekin venja að hestamenn ljúki vetri með því að fara í sleppiferð. Þá ríða þeir hestum sínum í iðagræna haga og sleppa þeim í frelsi íslenskrar náttúru. Sleppiferðir hafa þó tekið nokkrum breytingum frá því sem áður var. Ekki er lengur skilyrði að lagt sé af stað frá hesthúsinu eða að endastöðin sé sumarhaginn. Bæði getur verið leiðingjarnt að ríða alltaf sömu leiðina á hverju vori auk þess sem erfitt getur reynst fyrir hestamenn á höfuðborgarsvæðinu að komast með stórt hestastóð út fyrir bæjarmörkin vegna hraðbrauta sem liggja allt í kringum hana.

Því bregða margir á það ráð að keyra hesta sína á einhvern fallegan byrjunarreit og skipuleggja nokkurra daga ferð um það svæði. Þetta eykur á fjölbreytnina og gerir upplifunina mun ánægjulegri en reiðtúr meðfram þjóðvegum hefði annars orðið.

### Norðurlandameistaramót í undirbúningi

Undirbúningur fyrir Norðurlandameistaramótið í hestaíþróttum stendur nú sem hæst. Mótið verður haldið í Danmörku dagana 24. til 30. júlí og má því búast við skemmtilegri upplifun enda stóðu Danir sig með eindæmum vel við mótshald á heimsmeistaramótinu í Herning árið 2003.



Búið er að velja dómara sem koma frá öllum Norðurlöndunum. Fyrir Íslands hönd dæma þeir Sigurður Kolbeinsson og Einar Ragnarsson sem einnig verður yfirdómari.

Fleiri upplýsingar má nálgast á heimasíðu mótsins, www.nm2006.dk.



**EINN Á FERÐ** Hestamenn hafa nú langflestir sleppt hestum sínum í sumarhaga. Þar una hrossin sér vel og eru frelsinu fegin. Að öllum líkindum tekur þessi hestur við Eystrahorn í sama streng enda fagurt fyrir austan. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Ágrip í kynbótasýningum

**Hæð, kyn og skeið hafa hvað mest áhrif á ágrip hjá íslenskum kynbótahrossum segir í verðlaunaritgerð Friðriks Más Sigurðssonar sem útskrifaðist nýlega frá Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri.**



**HESTAMAÐUR Í HÚÐ OG HÁR** Friðrik Már Sigurðsson skrifaði B.S.-ritgerð sem hefur hlotið hæstu einkunn sem gefin var á búvísindabraut. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ágrip er sýnilegur áverki á fótum hesta sem verður til við hreyfingu fóta í reið. Það er afleiðing þess að tá eða innri hluti afturhófs snertir eða grípur á hóf, kjúku eða legg framfótar og veldur sári á húð og öðrum vefjum. Tíðni ágripa hjá íslenskum kynbótahrossum er hærri en hjá öðrum hestakynjum, segir í lokaritgerð Friðriks Más Sigurðssonar sem útskrifaðist nýlega frá búvísindabraut við Landbúnaðarháskóla Íslands en hann hlaut fyrir ritgerð sína hæstu einkunn sem veitt var í ár.

Friðrik hefur áhuga á öllu sem tengist hestamennsku, en þó mest ræktun. Hugmyndin að ritgerðinni vaknaði í samtölum við rektor Landbúnaðarháskólans, Ágúst Sigurðsson, en hann er einnig fyrrverandi hrossaræktarráðunautur. „Mönnum fannst að ágripum hefði fjölgað en það hafði aldrei beinlínis verið mælt,“ segir Friðrik og bendir á að kynbótadómarar og sýningarstjórar hafi reynt að horfa eftir þessum slysum og fundist þróunin vera í þessa átt. Segja má að niðurstöður Friðriks styðji skoðun þeirra enda komst hann að ýmsu merkilegu í athugun sinni.

Þrír þættir virðast hafa hvað mest áhrif á ágrip á kynbótabrautinni. Þar ber fyrst að nefna hæð hestsins. „Eftir því sem hestar eru hærri á herðar miðað við lengd eykst hættan á því að hestar grípi á sig,“ segir Friðrik og bendir á að íslenski hesturinn hafi á síðastliðnum fjörutíu árum hækkað um tíu sentimetra án þess að lengjast neitt af viti.

Annað sem hefur áhrif á ágrip hesta í kynbótasýningum er kyn, en stóðhestar grípa mun frekar á sig en hryssur. Fyrst og fremst er talið að það hljótist til af því að meira álag sé sett á stóðhesta í sýningum. Þá bendir Friðrik á að margir af þekktustu stóðhestunum séu jafn háir og þeir eru langir.

Þriðji þátturinn sem hefur mikil áhrif á ágrip er skeið. Ef skeið er sýnt á kynbótasýningu aukast líkurnar á ágripi til muna. Skýrist það að mestu leyti af þeim mikla hraða sem hestar eru á.



**SVÖÐUSÁR** Ágrip er sýnilegur áverki á fótum hesta sem verður til við hreyfingu fóta í reið. Það er afleiðing þess að tá eða innri hluti afturhófs snertir eða grípur á hóf, kjúku eða legg framfótar og veldur sári á húð og öðrum vefjum. FRÉTTABLAÐIÐ/FRIÐRIK MÁR

Lokaverkefni Friðriks var mjög viðamikið enda tók það til um 1.900 kynbótasýninga. Þá var það tímafrekt en að mati Friðriks vel þess virði. Til dæmis gat hann sýnt fram á að léleg einkunn fyrir réttleika hefði lítil áhrif á ágrip ólíkt því sem almennt hefur verið talið.

Friðrik segir margt ókannað í hestamennsku og útilokar ekki að hann muni leggja í framhaldsnám á því sviði. „Það eru svo mörg svið innan hestamennskunnar sem hægt er að rannsaka og jákvætt allt umhverfi gagnvart rannsóknum í hestamennsku,“ segir hinn viðkunnanlegi Friðrik sem las ræktunarbækur Jónasar Kristjánssonar sem ungur drengur meðan félagar hans lásu Andrés önd. solveig@frettabladid.is


MURRAY
Sláttutraktorar
12,5 - 18 hö

Verð frá kr. 195.000,-
ÞÓR HF REYKJAVÍK · AKUREYRI
Ármúla 11 - sími 568-1500
Lónsbakka - sími 461-1070

WOLF Garten
Garðsláttuvélar
Þýskar gæðasláttuvélar
Fyrir þá sem gera kröfur um gæði

ÞÓR HF REYKJAVÍK · AKUREYRI
Ármúla 11 - sími 568-1500
Lónsbakka - sími 461-1070

WOLF Garten
Rafm.sláttuvélar
Vandaðar vélar og öflugir mótorar

ÞÓR HF REYKJAVÍK · AKUREYRI
Ármúla 11 - sími 568-1500
Lónsbakka - sími 461-1070

Mega
Garðsláttuvélar
3,5 hö - 6 hö

Verð frá 19.900,-
ÞÓR HF REYKJAVÍK · AKUREYRI
Ármúla 11 - sími 568-1500
Lónsbakka - sími 461-1070

Kawasaki
Vélorf

Alvöru orf á góðu verði
ÞÓR HF REYKJAVÍK · AKUREYRI
Ármúla 11 - sími 568-1500
Lónsbakka - sími 461-1070

SUMAR tilboð!

# INNBYGGÐ WC



Verð á setti:

frá kr. **34.900** stgr.

Sama verð
hár eða lár vatnskassi

kynntu þér úrvalið á **www.i-t.is**
eða komdu í verslun okkar í Ármúla 31

Val á sturtuhnappi, skál og setu







INNRÉTTINGAR & TÆKI

www.i-t.is - *fyrir þitt heimili*

Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11 -15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

# skoðun

SJÓNARMIÐ
ÞORSTEINN PÁLSSON

Nýr borgarstjórnarmeirihluti:

# Haldið úr hlaði með baggana

Nýr meirihluti hefur tekið við í borgarstjórn Reykjavíkur. Í almennu pólitísku samhengi markar sá atburður nokkur tímamót með því að þetta er í fyrsta sinn sem Sjálfstæðisflokkurinn á aðild að meirihluta í borginni í samstarfi við annan flokk.

Þetta er einnig fyrsti meirihlutinn í Reykjavík sem kjósendur hafa ekki valið beint. Um margt er því eðlilegt að mismunandi sjónarmið komi fram um deilingu valda og ábyrgðar milli flokka af jafn ólíkri stærð og raun er á. En það eru þó aukaatriði.

Það er stefna nýja meirihlutans sem skiptir máli. Þegar upp verður staðið er það hún og framkvæmd hennar sem ræður dómum borgaranna. Í ljósi umræðunnar fyrir kosningar kemur fátt á óvart í stefnuskrá meirihlutans. Hún er í samræmi við þau fyrirheit sem gefin voru í kosningabaráttunni.

Þungi áformanna er á sviði velferðar- og fjölskyldumála. Þó að útfærslur í kosningastefnuskrám flokkanna hafi verið mismunandi á þessum sviðum hnigu þær í öllum grundvallaratriðum í sömu átt. Fyrir þá sök má vænta ágreinings milli meiri- og minnihluta borgarstjórnar um einstök efnistök fremur en um grundvallar hugmyndafræði.

Efst á málefnaskrá meirihlutans eru mál af þessu tagi. Þar má nefna byggingu leigu- og þjónustuíbúða fyrir aldraða. Þau viðfangsefni eru sannarlega svar við þungri almennri kröfu. Það er einfaldlega gott til þess að vita að þessar úrbætur í málefnum aldraðra skuli vera komnar efst á forgangslista framkvæmdanna.

Barnafjölskyldur hljóta einnig að fagna lækkun gjalda á leikskólum. Á sama hátt geta barnafjölskyldur glaðst yfir áformum sem miða að því að auðvelda börnum þátttöku í fjölbreyttu íþrótta- og félagsstarfi. En sú krafa stendur jafnframt á meirihlutann að láta þessi áform ekki veikja fjárhagsstöðu borgarsjóðs.

Satt best að segja hefur skort á það í stjórnmálaumræðu hér á landi að fyrirheit um útgjöld væru með skýrum hætti tengd fjáröflun. Meðal margra annarra þjóða er stjórnmálaumræðan undir meiri aga að þessu leyti. Nýi meirihlutinn myndi gera gott í því að setja sjálfan sig undir harðan aga að þessu leyti til.

Um það bil sem kosningabaráttan var að hefjast var á þessum vettvangi varað við því að frambjóðendur til borgarstjórnar lofuðu kjósendum um of framkvæmdum úr ríkissjóði. Þó að ríkissjóður kosti ýmsar framkvæmdir sem tengjast borgarsamfélaginu á borgarstjórn að takmarka útgjaldaloforð sín við borgarsjóð.

Nýi meirihlutinn hefur nú lofað mislægum gatnamótum þar sem Kringlumýrarbraut og Miklabraut mætast. Jafnframt hefur hann lofað að framkvæmdir muni hefjast við Sundabraut. Hvort tveggja er á kostnað ríkissjóðs.

Nú háttar svo til að opinberir aðilar, bæði ríki og sveitarfélög, verða að leggja talsvert af mörkum til þess að ná stöðugleika á ný í þjóðarbúskapnum. Það mun ekki gerast nema ríkið fresti ýmsum framkvæmdum sem verið hafa á döfinni.

Það getur ekki talist ábyrg afstaða taki borgarstjórnarmeirihlutinn ekki fullan þátt í því viðfangsefni. Loforð um þessi kostnaðarverkefni ríkissjóðs veldur því miklum vonbrigðum eins og sakir standa.

Ekkert mál er nú mikilvægara en að koma böndum á verðbólguna. Í umferðinni í Reykjavík er taugaveiklun meira vandamál en skortur á malbiki og steinsteypu; án þess að lítið skuli gert úr mikilvægi góðra æða í umferðinni.






## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Umtalað jafnrétti

Dagur B. Eggertsson, borgarfulltrúi Samfylkingarinnar, hefur gagnrýnt harðlega kosningu borgarstjórnar í stjórnir, ráð og nefndir á vegum Reykjavíkurborgar. Bakslag hafi orðið í jafnréttisbaráttunni. Bæði Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson og Björn Ingi Hrafnsson hafna þessari túlkun Dags og telja hlut kvenna ágætan - að því gefnu að varamenn séu taldir með. Dagur vitnar í tölur máli sínu til stuðnings og má segja að hann hafi nokkuð til síns máls. Til dæmis má spyrja af hverju Þorbjörgu Helgu Vigfúsdóttur, sem hefur setið í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur, var kippt þaðan út. Vilhjálmur réð hvernig málum var háttað þar á bæ fyrir hönd sjálfstæðismanna. Það vekur líka athygli að Guðlaugur Þór Þórðarsson mun einungis gegna formennsku í stjórn Orkuveitunnar í eitt ár - fram að þingkosningum. Þá tekur Haukur Leósson við og eftir tvö ár Björn Ingi Hrafnsson. Af hverju þennan hringlandahátt í stærsta fyrirtæki borgarinnar?



### Fyrsti fundurinn

Björn Ingi Hrafnsson benti réttilega á það á þriðjudaginn að hann var að sitja sinn fyrsta borgarstjórnarfund. Kannski var það dæmi um reynsluleysi Björns Inga að hann gleymdi að taka með sér penna á fundinn. Þegar kjósa átti forseta borgarstjórnar í upphafi þurfti hann að fá lánaðan penna til að setja X á réttan stað. Þegar búið var að kjósa forseta borgarstjórnar og borgarstjóra settust Vilhjálmur og Hanna Birna Kristjánsdóttir við háborðið í borgarstjórnarsalnum. Björn Ingi færði sig þá í stól Vilhjálms, þar sem hann sat allt síðasta kjörtímabil, mitt á milli sjálfstæðismanna. Líklega til merkis um þá samstöðu sem ríkir í meirihlutanum.

### Þekktir frambjóðendur

Sigmar Vilhjálmsson, eða Simmi í Idol, var kjörinn varamaður í stjórn Íþrótta- og tómstundaráðs Reykjavíkur á þriðjudaginn. Sigmar las inn á auglýsingar Björns Inga í kosningabaráttunni og er fulltrúi meirihlutans í stjórn ÍTR. Spurning hvort hann sé orðinn einn af fjölmörgum stuðningsmönnum Framsóknarflokksins. Andri Snær Magnason var líka boðinn fram á fundi borgarstjórnar á fyrir hönd Frjálslynda flokksins. Vekur það athygli því Andri Snær var orðaður við Vinstri græna í aðdraganda borgarstjórnarkosninganna.



bjorgvin@frettabladid.is

# Dvínandi glaumur

Í DAG
ÁSTAND ÞJÓÐARBÚSINS



ÞORVALDUR GYLFASON

Síðustu árin, sem hann lifði, var Leoníd Brésnef geymdur í spritti, sumir segja formalíni, líkt og Lenín. Hann var borinn milli staða uppstoppaður, stífur og staurslegur: það var talið lífshættulegt að kveikja á eldspýtu í návist hans. Brésnef var þó næstum eins og spriklandi lax í samanburði við ríkisstjórn Íslands eins og nú er ástatt fyrir henni ári fyrir alþingiskosningar. Hvers vegna geymdu þeir hann ekki heldur í seðlabankanum? - til að spara sprittið. Ég held ég viti svarið: það hefði þótt einum of gróft þarna austur frá.

Yfirvofandi dauðastríð ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins hefur snúizt upp í farsa. Það mátti sjá hvert stefndi strax í stefnuyfirlýsingunni vorið 2003. Hún geymdi mestmegnis almennt og innihaldslaust loforðaglamur, eins og ég lýsti á þessum stað fyrir viku, og vandlegar áætlanir um veizluhöld, sem urðu síðan að almennu athlægi. Forsætisráðherrann gleymdi að bjóða forseta Íslands í heimastjórnarafmælið, og annað var eftir því. Það er einnig vert að rifja það upp, að ríkisstjórnin vann 34 þingsæti 2003 gegn 29 þingsætum stjórnarandstöðunnar, og ýmislegt þótti benda til þess, að eitt þessara 34 þingsæta væri illa fengið. Stjórnarandstaðan kærði framkvæmd kosningarinnar, en nýi þingmeirihlutinn tók sjálfur að sér að úrskurða, að allt væri með felldu. Það var því minni munur á Íslandi 2003 og Flórída þrem árum fyrr en margur skyldi halda.

*Stöðugleikinn er rokinn út í veður og vind, verðbólgumarkmið Seðlabankans er markleysa, krónan heldur áfram að falla, verklýðshreyfingin er í viðbragðsstöðu, og erlendar skammtímaskuldir þjóðarbúsins tvöfölduðust fyrstu þrjá mánuði þessa árs (þetta er ekki prentvilla).*

Kjarni málsins er þó sá, að kosningalögin, sem Alþingi setur landinu, hygla stórum flokkum á kostnað minni flokka. Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn hafa fengið eitt til tvö þingsæti samtals í forgjöf í hverjum alþingiskosningum síðan 1979 í krafti þeirrar aðferðar, sem þeir leiddu sjálfir í lög til að úthluta þingsætum að loknum kosningum. Þessi bjögun bætist ofan á misvægi atkvæðisréttar eftir búsetu. Ef kosningalögin hér heima væru eins og þau eru í Danmörku, Noregi og Svíþjóð, hefðu stjórnarflokkarnir fengið 32 þingsæti 2003 gegn 31 þingsæti stjórnarandstöðuflokkanna, og núverandi ríkisstjórn hefði þá varla verið mynduð. Völd núverandi alþingismeirihluta eru illa fengin í þessum skilningi líkt og völd ríkisstjórnar Bush forseta í Bandaríkjunum: þau endurspegla ekki vilja þjóðarinnar eins og hann myndi birtast, ef kosningalögin væru eins og þau ættu að vera, og ferill beggja ríkisstjórna - spillingin, græðgin, vitleysan - verður ef til vill skiljanlegri í þessu ljósi. Vandinn hér er sá, að ríkisstjórnarflokkarnir tveir hafa áratugum saman náð að sveigja kosningalögin og kjördæmaskipanina sjálfum sér í hag. Illa fengin völd eru eins og annað þýfi: menn fara jafnan illa með þau.

Það þarf því ekki að koma neinum á óvart, að landsstjórnin undangengin ár hefur ekki gengið sem skyldi, og nú er þetta allt saman að koma í ljós. Varnaðarorð þeirra, sem sáu í gegnum brestina frá öndverðu, voru að engu höfð: þau drukknuðu í veizluglaumnum. Merkilegast af öllu er kannski það, að ríkisstjórnin þrætti fram í rauðan dauðann fyrir það, að gengi krónunnar væri of hátt skráð, gengið féll síðan um fjórðung, og stjórnin þrætir enn; þar á bæ ræða menn nú leiðir til þess að hækka gengið aftur. En nú er veizlunni að ljúka: örlagastundin nálgast grimm og köld, svo að ég vitni enn í Snorra Hjartarson. Ríkisstjórnin hefur misst tökin á efnahagsmálunum. Stöðugleikinn er rokinn út í veður og vind, verðbólgumarkmið Seðlabankans er markleysa, krónan heldur áfram að falla, verklýðshreyfingin er í viðbragðsstöðu, og erlendar skammtímaskuldir þjóðarbúsins tvöfölduðust fyrstu þrjá mánuði þessa árs (þetta er ekki prentvilla). Stjórn ríkisfjármála og peningamála er í uppnámi. Gunnar Tómasson, einn reyndasti hagfræðingur landsins, lýsti peningastjórninni svo í Morgunblaðinu um daginn, að hún sé „atlaga að almannahag".

Og hvernig ætti annað að vera? Seðlabankanum var árum saman stjórnað af manni, sem hafði það hlutverk helzt að geyma bankastjórastólinn handa flokksformanni sínum og stóð síðan upp eins og ekkert væri, þegar formaðurinn þurfti að komast að; það hefur ekki spurzt til forverans síðan. Enginn spyr hann álits á ástandi og horfum efnahagsmálanna, enda hafði hann aldrei neitt um þau að segja á eigin forsendum. Og nú blasir það við, sem margir vissu, að fráfarandi seðlabankastjóri Framsóknarflokksins gegndi sama hlutverki: að verma stólinn handa formanni sínum. Þeir geta þá stumrað hvor yfir öðrum, vinirnir.


MARKAÐURINN
Mest lesna viðskiptablaðið
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup október 2005.


FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Björgvin Guðmundsson RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

# Alþjóðlegur baráttudagur gegn ofbeldi á öldruðum

UMRÆÐAN
OFBELDI



SIGRÚN INGVARSDÓTTIR
FÉLAGSRÁÐGJAFI

*Í máli þeirra kom fram að ofbeldi á öldruðum er víða dulið vandamál.*

Í dag, þann 15. júní, er fyrsti alþjóðlegi baráttudagurinn gegn ofbeldi á öldruðum haldinn um allan heim. Tilgangurinn með deginum er að leiða huga fólks að þessu málefni og þeim menningarlegu, félagslegu og fjárhagslegu áhrifum sem ofbeldi á öldruðum getur haft í för með sér. Atburðir, sem með einum eða öðrum hætti benda á mikilvægi forvarna gegn ofbeldi á öldruðum, verða á dagskrá í hinum ýmsu löndum heims og var málþing um forvarnir gegn ofbeldi á öldruðum sem haldið var af Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis í samvinnu við Félag eldri borgara, Velferðarsvið Reykjavíkurborgar og Öldrunarfræðafélag Íslands þann 8. júní síðastliðinn haldið í tengslum við daginn.

Á málþinginu tóku til máls Sigrún Ingvarsdóttir, félagsráðgjafi hjá Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis, Einar Már Guðmundsson rithöfundur, Matthías Halldórsson aðstoðarlandlæknir, Margrét Margeirsdóttir, formaður Félags eldri borgara, Halldór Reynisson, verkefnastjóri fræðslusviðs Biskupsstofu og Sigríður Jónsdóttir, skrifstofustjóri velferðarsviðs.

Í máli þeirra kom fram að ofbeldi á öldruðum er víða dulið vandamál og fullyrða megi að ekkert land í heiminum sé með öllu laust við þann vanda. Ef ekkert er að gert má búast við að þessi tegund ofbeldis fari vaxandi á næstu árum þar sem mjög fjölgar í elsta hluta þjóðfélagsins. Farið var yfir það hvað nágrannaþjóðir okkar gera til varnar þessu þjóðfélagsmeini og sýnt þótti að Íslendingar þyrftu að fara yfir hvað það væri sem þeir geta gert betur. Töldu málshefjendur brýnt að kerfi samfélagsins tækju höndum saman um forvarnir gegn ofbeldi á öldruðum og var ýmsum leiðum velt upp varðandi samstarf kerfanna.

Gerð var óformleg skoðanakönnun meðal málþingsgesta og svöruðu alls 70 manns könnuninni. Spurt var hvort innleiða ætti tilkynningaskyldu ef starfsfólk í þjónustu við aldraða grunar að ofbeldi eigi sér stað gagnvart öldruðum. Yfir 90% þátttakenda í könnuninni svöruðu játandi en jafnframt komu fram athugasemdir um að það ferli sem færi af stað við tilkynningu yrði að vera skýrt, þ.e. hver tekur við tilkynningunni, hvernig bregst sá aðili við og til hvaða úrræða getur hann gripið.

Mörgum spurningum, ekki síst siðfræðilegum, er ósvarað. Við gerum okkur engar vonir um að leysa vandann á einum degi, en hér með hefjumst við handa. Með því að leggjast á eitt getum við vakið athygli og komið upplýsingum til skila til þjóðfélagsins.

Við vitum af fenginni reynslu að það hefur áhrif. Fjólublár er litur dagsins og vill greinarhöfundur hvetja ykkur til að klæðast einhverju fjólubláu í tilefni dagsins.

# *Fylgistap Framsóknar*

UMRÆÐAN
GUÐMUNDUR JÓNAS KRISTJÁNSSON
BÓKHALDARI SKRIFAR UM FRAMSÓKNARFLOKKINN

*Hið farsæla ríkisstjórnarsamstarf Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks hefur ekkert með fylgistapið að gera, eins og stjórnarandstaðan heldur fram.*

Eitt af því sem hlýtur að vera nauðsynlegt hverjum stjórnmálaflokki er að kjósendur viti nokkurn veginn fyrir hvað hann stendur. Hver eru grundvallarsjónarmiðin og framtíðarsýnin? Ekki síst er þetta mikilvægt í dag eftir að stjórnmálin hafa færst nær miðjunni. Fylgistap Framsóknarflokksins í síðustu sveitarstjórnarkosningum má því að verulegu leyti skrifast á tiltölulega óljós grundvallarsjónarmið hans í ýmsum veigamiklum málum.

Þegar þannig er komið fyrir stjórnmálaflokki er ekki nema eðlilegt að fylgið við hann fari ört minnkandi og endi nánast í fylgishruni eins og nú hefur gerst hjá elsta stjórnmálaflokki þjóðarinnar. Skýrasta dæmið í þessu sambandi og það afdrifaríkasta hafa verið gjörólík sjónarmið formanns og varaformanns Framsóknarflokksins til Evrópumála, en Evrópumálin eiga eftir að verða mestu átakamálin í íslenskum stjórnmálum á komandi árum, því þau snúast um fullveldi og sjálfstæði íslenskrar þjóðar. Framganga Halldórs Ásgrímssonar, formanns Framsóknarflokksins, í Evrópumálum hefur verið undarleg svo ekki sé meira sagt, og á stóran þátt í því fylgistapi sem flokkurinn stendur nú frammi fyrir.

Hið farsæla ríkisstjórnarsamstarf Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks hefur ekkert með fylgistapið að gera, eins og stjórnarandstaðan heldur fram. Evrópusambandssýn formannsins, erjurnar innan Framsóknarflokksins, og misráðið R-listasamráð til 12 ára eru þar helsti orsakavaldurinn.

Greinarhöfundur hefur stutt Framsóknarflokkinn og verið félagi í honum í nær 30 ár. Skömmu fyrir kosningar skildu leiðir. Úrsögn úr Framsóknarflokknum var óumflýjanleg. Ímynd flokksins sem þjóðlegs stjórnmálaflokks er ekki lengur fyrir hendi, enda uppskar hann samkvæmt því. Sem stuðningsmaður núverandi ríkisstjórnar var hins vegar Sjálfstæðisflokkurinn kosinn. Veit að svo fór um marga aðra kjósendur Framsóknarflokksisns sem standa vilja vörð um hin þjóðlegu gildi, sjálfstæði og fullveldi íslenskrar þjóðar.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



# Einkavæðingin og Fréttablaðið

**UMRÆÐAN**
EINKAVÆÐING



**JÓN BJARNASON**
ALÞINGISMAÐUR

*Þjóðin hefur fengið upp í kok af einkavæðingu grunnþjónustunnar og hvernig ríkisstjórnarflokkarnir úthluta dýrustu samfélagseignum okkar til flokksgæðinga sinna.*

Í Fréttablaðinu síðastliðinn laugardag fjallar Hafliði Helgason um einkavæðingu almannaþjónustunnar í tíð ríkisstjórnar Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks.

Látið er að því liggja að breið sátt hafi verið um þær aðgerðir í samfélaginu. Um sölu bankanna segir blaðið: „Fyrir utan Vinstri græna var tiltölulega mikil sátt um það, að fjármálakerfinu væri betur komið í höndum einkaaðila. Sú ráðstöfun hefur reynst happadrjúg og skapað mikil verðmæti.“ Kannski er það tilviljun að mynd af Finni Ingólfssyni fyrrverandi varaformanni Framsóknarflokksins og ráðherra er til hliðar á síðunni við leiðarann. En Finnur er einn af leiðtogum S- hópsins, forkólfum Framsóknarflokksins sem fengu Búnaðarbankann í sinn hlut. Hið rétta er að mikil sátt var milli stjórnarflokkanna, Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks, um að skipta bönkunum á milli sín. Sala bankanna færði einstökum gæðingum þessara flokka „mikil verðmæti“ á silfurfati.

Þjóðin var hinsvegar ekki spurð. Það er rétt hjá Fréttablaðinu, að Vinstrihreyfingin - grænt framboð lagðist gegn þessari sölu, vildi hinsvegar sterkan Þjóðbanka. Og kæmi til sölu á einstökum bönkum yrði það gert í dreifðri eignaraðild og strangar skorður settar við krosseignatengslum fjármálafyrirtækja og atvinnulífs. Og er það nú ekki einmitt einkavæðing bankanna sem á sinn þátt í afsögn Halldórs Ásgrímssonar og kom í veg fyrir að Finnur Ingólfsson gæti tekið stöðu hans hjá Framsóknarflokknum?

## Einkavæðing Símans var glapræði

Áfram heldur Fréttablaðið í misvísandi fullyrðingum sínum: „Aftur þegar kom að sölu Símans voru flokkadrættir nokkuð svipaðir og við sölu bankanna. Mikill meirihluti vildi selja Símann.“

Það er alveg rétt að þingmenn Vinstri grænna lögðust einarðlega gegn sölu Símans. Enda er það ein vitlausasta einkavæðing ríkisstjórnarinnar til þessa. En meirihlutinn á Alþingi vildi selja. Ef leiðarahöfundur er hinsvegar að vísa til vilja samfélagsins þá var hann býsna ljós. Sala Símans var afar umdeild svo vægt sé til orða tekið. Skoðanakannanir sýndu ítrekað að mikill meirihluti landsmanna var andvígur sölunni. Í könnun sem Gallup gerði í mars 2003 vildu 61 prósent svarenda að Síminn yrði áfram í opinberri eigu og yfir 70 prósent íbúa landsbyggðarinnar vildu að svo væri áfram. Könnun Félagsvísindastofnunar frá í febrúar 2005 sýndi að yfir 70 prósent aðspurðra voru andvíg sölu á grunnfjarskiptakerfi Símans. Þjóðarpúls Gallup í mars 2005 sýndi að afgerandi meirihluti landsmanna var andvígur sölu Símans og 76 prósent lögðust gegn sölu grunnnetsins.

Í september 2005, nokkrum vikum eftir að salan hafði farið fram og öll loforðin birt um ráðstöfun andvirðisins sýndi Gallupkönnun að 40 prósent landsmanna voru óánægð með söluna en 39 prósent ánægð.

Þessarar kannanir sýna svo ekki er um villst mikla andstöðu meðal þjóðarinnar við einkavæðingu og sölu á þeirri grunnþjónustu sem Síminn hefur veitt. Og nú þegar landsmenn upplifa dýrari og verri þjónustu Símans á mörgum sviðum og lokun starfsstöðva víða um land á ég fullt eins von á að meirihluti þjóðarinnar vildi áfram að Síminn væri í opinberri eigu.

## Þjóðin hefur fengið sig fullsadda á einkavæðingunni

Markaðsvæðing vatnsins var knúin í gegnum þingið, sömuleiðis einkavæðing á Rarik og einkavæðing á flugvöllum landsins. Einkavæðing Íbúðalánasjóðs stendur fyrir dyrum. Með samstilltu átaki stjórnarandstöðunnar tókst að slá einkavæðingu Ríkisútvarpsins á frest. Ef að líkum lætur mun þar ekki verða fyrirstaða í Framsókn. En víst er að þingmenn Vinstri grænna munu verja Ríkisútvarpið af öllu afli og finnst mér líklegt að meirihluti landsmanna styðji okkur í þeim slag.

Þjóðin hefur fengið upp í kok af einkavæðingu grunnþjónustunnar og hvernig ríkisstjórnarflokkarnir úthluta dýrustu samfélagseignum okkar til flokksgæðinga sinna.



HÚSAGERÐ HÖFUÐSTAÐAR
Sýning um sögu byggingartækni í Reykjavík 1840 -1940

Árbæjarsafn - Minjasafn Reykjavíkur
og Menntafélag byggingariðnaðarins

bjóða til sýningaropnunar í Kjöthúsinu Árbæjarsafni
föstudaginn 16. júní kl. 16

Minjasafn Reykjavíkur
Menntafélag byggingariðnaðarins
Íbúðalánasjóður

# Alþjóðlegur dagur flóttamanna

**UMRÆÐAN**
FLÓTTAMENN




**TOSHIKI TOMA PRESTUR OG HALLFRÍÐUR ÞÓRARINSDÓTTIR MANNFRÆÐINGUR**

*Sögur hælisleitenda geta verið mjög sorglegar, stundum kynnist sjálfboðaliði viðkomandi mjög vel en getur lítið hjálpað og viðkomandi getur verið fluttur úr landi hvenær sem er.*

Þann 20. júní er alþjóðlegur dagur flóttamanna á vegum Sameinuðu þjóðanna. Af því tilefni langar okkur undirrituð að segja frá sjálfboðaliðastarfi við hælisleitendur á Íslandi.

Flestir vita að Ísland hefur nær árlega tekið á móti flóttamönnum í gegnum SÞ og það hefur verið vel tekið á móti þeim. En hingað leita líka aðrir flóttamenn sem ekki fer jafnhátt um, flóttamenn sem ekki eru á vegum SÞ, og eru oft nefndir hælisleitendur og fá ekki jafngóðar móttökur. Lönd í Vestur-Evrópu hafa gert með sér samkomulag og reglur um móttöku hælisleitenda. Flestir þeirra sem leita til Íslands eru eftir stutta dvöl hér á landi sendir til baka til þeirra landa sem teljast bera ábyrgð á viðkomandi hælisleitenda. Nokkrir, um 15-20 manns hafa dvalið hér í ár eða lengri tíma og jafnvel tvö áður en yfirvöld hafa úrskurðað endanlega um dvalarleyfi þeirra hérlendis (Undanfarin fimm ár hafa ca. 400 einstaklingar sótt um hæli hérlendis en enginn þeirra fékk dvalarleyfi á grundvelli flóttamannareglna en nokkrir dvalarleyfi af mannúðarástæðum.)

Umfjöllun hælisumsókna eða úrskurðir stjórnvalda geta verið umræðuefni en það sem við viljum vekja athygli á hér eru aðstæður hælisleitenda hérlendis á meðan þeir bíða eftir úrskurði stjórnvalda. Biðin getur verið, eins og áður segir, eitt og jafnvel tvö ár og það er ekki erfitt að ímynda sér að þetta séu erfiðir tímar fyrir hælisleitendur og streituvaldandi þar sem áhyggjur af framtíðinni eru miklar. Þennan tíma eru þeir í eins konar andlegri einangrun. Þótt aðgangi sé ekki lokað að gistaheimilinu í Reykjanesbæ, þar sem þeir dvelja, þá koma þangað fáir utan starfsfólks RKÍ og bæjarins. Viðkomandi starfsfólk gerir sitt besta fyrir hælisleitendurna en það myndi rjúfa einangrun þeirra mikið ef aðrir kæmu einnig reglulega í heimsókn. Í þeim tilgangi hófu nokkrir einstaklingar að heimsækja gistiheimilið á síðasta ári og þeir ætla nú að stofna grasrótarhreyfingu: „Áhugahóp um mannréttindi hælisleitenda.“ Hópurinn ætlar ekki að skipta sér af rannsókn stjórnvalda á umsóknum hælisleitenda eða að reka áróður fyrir pólitískum málstað heldur er tilgangur og markmið hans einfaldlega að kynnast hælisleitendum, hlusta á sögur þeirra, læra um aðstæður í heiminum og leita hugsanlegra leiða til þess að bæta úr mannréttindamálum þar sem þess er þörf. Grasrótarhreyfinguna vatnar fleira sjálfboðaliða en starfið er ekki alltaf létt og því ekki fyrir hvern sem er.

Sögur hælisleitenda geta verið mjög sorglegar, stundum kynnist sjálfboðaliði viðkomandi mjög vel en getur lítið hjálpað og viðkomandi getur verið fluttur úr landi hvenær sem er. Hópurinn mun því bjóða upp á fræðslu fyrir þá sem hafa áhuga á að starfa með hreyfingunni. Sá sem gefur sig í þetta starf getur fengið ómetanlega reynslu, sem jafnvel breytir sýn hans á lífið og heiminn.

Við trúum því að sjálfboðaliðastarf af þessu tagi leggi ekki aðeins hælisleitendum ómetanlegt lið heldur auðgi það einnig íslenskt samfélag. ■

## AF NETINU

### ESB er frábært

Hvað sem ekki verður sagt um Evrópusambandið er vart hægt að neita því að að áhrif þess að þróun lýðræðis og frjáls markaðar í nágrannaríkjum hefur verið góð. Á innan við fimmtán árum tókst fólki í Austur-Evrópu að breyta löndum sínum úr kommúnískum einræðisríkjum í lýðræðisríki með markaðshagkerfi. Og þótt þær breytingar hefðu hugsanlega verið framkvæmanlegar án ESB, mundu þær aldrei geta orðið jafnhraðar. ESB-gulrótin var, og er, ótrúlega áhrifarík leið til að ýta í gegn umbótum sem annars hefði tekið áratugi að koma í framkvæmd.

**Pawel Bartoszek á deiglan.com**

### Ríkisstjórnin og Kastljós

Eftir farsælan feril í menntamálaráðuneytinu lá beint við að Björn yrði áfram ráðherra og það hefur enda orðið raunin. En Sigríður Anna hverfur nú úr ríkisstjórn og fátt bendir til annars en að hennar pólitíska ferli sé senn lokið, eða a.m.k. að hún hafi náð hátindinum og sé farin þaðan. Eftir situr ráðherralið Sjálfstæðisflokksins og minnir mann einna helst á Kastljósið í Sjónvarpinu. Þar má finna bæði ungar konur og eldri menn en ekki hið gagnstæða, eftir einhverju náttúrulögmáli sem bæði sjónvarp og flokkur virðast trúa á.

**Ármann Jakobsson á murinn.is**

### Seðlabankinn rýmdur

Uppálöppuð ríkisstjórn var kynnt áðan. Mestu tíðindum sætir að Jón Sigurðsson, Seðlabankastjóri, kemur inn í ríkisstjórnina. Tilgangurinn með því er augljós í mínum augum. Hann er ekki sá að búa til nýtt formannsefni í Framsókn - heldur fyrst og fremst að rýma til í Seðlabankanum til að Halldór Ásgrímsson geti orðið Seðlabankastjóri fyrir áramót. Framsóknarflokkurinn lítur svo á að opinber embætti séu ekki síst til að koma fyrir gæðingum þeirra, og aflóga forystumönnum. Enginn veit það betur en fyrrverandi formaður Samfylkingarinnar hvaða augum Framsókn lítur á stöður bankastjóra. Þær eru í hans augum „eign“ stóru flokkanna - og Framsókn.

**Össur SKarphéðinsson á web.hexia.net/roller/page/ossur/**

### Hræðslubandalög

Eftir sveitarstjórnarkosningarnar skrifaði Einar K. Guðfinnsson, sjávarútvegsráðherra og þingmaður Sjálfstæðisflokksins grein á heimasíðu sinni sem hann nefndi hrakfarir vinstri hræðslubandalaganna. [...] Árangurinn af Reykjavíkurlistanum varð sá að Sjálfstæðisflokkurinn kemst nú ekki til valda af eigin rammleik og ekki líklegt að svo verði í fyrirsjáanlegri framtíð. Flokkurinn hefur veikst verulega og er ekki lengur einráður um lengri eða skemmri tíma. Er það ekki líklegra, í þessu ljósi, að hræðslan sé hjá Sjálfstæðisflokknum en þeim sem standa að framboðsbandalögunum, þannig að þar er hið eiginlega hræðslubandalag sem Einar talar um?

**Kristinn H. Gunnarsson á kristinn.is**

### Mikil völd

Þegar skoðað er, hvernig verkum er skipt milli sjálfstæðismanna og framsóknarmannsins í borgarstjórn, sést, að allt talið undanfarna daga um óeðlileg mikil völd og áhrif framsóknarmannsins hefur einfaldlega verið spuni úr andstæðingum sjálfstæðismanna, sem fjölmiðlamenn hafa endurtekið. Hallgrímur Thorsteinsson á NFS má eiga það, að hann var farinn að átta sig á spunanum og varaði við því, að taka hann trúanlegan - skiptin yrðu líklega 30/70 sjálfstæðismönnum í vil. Líklega er það nálægt sanni, séu áhrif sjálfstæðismanna ekki meiri en 70%.

**Björn Bjarnason á bjorn.is**



## SUMARLEGT Í STOFUNNI

Það er um að gera að hressa upp á heimilið fyrir hásumarið og hleypa sumarlitunum inn fyrir dyrnar.

HEIMILI 6

## GRÆNA BYLTINGIN

Græni liturinn er áberandi í sumarfatatískunni.

TÍSKA 2





## ALLT HITT

**[TÍSKA HEIMILI HEILSA]**

**Heilsudagur** verður haldinn í Laugum á sunnudaginn frá klukkan 14 til 16. Dagurinn er haldin til styrktar baráttu gegn brjóstakrabbameini. Boðið verður upp á blóðsykurs- og blóðþrýstingsmælingu, fræðslu um brjóstakrabbamein, stafagöngu, Peak Pilates, kennslu Dirty Dancing og fleira. Sjá nánari á www.worldclass.is, www.bas.is, www.hjarta.is og www.krabb.is.



**Kringlukast** hófst í gær og stendur til 19. júní. Kringlukast er einstakt tækifæri til að gera frábær kaup í verslunun Kringlunnar en veittur er 20 til 50 prósent afsláttur af nýjum vörum.

**Raforkumarkaðurinn** varð frjáls þann 1. júní og nú geta neytendur keypt rafmagn af þeim sem þeir kjósa helst. Á www.neytendastofa.is má finna leiðbeiningar til raforkunotenda vegna þessara breytinga og yfirlit um gjaldskrár raforkufyrirtækja. Með aðstoð reiknivélar má sjá hvar hagkvæmast er að kaupa raforku hverju sinni.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er fimmtudagurinn 15. júní, 166. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 2.57 | 13.28 | 24.01 |
| Akureyri | 1.41 | 13.13 | 24.49 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

Smáauglýsingasími 550 5000

Auglýsingasími Allt 550 5880

Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is

# Í kjólaham á Akureyri

***Leikkonan Esther Talía Casey hafði sjaldan gengið í kjólum þar til hún rambaði inn í búð á Akureyri og keypti nokkra gamla kjóla.***

„Ég bjó á Akureyri síðastliðinn vetur og stundaði þar mikið skemmtilega búð sem heitir Frúin í Hamborg og selur alls konar gamla hluti. Þar er útibú frá Spútnik og fullt af gömlum fötum og það má eiginlega segja að ég hafi komist í einhvern kjólaham þarna inni sem ekkert lát er á,“ segir Esther sem hafði fram að þessu sjaldan keypt sér kjól.

„Ég held ég hafi keypt svona fimm eða sex kjóla þarna í vetur og er búin að nota þá mikið. Þeir eru í algjöru uppáhaldi enda eru þeir litríkir og skemmtilegir,“ segir Esther og bætir því við að kjólarnir hafi allir passað eins og sniðnir.

Þegar Esther fer í fatabúðir segist hún bæði kaupa nýtt og gamalt. „Mér finnst rosalega gaman að koma í búðir sem selja notuð föt en svo er ég líka komin á hættulegt stig því núna finnst mér allt sem er sérhannað og sérstakt rosalega spennandi. Þessar skemmtilegu hönnunarbúðir sem eru að spretta upp á Laugaveginum eins og Kronkron og Trílógía eru í miklu uppáhaldi og mig langar alltaf að kaupa eitthvað þar. Kannski er þetta aldurinn en mig er farið að langa meira að eiga fáa, fallega og vandaða hluti heldur en mikið af ódýru,“ segir Esther sem hefur lítinn tíma til að fara í fatabúðir þessa dagana þar sem önnur búð, Litla hryllingsbúðin, á hug hennar allan.

*thorgunnur@frettabladid.is*



Esther Talía velur bæði nýtt og gamalt þegar hún kaupir föt. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL






**Útivistarföt** þurfa ekki að vera púkó. Gleymdu gömlu pokalegu úlpunni og skoðaðu hvað útivöruverslanirnar hafa upp á að bjóða.




**Trind handsnyrtivörur alltaf no. 1**
**Nú Nýtt**

Nail Antibite til að Hætta að naga neglur.
For Girls Only Aðeins fyrir stelpur
Traveling set ferða sett



**NÝ SENDING**



trippen

Trippen, skóverslun, Rauðarárstíg 14, 101 Reykjavík. trippen.is

belladonna

Hlíðarsmára 11 • Kópavogi • sími 517 6460 • www.belladonna.is



*Gleðilega þjóðhátíð*
*Mikið úrval af sumarfatnaði*

*Vertu þú sjálf*
*– vertu Bella donna*

Opið mán-fös 11-18
laugardaga 11-15

www.belladonna.is

**ÚTSALA**
**20 - 50% afsláttur**

**Leður og rúskinsjakkar, stuttkápur og úlpur, vesti og hattar.**

TOPPHÚSIÐ
**Mörkinni 6**
S: 588 5518 • Opið virka daga frá kl. 10-18




Sýningarstúlka í skemmtilegu grænu sumardressi frá hönnuðinum Lenny sem sýndi vor- og sumarlínuna fyrir árið 2007 á dögunum.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Græna byltingin

***Allt sem er grænt grænt ...***

Það er svo sannarlega farið að grænka, ekki bara úti í náttúrunni heldur líka í hillum búðanna. Á sumrin fyllast þær af litríkum sumarfötum og græni liturinn kemur sterkur inn í ár. Grænar buxur, bolir, peysur og pils eru áberandi auk þess sem ýmsir fylgihlutir svo sem töskur og belti finnast nú í fallegum grænum tónum.

Sumir eru hálfhræddir við græna litinn og vilja fara hægt í sakirnar, það er alveg óþarfi að kaupa sér grænt dress frá toppi til táar en eina græna flík er nauðsynlegt að eiga í fataskápnum.



Grænar hörbuxur, Warehouse, 5.990 kr.



Blússa frá Warehouse, 4.990 kr.



Fallegur bolur úr Warehouse, 4.990 kr.
FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



Munstrað pils frá Monsoon, 5.650 kr.



Fallegt hálsmen úr Accessorize.



Armband úr Accessorize.



Skemmtilegt belti úr Warehouse.



## Úr háborg tískunnar
BERGÞÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

# Þúsund litlar hendur

Hátískan (Haute couture) má muna sinn fífil fegri og hefur hátískuhúsunum fækkað á síðustu árum. Í heimsvæðingunni tapast eitt og annað í verkmenningu og listgreinum vegna þess hversu ódýrt er að framleiða í Asíu og víðar. Ekki þó allt. Tískuhúsið Chanel í París hefur keypt nokkur gömul handverksfyrirtæki sem áður voru í eigu fjölskyldna til að koma í veg fyrir að þessi hefð hverfi.

Þetta á til dæmis við um Desrues hnappaframleiðandann sem á sjötíu árum hefur framleitt 80.000 mismunandi gerðir hnappa, framleiðir nú 4.000 hnappa á dag og býður átta hundruð mismunandi hnappa á ári sem tískuhúsin velja til að nota í framleislu sinni. Chanel, Louis Vuitton og fleiri sverja og sárt við leggja að nota eingöngu hnappa frá Desrues sem eru úr ýmsum efnum; kopar, silfri, viði, með gyllingu, glerjungi og svo mætti lengi telja. Að auki sem þeir hafa verið Karl Lagerfeld uppspretta að margs konar skarti. Í dag hafa nútímalegar aðferðir bæst við þær sem áður voru notaðar eins og leysigeisli til að skera eða munstur gert með tölvutækni.

Sama má segja um hattagerð Michel sem stofnuð var árið 1936 og hefur saumað hatta fyrir alla frægustu tískuhönnuði heims í gegnum tíðina, jafnt stráhatta sem úr virðulegri efnum eins og sléttflaueli, satíni eða leðri. Hjá Michel sem enn er við Sainte Anne-götu í París er varðveitt ótrúlegt safn þrjú þúsund hattamóta en fyrirtækið komst í eigu Chanel 1996.

Árið 1900 voru yfir þrjú hundruð verkstæði sem framleiddu fjaðrir fyrir tískuhús, 1960 voru þau rétt fimmtíu og í dag er Lemarié nánast það eina sem eftir er í Frakklandi. Það var því einstök menningararfleifð sem komst í eigu Chanel 1997. Og þó að Paradísarfuglinn sé nú friðaður þá eru strúts- og svanafjaðrir fluttar inn frá Afríku, þær eru litaðar, krullaðar, klipptar og nýjar saumaðar úr mörgum fjaðrategundum.

Lesage-fyrirtækið sér um útsauminn sem getur náð því að vera 2000 vinnustundir eins og við hátískukjólana „Coromandel" sem Karl Lagerfeld hannaði fyrir Chanel veturinn 1996-7. Útsaumurinn getur verið með perlum, steinum sem Swarovski-kristöllum sem demöntum, allt saman að sjálfsögðu saumað með silkitvinna í öllum regnbogans litum. Hjá Lesage eru varðveitt 40.000 sýnishorn af útsaumi sem raðað er eftir árstíðum í röð eins og á skjalasafni. Og til að tryggja að þessi arfleifð lifi hefur François Lesage í áratug rekið útsaumsskóla.

Hér er aðeins í nokkrum orðum talað um ótrúlegar listgreinar. Tískan er nefnilega ekki bara stundarfyrirbæri heldur list, menningararfleifð varðveitt í landi tískunnar eins og handrit á Íslandi.

bergthor.bjarnason@wanadoo.fr

# Nýtt frá Lancome

*Andlitskrem og líkamsgel sem gerir húðina slétta og fallega.*

High Résolution Collaser-48TM er andlitskrem sem lagfærir hrukkur og eykur fjaðurmagn og ljóma húðarinnar. Kremið eykur magn kollagens um 69 prósent á 48 klukkustundum og áferð húðarinnar verður flauelsmjúk og slétt.



Andlitskrem sem lagfærir hrukkur.

Slim Success Lypolyzer-TM er gel sem dregur úr ummáli og appelsínuhúð. Gelið er borið á mjaðmir, maga og rass kvölds og morgna og eftir eina viku á appelsínuhúð að hafa minnkað sýnilega og eftir einn mánuð á ummál að hafa minnkað til muna.



Líkamsgel sem minnkar appelsínuhúð og ummál.


AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ










# Alltaf klassískt

*Stjörnurnar klæddust svörtum kjólum á Tony-verðlaununum.*

Svartir kjólar voru vinsælir á Tony-verðlaunahátíðinni sem haldin var síðasta sunnudagskvöld. Fyrir utan litinn voru kjólarnir þó ekki allir eins. Rita Wilson hafði svart belti með slaufu um mittið og Oprah Winfrey var í vöfðum satínkjól. Af öðrum svartklæddum konum má nefna Glenn Close sem bar sig vel í flegnum kjól og Juliu Roberts sem heillaði viðstadda með glæsilegum kjól, opnum í bakið.

Svartur var aðaltískuliturinn síðasta vetur og það lítur út fyrir að hann verði það aftur næsta vetur, þá í bland við hvítan lit.



Julia Roberts.



Glenn Close.



Oprah Winfrey.








**Frizz-Ease Curl Around** er sérhannað fyrir liðað og krullað hár. Gefur hárinu silkimjúka áferð, raka og fallegan gljáa. Úfið hár heyrir sögunni til.

PAS PAS

MEÐ BETRI BUXUM Í BÆNUM



Str. 36-56

Rita
Eddufelli 2, sími 557 1730
Bæjarlind 6, sími 554 7030

allt
auglýsingasími
550 5880







Rómantískir bundnir sandalar voru áberandi á vortískusýningu Donnu Karan. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

# Fyrir þær leggjalöngu

***Donna Karan hafði fyrirsætur sínar í bundnum sandölum á sýningu vorlínunnar. Skórnir eru bæði rómantískir og sumarlegir.***

Á vortískusýningu Donnu Karan voru flestar fyrirsæturnar í bundnum sandölum. Skórnir eru rómantískir og minna bæði á fagrar ballerínur og rómverskar gyðjur.

Þessir skór eru upplagðir í sumarsólina þó ekki hafi borið mikið á henni síðustu daga hér á landi. Þá fara sandalarnir leggjalöngum konum sérlega vel. Þær konur sem hafa styttri leggi ættu þó kannski að velja sér annars konar skó því þessir láta leggina sýnast styttri en þeir eru í raun og veru.



Sandalarnir voru í mörgum mismunandi litum.



Svartir og nettir á fæti.

**Sérverslun með kvensilfur**



Margar gerðir af búningasilfri.

**Þetta er ódýrasta mynstrið. Allt sem þarf á upphlutinn, settið frá 90.530, kr.**

Allar upplýsingar um hefð og gerðir búninga eru veittar á staðnum.

**Gullkistan - Frakkastíg 10 - Sími: 551-3160.**

ALCO-GEL
Sótthreinsandi handgel.
Engin þörf fyrir sápu og vatn.




Fæst í apótekum og Hagkaupum um land allt.

Dr. Fischer

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

# Hársnyrtivörur úr blómi hampsins

***Þær Lísa María Karlsdóttir og Díana Harpa Ríkarðsdóttir hafa flutt inn Hempz-snyrtivörur síðasta árið undir nafninu Salon beauty. Hársnyrtivörurnar eru hágæða jurtavörur sem styrkja hárið og viðhalda heilbrigði enda hafa þær slegið í gegn hjá þeim sem hafa prófað þær.***

Hempz-vörurnar eru þekktar fyrir það að vera náttúrulegar og unnar úr hampi. Það sem gerir vörurnar sérstakar er að eingöngu eru notuð fræin sem fást úr blómi hampsins í vörurnar. Fræin innihalda amínósýrur sem eru nógu smáar til þess að komast í gegnum húðina og næra hárið frá rótum þess. Einnig eru fræin ein auðugusta og náttúrulegasta uppsprettan af fitusýrum og öðrum næringarefnum sem móta sterkt og heilbrigt keratín.

Keratín er aðalprótínefni hársins og sér um uppbygginu þess. Því er mikilvægt að styrkja keratínið til þess að fá heilbrigt og glansandi hár. Vörurnar eru með mismunandi virkni og ættu því allir að finna eitthvað sem hentar þeirra hárgerð.



Það er hægt að fá ýmsar vörur frá Hempz, til að mynda hársápu og -næringu, hármótunarefni, líkamskrem og sturtusápu.

„Við flytjum inn um 20 vörutegundir. Við erum með þrjár línur af hársápum og -næringu. Eina sem gefur hárinu raka, eina sem gefur lyftingu og þriðju sem er sérstaklega fyrir litað hár. Línan fyrir litaða hárið inniheldur lítið magn af sápuefni þannig að liturinn þvæst ekki úr. Maður verður eiginlega bara að prófa þessar vörur því maður finnur mikinn mun á hárinu eftir fyrsta þvott. Það verður meira gljáandi og heilbrigðara,“ segir Lísa María.

Auk hársápunnar fást einnig hármótunarefni, froða, næringarúði og gel. Þegar blaðakona spyr hvað hún eigi að gera við óviðráðanlegar krullur hefur Lísa María svarið á reiðum höndum. „Þá er gott að gefa hárinu raka með rakahársápunni og setja síðan annað hvort „Curl booster“ í hárið sem gefur krullunum aukið líf eða „Curl control“ til að halda krullunum í skefjum. Fyrir þá sem vilja aftur á móti meiri lyftingu og líf í hárið er gott að setja „Volumizing root lifter“ í rótina en þá lyftist hárið frá rótum og það verður mun meira úr hárinu. Svo erum við líka með sterkt mótunarefni sem heitir „Intense styling glue“ en það er fyrir þá sem vilja hafa hárið fast í sínum skorðum allan daginn og hentar ákaflega vel fyrir þá sem vilja hafa hanakamb. Þrátt fyrir góða virkni þá eru allar vörurnar mjög mildar og fara vel með hárið. Til dæmis hafa vörurnar reynst þeim sem eru með exem eða psoriasis í hársvörði mjög vel“.

Auk hársnyrtivara flytur Salon beauty inn sturtusápu, kornasápu og líkamskrem sem var það söluhæsta í Bandaríkjunum á síðasta ári. Vörurnar fást á nokkrum hársnyrtistofum, snyrtistofum og sólbaðsstofum en sölustöðum fjölgar ört. Meðal sölustaða eru hársnyrtistofurnar Capilli, Klippt og skorið, Hársport og Hársnyrtistofa Eyglóar.

erlabjorg@frettabladid.is



Fyrirtæki Lísu Maríu og Díönu, Salon beauty, flytur inn Hempz-vörurnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM.



Eggert sagði boðið í félagið eina bestu viðurkenningu sem hann hefur hlotið á nær 30 ára ferli. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

# Í Purpuraklúbbnum

***Eggert Jóhannsson er nú í hópi virtustu feldskera heims en hann félagi í The Purple Club.***

Eggert Jóhannsson feldskeri var nýverið kjörinn félagi í The Purple Club sem er einn virtasti klúbbur hönnuða og sérfræðinga í ferldskeraiðninni. Í klúbbinn eru einungis valdir feldskerar sem hlotið hafa alþjóðlegar viðurkenningar og hafa vörur Eggerts vakið athygli á tískusýningum um árabil. Loðfeldir merktir Purple fást einvörðungu hjá meðlimum Purple Club sem Eggert feldskeri er nú orðinn fullgildur félagi í. „Purple Club-merkið gefur til kynna að vinna okkar hjá Eggerti feldskera og loðskinnin okkar séu í hæsta gæðaflokki. Þetta er sannarlega dýrmætasta afmælisgjöfin sem við gátum óskað okkur,“ sagði Eggert þegar fulltrúi samtakanna færði honum klúbbskírteinið á dögunum.



## Sumarást

NÝ ÚTGÁFA AF HINUM VINSÆLA AMOR AMOR ILMI.

Amor Amor Eau Fraiche er léttur og notalegur ilmur sem á vel við í sólinni í sumar. Jasmína, appelsínur, hvítar ferskjur, rósir og sedrusviður mynda fullkomna blöndu sem leikur við skilningarvitin og örvar ástareldinn.


Mér finnst rigningin góð...



ILSE JACOBSEN • Hornbæk

Garðatorgi, Garðabæ - Sími 517-4806



**Heimilissiðir** eru ýmsir til og sinn er siður í landi hverju. Það þykir til dæmis mesta ókurteisi að fara ekki úr skóm áður en gengið er inn á heimili í Japan.


Tímaritið Gróandinn aldrei glæsilegri




Áhugavert og fræðandi tímarit um garðyrkju, grænmeti, skógrækt og skreytingar

Áskriftarsími 586 8005

Kíkið á þetta!




Gómsætt á grillið

Tjarnargerð

Glæsigarður á Akureyri

Áskriftarsími 586 8005



Karólína Lárusdóttir

Íslensk list er góð gjöf

Gallerí Fold · Kringlunni og Rauðarárstíg

Opið í Kringlunni laugardaga kl. 10-18, sunnudaga kl. 13-17

Opið á Rauðarárstíg laugardag kl. 11-14

Sjáumst í Gallerí Fold

LISTMUNASALA fold

Rauðarárstíg 14, sími 551 0400
Kringlunni, sími 568 0400 · www.myndlist.is


# Sumarlegt í stofunni

***Það er um að gera að hressa aðeins upp á heimilið yfir sumartímann og hleypa sumarlitunum inn fyrir dyrnar. Blaðamaður Fréttablaðsins kíkti í heimsókn í tvær blómabúðir og skoðaði úrvalið á sumarlegum vörum fyrir heimilið.***

Í Blómavali er mikil litadýrð og gott úrval ýmissa smáhluta sem geta lífgað upp á hillurnar og stofuborðið. Lára Gyða Bergsdóttir er útstillingahönnuður hjá Blómavali og segir að því fleiri litir og munstur inni á heimilinu þeim mun líflegra verði það. Það er víst allt leyfilegt í sumar. „Sumarsmellurinn í ár eru margir vasar í mismunandi litum og gerðum og skemmtilegast er að blanda þeim saman. Það er alveg jafn smart að hafa vasana tóma en það er samt ekkert verra að fá blómvönd af og til og skella í þá. Blómstrandi blóm í skrautlegum blómapottum gefa líka sumarlegan blæ og litrík blóm eins og gerberur í háum vasa. Svart og hvítt þema er mikið í tísku í sumar og verður áfram. Það er sumarlegt að blanda saman tvílit við einlit, eins og límónugrænum við svart-hvíta mynstrið. Þá ertu komin með hásumar,“ segir Lára Gyða.

Sumartískan í blómabúðunum þarf ekki að einskorðast við skæra liti og skrautleg munstur. María Másdóttir blómaskreytir og eigandi búðarinnar Blómahönnun sinnir þörfum þeirra sem eru sífellt á faraldsfæti yfir sumartímann. „Við erum með pottablóm í álpottum sem eru algjörlega viðhaldsfríir og svo er hægt að setja alls kyns skraut ofan í pottana allt eftir árstíðum og tilefni. „Til dæmis er sólblóm í þannig potti bara gargandi sumar. Við erum með plöntur eins og tannhvössu tengdamömmuna, bergfléttu og frostþurrkuð strá en græni liturinn á þeim er hlýlegur og minnir mann á íslenskt sumar. Það er einnig hægt að setja fusk, sem er eins og gras eða hreiður, í pottana. Það er hægt að fá fuskið í öllum litum, skærum og neonlituðum, þannig að það er hægt að gera græna litinn enn sumarlegri. Allar þessar skreytingar eiga það sameiginlegt að ekki þarf að nostra við þær eða vökva. Þannig að þá þarf ekki að hafa áhyggjur þegar farið er í sumarfrí og þær eru einnig tilvaldar til að hressa upp á sumarbústaðinn,“ segir María að lokum.

*erlabjorg@frettabladid.is*



Lára Gyða er útstillingahönnuður í Blómavali.



María er blómaskreytir og eigandi verslunarinnar Blómahönnun.



Frostþurrkuð strá í álpotti eru mjög vinsæl þessa dagana.



Blómstrandi blómið ástareldur er sumarlegt pottablóm og gerberur í vasa lífga upp á heimilið.





Flott er að blanda límónugrænum og túrkísbláum saman og raða vösunum óreglulega upp.



Svart og hvítt þema er ríkjandi í sumar og fallegir blómavasar, með blómum eða án.



Það er fátt jafn sumarlegt og sólblóm. Í pottinum er svokallað fusk sem hægt er að fá í margs konar litum.



Tannhvassa tengdamamma er blóm sem þarf ekki að vökva á meðan á sumarfríinu stendur.



Sumarblóm eru á tilboði í verslunum Blómavals. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Þjóðhátíðar-blóm

***Blómavalsverslanirnar lækka verð á sumarblómum.***

Verslanir Blómavals eru í þjóðhátíðarskapi og bjóða af því tilefni upp á sumarblóm á stórlækkuðu verði. Þeir sem hafa því ekki enn komið sér upp sumarlegu blómaumhverfi geta gripið þetta góða tækifæri og fegrað umhverfið sitt.

Á tilboðsdögum Blómavals má meðal annars má fá tíu stjúpur á 399 krónur eða fjögur stykki af sólboða á 999 krónur. Einnig flauelsblóm á 499 krónur, hengilobelíu á 399 krónur og fjögur stykki af margarítum á 999 krónur.

Auk góðra tilboða á fallegum blómum er veittur 25 prósent afsláttur af frostþolnum útipottum.

# Huggulegra svefnherbergi

***Svefn, lestur, vinna og leikur í einu herbergi***

Svefnherbergið er fyrir mörgum mikilvægasti staðurinn á heimilinu. Þeir sem búa í lítilli íbúð nota svefnherbergið til lesturs, náms, svefns og ef börnin sofa inni í herberginu líka þá þarf einnig að koma fyrir leikföngum og leikplássi. Það er því mikilvægt að raða vel í herbergið og nota hinar ýmsu hönnunarlausnir til þess að herbergið verði huggulegt þrátt fyrir mörg hlutverk.

Stórir púðar og fallegt rúmteppi geta breytt rúminu í sófa á daginn. Þá er hægt að nota rúmið til þess að lesa fyrir barnið eða eiga huggulega stund saman. Vegghillur spara ótrúlega mikið pláss. Það er sniðugt að setja vegghillur upp á veggi sem nýtast annars ekki, til dæmis fyrir ofan rúmið. Svo er hægt að setja lítinn leslampa á hilluna, bækur og vekjaraklukkuna og nýta þannig hilluna sem náttborð. Box og skrautlegir kassar fara vel uppi á fataskáp. Þar er hægt að geyma ýmsa smáhluti eða leikföng og auka þannig við gólfplássið og losna við óreiðu þar. Einnig er tilvalið að geyma hluti og dót í skúffu sem er rennt undir rúmið.

Til þess að gera svefnherbergið stílhreinna er tilvalið að nota hvítan lit í bland við mýkri liti. Þannig verður herbergið hlýlegt en jafnframt bjart.

Upplagt er að hafa til dæmis hvít gluggatjöld og hvíta veggi en hlýleg húsgögn og munstrað rúmteppi - já eða öfugt. Kerti á hillunum eða náttborðinu gefa herberginu rómantískan blæ og myndir í römmum gera herbergið persónulegra.

Það eru margir sem gleyma svefnherberginu þegar að því kemur að gera heimilið fallegt en það þarf ekki að vera mikið mál að gefa því smá andlitslyftingu. Þannig er hægt að nýta herbergið til ýmislegs annars en einungis til svefns.



Svefnherbergið er hentugt fyrir hvíldina sem starfið.

## húsráð }



## Skítugur örbylgjuofn

ÖRBYLGJUOFNAR GETA ORÐIÐ ANSI SKÍTUGIR EN ÞAÐ ÞARF EKKI AÐ VERA MIKIÐ MÁL AÐ KIPPA ÞVÍ Í LIÐINN.

Gott ráð til að þrífa örbylgjuofninn er að setja nokkrar sítrónusneiðar á disk og svo inn í örbylgjuofninn. Örbylgjuofninn er svo settur af stað í tíu mínútur. Að þessu loknu tekurðu sítrónurnar út úr ofninum og strýkur yfir hann með rakri tusku. Þá eru sítrónurnar búnar að leysa upp öll óhreinindi í örbylgjuofninum og íbúðin angar af ferskum sítrónuilmi. Ef ofninn er mjög skítugur gæti verið þörf á að endurtaka leikinn einu sinni. Þetta náttúrulega ráð virkar einnig á bakaraofninn og er mun sniðugra en að nota eitruð hreinsiefni sem sitja föst í ofnunum í langan tíma.

## Nýjasta frá Tívolí



**iSongBook**

Ferða-afspilunartæki fyrir iPod er Stereoútvarp í hæsta gæðaflokki með öflugan móttakara og ótrúleg hljómgæði. Þú verður að skoða þetta fyrir sumarið, í sumarbústaðinn, fellihýsið, tjaldið eða hvar og hvenær sem þér dettur í hug. Fæst í Hljómsýn, Mirale, Duka og Halldóri Ólafssyni.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ




KRINGLUKAST 14-18 júní
Mörg góð tilboð
Vandaðar heimilis- og gjafavörur
DUKA
Kringlunni - sími : 533 1322

Gluggar & hurðir


Gluggar, hurðir, og svalahurðir úr viðurkenndu PVC-U hágæða efni frá REHAU
Kjarnagluggar hafa einstakt einangrunargildi og eru til í mörgum gerðum.
Íslensk framleiðsla og áratuga reynsla
Sparaðu tíma • leitaðu tilboða
netfang: gluggar@vortex.is
Kjarnagluggar
Skemmuvegi 46 • 200 Kópavogi •
sími 564 4714 • Fax 564 4713
www.kjarnagluggar.is



Allt fyrir brúðhjónin
postulín, gjafavörur & húsgögn
Ný og stærri verslun - Skemmuvegi 6 (blá gata)- Sími 568-2221



Nú er nýja heimasíðan komin í gagnið!
www.badheimar.is
BAÐHEIMAR
Fosshálsi 1
s: 525 0800



## Í GARÐINUM HEIMA

HAFSTEINN HAFLIÐASON SKRIFAR UM POTTAPLÖNTUR

# Kryddjurtir, karlar og útigrill

Kryddjurtir eru mál málanna um þessar mundir. Sumarið að komast í algleyming og búið að pússa upp öll útigrill sem fyrirfinnast á heimilum. Og þeir sem ekki áttu útigrill hafa margir ráðið bragarbót á því. Sumir hafa jafnvel yngt upp og endurbætt hjá sér með nýjum, ryðfríum útigrillum sem nú eru óðum að leggja undir sig íslenska markaðinn. Eiginlega er útigrillið að mestu leyti í umsjá karlanna á heimilunum. Matseld á útigrilli er „macho“ og allt að því heilög karlmennskuathöfn fyrir suma. En til að undirstrika karlmennskuna henta kryddjurtirnar afar vel og eru eiginlega nauðsynlegar til þess að tryggja að athyglin beinist að því hversu grillarinn er mikill meistarakokkur, því að lokahnykkurinn felst í því að gera sjálfur kryddsmjörið með krásunum. Og þá er komið að kryddjurtunum. Þær gera útslagið.




### Ecco eða Nike?

Eiginlega er fátt auðveldara en að annast nokkrar kryddjurtir utandyra yfir hásumarið. Hér verður ekkert tíundað um sáningu og uppeldi þeirra. Við erum nefnilega svo heppin að nú fást tilbúnar kryddjurtir í pottum svo að segja árið um kring. Og þó svo að eitthvað af þeim misfarist eða klárist, er alltaf hægt að bæta í skörðin. Það eina sem kryddjurtirnar þurfa er dálítil mold í keri eða pottum eða bara í hvaða dollu sem er - það má líka nota gömlu vinnuklossana eða íþróttaskóna undir þær. Aðeins þarf að hafa plönturnar á sólríkum stað og muna eftir að vökva þær reglulega þegar þurrt er í veðri. Fallegt og fjölskrúðugt kryddjurtasafn er róandi og lystaukandi.

### Átta ágætar og ein í viðbót

Á myndina af kryddjurtakerinu mínu eru settar inn tölur frá 1 til 8 sem benda á helstu kryddjurtirnar sem þurfa að vera nálægt útigrillinu. Og reyndar er ein þar til viðbótar sem lítið ber enn á innan um allar hinar, en það er rósmarín sem einkum er notað með kálfa- og lambakjöti. Sömuleiðis í fyllingu í heilsteiktan fisk og fugl. Allar þessar tegundir henta vel í kryddsmjör fyrir grillrétti. Ýmist hver fyrir sig eða tvær til þrjár saman.

**Númer 1 er íslenskt blóðberg.** Afar gott sem fylling í vatnafisk og með ljósu kjöti, lambakjöt þar meðtalið. Blóðbergste hressir hugann og hreinsar öndunarfærin.

**Númer 2 er grísk kjarrmynta (oregano).** Hún hentar í alla rétti þar sem ólífur, hvítlaukur og sólþurrkaðir tómatar koma við sögu. Pasta og pítsur.

**Númer 3 er hjartafró (sítrónumelissa)** sem passar vel með öllum fiski, einkanlega feitum eins og lúðu og steinbít. Dálítið hrjúf í góm, en fínsöxuð gerir hún sitt fyrir grænmetissalatið. Te af hjartafró er gamalreyndur kvefbani og þar að auki mjög ljúffengt.

**Piparmynta er svo númer 4.** Frískandi ein og sér. Söxuð (nokkrir hnefar af laufum) í matvinnsluvél með einu eða tveimur eplum og „smakkað til“ með fáeinum dropum af eplaediki og einum dl af vatni og hlynsírópi til helminga gerir sósu sem borin er fram með lambakjöti. Verður jákvæð lífsreynsla fyrir alla sem fá að smakka og enginn gleymir að skrásetja í æviminningar sínar. Það má jafnvel gera enn betur undir haustið og bæta nokkrum reyniberjum við og bera þá fram með hreindýrakjöti. Og ef um steikingarvökva af kjötinu er að ræða, má gera úr þessu heita sósu með því að píska hann samanvið og hita snöggt í potti.

**Sítrónutimían er hið fimmta.** Það styrkir alla kjúklinga- og fiskrétti sem framreiddir eru að hætti mannfólksins við Miðjarðarhaf. Keimurinn af því breytir dumbungsdögum í dýrðardaga með sólblik í hverjum daggardropa.

**Sléttblaða steinselja hlaut númer 6** í þessari rásröð. Hún gefur þunga í létta rétti. Styður við og styrkir bragð af nautakjöti. Skapar jafnvægi í grænmetissalatið. Hefur sætara bragð en hrokkin steinselja. Saxið steinseljur smátt.

**Garðablóðberg (timían) er númer 7.** Það setur punktinn yfir i-ið í öllum kjötréttum, með hvítu sem rauðu kjöti. Fiskisúpa án garðablóðbergs er eins og bók án kjalar. Ekki er það heldur síðra að sáldra nokkrum timíanlaufum ofan á hóflega þykkar sneiðar af sólþroskuðum bufftómötum. Garðablóðbergið hleypir galsa í grænmetissalatið. Það er hitandi og örvar blóðrás.

**Hrokkin steinselja rekur hér lestina með tölunni 8.** Bragð hennar er ögn beiskara en á sléttblöðkunni. Hún er líka dökkgrænni. Að öðru leyti eru þær notaðar og meðhöndlaðar á sama hátt. Það er gömul viska að steinselja dregur úr andremmu og linar timburmenn.

### Kryddsmjör og aðferðir

Hér er reiknað með að kryddjurtirnar séu notaðar ferskar. Meðhöndlunin felst í því að nota bara blöðin, enga stöngla. Saxa smátt og sáldra yfir réttina eða í grænmetissalatið. Þær eiga aldrei að sjóða. Einnig er heimsins minnsti vandi að búa til kryddsmjör úr fínsöxuðum kryddjurtum og smjöri. Þessu er blandað saman. Hafið smjörið við stofuhita og sparið ekki kryddjurtirnar. Rúllið blöndunni í hæfilega sverar og langar rúllur og kælið í nokkrar klukkustundir. Þá er auðvelt að skera þær niður mátulega þykka klatta sem svo eru bornir fram í veislunni og þá gjarnan í skál með klakahröngli.


Árný í gjafavöruhorni verslunar sinnar Bláfelli. FRÉTTABLAÐIÐ/SÓLVEIG

# Lítil og hugguleg verslun

***Í gamalli bensínstöð á Hvolsvelli rekur Árný Svavarsdóttir ritfanga- og gjafavöruverslunina Bláfell. Viðskiptavinir eru bæði innansveitungar og aðkomumenn.***

Árný hefur rekið verslunina í fimm ár. „Við byrjuðum inni í þorpinu á Hvolsvelli þar sem við keyptum upp gamla verslun. Sú verslun var líka ritfangabúð en þar var einnig framköllunarþjónusta,“ segir Árný. „Við færðum okkur svo um set í núverandi húsnæði fyrir þremur árum.“

Við flutninginn hætti verslunin að bjóða upp á framköllunarþjónustu en í staðinn kom gjafavaran. Þar að auki er Bláfell með umboð fyrir Símann og happdrættin á svæðinu.

Að sögn Árnýjar eru viðskiptavinirnir bæði fólk frá Hvolsvelli og aðkomufólk. „Ég er með fasta viðskiptavini allt austur til Kirkjubæjarklausturs,“ segir Árný. „Það er lokað um helgar hjá okkur svo það er algengt að fólk sem hefur átt leið hjá hringi á mánudegi og spyrjist fyrir um eitthvað sem það sá í glugganum. Það getur verið mjög skemmtileg samtöl þegar fólkið lýsir hlutnum á meðan ég reyni að finna hann í búðinni.“

Bláfell er við hliðina á veitingaskálanum Hlíðarenda á Hvolsvelli og er verslunin opin alla virka daga frá 10 til 17.

# Hvítlaukskortið

***Hægt er að fá rifflað kort til að rífa niður hvítlaukinn.***

Hvítlaukur er vandmeðfarin vara, einungis lítill moli af hvítlauk getur eyðilagt allt bragð af matnum og orsakað langvarandi andfýlu. Þess vegna er mjög nauðsynlegt að saxa hvítlauk mjög vel niður og við það hafa margir lent í vandræðum.

Uppfinningar gerast vart einfaldari heldur en hvítlaukskortið, Garlic Card, sem hinn sænski Herman Rasmuson fann upp. Garlic Card er eins og nafnið gefur til kynna lítið rifflað spjald sem hentar mjög vel til þess að gera mauk úr hvítlauknum. Kortið, sem er lítið stærra en greiðslukort var hannað til þess að meðhöndla hvítlauk á einfaldan hátt og er munstrið á kortinu sérstaklega hannað til þess að rífa hann niður sem best. Hvítlaukskortið má meðal annars fá í versluninni Búsáhöld í Kringlunni og er virkilega einföld og þægileg lausn.



Hvítlaukskortið er sniðug lausn þegar saxa á hvítlauk.

# Sumarblómapottar

***Blóm í fallegum pottum lífga alltaf upp á heimilið.***

Ýmislegt má gera til þess að lífga upp á heimilið fyrir sumarið og eitt af því er að bæta við blómum í gluggana. Ef nóg er af blómum á heimilinu fyrir má bregða á það ráð að skipta um gömlu góðu blómapottana og fá sér nýja potta í björtum og glaðlegum litum því fátt er sumarlegra en litrík blóm í líflegum pottum.


Blóm lífga alltaf upp á heimilið.

# Gamalt verður nýtt

***Gamlar búslóðir geta gengið í endurnýjun lífdaga.***

Dauðinn er hluti af lífinu. Fólk fellur frá og skilur eftir sig búslóðir sem ættingjar vita oft á tíðum ekki hvað á að gera við. Unga fólkið sem er að koma sér fyrir nýtur þó oft góðs af því að geymslupláss vantar fyrir hið eldra. Gamlir sófar, borð og hillur koma sér vel fyrir peningasnauða námsmenn.

Ekki er verra að þessa dagana eru gamaldags húsgögn og munir í tísku. Þykir til dæmis sniðugt að blanda saman gömlu og nýju enda kemur það oft skemmtilega út.


Gamli stóllinn hennar ömmu passar vel við hliðina á Ikea-hillunni.

búsáhöld }


Typhoon-vigt í anda sjötta áratugarins frá Villeroy & Bosch.

## Afturhvarf til sjötta áratugarins

HLUTIR MEÐ GAMALDAGS ÚTLITI ERU VINSÆLIR Á NÚTÍMAHEIMILUM.

Búsáhöld og heimilstæki hafa ekki farið varhluta af retró-tískunni og hvarvetna eru búsáhaldaframleiðendur að hverfa aftur til gamalla tíma í hönnun sinni. Pastellitir og blómaskreytt búsáhöld eru mikið í tísku núna og bjóða flestar búsáhaldaverslarnir einhverjar vörur í þeim stíl. Í Villeroy & Boch í Kringlunni er hægt að fá mikið úrval af flottum búsáhöldum í retró-stíl. Vigtin á myndinni er dæmigerð fyrir afturhvarfstískuna, bleikur pastellitur og mjúk form minna mikið á búsáhöld frá sjötta áratugnum.

allt
ný vöru- & þjónustuskrá á visir.is
vísir ALLT SEM ÞIG VANTAR ER Á VISIR.IS/ALLT

FRÁBÆR LAUSN

Kostirnir eru augljósir:

- Smellið og glæsilegt fyrirkomulag
- Alltaf er hægt að bæta við
- Breytingar gerðar á örskammri stundu
- Auðveld hagræðing mynda
- Fljótleg og einföld samsetning
- Engar skemmdir á veggjum


Einu sinni og aldrei aftur...


Einu sinni sett upp og eftir það má hengja upp eftir vild.


Auðveld uppsetning.

Þegar notast er við Rammamiðstöðvar myndbrautina er veggjum hlíft og hamarinn fær að liggja í verkfærakistunni.
Það gengur varla auðveldar fyrir sig.
Myndum má hagræða fyrirhafnarlaust aftur og aftur.

Rammamiðstöðin er komin með úrval af myndbrautum sem henta jafnt fyrir heimili, stofnanir og fyrirtæki.
Kynntu þér það sem telst klassík hins nýja tíma.

Íslensk grafik á tilboðsverði.

Frítt karton í alla keypta ramma!

Tugir lita

Allt karton sýrufrítt

Opið frá kl. 9-18

Prentsmiðjan Ásrún 695 1612



Allir sem koma til okkar fá ókeypis Glerfínan glerpússilög.
Rammamiðstöðin



RAMMA MIÐSTÖÐIN
Síðumúla 34 • Sími 533 3331



**Vel skal vanda það sem lengi skal standa.** Það tekur meira en einn dag að snúa lífinu við og lifa heilsusamlegu lífi. Settu þér markmið og gefðu þér tíma til að ná þeim.













Soffía, Anna og Bríet eru allar komnar í mjög gott form og tilbúnar að takast á við gönguna. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

# Vildu snúa vörn í sókn

***Hjúkrunarfræðingarnir Bríet Birgisdóttir, Anna I. Arnardóttir og Soffía Eiríksdóttir eru á leiðinni til New York í haust þar sem þær ætla að taka þátt í tveggja daga göngu til styrktar krabbameinsrannsóknum.***

Gangan sem þær stöllur eru að fara í er alþjóðleg og gengið verður dagana 7. og 8. október. „Október er alþjóðlegur brjóstakrabbameinsmánuður og gangan er sextíu og þriggja kílómetra löng en hún verður gengin á tveimur dögum, fyrst eitt maraþon og síðan hálft maraþon,“ segir Soffía.

Hugmyndin að því að taka þátt í göngunni kom upp eftir að Bríet, Anna og Sofía fóru að stunda líkamsrækt í World Class í janúar. „Við vorum allar í frekar lélegu formi þegar við byrjuðum í Líkama fyrir lífið fyrir konur og settum okkur það markmið að komast í nógu gott form til þess að geta tekið þátt í þessari göngu. Fyrst þorðum við ekkert að tala um þetta en svona í byrjun mars sögðum við frá þessu opinberlega. Í janúar hefðum við ekki getað þetta en núna erum við allar komnar í betra form og orðnar miklu styrkari.“

Bríet, Anna og Soffía vinna allar með krabbameinssjúklinga og hafa séð ýmislegt í starfi sínu. „Okkur langaði til þess að snúa vörn í sókn og gera eitthvað jákvætt í þessum málum,“ segir Soffía.

Þátttakendur í göngunni í New York þurfa að greiða átján hundruð dollarar hver en Bríet, Anna og Soffía eru komnar með marga góða styrktaraðila. „Við ákváðum svo að allt sem safnaðist umfram þátttökugjaldið rynni beint til Samhjálpar kvenna.“

Á sunnudaginn næsta verður heilsudagur til styrktar baráttu gegn brjóstakrabbameini í World Class í Laugum. „Við ætlum að vera á staðnum og ræða um heilsu og heilsuvernd, Hjartavernd mun bjóða upp á blóðþrýstingsmælingu og blóðsykursmælingu og hjúkrunarfræðingar frá leitarstöðinni og fulltrúar frá Samhjálp kvenna verða með gelbrjóst til þess að sýna hvernig framkvæma á sjálfsskoðun. Síðan býður World Class upp á alls konar líkamsræktartíma, stafgöngu, pilates og Master Class danstíma. Þetta kostar þúsund krónur fyrir hverja konu en Dísa í World Class ætlar svo að jafna það og ágóðinn mun allur renna til baráttu gegn brjóstakrabbameini.“

*emilia@frettabladid.is*











## Heilbrigð sál


BORGHILDUR SVERRISDÓTTIR
EINKAÞJÁLFARI OG B.A. Í SÁLFRÆÐI




## Að kjósa sterkara hjarta

Við kusum um framtíð okkar um daginn. Kusum um hverjum við treystum best til að stjórna bænum/borginni okkar með von um að það geti gert líf okkar betra á einhvern hátt.

Í kosningabaráttu á sér stað ákveðið endurmat og jafnvel uppstokkun. En kosningar geta leitt til nýs upphafs eða tækifæris til að halda áfram sömu góðu siglingunni og bæta jafnvel aðeins í seglin. Stjórnin flaggar því sem vel hefur verið gert og uppbyggileg gagnrýni andstöðunnar er nauðsynleg til að halda öllum á tánum. Kosningaherferðir taka því ekki síst stöðuna á meinum og mætti bæjarfélagsins, fá fólk til skoða ástandið og finna leiðir til að bæta þau mein sem herja á. Að mörgu leyti má því að segja að kosningabarátta stjórnmálaflokkanna sé ákveðin „líkamsskoðun“ samfélagsins, ekki satt?

**Þú ert bæjarstjórinn!**

Á sama hátt og það er gott fyrir bæjarfélagið að taka stöðuna, fjalla um það sem vel hefur verið gert og gera betur í ýmsum þáttum, þurfum við að gera það sama fyrir heilsu okkar og fjölskylduna. Einkenni kosningabaráttu með öllum sínum krafti, endurmati og orku er hugarfarið sem þarf til að kjósa þá heilsu sem við viljum. Stundum finnst mér eins og sumir haldi að aðrir stjórni heilsu þeirra. Ganga jafnvel alla leið og kenna öðrum um þegar í óefni er komið. En heilsa þín er að stórum hluta afsprengi þinna stjórnarhátta, þar sem þú ert bæjarstjórinn Bastían. Góðir bæjarstjórar starfa ekki í fílabeinsturni og vona að allt sé í lagi, heldur taka stöðuna reglulega, horfast í augu við raunveruleikann og vilja gera betur. Ég mæli því með að við hefjum okkar eigin kosningabaráttu sem stendur fyrir daglegri hreyfingu að eigin vali, næringarríkri og fjölbreyttri fæðu, reyklausu umhverfi, fleiri góðum samverustundum með vinum og fjölskyldu og síðast en ekki síst náttúrutengingu sem virkar sem vítamínsprauta fyrir andlega heilsu okkar. Kannski myndu einhverjir telja þessa framboðsræðu mína vera mynd af einhverri útópíu, en ég hef fundið fyrir miklum meðbyr með þessari stefnu eins og sannur stjórnmálamaður og vil trúa á meirihlutafylgi.

Leiðum hugann að því hverjum við treystum best til að stjórna heilsu okkar og vellíðan. Eini einstaklingurinn sem við getum treyst fyrir þessum málaflokki erum við sjálf. Hér er það aðeins þú sem getur komið til framkvæmda og unnið að flottum og hraustum einstaklingi sem endast lengur og betur. Við viljum alltaf eitthvað meira og betra svo mitt kosningaslagorð yrði: „Heilbrigður lífsstíll og þú færð meira.“

*Kær kveðja,*
*Borghildur*


allt
auglýsingasími
550 5880

rannsókn }



Margir eiga um sárt að binda eftir útskrift af sjúkrahúsi. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

## Sjálfsvíg á sjúkrahúsum

10 PRÓSENT ÞEIRRA SEM FREMJA SJÁLFSVÍG Í DANMÖRKU GERA ÞAÐ Í TENGSLUM VIÐ INNLÖGN Á SJÚKRAHÚS.

Heilbrigðisyfirvöld í Danmörku hafa nýlega gert rannsókn á aðdraganda og ástæðum sjálfsvíga þar í landi. Þá kom í ljós að af þeim 700 sjálfsvígum sem framin eru árlega eiga 10 prósent þeirra sér stað innan sjúkrahúsa eða rétt eftir heimkomu af sjúkrahúsi. Flestir innan þessa hóps voru lagðir inn vegna andlegra veikinda og inn á geðdeild.

Heilbrigðisstarfsmenn og yfirstjórnir sjúkrahúsa hafa sent frá sér ályktanir og ábendingar til þess að minnka möguleika sjúklinga til sjálfsvíga. Þar kemur helst fram að mikilvægt sé að innrétta og hanna sjúkrastofur og aðrar vistaverur með það í huga að sjúklingar geti ekki nýtt sér húsbúnað eða innréttingar til aðstoðar við sjálfsvíg. Til dæmis mega húsgögn ekki vera of þung og ekki ætti að nota plastpoka, til dæmis í ruslafötur. Einnig þarf að passa upp á gluggalæsingar og útgönguleiðir á svalir.

Það er erfiðara að takast á við þau sjálfsvíg sem framin eru eftir heimkomu þar sem eftirlitið er minna og erfitt er að hafa áhrif á heimilisaðstæður. Aftur á móti telja dönsk yfirvöld nauðsynlegt að skoða þau mál nánar og búa til ákveðið kerfi sem hjálpar sjúklingum að takast á við veruleikann eftir að heim er komið. Heimildir fengnar af www.sundhed.dk.



Á nýrri heimasíðu fyrir sykursjúka og aðstandendur þeirra má finna fróðleik um sjúkdóminn og stuðning. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

## Sykursjukir.is

*Opnuð hefur verið ný heimasíða ætluð sykursjúkum og aðstandendum þeirra.*

Heimasíðunni www.sykursjukir.is var hleypt af stokkunum nú fyrir skömmu. Með opnun síðunnar vonast aðstandendur til að vettvangur skapist fyrir sykursjúka og aðstandendur þeirra til að ræða um sjúkdóminn sín á milli og ná betri árangri í meðferð hans.

Á síðunni gefst sykursjúkum kostur á að fá aðstoð og ráðleggingar frá öðrum sykursjúkum, eins er hægt að greina frá reynslu sinni svo hún geti komið öðrum að gagni. Birtar verða greinar úr blöðum eftir lækna og sérfræðinga ásamt því að haldið verður úti spjallsvæði á síðunni.

Vonast er til að með síðunni skapist rödd sem standi vörð um hagsmuni sykursjúkra og aðstandenda þeirra. - jóa

# Koma má í veg fyrir flugþreytu

***Það má vel koma í veg fyrir flugþreytu sem kostar marga bæði tíma og peninga að ná sér af. Engin töfralausn er í boði en með réttum aðferðum má koma í veg fyrir alvarlegustu einkenni flugþreytu.***

Flugþreyta er vandamál sem setur strik í reikninginn hjá mörgum. Það er alþekkt að athafna- og íþróttamenn kenna flugþreytu um slaka frammistöðu í vellinum eða í viðskiptum. Flugþreyta hefur bæði andleg og líkamleg áhrif á fólk. Dæmi um líkamleg einkenni geta verið bólgnir fætur, niðurgangur, hósti, verkur í eyrum, ógleði og stundum jafnvel minnisleysi.

Flugþreyta orsakast meðal annars af skorti á góðu lofti og raka. Það hjálpar heldur ekki til að plássið um borð í flugvélum er oft mjög lítið og að ferðast á milli tímabelta í slíkum rýmum getur valdið óþægindum. Það er hægt að sporna við flugþreytu með ýmsum hætti en þó er engin töfralausn í boði. Það er mjög mikilvægt að huga vel að mataræðinu, afþreyingu og þægilegum klæðnaði ásamt því að standa reglulega upp og teygja úr sér.

Þá skiptir það miklu máli að stilla klukkuna strax á það tímasvæði sem maður er á og borða og sofa á sama tíma og fólkið í kringum mann. Hugleiðsla hefur einnig gífurlega góð áhrif á líkamann því aukin matarlyst, sætindaþrá, líkamshitastig og fleira eru allt líkamleg einkenni sem hægt er að hafa stjórn á.

Þurfi maður að millilenda er mikilvægt að fara og anda að sér fersku lofti utandyra á meðan beðið er eftir næsta flugi. - vör



Það gefst ekki öllum kostur á að upplifa svona lúxus í flugi.





**Sólstöðuhátíð víkinga í Hafnarfirði 16.-25. júní 2006**

Föstudaginn 16. júní kl.17.00 hefst víkingahátíð við Fjörukrána í Hafnarfirði. Bardagamenn og bogaskyttur, glímumenn og útskurðarmenn, steinhöggvarar og járnsmiðir, sögumenn og seiðkonur, tónlistarmenn og galdramenn. Sænski sögumaðurinn Jerker Fahlström rifjar upp ævintýri Ása og hinna fornu goða er hann segir okkur frá Ásaþór, Loka og þeim félögum. Jerker er orðinn fastur liður og segir sögur sínar á íslensku.

Rimmugýgur, hafnfirski bardaga- og handverkshópurinn sér um bardagana ásamt Jómsvíkingunum alþjóðlegum hópi úrvalsvíkinga. Annar íslenskur víkingahópur, Hringhorni frá Akranesi sýnir leiki fornmanna.

Fjöldi handverksmanna, íslenskra sem erlendra verða á markaðnum.

Norska víkingahljómsveitin Skvaldr og hin dansk-íslenska Kráka munu skemmta gestum alla dagana.

Dansleikir öll kvöld, Hollenska raggea hljómsveitin Five-4-vibes og hljómsveit Hilmars Sverrissonar.

Opið verður alla daga frá 16. til 18. júní og aftur 23. til 25. júní. Kynnir hátíðarinnar er Steinn Ármann Magnússon.

**ATH: Dagskrá Sólstöðuhátíðarinnar er á heimasíðunni: fjorukrain.is**

**Fjörukráin þakkar eftirtöldum aðilum fyrir stuðninginn:**

MATRÁÐ ehf. · Hertz Car Rental · Rý – Þekking · Úrval · Þjónusta · Mest – allt til bygginga · Ferðamálaráð Íslands · Icelandair · Prentsmiðja Hafnarfjarðar ehf · Atlantic Airways · Reykjavik Excursions · Hreyfill Bæjarleiðir 5 88 55 22 · Kjörís · Virðing Réttlæti VR · Hafnarfjörður · Ís Hestar · Rafkaup · Kjötsmiðjan Kjötvinnsla · Baðheimar · Chiquita · Fjarðarpósturinn www.fjardarposturinn.is · Húsasmiðjan Hafnarfirði · Fura ehf Málmendurvinnsla Markhella 4 · Hafnarfjörður Suðurbæjarlaug · Íslendingar borða SS pylsur · Gámakó 564 4544 · Garri · Hafnarfjarðarhöfn · Víking · Víkur Fréttir · Kökumeistarinn · Merrild · Landsbankinn · FK Fjarðarkaup Ferð til fjár! · Stafræna Prentsmiðjan · Fálkinn

FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000

Reykjavíkurborg
Skipulags- og byggingarsvið

# Auglýsing um breytingu á deiliskipulagsáætlum í Reykjavík.

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, eru hér með auglýstar tillögur að breytingum á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

**Mörkin 8**
Tillaga að breytingu á deiliskipulagi á lóðinni nr. 8 við Mörkina.
Í tillögunni er m.a. gert ráð fyrir að stærð lóðar eftir breytingu verði 4100 fermetrar, nýtingarhlutfall verði um 1200 fermetrar og stækkun á eldra húsi verði um 50 fermetrar. Gert er ráð fyrir 15-18 nýjum bílastæðum og að nýbyggingin (stækkunin) verði 3. hæðir. Einnig að þakkantar, svalir, skábrautir og tæknistokkar geti farið út fyrir byggingarreit.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

**Hálsahverfi**
Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Hálsahverfis, sem afmarkast af Vesturlandsvegi að norðan og Grjóthálsi og Hesthálsi að Sunnan.
Í tillögunni er m.a. gert ráð fyrir því að afmarka tvær lóðir við Grjótháls og Hestháls. Heimilt verði að skipta hvorri lóð upp í allt að þrjár lóðir. Sé það gert, skal lámarksbil milli byggingarreita vera 6 m. Hámarksnýtingarhlutfall lóða verður 0.15 og á lóðunum eru leyfðar einnar hæða byggingar með kjallara undir hluta byggingar allt að 6. m yfir gólfkóta.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar liggja frammi í upplýsingaskála skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar í Borgartúni 3, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, frá 15. júní til og með 27. júlí 2006. Einnig má sjá tillögurnar á heimasíðu sviðsins, ***www.skipbygg.is.*** Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega eða á netfangið ***skipulag@rvk.*** is, til skipulags- og byggingarsviðs (merkt skipulagsfulltrúa) eigi síðar en 27. júlí 2006. Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillögurnar.

Reykjavík, 15. júní 2006
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

BORGARTÚN 3 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 3000 - MYNDSENDIR 411 3090

Sveitarfélagið ÁRBORG

# Hestur í óskilum í Sveitarfélaginu Árborg

**Í óskilum er dökkjarpur hestur, 5-6 vetra, ómarkaður og ótaminn.**

Hesturinn kom fram við smölun í Kaldaðarnesi í júní byrjun. Hafi réttir eigandi ekki vitjað hestsins og sannað eignarrétt sinn á honum innan þriggja vikna frá birtingu auglýsingar þessarar, verður óskað eftir uppboði á honum hjá sýslumannsembættinu.
Allar nánari upplýsingar hjá starfsmanni landbúnaðarnefndar Árborgar í símum 480 – 1500 eða 861 – 8654.

**Landbúnaðarnefnd Árborgar.**

# BM Vallá ehf

óskar eftir starfsmönnum í eftirtalin störf í Garðabæ:

**Flokkstjóra í einingaverksmiðju, helst smið eða múrara (þó ekki skilyrði).**
**Verkamenn í einingaverksmiðju.**
**Uppl. gefur Kjarta í síma 860 5020**

**Flokksstjóra í múrblönduverksmiðju.**
**Verkamenn í múrblönduverksmiðju.**
**Uppl. gefur Óli 860 5077**

BM·VALLÁ
**Bíldshöfða 7**

NÝSKÖPUNARSJÓÐUR ATVINNULÍFSINS

# Framkvæmdastjóri

STARF FRAMKVÆMDASTJÓRA NÝSKÖPUNARSJÓÐS ATVINNULÍFSINS ER LAUST TIL UMSÓKNAR

**Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins er áhættufjárfestir sem tekur virkan þátt í þróun og vexti atvinnulífsins með því að fjárfesta í vænlegum nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum. Sjóðurinn starfar samkvæmt lögum nr. 61/1997. Sjá nánar á vefsetri: www.nsa.is**

**Meðal æskilegra kosta eru:**

- Víðtæk stjórnunarreynsla úr fyrirtæki og þekking á íslensku atvinnulífi og rekstrarumhverfi
- Reynsla af samningagerð og fjárfestingarverkefnum
- Lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum
- Háskólamenntun
- Málakunnátta

Umsóknarfrestur um starfið er til 29. júní n.k. og umsóknir skulu berast skrifstofu Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins, Borgartúni 35, 105 Reykjavík, merktar stjórnarformanni sjóðsins, Jóni Steindóri Valdimarssyni, sem jafnframt veitir nánari upplýsingar.

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

NÝSKÖPUNARSJÓÐUR

ATVINNA

EYKT
ÞEKKINGARFYRIRTÆKI Í BYGGINGARIÐNAÐI

# Sendibílstjóri

**Vantar bílstjóra meirapróf æskilegt, næg vinna fyrir góða menn**

Upplýsingar veitir Pétur Einars í síma 822-4437 eða arinbjorn@eykt.is

allt atvinna
Alla sunnudaga

# LEIKSKÓLAR stúdenta

**Félagsstofnun stúdenta á og rekur þrjá leikskóla fyrir börn stúdenta við Háskóla Íslands (frá og með 1. september 2006).**

**Leikskólar stúdenta eru:**
**Leikgarður** við Eggertsgötu. Fyrir börn frá sex mánaða aldri.
**Sólgarður** við Eggertsgötu. Fyrir börn á aldrinum sex mánaða til tveggja ára.
**Mánagarður** við Eggertsgötu. Fyrir börn á aldrinum eins til sex ára.

## Leikskólakennarar með leiðtogahæfileika

Viltu vinna í skapandi umhverfi í stærsta stúdentaþorpi á landinu? Við leggjum áherslu á gott starfsumhverfi, góðan starfsanda og vellíðan starfsmanna. Við leitum að leikskólastjóra til að stýra leikskólanum Leikgarði. Leikgarður er 3ja deilda fyrir börn frá 6 mánaða aldri. Við leitum að sjálfstæðum einstaklingi með frumkvæði, sem býr yfir hæfni í mannlegum samskiptum og hefur umfram allt jákvæð viðhorf til lífsins.

Umsóknir skal senda til Stúdentamiðlunar, Stúdentaheimilinu v/Hringbraut, 101 Reykjavík eða í tölvupósti til rosa@fs.is. Nánari upplýsingar veitir Rósa G. Þórsdóttir í síma 5 700 888. **Umsóknarfrestur er til 20. júní.**

**Félagsstofnun stúdenta** er sjálfseignarstofnun með sjálfstæða fjárhagsábyrgð. Að henni standa stúdentar innan Háskóla Íslands, HÍ og menntamálaráðuneytið. Auk Leikskóla stúdenta rekur FS Bóksölu stúdenta, Stúdentagarða, Kaffistofur stúdenta og Stúdentamiðlun. Starfsfólk FS er um 100 talsins.

**Viðskiptahúsið**

Jón Sigfús Sigurjónsson
Hdl. & Löggiltur FFS.
Gsm: 893 3003
jon@vidskiptahusid.is



Jóhann Ólafsson
Löggiltur FFS.
gsm: 863 6323
johann@vidskiptahusid.is



# Til leigu eða sölu
## í Vallahverfi í Hafnarfirði



Stórglæsilegt skrifstofu- og verslunarhúsnæði á fjórum hæðum, grunnflötur 1369 $m^2$, en stærð alls um 6176 $m^2$.

Sérstök og skemmtilega hönnuð bygging, stálgrind, steypa og gler.

Afhendist fullbúin innan árs.

Lóð umhverfis húsið verður í meginatriðum auk bílastæða með náttúrulegum hraunbrúnum innan við lóðamörk og bílastæði. Milli hússins og hraunjaðars verður grunn tjörn.

Skúlagata 17 • 101 Reykjavík • sími: 566 8800 • e-mail: vidskiptahusid@vidskiptahusid.is • www.vidskiptahusid.is





Lóa
Sölufulltrúi
**698 8733**
loa@remax.is

**RE/MAX**

Sigurður
Guðmundsson hdl.
lögg. fasteignasali



### Hér þarf bara að flytja inn!



**Opið hús í dag kl: 17:30 - 18:00**

**Rjúpnasalir 12**
Verð: 26,9 Stærð: 111 fm
Sérlega góð íbúð á 5. hæð í viðhaldslitlu lyftuhúsi. Bílgeymsla. Tvö rúmgóð svefnherbergi. Þvottahús í íbúð. Parket og flísar á gólfi. Stórar suðursvalir með útsýni til suðurs og vesturs.

### Góð íbúð á hagstæðu verði



**Opið hús í dag kl: 18:30 - 19:00**

**Rjúpufell 44**
Verð: 16,9 Stærð: 109 fm
Góð íbúð á 2. hæð í viðhaldlitlu fjölbýli. Þrjú rúmgóð svefnherbergi. Þvottahús inni íbúð. Yfirbyggðar svalir. Geymsla í sameign.

### Einbýli á einni hæð með bílskúr



**Bjarkarás 8 - Garðabær**
Verð: tilboð Stærð: 168 fm Bygg.ár : 1999
Vel skipulagt einbýli á góðum stað. Þrjú rúmgóð svefnherbergi. Þvottahús. Fallegt eldhús með útgengi út á verönd. Innangengt úr bílskúr inn í hús.

### Einbýlishús á einni hæð með bílskúr



**Langabrekka 39 - Kópavogur**
Verð: tilboð Stærð: 115 fm Bílskúr :38.5 fm
Mikið endurnýjað einbýlishús með fallegum garði. Tvö rúmgóð svefnherbergi. Þvottahús. Bílskúr með vinnuaðstöðu. Fallegur bakgarður með verönd og gróðurhúsi. Laust fljótlega.

**ÞJÓNUSTUSÍMI: 698-8733**
Allar RE/MAX fasteignasölur eru sjálfstætt reknar og í einkaeign

RE/MAX BÚI
Stórhöfða 17 - 110 Reykjavík
Sími: 520 9400 - t-póstur: bui@bui.is
www.bui.is

RE/MAX Búi

# AUGLÝSING
# UM SKIPULAGSMÁL Í UPPSVEITUM ÁRNESSÝSLU

## Bláskógabyggð, Grímsnes-og Grafningshreppi, Hrunnamannahreppi og Skeiða-og Gnúpverjahreppi.

Samkvæmt 1.mgr 21.gr. skipulags-og byggingarlaga nr. 73 1997 er hér með auglýst eftir athugasemdum við eftirfarandi aðalskipulagsbreytingar:

**1 Laugarvatn í Laugardal, Bláskógabyggð**
Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Laugardalshrepps 2000-2012 innan þéttbýlismarka Laugarvatns. Í breytingunni felst að afmörkuð eru þrjú ný íbúðarsvæði sem samanlagt eru 27,3 ha að stærð og gera má ráð fyrir að reisa megi á bilinu 150-220 íbúðir. Svæðin eru:

- 12,5 ha svæði (syðsti reitur) staðsett sunnan íbúðarbyggðar við Vesturtún og nær að Litluá í suðri og þjóðvegi nr. 37 í vestri.
- 3,3 ha svæði (miðju reitur) sem afmarkast af Gjábakkavegi í norðri, Laugardalsvegi í austri og athafnasvæði í vestri.
- 11,5 ha svæði (nyrsti reitur) upp í hlíðinni ofan við gatnamót Gjábakkavegar og Dalbrautar/þjóðvegar nr. 37.

Með nýjum íbúðarsvæðum er verið að tryggja að nægjanlegt framboð íbúðarlóða verði til staðar á Laugarvatni og stuðla þannig að þróun bæjarins.

**2 Hraunkot í Grímsnesi, Grímsnes- og Grafningshreppi**
Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshreps 2002-2004 í landi Hraunkots. Í breytingunni felst að um 40 ha svæði í landi Hraunkots breytist úr svæði fyrir frístundabyggð í landbúnaðarsvæði auk þess sem þar er skilgreint vatnsverndarsvæði vegna fyrirhugaðrar vatnstöku úr vatnsbóli syðst á svæðinu.

**3 Kílhraun á Skeiðum, Skeiða- og Gnúpverjahreppi.**
Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016 í landi Kílhraun, umhverfis Áshildarmýri. Í breytingunni felst að um 100 ha svæði í landi Kílhrauns sem afmarkast af sveitarfélagamörkum við Hraungerðishrepp og Villingaholtshrepp, þjóðveg nr. 30 og Árhraunsvegi verður svæði fyrir frístundabyggð í stað landbúnaðarsvæðis. Innan svæðisins er svokölluð Áshildarmýri og er gert ráð fyrir að frístundabyggðin verði staðsett á hrauni umhverfis hana. Gert er ráð fyrir um 90 frístundahúsalóðum á svæðinu.

Samkvæmt 1.mgr. 25.gr. skipulags-og byggingarlaga nr. 73 1997 er hér með auglýst eftir athugasemdum við eftirfarandi deiliskipulagstillögur:

**4 Austurhlíð í Biskupstungum, Bláskógabyggð. Skotalda, frístundabyggð.**
Tillaga að deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Austurhlíðar sem kallast Skotalda. Í tillögunni felst að gert er ráð fyrir 4 frístundahúsalóðum sem allar eru rúmleg 0,45 ha að stærð á svæði rétt norðvestan við bæjartorfu Austurhlíðar. Gert er ráð fyrir að á hverri lóð verði heimilt að reisa allt að 150 $m^2$ frístundahús og allt að 30 $m^2$ gestahús.

**5 Bergsstaðir í Biskupstungum, Bláskógabyggð. Frístundalóð með landnúmer 167205.**
Tillaga að deiliskipulagi frístundahúsalóðar í landi Bergsstaða, á svæði með landnúmer 167205 sem liggur norðan við heimreið að Bergstöðum. Í tillögunni felst að gert er ráð fyrir 1,8 ha frístundahúsalóð þar sem heimilt verður að reisa allt að 150 $m^2$ frístundahús og allt að 20-25 $m^2$ aukahús.

**6 Bergsstaðir í Biskupstungum, Bláskógabyggð. Frístundalóð með landnúmer 189401.**
Tillaga að deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Bergsstaða, á svæði með landnúmer 189401 og liggur norður af túni gamla bæjarins á Bergstöðum. Í tillögunni er gert ráð fyrir einni 3 ha lóð með byggingarreit fyrir eitt frístundahús allt að 150 $m^2$ og aukahús allt að 20-25 $m^2$.

**7 Brú í Biskupstungum, Bláskógabyggð. Frístundabyggð.**
Tillaga að deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Brúar í Biskupstungum. Í tillögunni felst að á 36,7 ha svæði norðan Biskupstungnabrautar, rétt austan Tungufljóts og vestan bæjartorfu á Brú er gert ráð fyrir 30 frístundahúsalóðum. Lóðirnar eru á bilinu 5.644 – 15.086 $m^2$ að stærð og verður heimilt að reisa allt að 150 $m^2$ frístundahús og allt að 25 $m^2$ aukahús. Gert er ráð fyrir rotþró á hverri lóð en þær skuli staðsettar þannig að mögulegt verði að tengja þær síðar við sameiginlega rotþró. Gert er ráð fyir tveimur svæðum fyrir sameiginlega siturlögn.

**8 Dalsmynni í Biskupstungum, Bláskógabyggð. Deiliskipulag lögbýlis.**
Tillaga að deiliskipulagi lögbýlis á um 15 ha spildu úr landi Dalsmynnis í Biskupstungum, sunnan þjóðvegar og á móts við bæjartorfu Dalsmynnis. Tillagan gerir ráð fyrir tveimur byggingarreitum þar sem heimilt verður að reisa allt að 400 $m^2$ íbúðarhús, allt að 100 $m^2$ bílskúr, allt að 200 $m^2$ geymsluhús og allt að 200 $m^2$ hesthús.

**9 Miðhús í Biskupstungum, Bláskógabyggð. Frístundabyggð.**
Tillaga að deiliskipulagi frístundabyggðar á 14 ha spildu í landi Miðhúsa.
Í tillögunni er gert ráð fyrir 4 lóðum, einni 7 ha með tveimur byggingarreitum og þremur 2,3 ha lóðum með einum byggingarreit hver. Heimilt verður að reisa allt að 150 fm frístundahús innan byggingarreitar auk allt að 35 fm gestahús. Með samþykkt deiliskipulagsins fellur úr gildi deiliskipulag fyrir svæðið frá 1998 m.s.br.

**10 Syðri-Reykir í Biskupstungum, Bláskógabyggð, Frístundabyggð.**
Tillaga að deiliskipulagi frístundabyggðarinnar í landi Syðri-Reykja sem kallast Lambhagi. Í tillögunni er gert ráð fyrir 48 frístundahúsalóðum á um 48 ha svæði austan þjóðvegar nr. 55, ofan við frístundahúsahverfi sem kallast Arnarhóll og að ánni Fullsæll. Aðkoma er um núverandi vegi frá þjóðveginum. Lóðirnar eru á bilinu 3.600 – 9.000 $m^2$ að stærð og verður heimilt að reisa allt að 200 $m^2$ frístundahús og allt að 25 $m^2$ aukahús.
Gert er ráð fyrir að deiliskipulag frá 13. september 1994 falli úr gildi við samþykkt þessa skipulags. Helstu breytingar frá gildandi deiliskipulagi eru þær að þrjár lóðir bætast við Lambhaga auk þess sem nú er gert ráð fyrir 8 frístundahúsalóðum syðst á svæðinu þar sem áður var gert ráð fyrir þéttri orlofshúsabyggð á sameiginlegri lóð.

**11 Grafarbakki II í Hrunamannahreppi. Frístundabyggð.**
Tillaga að deiliskipulagi frístundabyggðar sem kallast Laufskálabyggð í landi Grafarbakka 2. Í tillögunni felst að gert er ráð fyrir 12 frístundahúsalóðum á svæði sem er rétt tæplega 8 ha, það af eru 8 lóðir um 0,42 ha og 4 um 0,62 ha. Heimilt verður að reisa allt að 100 $m^2$ frístundahús og allt að 20 $m^2$ aukahús. Gert er ráð fyrir sameiginlegri rotþró fyrir lóðir 1-6 og fyrir lóðir 7-12. Aðkoma að svæðinu er frá Hrunavegi. Tillagan er í samræmi við áður auglýsta tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2003-2015.

**12 Reykjadalur í Hrunamannahreppi. Hólaþýfi, frístundabyggð.**
Tillaga að deiliskipulagi frístundabyggðarinnar Hólaþýfi í landi Reykjadals. Tillagan nær yfir um 12 ha svæði meðfram Laugalæk og er gert ráð fyrir 14 lóðum á bilinu 0,5-0,7 ha að stærð þar sem heimilt verður að reisa allt að 120 $m^2$ frístundahús og 20 $m^2$ aukahús.

**13 Syðra-Langholt í Hrunamannahreppi. Frístundabyggð**
Tillaga að deiliskipulagi frístundabyggðar vestan við gatnamót Auðholtsvegar og Langholtsvegar. Svæðið er um 25 ha að stærð og gerir tillagan ráð fyrir 10 frístundalóðum auk byggingarreita fyrir gestahús og hesthús. Tillagan er í samræmi við áður auglýsta breytingu á Aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2003-2015.

**14 Kílhraun á Skeiðum, Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Frístundabyggð.**
Tillaga að deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Kílhrauns á Skeiðum á svæði umhverfis Áshildarmýri. Skipulagssvæðið er um 100 ha að stærð og afmarkast af sveitarfélagamörkum við Hraungerðishrepp og Villingaholtshrepp, þjóðvegi nr. 30 og Árhraunsvegi. Gert er ráð fyrir 88 lóðum fyrir frístundahús á bilinu 5.500 $m^2$-11.600 $m^2$ þar sem heimilt verður að reisa allt að 200 $m^2$ frístundahús auk aukahúss allt að 25 $m^2$. Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016 er auglýst samhliða.

**15 Skeiðháholt á Skeiðum, Skeiða- og Gnúpverjahreppi.**
Frístundabyggð. Tillaga að deiliskipulagi frístundabyggðarlandi Skeiðháholts 2 á Skeiðum. Í tillögunni felst að gert er ráð fyrir þremur frístundahúsalóðum í landi Skeiðháholts 2 á svæði sem er staðsett neðar vegar, mitt á milli Skeiðháholts og Blesastaða. Lóðirnar eru um 0,95 ha að stærð og verður heimilt að reisa þar allt að 200 $m^2$ frístundahús, allt að 30 $m^2$ gestahús, gróðurhús og áhaldageymslu.

Samkvæmt 1.mgr. 26.gr. skipulags-og byggingarlaga nr. 73 1997 er hér með auglýst eftir athugasemdum við eftirfarandi deiliskipulagsbreytingar:

**16 Efri-Reykir í Biskupstungum, Bláskógabyggð. Frístundabyggð.**
Tillaga að breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Efri Reykja.
Í tillögunni er gert ráð fyrir að einni frístundalóð verði bætt við auk þess sem verið er að staðfesta lóðamörk með hnitsetningu sem felur í sér breytta afmörkun lóða. Allar lóðir innan skipulagssvæðisins eru í eigu Efri – Reykja en skipulagið hefur áhrif á tvær aðliggjandi lóðir með þeim hætti að lóðamörk þeirra hafa verið hnitsettar.

**17 Efra-Sel í Hrunamannahreppi, frístundabyggðin Svanabyggð.**
Tillaga að breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Efra-Sels, Svanabyggð. Í tillögunni felst að gert er ráð fyrir nýrri 2.759 $m^2$ frístundahúsalóð sem kemur í beinu framhaldi af núverandi frístundabyggði. Heimilt verði að reisa allt að 90 $m^2$ frístundahús með 5 m mænishæð frá jörðu.

Skipulagstillögurnar liggja frammi á skrifstofu viðkomandi sveitarfélags og hjá embætti skipulagsfulltrúa uppsveita Árnessýslu, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma frá 15. júní apríl til 13. júlí 2006. Athugasemdum við skipulagstillöguna skulu berast til skipulagsfulltrúa uppsveita Árnessýslu í síðasta lagi 27. júlí 2006 og skulu þær vera skriflegar. Hver sá sem ekki gerir athugasemdir við tillöguna innan tilskilins frests, telst vera samþykkur henni.

Pétur Ingi Haraldsson
Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu

## VISSIR ÞÚ...

...að fyrstur til að ferðast þvert yfir Ameríku var Alexander MacKenzie?

...að hann fæddist árið 1764 í Stornoway í Skotlandi?

...að 10 ára gamall flutti hann til New York með fjölskyldu sinni?

...að tveimur árum síðar flutti fjölskyldan til Montreal vegna frelsisstríðs Bandaríkjanna?

...að hann hóf störf hjá The North West Company 24 ára gamall?

...að 10. júlí árið 1789 lagði hann af stað í leiðangur eftir MacKenzie-fljóti í von um að finna leið til Kyrrahafsins?

...það mistókst og í stað þess endaði hann við Norður-Íshafið?

...að árið 1792 gerði hann aðra tilraun og árið 1793 tókst honum ætlunaverk sitt?

...að með því varð hann fyrstur Evrópubúa til að komast frá austurströnd Ameríku að vesturströndinni og til baka aftur norðan Mexíkó?

...að hann komst að Bella Coola í Bresku-Kólumbíu sem stendur við fjörð?

...að hann sá aldrei sjálft Kyrrahafið því hann var stöðvaður af innfæddum sem höfðu slæma reynslu af Evrópubúum?

# UPPÁHALDSSTAÐURINN

## *Æskuslóðirnar í uppáhaldi*

„Þingholtin eru í mestu uppáhaldi hjá mér,“ segir Maríanna Clara Lúthersdóttir leikkona en hún hefur alla sína ævi búið í Þingholtunum. „Mér finnst yndislegt að vera í Þingholtunum og þar á ég heima, þar eru mínar æskuslóðir og þær eru held ég alltaf svolítið rómantískar í hugum fólks.“

Maríanna á sér samt fleiri uppáhaldsstaði á Íslandi. „Snæfellsnesið er til dæmis í miklu uppáhaldi hjá mér en þangað hef ég farið í dásamlegar útilegur og margir staðir á Íslandi eru paradís á jörðu í góðu veðri.“

Maríanna á sér líka uppáhaldsstað erlendis. „Charing Cross Road í London er uppáhaldsstaðurinn minn erlendis því þar eru bestu bókabúðir í heimi,“ segir hún.



MARÍANNA CLARA LÚTHERSDÓTTIR

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


Fréttablaðið er smáauglýsingablaðið

PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ




herrasandalar

camel active

REALITY WEAR

NÝ SENDING




dömusandalar

xena

MJÓDDINNI S: 557 1291

GLÆSIBÆ S: 553 7060

BORGARNESI S: 437 1240



COSMO
Verð nú 17.500 kr.
áður 35.000 kr.

PEGASUS
Verð nú 34.300 kr.
áður 49.000 kr.

TRENTO
Verð nú 17.500 kr.
áður 35.000 kr.

LUCA
Verð nú 17.500 kr.
áður 28.500 kr.

NÝTT!
PORTOBELLO
Verð nú 17.500 kr.
áður 28.500 kr.

FABRIKAN

MÁ BJÓÐA ÞÉR SÆTI?

JÚNÍTILBOÐ Á STÖKUM HÆGINDASTÓLUM

TEKK COMPANY

OPIÐ VIRKA DAGA KL. 10-18 OG LAUGARDAGA KL. 10-16

BÆJARLIND 14-16 | 201 KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS

# Gífurleg skerðing á ellilífeyri

UMRÆÐAN



BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON
VIÐSKIPTAFRÆÐINGUR

Fjármálaráðuneytið birti nýlega tölur um hve mikið ellilífeyrir hefði hækkað frá 1996 í samanburði við hækkun neysluverðlags. Segir ráðuneytið, að ellilaun hafi hækkað um 80% á tímabilinu miðað við 41% hækkun neysluverðlags. Hér er beitt blekkingum. Átt er við rúmlega 300 ellilífeyrisþega, sem eru á „strípuðum" bótum. Aðrir hafa fengið mjög litla hækkun eða aðeins 18%. Þetta segir þó aðeins hálfa sögu, þar eð lágmarkskaup verkafólks hefur hækkað meira en neysluverðlag og því var lofað, þegar hætt var að láta ellilífeyri hækka sjálfvirkt í samræmi við hækkun lágmarkslauna, að sú breyting mundi ekki skerða kjör ellilífeyrisþega. Það loforð var svikið.

Samkvæmt staðtölum Tryggingastofnunar ríkisins 2004 nam lífeyrir aldraðra, grunnlífeyrir, tekjutrygging og eingreiðsla 61,6% af lágmarkslaunum verkafólks það ár en 1988 nam sami lífeyrir aldraðra 79,3 % af lágmarkslaunum. Lífeyrir aldraðra sem hlutfall af lágmarkslaunum hefur á þessu tímabili lækkað um 17,7 prósentustig.

Árið 1995 nam ellilífeyrir 74,8% af lágmarkslaunum. Það er alveg sama hvort miðað er við 1988 eða 1995; það hefur orðið gífurleg skerðing á lífeyri aldraðra miðað við kjör verkafólks á lágmarkslaunum. Þessar tölur tala sínu máli. Tölur fjármálaráðuneytis breyta þar engu um. Ellilífeyrir hefur ekki fylgt breytingum á lágmarkslaunum eins og lofað var 1995 af stjórnvöldum.

*Það kom skýrt fram í Silfri Egils að Framsókn vill ekki setja strangari lög um samkeppnismál en þegar hafa verið sett. Framsókn vill heldur ekki strangari lög um eignarhald á fjölmiðlum en sátt náðist um milli allra flokka í fjölmiðlanefndinni.*

Auk þess bætist það við, að skattar á lægstu laun hafa hækkað á þessu tímabili.Áður greiddu ellilífeyrisþegar engan skatt af tekjum sínum en í dag verða þeir að greiða háa skatta. Skattbyrði þeirra,sem hafa lægstu tekjurnar hefur aukist um 9,2-15,3 prósentustig á tímabilinu 1994-2004. Á sama tímabili hefur skattbyrði þeirra, sem hafa meðaltekjur aukist um 3,2-7,2 prósentustig og þeirra, sem hafa hæstu tekjur um 1,9-3,3 prósentustig. Af þessu er ljóst, að ríkisstjórnin hefur verið að þyngja skattana á láglaunafólki og eldri borgurum, sem hafa einungis ellilaun og lítinn lífeyri.

Kaupmáttur ráðstöfunartekna hefur breyst sem hér segir á tímabilinu 1990-2005: Hámarkslífeyrir eldri borgara (kaupmáttur ráðstöfunartekna) hefur aukist um 18% en kaupmáttur allra í landinu hefur aukist um 50,6%. Eða með öðrum orðum: Á sama tíma og kaupmáttur almennings hefur aukist um rúm 50% hafa eldri borgarar verið skildir eftir og þeir hafa aðeins fengið þriðjung þeirrar kaupmáttaraukningar sem almenningur hefur fengið!

Mörg ríki veita eldri borgurum skattafslátt með sérstökum skattleysismörkum fyrir ellilífeyrisþega.Þessi ríki verðlauna eldri borgara.Hér er þeim refsað.

Lífeyrissjóðirnir voru stofnaðir til þess að bæta kjör íslenskra launamanna. Þeir áttu að veita lífeyrisþegum myndarlega viðbót við lífeyri frá almannatryggingum.

En reynslan hefur orðið sú, að ríkið hrifsar til sín meirihlutann af því, sem lífeyrisþegar eiga að fá eða 70%,sem ríkið tekur í skatta og skerðingar. Er ekki kominn tíma til að leiðrétta ranglætið?

# Líffæranám í gróðaskyni - íslensk stjórnvöld taki afstöðu

UMRÆÐAN
MANNRÉTTINDI



ÞÓRDÍS HAUKSDÓTTIR
TALSKONA FALUN GONG Á ÍSLANDI

Umboðsmaður Alþingis hefur ályktað að stjórnvöld hafi ekki farið að lögum í tengslum við komu harðstjóra Alþýðulýðveldisins Kína, Jiang Zemins, sumarið 2002. Að fjórum árum liðnum er enn mikið í húfi að ráðamenn Íslands leiðrétti það sem þá fór úrskeiðis, til dæmis með því að taka skýra afstöðu ogfordæma þau mannréttindbrot Kínastjórnar sem nýverið hefur verið flett ofan af.

Stjórnvöld í Kína, sem hafa á samviskunni 60-80 milljónir mannslífa, (sjá efni frá FIDC) hafa orðið uppvís að því að hafa um árabil numið líffæri úr lifandi fólki, í gróðavænlegum tilgangi. Mannréttindalögfræðingurinn Georges-Henri Beauthier (sem meðal annars fékk Pinochet dæmdan) telur þessa óskiljanlegu glæpi, sem eru meðal annars hluti ofsókna Kínastjórnar á hendur Falun Gong-iðkendum í Kína, flokkast undir þjóðarmorð samkvæmt alþjóðlegum lagaskilgreiningum.

*Af um 60 milljónum flokksbundinna kínverja í stjórnarflokknum hafa 11 milljónir nú þegar tekið persónulega áhættu og sagt opinberlega skilið við harðstjórnina og fjölgar ört...*

Ógnarstjórn getur aldrei verið sértækt vandamál eins ríkis þar sem af henni stafar almenn ógn við mikilvægustu gildi allra. Slíkri ógn þarf að mæta með öllum friðsamlegum og leyfilegum ráðum.

Íslensk stjórnvöld hafa nú þegar sýnt í verki að sjálfstæði og skoðanafrelsi á vettvangi þjóðanna er meira virði en vináttu erlends harðstjóra og hlýddu eigin sannfæringu bæði í samskiptum sínum við taívönsk yfirvöld og í áliti um setu þjóða í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna. Í kjölfar þess að afskipti kínastjórnar af utanríkisstefnu Íslands voru afþökkuð þá var snögglega tekið fyrir allar opinberar heimsóknir frá Alþýðulýðveldinu Kína, sem hafa engar verið til landsins upp frá því. Af um 60 milljónum flokksbundinna Kínverja í stjórnarflokknum hafa 11 milljónir nú þegar tekið persónulega áhættu og sagt opinberlega skilið við harðstjórnina og fjölgar ört, u.þ.b. 20.000 á degi hverjum.

Tíminn til úrbóta og verndar mannslífum er ekki ótakmarkaður. Ég skora á stjórnvöld að fara að vilja íslensku þjóðarinnar, leggja mannréttindahugsjónum lýðræðisríkja lið og fordæma með skýrum hætti þjóðarmorð og glæpi sem ekkert getur réttlætt.

Úrval
notaðra bíla
á Bílaþingi HEKLU

Laugavegi 174 og á Kletthálsi 11
Opið mánudaga til föstudaga 10–18 • Laugardaga 12–16

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA 4216

Laugavegi 174 | sími 590 5000 | Klettháls 11 | sími 590 5760 | www.bilathing.is

HEKLA®
www.bilathing.is
bilathing@hekla.is

BÍLAÞING HEKLU
Númer eitt í notuðum bílum

**ELLA FITZGERALD (1917-1996), LÉST ÞENNAN DAG.**

*„Það eina sem er betra en söngur er meiri söngur.“*

*Djasssöngkonan Ella Fitzgerald söng sig inn í hjörtu heimsbyggðarinnar og lifir þar enn.*



# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST: 15. JÚNÍ 1846

# *Ákvörðun tekin um Oregon*



Á þessum degi árið 1846 skrifuðu Bretar og Bandaríkjamenn undir Oregon-samninginn. Þar með lauk áralöngum deilum milli landanna um hver réði í raun yfir Oregon-svæðinu.

Samningurinn hljóðaði upp á að um 49. breiddarbaug, frá Klettafjöllum til Georgíusundsins, lægju landamæri Bandaríkjanna og hins breska Kanada. Þannig öðluðust Bandaríkin fullan rétt til að ráða yfir svæðinu þar sem nú eru fylkin Oregon, Washington, Idaho og Montana. Bretarnir í Kanada fengu aftur á móti Vancouver-eyju og rétt til að sigla um hluta Kólumbíu-árinnar.

Árið 1818 hafði gengið í gildi samningur milli ríkjanna um landamæri á 49. breiddarbaug að Lake of the Woods en þá var óákveðið hvor þjóðin myndi ráða yfir svæðinu austan vatnsins. Samningurinn árið 1846 eyddi þessarri óvissu og krafðist nokkurs samningsvilja af hálfu beggja.

## MERKISATBURÐIR

**1752** Benjamin Franklin sannar að eldingar eru rafmagn.

**1846** Bandaríkin og Kanada samþykkja Oregon-samninginn sem ákvarðaði landamæri ríkjanna.

**1926** Kristján tíundi Danakonungur og Alexandrína drottning leggja hornstein að Landspítalabyggingunni.

**1954** Evrópska knattspyrnusambandið UEFA er stofnað í svissnesku borginni Basel.

**1981** Garðar Cortes óperusöngvari hlýtur Bjartsýnisverðlaun Bröstes þegar þau eru veitt í fyrsta sinn.

**2001** Þýska hljómsveitin Rammstein heldur tónleika í Laugardalshöll.

## ÚTFARIR

13.00 **Björn Guðbrandsson** læknir verður jarðsunginn frá Neskirkju.

13.00 **Gunnar Arnar Hilmarsson**, Stórási 7, Garðabæ, verður jarðsunginn frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði.

13.00 **Ruth Einarsdóttir**, Lönguhlíð 21, Reykjavík, verður jarðsungin frá Dómkirkjunni í Reykjavík.

13.00 **Sigurður Björnsson**, Sléttuvegi 7, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Hallgrímskirkju.

14.00 **Bára Sigurjónsdóttir** kaupkona, Fjarðargötu 17, Hafnarfirði, verður jarðsungin frá Hafnarfjarðarkirkju.

15.00 **Guðmundur M. Jóhannesson** læknir, Jórsölum 3, Kópavogi, verður jarðsunginn frá Hallgrímskirkju.

15.00 **Haukur Freyr Ágústsson** verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju.

15.00 **Ingibjörg Guðnadóttir** frá Siglufirði, Krummahólum 2, Reykjavík, verður jarðsungin frá Fossvogskirkju.

## AFMÆLI



**Sigrún Magnúsdóttir** fyrrverandi borgarfulltrúi er 62 ára.



**Pétur Gunnarsson** rithöfundur er 59 ára.



**Sigurjón Sighvatsson** kvikmyndaframleiðandi er 54 ára.



**Finnur Beck** fréttamaður er 31 árs.



**RÍKARÐUR ÖRN PÁLSSON TÓNSKÁLD MEÐ MEIRU** Um ævina hefur Ríkarður tekið upp á ýmsu en á afmælisdaginn verða tónsmíðar hans og útsetningar settar í forgrunn með útgáfu á nýjum geisladiski. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

## RÍKARÐUR ÖRN PÁLSSON: SEXTUGUR Í DAG

# Tónskáldið í forgrunni

Erfitt er að finna eitt starfsheiti sem nær utan um allt sem Ríkarður Örn Pálsson hefur tekið sér fyrir hendur. Á þeim sextíu árum sem liðin eru frá því hann fæddist hefur hann meðal annars verið kontrabassaleikari, starfað sem tónlistargagnrýnandi og tekið þátt í spurningakeppni norrænna sjónvarpsstöðva um sígilda tónlist, Kontrapunkti. Á afmælisdaginn verður tónskáldið Ríkarður þó sett í forgrunn og gefinn út tvöfaldur diskur með eigin tónsmíðum og útsetningum hans.

„Þetta er brot af því sem ég hef gert síðastliðin þrjátíu ár, svona sitt af hverju tagi,“ segir Ríkarður. Hann kveðst ekki hafa gert neitt í því að koma verkunum út hingað til, enda séu þau ólík og passi illa inn í söluvænar umbúðir. „Egill Ólafsson tók sig svo bara til þegar hann frétti af því að ég væri að verða sextugur. Hann ákvað að drífa í því að gefa þetta út og tók þannig af mér ómakið að fara sjálfur í útgáfuna.“ Ríkarður segir að þessi tímamót hafi annars þótt tilvalin til að gefa út þetta yfirlitsverk „áður en ég sest í helgan stein“.

Ríkarður er þó langt frá því að fara að minnka við sig vinnuna. Hann segist í raun hafa í nógu að snúast svo ekki gefist færi á að hella sér í tónsmíðagerð. „Það er orðið svo mikið verk að vera gagnrýnandi á Morgunblaðinu. Þegar ég byrjaði vorum við fjórir að gagnrýna þegar flest var, en núna erum við Jónas Sen orðnir einir um hituna. Síðan hefur tónleikum örugglega fjölgað um hátt í þriðjung.“

Efniviður Ríkarðs kemur úr mörgum áttum og á afmælisdisknum kennir ýmissa grasa. Þar má finna sönglög, verk fyrir kóra og ýmis hljóðfæri ásamt svítu sem spiluð er úr tölvunni. „Tölvan flytur fjóra frumsamda gömludansa sem hafa aldrei verið fluttir af lifandi hljóðfæraleikurum. Ég get svarið að mér þykir hvað vænst um þetta verk á disknum vegna þess hvað „flutningurinn“ er yndislega nákvæmur og í mikilli sveiflu.“ Uppruni verkanna er líka ólíkur. Þar eru leikhúsverk, sjónvarpskvikmyndatónlist, þjóðlagasyrpur, brúðarmarsar og svo mætti lengi telja.

Á disknum eru einnig lög við ljóð sem Ríkarður samdi sjálfur. „Þetta eru þrjú lög í sérstökum flokki sem heitir Fyrsta lag eftir fréttir. Innblásturinn í öll ljóðin er sóttur í hádegisfréttir Ríkisútvarpsins.“ Aðspurður segist Ríkarður ekki semja fleiri ljóð en gerist og gengur og vera heldur ekki mikið fyrir að tónsetja eigin ljóð. „Ég á hins vegar eitthvað um hálft hundrað „Draumsögur“ sem kannski verða gefnar út einn góðan veðurdag ef snjall teiknari fæst til að lýsa þær.“

Stefnt var að því að diskurinn yrði gefinn út á afmælisdaginn, en annar viðburður, stærri en afmæli Ríkarðs, kom í veg fyrir að svo yrði. „Ég var að frétta að vegna heimsmeistarakeppninnar í fótbolta væru svo mikil forföll í verksmiðjunni þar sem á að fjölfalda diskinn. Þeir sáu sér ekki fært að standa við gefin loforð og frestast diskurinn því um viku.“ Afmælisdiskurinn verður þó kynntur vinum og stuðningsmönnum í dag, eins og til stóð, „á laufléttri samkomu í Leikhúskjallaranum“.

Sjálfur verður Ríkarður að heiman í dag.



†

*Bróðir minn*

**Tómas Hreggviðsson**

frá Hlíð, Vestmannaeyjum,

verður jarðsunginn frá Breiðabólstaðarkirkju í Fljótshlíð föstudaginn 16. júní kl. 14.00.

**Eyvindur Hreggviðsson og fjölskylda.**



†

*Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi, sonur, bróðir og mágur,*

**Guðmundur Guðjónsson**

Eyrarholti 6,

lést á Landspítalanum í Fossvogi laugardaginn 10. júní. Útförin fer fram mánudaginn 26. júní.

**Jóhanna Sigurðardóttir**
**Ragnhildur Guðmundsdóttir Bragi Bragason**
**Elín Guðmundsdóttir Hermann Guðmundsson**
**Hjördís Guðmundsdóttir og barnabörn Marco de Aquilar**
**Elín Gísladóttir**
**Þóra Elín Guðjónsdóttir Jón Rúnar Backman**


LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR Í MIKLU ÚRVALI



Steinsmiðjan MOSAIK
Hamarshöfða 4 • 110 Reykjavík • sími 587 1960 • www.mosaik.is




**60 ára afmæli**

*Svava Gestsdóttir*

*sjúkraliði*

*er 60 ára í dag, 15. júní.*



**SÓLARUPPRISA Á NÍLARFLJÓTI** Egypskur fiskimaður lætur fagra upprisu sólarinnar ekki trufla sig við veiðarnar á Níl þar sem hún rennur gegn um Kaíró. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

sóltilboð

**Frábær sumarauki**
**Verðmæti 265.000 kr.**
**-þér að kostnaðarlausu**

Aðeins **22** sportjeppar eru til á þessu sérstaka sóltilboði

Sóltilboð með aukahlutapakka 2.990.000 kr.*

**Engin bið**
Ford Escape GPS Active tilbúinn til afhendingar núna

**Tilboðið gildir til 16. júní**

*Nýtt tákn um gæði*



Ford Escape 4x4 GPS Active
2,3i, 5 dyra, sjálfskiptur, 153 hestöfl.

# Rataðu á Escape
## og þú nýtur þess að vera til



## Ford Escape 4x4 GPSActive

Sóltilboð með aukahlutapakka*
**2.990.000 kr.**
Rekstrarleiga 54.169 kr. Bílasamningur 36.768 kr.

## Sumarauki. Verðmæti 265.000 kr.
**Þú færð aukalega í Ford Escape 4x4 GPS Active:**

- Nüvi 350: eitt fullkomnasta leiðsögutækið frá Garmin -með korti af Íslandi, Evrópu og Norður Ameríku
- Kælibox með rafmagnstengi, 14 lítra frá Tropicool
- Öflugt dráttarbeisli frá Ford
- Aurhlífar, framan og aftan, frá Ford
- Ford Escape-hlífðarmotta í skottið
- Rafmagnstengi í skott fyrir ferðasjónvarpið og kæliboxið

*Og sportjeppinn tilbúinn með fullan tank af bensíni*

## Hvar er húfan mín? Hvar er hettan mín?

Rataðu á Escape. Njóttu þess að vera til. Kauptu Ford Escape GPS Active. Garmin Nüvi 350 er meðfærilegt leiðsögutæki með snertiskjá sem fylgir með Escape GPS Active. Taktu tækið úr bílnum og gerðu það að leikfélaga eins og Escape. Leiktu þér með fjölskyldu og vinum í skemmtilegum ratleik út í náttúrunni. Feldu litlar gjafir og láttu hina finna. Eða langar þig kannski frekar að vita hvað klukkan er á Islantilla golfvellinum á Spáni akkúrat núna eða gengið á dollarnum? Í leik eða alvöru? Finndu öruggan stað að vera á. Finndu rétta hótelið, besta pylsubarinn og bensínstöðina á Norðurlandi eða Disneylandi, Flórída. Bara hvar sem er. Farðu bestu leiðina til næsta áfangastaðar. Hvar eru söfnin, tjaldstæðin? Hvar eru veitingahúsin? Hvar eru skemmtistaðirnir? Þú ratar rétta leið á Escape GPS Active og Nüvi 350 sem talar við þig í leiðinni. Segir þér að beygja. Og svo passar Nüvi líka beint í vasann. Nüvi getur líka spilað fyrir þig og sýnt þér myndir! Rataðu á Ford Escape GPS Active. Getur allt, veit allt. Hvað með vitann á Dalatanga? Ertu með?




**Aukalega 265 þús. - þér að kostnaðarlausu.**
**Komdu í dag. Vertu á Ford Escape 4x4 GPS Active.**

**Engin bið**
Ford Escape GPS Active er til afhendingar strax
**Tilboðið gildir til 16. júní**



Aflaðu þér frekari upplýsinga www.ford.is

**Komdu núna. Sóltilboð Brimborgar gildir aðeins til 16. júní n.k. eða meðan birgðir endast.**

## Við staðgreiðum gamla bílinn þinn

Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl á góðu sóltilboði Brimborgar. Þú losnar við allt umstang við að selja og lækkar þinn kostnað. Komdu í Brimborg. Kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Ford á sóltilboði.

GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL




brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

**Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is**

* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Lán er bílasamningur með 20% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% isk / 50% erl.myntkarfa. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 39 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 60.000 km akstur á tímabilinu. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar. Aukabúnaður á mynd er söllúga.



Verðsprengja!
Lambalæri og hryggir
Úr Kjötborði Nóatúns
Sparaðu 600kr.
FERSKUR LAMBAHRYGGUR
998 kr. kg
Sparaðu 600kr.
FERSKT LAMBALÆRI
898 kr. kg
25% - 40% afsláttur
GOURMET GRILLKJÖT
GOÐA LAMB Á GRILLIÐ
Hentugar stærðir á hamborgurum fyrir alla fjölskylduna
Úr Kjötborði Nóatúns
HAMBORGARAVEISLA
ÚR KJÖTBORÐI
198 kr. 175 g
148 kr. 120 g
128 kr. 90 g
98 kr. 60 g
Reyktur lax og grafinn
35% afsláttur
Veisluostar
15% afsláttur
Parma skinka
36% afsláttur
Hrísmjólk
15% afsláttur
TSZZZ



Hvúmm
Bestir í kjöti
NÓATÚN
í 40 ár
Úr Kjötborði Nóatúns
GRILLSPJÓT LAMBAINNRALÆRI TOSKANA
598 kr. stk.
Úr Kjötborði Nóatúns
GRILLSPJÓT GRÍSAFILLET MARIN. M/GRÆNMETI
598 kr. stk.
Úr Fiskborði Nóatúns
STÓRLÚÐUSTEIK Í MIÐJARÐARHAFS-MARINERINGU
1.398 kr. kg
SMÁSPJÓT GRÍSAFILLET Í GRÍSKRI MARINERINGU
298 kr. stk.
KEILUSPJÓT Í MIÐJARÐARHAFSMARINERINGU
398 kr. stk.
GRÆNMETI Á GRILLBAKKA KRYDDAÐ EÐA Í MARINERINGU
499 kr. pk.
Lifðu lífinu í lit!
NÓATÚN
FERSKJUR
249 kr. kg
BLÓMKÁL
249 kr. kg
MAISSTÖNGLAR
forsoðnir 199 kr. 2stk.
JARÐARBER Í BOXI
249 kr. pk.
GULAR MELÓNUR
199 kr. kg
=
5 á dag
...mmm NÓATÚN -hljómar vel!




# STUÐ MILLI STRÍÐA Gosdrykkjasigg

**RÓSA SIGNÝ GÍSLADÓTTIR** HEFUR UPPGÖTVAÐ NÝJAN SJÚKDÓM



Það segir víst ansi mikið um vestrænt þjóðfélag þegar fólk er komið með sigg eftir að opna gosflöskur. Ég hef reyndar bara frétt af einu dæmi hingað til, það er mínu eigin, en miðað við að ég tel mig vera meðalmanneskju í gosdrykkju þá er það nokkuð líklegt að fleiri eigi við gosdrykkjasigg að stríða í samfélaginu. Ég er ekki að sötra sykurkók allan daginn heldur er ég meira í aspartaminu, en dagskammturinn er svona ein til tvær Coca Cola Light í flösku ásamt einum Toppi eða Kristal, eftir aðstæðum. Sökudólgur þessa nýja sjúkdóms er bannsettur flöskutappinn og nú er svo komið að ég er með sigg á báðum höndum, á pínulitlum punkti í lófanum fyrir neðan löngutöng og baugfingur. Fyrir tveimur vikum, þegar ég byrjaði að opna flöskur með hægri hendi til þess að hlífa þeirri vinstri, fór sársaukafull blaðra að gera vart við sig, svo ég þakka nú fyrir að blaðran hefur þróast á siggstigið. Ég reyni endrum og sinnum að skipta yfir í dósakók en bölvun flöskutappans er lúmsk. Tappinn stuðlar auðvitað að því að gosið helst lengur í drykknum og því er alls ekkert auðvelt að henda flöskukókinu fyrir borð.

Sem betur fer er siggið falið í lófanum og í raun er ég farin að taka það í sátt. Gosdrykkjasiggið er svolítið eins og tásiggið sem dansarar þurfa að eiga við; það fylgir því einfaldlega að vera atvinnudansari sem þarf að dansa á tánum. Gosdrykkjasiggið fylgir því að vera nútímamanneskja sem drekkur lítið kaffi. Mig grunar að nú sé að vaxa úr grasi kókkynslóð sem kærir sig kollótta um kaffi. Ef það er rétt má búast við því að tíðni gosdrykkjasiggs aukist. En sennilega á umbúðasamfélagið hluta af ábyrgðinni, því þeir eru örugglega margir sem fá gosdrykkjasigg af vatnsneyslu úr flöskum einni saman. Þannig að þó að þessi „sjúkdómur“ einn og sér sé ekki illkynja veit það ekki á gott að plastið skuli tröllríða öllu. Sem minnir mig á að ég ætti að fara með flöskurnar í endurvinnslu... ■

# myndasögur

## Pondus — Eftir Frode Øverli




## Gelgjan — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið — Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar — Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





# SUMAR2006

## SUMARNÁMSKEIÐ ÍTR UM ALLA BORG.

**Upplýsingar í frístundamiðstöðinni í þínu hverfi.**

- Ársel
- Frostaskjól
- Gufunesbær
- Miðberg
- Tónabær

Skemmtilegur frítími

www.itr.is

! **KL: 20.00**

*Leikfélag Hólmavíkur sýnir Fiska á þurru landi, eftir Árna Ibsen. Leikstjóri er Kolbrún Erna Pétursdóttir. Með hlutverk í sýningunni fara Gunnar B. Melsted, Úlfar Örn Hjartarson, Rúna Stína Ásgrímsdóttir og Jóhanna Ása Einarsdóttir. Nokkrir félagar í leikfélaginu koma svo að vinnu við sviðsmynd, búninga, leikskrá, förðun og önnur tilfallandi verk sem tilheyra svona uppsetningu.*

# menning

menning@frettabladid.is

## *Miðborgarbyggingar Einars Erlendssonar*

Á fimmtudagskvöldið mun Sigríður B. Jónsdóttir, deildarstjóri byggingarlistadeildar Listasafns Reykjavíkur, leiða áhugasama í kvöldgöngu þar sem kíkt verður á nokkrar af helstu byggingum Einars Erlendssonar húsameistara í miðborg Reykjavíkur. Einar var einn þeirra sem átti afgerandi þátt í því að skapa manngert umhverfi borgarinnar á fyrri hluta síðustu aldar, sérstaklega á árunum milli 1920 og 1930. Sigríður mun fara yfir feril húsameistarans og sögustílhefðina um leið og arkað verður um miðbæinn þar sem er að finna mörg hús eftir Einar eins og Herkastalann við Kirkjustræti og Edinborgarhúsið við Hafnarstræti 10-12. Kvöldgangan er liður í dagskrá sem menningarstofnanir í Reykjavík hafa skipulagt undir heitinu Kvöldgöngur úr Kvosinni en þær eru á dagskrá öll fimmtudagskvöld í sumar. Gangan hefst kl. 20 frá Hafnarhúsinu.



**FÖGUR BYGGING** Herkastalinn við Kirkjustræti 2 er sannarlega fögur bygging en hann er meðal þeirra bygginga sem kíkt verður á í kvöldgöngunni á fimmtudag. RÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

## > EKKI missa af...

sýningu á grafíkverkum Errós í Listasafni Reykjavíkur. Verkin eru frá ýmsum tímabilum en flest frá síðari árum. Sýningin opnaði 10. júní og stendur til 7. janúar 2007.

stórsveit Nix Noltes í Þjóðleikhúskjallaranum, 16. júní næstkomandi. Leikin verður þjóðlagatónlist frá Búlgaríu og Balkanskaga. Húsið opnar klukkan 22.

kvöldgöngum úr Kvosinni á vegum Menningarstofnana Reykjavíkurborgar þar sem reykvísk steinsteypuklassík verður skoðuð. Gengið er öll fimmtudagskvöld en dagskráin er auglýst á vefsíðu Listasafns Reykjavíkur, www.listasafnreykjavikur.is.



**RÓLUVÖLLUR INNBLÁSTUR** Verkið Sumartónar eftir Þorkel Sigurbjörnsson var samið að beiðni Vladimirs Ashkenazy en það er sennilega hið eina sinnar tegundar enda fjallar það um róluvöll.

# Róluvöllurinn innblásturinn

**Nýtt tónverk eftir Þorkel Sigurbjörnsson sem hlotið hefur nafnið Sumartónar er runnið undan rifjum æskuminninga tónskáldsins.**

Verkið verður frumflutt af Sinfóníuhljómsveit Íslands á síðustu tónleikum sveitarinnar í sumar.

Verkið var samið að beiðni hljóðfæraleikarans og hljómsveitarstjórans, Vladimirs Ashkenazy en hann mun koma fram að minnsta kosti einu sinni ári til að stjórna hljómsveitinni.

Þorkell sótti innblástur í verkið af æskudögum sínum á róluvellinum við Freyjugötu en þaðan segist hann eiga góðar minningar. „Þarna voru alltaf mikið af leiktækjum, rólum, söltum og sandkössum, rennibrautum, klifurgrind og annað sem var síðan ekki nothæft á veturna. Þarna lékum við krakkarnir okkur líka án leiktækja í fallinni spýtu, eitt stikk og sto, auraharki, fram fram fylking eða bófahasar og svo framvegis. Í leikjum sem engin kann lengur," segir Þorkell. „Við vorum yfirleitt góðir krakkar. Það var lítið um hrekkjusvín í þeim hópi sem ég tilheyrði sem krakki, sem betur fer. Stundum kom Siggi gamli og spilaði fyrir okkur á munnhörpu, og hoppaði eitthvað, sem hann kallaði karíóka. Leiðinlegust var löggan í hverfinu sem vildi koma okkur krökkunum í hús samkvæmt einhverju klukkuslagi seint á kvöldin. Svo var hægt að læðast út fyrir borgarmörkin, yfir Hringbraut og í Tívolí í Vatnsmýrinni. Þaðan komu líka alls konar sumartónar, ef heppnin var með".

Til fulltingis við Sinfóníuhljómsveit Íslands mun leiðandi sellóleikari Sinfóníuhljómsveitarinnar, Bryndís Halla Gylfadóttir, leika sellókonsert eftir Edward Elgar. Bryndís hefur verið virkur þátttakandi í íslensku tónlistarlífi undanfarin ár, jafnt sem einleikari og í kammertónlist. Auk þess að leika á tónleikum hér á landi reglulega spilar Bryndís oft á tónleikum bæði í Evrópu og í Asíu. Um sellókonsertverkið segir Árni Heimir Ingólfsson tónlistarfræðingur í efnisskrá, „sellókonsertinn er magnþrungin tónsmíð, full af ástríðu og trega, eins og Elgar líti um öxl og minnist þess sem áður var. Hann hefst á tignarlegu eintali ástríðu og trega, sem minnir helst á dramatískt resítaív án orða og snýr aftur á lykilstöðum í verkinu".

Tónleikarnir fara fram í Háskólabíói fimmtudaginn 15. júní og hefjast klukkan 19:30. **- brb**

# Mein Kampf í undirbúningi

Nú stendur yfir samlestur á bókasafni Borgarleikhússins þar sem leikendur æfa stíft leikritið Mein Kampf eftir George Tabori, eitt merkasta skáld síðustu aldar. Leikritið er í gamansömum dúr en það fjallar um ungan myndlistarnema, Adolf Hitler sem kemur til Vínar til að sækja um skólavist en honum er hafnað. Tveir gyðingar á pensjónati taka hann að sér og hvetja annar hann til að leggja stjórnmál fyrir sig. Frú Dauði vitjar hans, ekki til að nema á brott heldur til að ráða hann í vinnu.

Þýðandi er Gísli Rúnar Jónsson og leikstjóri Hafliði Arngrímsson.

Persónur og leikendur: Hitler, Bergur Þór Ingólfsson, Herzl, Þór Tulinius, Lobówitz, Guðmundur Ólafsson, Gréta, Marta Nordal, Konan með ljáinn, Hanna María Karlsdóttir og Himmlisch, Björn Ingi Hilmarsson.



**AÐSTANDENDUR MEIN KAMPF** Verkið fjallar um Adolf Hitler sem er tekin í fóstur af tveimur gyðingum en þeir hvetja hann til að leggja stjórnmál fyrir sig.

Mein Kampf verður frumsýnt í Borgarleikhúsinu í lok september. ■


Alveg brilljant skilnaður
Einleikur Eddu Björgvinsdóttur um allt land.
Félagsheimili Blönduósar
14. og 15. júní
Miðasala í síma 847-1852
Landsbankinn
Viðskiptavinir Landsbankans fá 500 króna afslátt af miðaverði

www.sturta.is
allan sólarhringinn!
...sæla!!!
Reykjavíkurvegur 64, Hafnarfjörður.
Ótrúleg...
Sími: 565-5566
sturta.is

LITLA HRYLLINGSBÚÐIN
Sett upp í samstarfi við Leikfélag Akureyrar
FIM. 15. JÚNÍ KL. 19 - LAUS SÆTI
SUN. 18. JÚNÍ KL. 19 - LAUS SÆTI
FÖS. 23. JÚNÍ KL. 19 - LAUS SÆTI
LAU. 24. JÚNÍ KL. 19 - LAUS SÆTI
FIM. 29. JÚNÍ KL. 19 - LAUS SÆTI
FÖS. 30. JÚNÍ KL. 19 - LAUS SÆTI
„Besta söngleikjauppfærsla ársins" S.S - Fréttablaðið
SÍÐUSTU SÝNINGAR Í REYKJAVÍK !
www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga frá kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga
Símasala kl. 10-18. þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Óperuvefnum allan sólarhringinn
ÍSLENSKA ÓPERAN

BORGARLEIKHÚSIÐ
FOOTLOOSE
Fi 29/6 kl. 20 Frums.
Fö 30/6 kl. 20
Lau 1/7 kl. 20
Fi 6/7 kl.20
Fö 7/7 kl. 20
Lau 8/7 kl. 20
Miðasala hafin
VILTU FINNA MILLJÓN
Í kvöld kl. 20 UPPS. Su 18/6 kl. 20 UPPS.
Síðustu sýningar í vor.
Miðasala hafin á sýningar í haust.
GRÍMAN
Íslensku leiklistarverðlaunin 16/6 kl. 19
Grímuballið 16/6 kl. 22 Allir velkomnir
Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!
STÓRA SVIÐIÐ KL. 20:00
UNDIR SJÖSTJÖRNU
Sun. 25/6 örfá sæti laus. Japönsk gestasýning.
ELDHÚS EFTIR MÁLI
Sala hafin á sýningar í september. Lau. 2/9, sun. 3/9, fös. 8/9, lau. 9/9.
KASSINN KL. 20:00
PÉTUR GAUTUR
Fös. 23/6 uppselt, lau. 24/6 uppselt. Sérstakar aukasýningar í tilefni 12 tilnefninga til Grímunnar - Íslensku leiklistarverðlaunanna.
Sala hafin á sýningar í september.
Fös. 15/9 örfá sæti laus, lau. 16/9 örfá sæti laus, sun. 17/9 örfá sæti laus.
LEIKHÚSKJALLARINN
Fös. 16/6 kl. 22. Stórsveit Nix Noltes.
Sérstakir gestir: Böðvar Brútal og dúettinn Kria Brekkan og Avey Tare.
Leikhúskjallarinn - gerðu meira úr góðri kvöldstund í leikhúsinu!
Leikhúsveisla í mat og drykk fyrir sýningar um helgar frá kl: 18:00.
Smáréttir og veigar eftir sýningar. Borðapantanir í síma 585 1295.
MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER AÐEINS OPIN FRÁ KL. 12:30 - 14:00 Í DAG.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

FRÉTTABLAÐIÐ
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

# Ljósmyndasafarí í Reykjavík

Í júní stendur Ungmennadeild Norræna félagsins fyrir ljósmyndanámskeiði undir heitinu Safarí í miðnætursól. Það er hin norska Ellen Marie Fodstad sem kennir á námskeiðunum en hún starfar bæði sem ljósmyndari og blaðamaður. Fyrsta námskeiðið fór fram síðastliðið þriðjudagskvöld og var það vel sótt, ekki síst af ungu fólki sem er hér á vegum Nordjobb. „Námskeiðið er öllum opið en það er stílað inn á áhugaljósmyndara. Það skiptir ekki máli hvers konar ljósmyndagræjur fólk á því það er meiri áhersla lögð á ljós og sjónarhorn en sjálfar græjurnar,“ segir Ellen. Að hennar sögn fer námskeiðið þannig fram að hún heldur fyrirlestur og sýnir dæmi um góðar og vondar myndir og þátttakendur taka virkan þátt í umræðum um það hvað sé að. Að fyrirlestri loknum er haldið í smá ljósmyndasafarí um miðborgina. Nemendur á námskeiðinu fá svo þrjú verkefni til þess að spreyta sig á í júlí og hittist hópurinn svo aftur hinn 4. ágúst og þá verða bestu myndirnar valdar.

„Birtan hér á Íslandi er alveg ótrúleg. Ég veit um fleiri erlenda ljósmyndara sem hafa heillast af henni og flutt hingað,“ segir Ellen, sem kom fyrst til landsins fyrir einu og hálfu ári þegar hún vann að verkefni fyrir Þjóðskjalasafnið. Á þeim mánuði kynntist hún íslenskum manni og í dag er hún flutt til landsins og skrifar fyrir Iceland Review. Þriggja tíma námskeið kostar aðeins 1.500 krónur og er



**LJÓSMYNDARI AF LÍFI OG SÁL** Ellen kennir áhugasömum að taka betri myndir í sumar fyrir aðeins 1.500 krónur en hún segir að íslenska birtan sé ómótstæðileg.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Ellen með skýringu á þessu góða verði á reiðum höndum. „Það verður að vera eitthvað ódýrt á Íslandi,“ segir hún og hlær. Næstu námskeið verða haldin 22. júní og 27. júní og geta áhugasamir haft samband við Norræna félagið.

**- snæ**


# VERKEFNA- OG FERÐASTYRKIR MYNDSTEFS 2006

Myndstef auglýsir eftir umsóknum um verkefnastyrki og ferða- og menntunarstyrki á vegum samtakanna. Rétt til þess að sækja um verkefnastyrki hafa allir myndhöfundar. Rétt til að sækja um ferða- og menntunarstyrki hafa allir félagsmenn Myndstefs. Sérstök umsóknareyðublöð liggja frammi á skrifstofu Myndstefs og á vef samtakanna **www.myndstef.is** og þar eru einnig nánar skilgreind þau atriði sem þurfa að koma fram í umsókninni ásamt reglum um úthlutun styrkjanna. Umsóknarfrestur rennur út 4. ágúst 2006. Umsóknir sem berast eftir þann tíma fá ekki afgreiðslu. Umsóknir skulu berast til skrifstofu Myndstefs, Hafnarstræti 16, p.o.box 1187, 121 Reykjavík fyrir ofangreindan tíma. Vakin er athygli á að þeir sem sent hafa inn umsóknir um styrki fyrir birtingu þessarar auglýsingar verða að endurnýja þær umsóknir.

Allar nánari upplýsingar gefur Linda Rós Thorarensen á opnunartíma skrifstofunnar. 10:00 – 13:00. Einnig er hægt að senda fyrirspurnir á netfangið myndstef@myndstef.is

Stjórn Myndstefs.




**REIKNAR MEÐ GÓÐRI ÞÁTTTÖKU** Tinna Þorsteinsdóttir píanóleikari er stjórnandi tónlistarhátíðarinnar Við Djúpið.

# Tónlistarhátíð í Djúpinu

Á næstunni verður haldin tónlistarhátíð og námskeiðshald sem standa mun í fimm daga í samvinnu við Listaháskóla Íslands. Þetta er í fjórða sinn sem hátíðin fer fram en hún var haldin í Ísafjarðarbæ og Bolungarvík í fyrsta sinn árið 2003 og árlega eftir það, nú síðast í samstarfi við Listahátíð í Reykjavík og PACIFICA-strengjakvartettinn. Markmið hátíðarinnar er að bjóða upp á fjölbreytta tónleika fyrir Vestfirðinga og ferðamenn á svæðinu og metnaðarfulla kennslu, að sögn stjórnanda hátíðarinnar, Tinnu Þorsteinsdóttur. Hátíðin ber keim af fjölmörgum tónlistarstefnum og er hún breytileg frá ári til árs. „Í ár má heyra allt frá klassískri tónlist til nútímatónlistar, einleiks- og kammertónlist, íslenska sem erlenda, ásamt tónlistarbræðingi þeirra FLÍS-félaga,“ undirstrikar Tinna.

Hátíðin í ár ber heitið „Við Djúpið“ en í boði er kennsla fyrir söngvara, söng- og píanódúetta, píanó og flautu, en samkvæmt Tinnu má búast við að um fimmtán til tuttugu nemendur úr Listaháskóla Íslands sem langt eru komnir í námi mæti til leiks.

Kennara- og flytjendahópurinn samanstendur af þeim Sigrúnu Hjálmtýsdóttur (Diddú), sópransöngkonu, Önnu Guðnýju Birgisdóttur pínanóleikara, Peter Máté píanóleikara, Guðrúnu S. Birgisdóttur flautuleikara og Tinnu Þorsteinsdóttur, píanóleikara og FLÍS-tríói. „Það er mikill fengur að fá þær Diddú og Önnu Guðnýju til liðs við okkur á hátíðina i ár en þetta er fágætt tækifæri fyrir nemendur að teyga af viskubrunni þeirra stallna sem eru afar uppteknar við leik og störf,“ segir Tinna. „Það er mjög mikilvægt fyrir nemendur að fá að fylgjast með listafólkinu að störfum því þau læra ekki síður af því. Hugmyndin er síðan sú að nemendur og kennarar komi saman í lok námskeiðs og haldi stóra lokatónleika. Gegn vægu gjaldi standa masterklassarnir almenningi opnir þannig að fólk getur fylgst með kennurum og nemendum að leik og starfi.“

Í náinni framtíð er gert ráð fyrir því að nemendur fái einingar metnar fyrir námskeiðið, að sögn Tinnu, en til stendur að víkka talsvert út starfsemi hátíðarinnar og er stefnt á að sú vinna teygi jafnvel anga sína út fyrir landsteinana næstu árin. Nánari upplýsingar um dagskrá hátíðarinnar má finna á www.viddjupið.is

**- brb**










> **Jarðarber...**

*eru frábær í kokkteil-inn, ofan á ísinn og í sallatið ásamt ólívum og sólþurrk-uðum tómötum.*



# matur&vín

maturogvin@frettabladid.is

**MATGÆÐINGURINN: ÞORSTEINN J. VILHJÁLMSSON**

## *Grænir frostpinnar og Jakobs tekex*



**Hvaða matar gætirðu síst verið án?**
Það er sennilega þykkt skorið ristað brauð, hvítt ítalskt, með Havarti osti.
**Fyrsta minning um mat?**
Soðnar kjötbollur úr farsi með hvít-kálsbögglum hjá mömmu.
**Besta máltíð sem þú hefur fengið?**
Það er án efa í Sviss í vetur, á ítölskum veitingastað, þar sem kokkurinn eldaði fyrir mig og nokkra blaðamenn. Ég kalla þetta kálfakjöt með öllu, eftir lokun.
**Er einhver matur sem þér finnst vondur?**
Brauðsúpa, það er mannréttindabrot að bjóða gestum svoleiðis gúanó.
**Leyndarmál úr eldhússkápnum?**
Jakobs tekex.



**Hvað borðar þú til að láta þér líða betur?**
Súkkulaði er sígilt, bæði við vanlíðan og góðri líðan.
**Hvað áttu alltaf í ísskápnum?**
Ég á alltaf græna frostpinna í frystinum.
**Ef þú yrðir fastur á eyðieyju, hvað tækirðu með þér?**
Sushi.
**Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað?**
Það er eiginlega frekar það sem ég borðaði ekki. Villi frændi minn bauð mér einu sinni í mat eftir æfingu, hann opnaði íþróttatöskuna og sýndi mér niðursuðudós innan um sveitta peysu og fótboltaskó. Ég afþakkaði pent.



**ÞRÚGUR GLEÐINNAR**

> **EINAR LOGI VIGNISSON**

# Da Vinci vínlykilinn

Chianti-svæðið er hjartað í Toskanahéraði, mikilvægasti hlekkurinn í keðju ítalskar víngerðar. Toskana er þrátt fyrir uppgang annarra hér-aða, einkum í suðri, ennþá bræðslupotturinn þar sem hlutirnir verða til. Er það einkum að þakka vitund víngerðarmannanna um að stöðug framþróun er nauðsynleg. Chianti-stimpillinn var orðinn til trafala fyrir allmörgum árum vegna hins slæma orðspors sem fór af ódýrari vínum frá svæðinu. Ítalska flokkunarkerfið á vínum var staðnað og víngerðarmenn í Toskana gerðu uppreisn gegn því. Uppreisnina leiddi Antinori greifi, höfundur fyrsta „Ofur-Toskanavínsins“ Tigna-nello og fylgdu fleiri í kjölfarið. Í Chianti hafa orðið miklar framfarir og er nú talað um bestu vínin sem „Ofur-Chianti-vín“.

Einfaldari Chianti-vínin urðu undir í samkeppninni um hylli neyt-enda hér á landi og víða annars staðar. Þar hafa vín frá Suður-Ítalíu staðið sig betur enda líkjast þau meira nýjaheims-vínunum með sínu kröftuga ávaxta- og berjabragði. Enn er þó svo að lykillinn að því að kynna sér ítalska víngerð er að smakka Chianti-vín. Hér á landi hefur eiginlegum Chianti-vínum í vínbúðum fækkað, bæði vegna minnk-andi vinsælda og breytinga á flokkunarkerfinu. Hið vinsæla Santa Cristina fylgir til að mynda ekki lengur hinni gömlu Chianti-flokkun. Vínið hefur haft mjög gott af því og er betra en fyrr að mínu mati.

Undanfarin ár hefur vínsamlag bænda í Vinci vakið mikla athygli fyrir vín sem þykja með allra bestu vínum svæðisins. Þetta vínsam-lag heitir Della Vigne en selur vínin undir nafninu Cantine Leonardo da Vinci. Smábærinn Vinci er 35 kílómetrum vestan Flórens, fræg-astur fyrir að vera heimabær listamannsins, vísindamannsins og þús-undþjalasmiðsins Leonardos sem kenndi sig einmitt við bæinn og kallaði sig Leonardo da (frá) Vinci. Flöskurnar eru skreytt-ar með verkum meistarans á afar skemmtilegan máta. Ég hélt fyrst að nafngiftin væri eingöngu markaðsbrella en ef einhverjir geta gert tilkall til þess að skreyta sig með nafni meistarans eru það bændurnir í Vinci. Vert er að benda ferðalöngum sem eiga leið til Flórens eða Pisa að kíkja við hjá bændunum, þeir selja vínin í kaupfélag-inu sínu bæði í flöskum og svo beint úr tunnunum sem er býsna skemmtilegur máti. Það er margt vitlausara en að láta bændurna í Vinci opna fyrir sig dyrnar að Chianti.



**VERT AÐ SPÁ Í**
Í vínbúðum fást mörg frambærileg Chianti-vín. Má nefna að Chianti Classico Campomaggio var eitt þeirra vína sem hlutu útnefninguna Gyllta glasið hjá Vínþjónasamtökunum sl. haust. Tvö vín fást frá bændunum í Vinci, Leonardo Chianti Riserva og Leonardo Chianti sem var valið vín mánaðarins í Gestgjafanum í nóvember.



**LILJA PÁLSDÓTTIR** Lilja og eiginmaður hennar eru miklir sælkerar og láta ekki óþol aftra sér í matargerðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM GUNNARSSON

# Mjólkurlaust sælgæti

**Lilja Pálsdóttir, útibússtjóri hjá Glitni, sneiðir hjá geri og mjólkurvörum í mat-reiðslunni enda er eigin-maður hennar með óþol.**

„Matur fjölskyldunnar tekur mið af því að það er óþol í fjölskyld-unni og við ákváðum að vera ekki að elda tvöfalt, þannig að við eldum bara það sem allir mega borða. Krakkarnir þekkja ekkert annað og finnst þetta ekkert mál,“ segir Lilja. Hún gefur hér upp-skrift að heitri eplaköku án mjólk-ur og gers. „Það eru alls staðar uppskriftir að grillréttum þessa dagana svo það er ágætis tilbreyt-ing að koma með uppskrift að ein-hverju öðru. Þetta er alveg frábær epla-kaka, hrikalega ein-föld,“ segir Lilja, en kakan slær í gegn hvar sem hún fer. „Ég baka hana við ýmis tækifæri eða bara á sunnudögum ef okkur vantar eitt-hvað með kaffinu. Upphaflega upp-skriftin er ekki með súkkulaði og marsipani en ég bæti því við til að gera hana sparilegri, algjört gúmmulaði.“ Einnig er hægt að nota hrásykur í stað syk-urs til að gera hana aðeins hollari.

**DÁSAMLEG EPLAKAKA**

**4-5 græn epli (Jonagold)**
**3 egg**
**1 bolli sykur (gott að nota hrásykur)**
**1 bolli hveiti**
**1 tsk. lyftiduft**
**100 gr. suðusúkkulaði**
**100 gr. marsipan**
**kanelsykur**

Eplin eru brytjuð í eldfast mót og kanel stráð yfir. Eggj-um, sykri, hveiti og lyftidufti er hrært vel saman. Súkkulaðið og marsipanið er svo brytjað og sett út í. Allt þetta er síðan sett yfir eplin og kanelsykri stráð yfir og bakað í 45 mín við 200 gráðu hita. Eplakakan bragðast dásamlega með rjóma eða vanilluís en fyrir þá sem eru með mjólkuróþol er gott að nota jurtarjóma.




**VEITINGASTAÐURINN REYKJAVÍK PIZZA COMPANY LAUGAVEGI 81, S. 5613838**

## *Pizzur sælkerans*



Reykjavík Pizza Company er úrvals-pizzustaður með meiru á Laugaveg-inum. Eigandi staðarins rekur einnig Eldsmiðjuna og því býr Reykjavik Pizza Company að góðri reynslu í eldbökuðum pizzum, en ýmislegt fleira girnilegt er á matseðl-inum og því ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi.

Matsalurinn býður upp á hlýlega stemningu en einnig er hægt að taka matinn heim eða fá heimsendingu. Staðurinn opnar kl. 10 á morgn-ana og í sumar verður opið til hálf tólf á föstu-dags- og laugardagskvöldum.

**Matseðillinn**
Aðalsmerki Reykjavík Pizza Company eru eld-bakaðar pizzur en boðið er upp á hátt í hundrað áleggstegundir. Á boðstólum eru einnig súpur, beyglur og heilsuvafningar fyrir þá sem eru að hugsa um heilsuna. „Ég er með franskan kokk sem sér um beyglurnar og súpurnar. Ég nenni ekki að bjóða upp á neitt nema að það sé fyrsta flokks,“ segir Þorleifur Jóns-son framkvæmdastjóri.

**Verð**
Tólf tommu pizzur með áleggi eru á bilinu 1.400 til 1.700 kr., beyglur um 600 kr., heilsuvafningar um 700 kr. og súpa dagsins er á 590 kr.

# Orkubrauð
## er ríkara af trefjum

Vissir þú að börn og unglingar borða allt of lítið af trefjum? Og meira að segja fullorðnir líka? Orkubrauð er ríkt af trefjum og próteinum. Í hverju brauði eru um 40 grömm af trefjum enda hefur Myllan aukið enn frekar hollustu Orkubrauðsins til að mæta vaxandi þörf barna og unglinga fyrir trefjar.

Gefðu börnunum Orkubrauð. Meginuppistaða þess er heilmalaður rúgur en auk þess koma trefjar þess úr hveitiklíði, höfrum, appelsínutrefjum og inúlíni.

Gleymdu heldur ekki melónufræjunum sem eru rík af fjölómettuðum fitusýrum og graskerjafræjum sem eru full af stein- og snefilefnum. Bæði melónu- og graskerjafræ gefa Orkubrauðinu enn meiri fjölbreytni í bragði og næringargildi. Í hverjum 100 grömmum af Orkubrauði eru um 13 grömm af próteinum.

Nægilegt magn próteina er líka öllum mikilvægt. Prótein Orkubrauðsins koma m.a. úr graskersfræjum, möluðum lúpínufræjum, melónufræjum og korni.

Þú stuðlar að meiri hollustu í fæði barnanna með vali á Orkubrauði. Það er bragðgott og í því er orka sem endist.

Börn og unglingar borða ekki nógu gróft og trefjaríkt fæði. Þessa staðreynd endurspegla neysluvenjur samkvæmt nýlegri rannsókn Rannsóknastofu í næringarfræði (RÍN) og Lýðheilsustöðvar á mataræði 9 ára barna og 15 ára unglinga. Níu ára börn þurfa a.m.k. 20 grömm af trefjum á dag miðað við orkuþörf en fá bara 15. Fimmtán ára unglingar þurfa a.m.k. 25 grömm en fá bara 18. Sjá nánar á lydheilsustod.is.




MYLLAN
ALLTAF NÝ BAKAÐ

**Hafðu það trefjaríkt og gott með Orkubrauði**



43%
afsláttur
Bayonneskinka
899 kr. kg
1598
Goða Bayonneskinka
998 kr. kg
1694
Goða svínakótilettur
41%
afsláttur
Krónan alltaf ódýr !
POKI AF TILDA RIZAZZ FYLGIR MEÐ
Chicago Town wraps 2 teg
349
kr/stk
7 UP 2 lítrar
89
kr/stk
KRÓNAN
Skinka
TILBOÐ
Krónu skinka
160
kr/pk
Rizazz
Frón heimiliskex
239
kr/pk
500 grömm
Heimilis kex
Jóklasalat
199
kr/kg
Virk Sam-keppni
Rauð paprika
189
kr/kg
SKEIFAN / BÍLDSHÖFÐI / HRINGBRAUT / BREIÐHOLT / NORÐURBRÚN / HVALEYRARBRAUT / MOSFELLSBÆR / SELFOSS / VESTMANN... / ...ÖFN
virkir dagar 11-19 laugardagar 11-19 sunnudagar 12-18
virkir dagar 11-19 laugardagar 11-19 sunnudagar 12-19
virkir dagar 11-19 laugardagar 11-19 sunnudagar lokað
virkir dagar 11-21 laugardagar 11-21 sunnudagar 12-21
virkir dagar 11-21 laugardagar 11-21 sunnudagar 12-21
virkir dagar 11-21 laugardagar 11-21 sunnudagar 12-21
Allir dagar 12-23
virkir dagar 11-19 föstudagar 11-20 laugardagar 11-19 sunnudagar lokað
virkir dagar 11-19 laugardagar 11-19 sunnudagar lokað
virkir dagar 11-19 laugardagar 11-19 sunnudagar lokað



KRÓNAN
VIRK SAMKEPPNI
30% afsláttur
1119 kr. kg
1598
Krónu lambagrillsneiðar
40% afsláttur
Svínakótilettur jurtakryddaðar
1019
kr/kg
Hunangs marineraðar svínakótilettur
1199
kr/kg
HM Hamborgara-tilboð: 2 hamborga-rar, 2 brauð, BBQ sósa, bacon, ostur og 1 líter af Coke eða Coke light aðeins kr.
598
Hamborgara BRAUÐ
Royko mínútusúpur
79
kr/stk
Myllu heilhveiti samlokubrauð
129
kr/stk
3 fyrir 2
Oetker pizza með pepperoni
Virk samkeppni
Weetaflakes
399
kr/pk
Góu tvenna
299
kr/stk
Kippa af Coke eða Coke light
780
kr/stk
HM GLÖS FYLGJA HVERRI KIPPU
Alltaf frábær tilboð alla daga

*„I love the smell of napalm in the morning. You know, one time we had a hill bombed, for 12 hours. When it was all over, I walked up. We didn't find one of 'em, not one stinkin' dink body. The smell, you know that gasoline smell, the whole hill. Smelled like... victory. Someday this war's gonna end...“*

Hershöfðinginn Kilgore útskýrir fyrir hermanni þennan yndislega morgunilm í Víetnam - mynd Francis Ford Coppola, Apocalypse Now.

# bíó

bio@frettabladid.is

**KVIKMYNDANJÖRÐUR VIKUNNAR:** ÍSLEIFUR B. ÞÓRHALLSSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI

## *Tarantino í miklu uppáhaldi*

**Eftirlætis kvikmynd:** Ég á mjög erfitt með að nefna uppáhaldskvikmynd eða gera topp fimm lista. Pulp Fiction er hins vegar sú mynd sem kemur oftast upp í hugann á mér en ég fór á sérstaka forsýningu áður en hún hafði slegið í gegn á sínum tíma. Þetta var mögnuð upplifun og ég leyfi mér að efast um að Tarantino eigi eftir að gera jafn góða mynd. Swingers með Vince Vaughn og Raising Arizona eftir Coen-bræður eru líka í miklu uppáhaldi.

**Eftirminnilegasta atriðið:** Þegar John Travolta stingur adrenalínsprautinni í brjóstið á Umu Thurman í Pulp Fiction. Magnað atriði sem situr lengi í manni.

**Eftirlætis leikstjóri** Quentin Tarantino er í miklu uppáhaldi auk Spike Jonze og Alexander Payne. Ég hef líka alltaf verið mikill aðdáandi Cohen-bræðranna og gömlu meistaranna Martin Scorsese og Woody Allen auk Michael Winterbottom.

**Besta íslenska myndin:** Friðrik Þór Friðriksson og myndir hans, Börn náttúrunnar og Englar alheimsins eru alveg frábærar. Þá finnst mér verkin hans Róberts Douglas mjög skemmtileg og Íslenski draumurinn var hálfgerð tímamótamynd.

**Mesta hetja hvíta tjaldsins:** Ofurmennið hlýtur að vera mesta hetjan. Hann getur flogið og í raun gert allt. Það blikna allar persónur í samanburði við Ofurmennið.

**Mesti skúrkurinn:** McDonalds í kvikmyndinni Supersize Me og Níhílistarnir í Big Lebowski.

**Hvaða persóna fer mest í taugarnar á þér:** Allar Jim Carrey persónur þar sem leikarinn fær að leika lausum hala. Óþolandi að horfa á einn mann geifla sig og gretta í níutíu mínútur.

**Ef þú værir kvikmyndastjarna og fengir að velja kvikmynd, mótleikara og leikstjóra, hvernig liti myndin út:** Ég myndi gera mynd sem gerðist á Íslandi á .com-tímabilinu þegar allt var að verða geðveikt. Ég væri verðbréfasali á daginn og næturklúbbaeigandi á kvöldin. Jennifer Aniston yrði forstjóri deCode og drottning næturlífsins. Við ættum í samkeppni en það væru líka ástríður kraumandi undir. Quentin Tarantino myndi síðan að sjálfsögðu leikstýra.





**AF HVÍTA TJALDINU**

**> FREYR GÍGJA GUNNARSSON**

## *Al Pacino sem Han Solo?*

Að velja í hlutverk getur reynst leikstjórum erfitt. Aðalhlutverkið þarf að vera vel mannað af leikara sem kvikmyndahúsagestinum finnst vera trúverðugur í hlutverkinu. Peter Jackson reyndist vera snjall þegar hann réð Viggo Mortensen í hlutverk Aragorns. Írski leikarinn Stuart Townsend hafði hins vegar verið í föruneytinu í fjóra daga sem hinn aðalsborna hetja áður en Jackson gerði sér grein fyrir að leikarinn þyrfti að vera eldri.

Eflaust finnst flestum ómöglegt að sjá einhvern annan en Marlon Brando í hlutverki guðföðurins Don Vito Corleone. Engu að síður vildi kvikmyndaverið fá Frank Sinatra í hlutverkið. Taldi hann geta trekkt betur að. Þeir fengu því hland fyrir hjartað þegar Francis Ford Coppola stakk upp á ólíkindatólinu Brando sem var þekktur fyrir sérvisku og gat tekið upp á hverju sem var á meðan á tökum stóð.

Þegar horft er á Guðföðurinn er hálf asnalegt að sjá einhvern annan fyrir sér en Brando í því hlutverki. Leikarinn tróð bómull upp í kjaftinn á sér og náði fram svipbrigðum og túlkun sem eiga vafalítið ekki eftir að sjást aftur á hvíta tjaldinu.

Harrison Ford var klæðskerasniðinn fyrir Han Solo-hlutverkið í Stjörnustríðsmyndunum fyrri en það varð upphafið að glæstum ferli hans sem Hollywood-stórstjarna. Nánast ómögulegt er fyrir mig að sjá einhvern annan í hlutverki þessa flugstjóra sem reif kjaft við allt og alla og var hundeltur af óþjóðalýð í sólkerfinu. George Lucas vildi hins vegar ekki vinna með einhverjum sem hafði leikið í kvikmynd eftir hann áður og Ford var því útilokaður í fyrstu vegna hlutverks síns í American Graffiti.



Lucas bauð leikurum á borð við Kurt Russell, Nick Nolte, Christopher Walken og Al Pacino að leika Han Solo. Leikstjórinn íhugaði meðal annars að gera Han Solo svartan og hafði nánast ráðið Glynn Turman í hlutverkið. Lucas hætti hins vegar við allt saman og fékk Harrison Ford til að fljúga með Chewbacca, Luke Skywalker og prinsessuna Leiu. Hvort Stjörnustríðið hefði orðið eitthvað verra ef Al Pacino hefði hlaupið undan stormsveitarmönnununum með Alec Guiness verður hins vegar aldrei skorið úr um.

# Vandræði í rútuferð

Robin Williams fer með aðalhlutverkið í gamanmyndinni RV sem nú er sýnd í íslenskum kvikmyndahúsum. Fjallar hún um vinnualkann Bob Munro (Williams), sem fer með fjölskyldu sína í ferðalag til Colorado eftir að hafa hætt við að fara með hana til Hawaii. Er ekið til Colorado í lítilli rútu við litlar vinsældir eiginkonunnar og barnanna.

Allt fer úrskeiðis í ferðinni sem úrskeiðis getur farið og á Munro í hinum mestu vandræðum með að hafa stjórn á hlutunum. Óhöppin ná á endanum að þjappa fjölskyldunni betur saman og gera hana nánari en nokkru sinni fyrr.

Cheryl Hines, sem leikur í sjónvarpsþáttunum Curb Your Enthusiasm, leikur eiginkonu Munro en Jeff Daniels, sem fór á kostum í Dumb and Dumber, fer einnig með hlutverk í myndinni.



**RV** Kvikmyndin RV fjallar um fjölskyldu sem ferðast í rútu til Colorado.

Leikstjóri er Barry Sonnenfeld, sem á að baki Men in Black-myndirnar, Get Shorty og tvær fyrstu myndirnar um Addams-fjölskylduna.

# Ljóskan Simpson

Jessica Simpson verður seint sökuð um að vera einhver mannvitsbrekka ef marka má fréttavefinn Contactmusic.com. Leik- og söngkonan var stödd í teiti með nokkrum frægum einstaklingum og skemmti sjálfri Pamelu Anderson konunglega með hálfasnalegri spurningu.

Hinar barmgóðu ljóskur stóðu og ræddu málin þegar Simpson spurði stöllu sína hvernig hún færi eiginlega að því að hlaupa svona hægt en eins og frægt er orðið voru það meðal vinsælustu atriðanna í Baywatch. Anderson sýndi Simpson þó mikla hjálpsemi og útskýrði fyrir henni sjónvarpstæknina á bak við þetta allt saman.



**JESSICA SIMPSON** Var mjög undrandi á því hvernig Pamelu Anderson og félögum hennar í Baywatch tókst að hlaupa svona hægt.

# Hver gat leikið Langdon?

**Mikil eftirvænting ríkti í kringum frumsýningu Da Vinci lykilsins enda hafði bók Dan Brown slegið öll met á vinsældarlistum um allan heim. Gagnrýnendur voru hins vegar ómyrkir í máli sínu um myndina og telja Tom Hanks engan veginn hafa passað í hlutverk Roberts Langdon.**

Leikstjórinn Ron Howard hefur verið þó nokkur vandi á höndum þegar hann tók að sér að leikstýra kvikmyndinni. Langdon er um fimmtugt og er lýst sem Harrison Ford í tweed-jakka.

Tom Hanks var fenginn í hlutverkið. Leikarinn er meðal þeirra virtustu í kvikmyndaheiminum en fjölmargir aðdáendur bókarinnar settu stórt spurningamerki við ráðningu hans í hlutverkið. Það kom líka á daginn að spennan á milli Hanks og Audrey Tatou er akkúrat engin en þar sem þau tvö deila hvíta tjaldinu nánast alla myndina verður hún fyrir vikið hálf getulaus. Aðdáendur myndarinnar geta vafalítið mótmælt þessari fullyrðingu og sagt að milli þeirra hefði átt að ríkja samband föður og dóttur en þar sem það tekst ekki einu sinni hljóta að vakna efasemdir um ágæti Hanks í hlutverkinu.

Howard hefur ekki getað talað fyrir því að Harrison Ford myndi taka hlutverkið að sér enda sjá flestir hann fyrir sér í Indiana-Jones hlutverkinu. Ford hefði heldur ekki getað látið hárið vaxa svona sítt eins og Tom Hanks gerði með eftirminnilegum hætti.

Leikarar af þessari kynslóð eru af skornum skammti. Russell Crowe, sem lék undir stjórn Howards í A Beautiful Mind og Cinderella Man, er of mikill ólátabelgur og slagsmálahundur til að geta túlkað lærðan fræðing í fornum táknum. Þótt honum hafi tekist vel til í áðurnefndri mynd auk The Insider kæmi Crowe aldrei til greina. Enginn myndi trúa því að Crowe léti litla, franska snót flýja með sig á litlum bíl.

Þegar horft er yfir sviðið í heild sinni má sjá að ef Da Vinci Code hefði verið gerð fyrir þrjátíu árum síðan hefði Robert Redford verið ráðinn á staðnum. Redford er einhver allra besti „venjulegi“ leikari sögunnar og hefði plumað sig vel í hlutverki Langdons, hvort sem ríkja átti föðurleg ást eða kynferðisleg spenna á milli hans og Sophie.

Sá leikari sem hefði að öllum líkindum passað eins og flís við ras í hlutverkið er Jeff Bridges. Hann er einhver allra besti skapgerðarleikari seinni tíma en líður fyrir að hafa ekki leikið í nægjanlega nógu mörgum smellum. Að öllum líkindum treysti Howard Hanks langbest í þetta hlutverk. Þeir eru miklir félagar og Hanks er auðvitað frábær leikari. Hann á hins vegar betur heima einn á eyðieyju, með eyðni eða í hlutverki vitleysings heldur en í hlutverki Roberts Langdon.

**- fgg**



**HARRISON FORD** Dan Brown lýsti Langdon sem Harrison Ford í tweed-jakka. Hins vegar hefði verið ómöglegt fyrir aðstandendur Da Vinci Code að ráða leikarann í hlutverkið enda sjá hann flestir sem Indiana Jones eða Han Solo.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES



**HEFÐI HANN GETAÐ ÞETTA?** Russell Crowe hefur vissulega sýnt að hann getur leikið menntamenn en hefði það verið trúverðugt að sjá Crowe flýja undan munki?



**FYRIR ÞRJÁTÍU ÁRUM** Robert Redford hefði verið ráðinn á staðnum ef Da Vinci hefði verið gerð fyrir þrjátíu árum. Ekki er á allt kosið.



**RÉTT VAL?** Ron Howard kann að hafa gert mistök með því að velja góðvin sinn Tom Hanks í hlutverk Roberts Langdon.



**LANGDON Í DAG** Tom Hanks þykir einkar litlaus í hlutverki Langdon en sagan ein á eftir að dæma um hvort valið á honum hafi verið rétt.



**ER ÞETTA EKKI LANGDON?** Jeff Bridges hefði að öllum líkindum verið hárréttur maður í hlutverkið en skortur hans á stórsmellum hefur vafalítið komið í veg fyrir það.



Landsbankinn
olís
Iceland Express
515 6100 I SYN.IS I SKÍFAN I OG VODAFONE
* 38,7% KARLA HORFA Á HM
* 21,6% KVENNA HORFA Á HM
FIFA WORLD CUP
GERMANY 2006
ÞJÓÐIN HORFIR Á
HM 2006
VIÐ ÞÖKKUM
FRÁBÆRAR VIÐTÖKUR
sýn
besta sætið
* Samkvæmt mælingu Gallup á áhorfi
16 - 75 ára á opnunarleik HM 2006

fjörið … fólk
folk@frettabladid.is

# Magni með stórstjörnunum í glæsivillu

Það væsir ekki um söngvarann Magna Ásgeirsson, sem þessa dagana dvelst í Los Angeles og berst fyrir því að komast í sjónvarpsþáttinn Rockstar: Supernova. Eins og Fréttablaðið hefur greint frá fóru fjórir Íslendingar utan fyrir skemmstu og reyndu fyrir sér í áheyrnarprufum fyrir þáttinn. Þau sem fóru út voru Hreimur Örn Heimisson úr Landi og sonum, Idol-stjarnan Aðalheiður Ólafsdóttir og Kristófer Jensson úr Lights on the Highway. Af þeim fékk Magni að halda áfram og hann er nú kominn í 18 manna úrtak. Af þeim verður valinn 15 manna lokahópur fyrir þættina. Upptökur hefjast í næsta mánuði og þættirnir verða sýndir á Skjá einum.

Fyrsta serían af Rockstar var sýnd síðastliðinn vetur en þar leituðu liðsmenn áströlsku rokksveitarinnar INXS að nýjum söngvara. Þættirnir nutu fádæma vinsælda og beint þótti liggja við að gera aðra seríu. Að þessu sinni er hljómsveitin Supernova í forgrunni en hana skipa trommarinn Tommy Lee, úr Mötley Crüe, gítarleikarinn Gilby Clarke úr Guns N' Roses og Jason Newsted, fyrrum bassaleikari Metallica.

Erlendir fjölmiðlar hafa fjallað talsvert um væntanlega þáttaröð og nokkuð hefur verið gert úr því að Íslendingur skuli vera í 18 manna hópnum. „Sigurvegarinn gæti verið karlkyns, kvenkyns, frá Ástralíu, Íslandi eða hvaðan sem er,“ sagði bassaleikarinn Newsted í einu viðtali. Í 18 manna hópnum eru átta konur og tíu karlar. Þetta fólk hefur síðustu vikuna dvalist í glæsivillu í Hollywoodhæðum en það mun verða heimili þátttakendanna á meðan upptökum stendur. Í næstu viku ætti að verða ljóst hvort Magni okkar Ásgeirsson kemst í 15 manna hópinn sem verður í þáttunum.



**MAGNI ÁSGEIRSSON** Er kominn í 18 manna úrtak fyrir Rockstar: Supernova. 15 komast í þáttinn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Tíminn líður hratt fyrir leik

**Íslenska landsliðið í handknattleik spilar einn mikilvægasta leik sinn á laugardaginn þegar Svíar mæta í Laugardalshöllina. Í húfi er sæti á HM í Þýskalandi en margir telja að það mót eigi eftir að verða það glæsilegasta í sögu handboltans. Fréttablaðið tók hús á nokkrum landsliðsmönnum og spurði þá hvernig þeir eyddu frítíma sínum fyrir stóru stundina.**



**SVERRIR BJÖRNSSON** Línumaðurinn Sverrir Björnsson eyðir frítíma sínum í vinnunni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Dreifir huganum í vinnunni

Sverrir Björnsson línumaður eyðir frítíma sínum fram að landsleiknum í vinnunni. „Ég starfa hjá Glitni í markaðsviðskiptum og fer þangað á milli æfinga og reyni að gera eitthvað gagn,“ segir Sverrir og hlær.

Þegar hann kemur heim til sín reynir hann að slappa eins vel af og hann getur. „Ég er líka með fullt af efni af Svíunum sem Alli [Alfreð Gíslason] lét okkur fá fyrir nokkrum vikum. Ég reyni að skoða það og síðan fer ég yfir það þetta aftur og aftur í hausnum, maður er alltaf með hugann við þetta,“ segir hann. „En það er ágætt að fara í vinnuna til að dreifa huganum aðeins. Svo er líka gott að maður mæti í vinnuna, svona gagnvart vinnuveitandanum, en þeir sýna þessu reyndar allan skilning.“

## Stúderar tækni Svíanna

„Ég reyni að nýta tímann vel og fara vel yfir síðasta leik, tækni og annað,“ segir Birkir Ívar Guðmundsson landsliðsmarkvörður, sem spilar með Haukum. Hann skoðar myndbönd frá síðasta leik sem fram fór í Stokkhólmi á sunnudag. „Ég skoða hvað ég get gert betur og hvernig Svíarnir skjóta.“ Leikurinn á laugardaginn leggst vel í Birki og segir hann það skipta miklu að spila á heimavelli og að ekki skemmi fyrir að Laugardalshöllin sé troðfull. „Stuðningur áhorfenda skilar sér inn á völlinn og það er ekkert sérstakt að spila fyrir tómum stúkum. Þessi leikur er góð uppskrift að sigri.“ Birkir segist ekki vera hjátrúarfullur en hann reynir þó að spila í sama bolnum undir treyjunni.



**BIRKIR ÍVAR GUÐMUNDSSSON** Reynir að spila alltaf í sama bolnum undir treyjunni. FRÉTTABLAÐIÐ/OLE NIELSEN

## Syndir og hjólar



„Þegar ég er ekki að liggja yfir videóupptökum og er í tölvunni þá fer ég og syndi,“ segir Alfreð Gíslason landsliðsþjálfari.

„Ég bara get ekki hlaupið lengur út af hnjánum og til að ná hreyfingu fer ég og syndi. Að öðru leyti er ekki um neinn frítíma að ræða fyrir mig. Hins vegar ætla ég að taka mér verulega gott frí þegar ég er búinn með þennan leik því þá ætla ég að hjóla í tvo til þrjá tíma á dag í Þýskalandi,“ segir Alfreð.

**ALFREÐ GÍSLASON** Landsliðsþjálfarinn syndir þegar hann er ekki að þjálfa íslenska landsliðið.

## Veiddi sex bleikjur á Þingvöllum

Snorri Steinn Guðjónsson, sem spilar með Minden í Þýskalandi, brá sér í veiði á Þingvallavatni í vikunni. „Ég hef mikinn áhuga á veiði, er búinn að hlakka mkið til að fara að veiða. Ég er í Þýskalandi og fer ekkert að veiða þar. En ég veiddi sex bleikjur og kom endurnærður til baka,“ segir Snorri Steinn. Hann ætlar að taka því rólega fram að leik, fylgjast með HM í fótbolta og hitta vinina. „Svo er það bara undirbúningur fyrir leikinn, við reynum að nýta tímann sem best. Fríið tekur við eftir leikinn og þá getur maður farið að hanga og slappa almennilega af,“ segir Snorri.



**SNORRI STEINN GUÐJÓNSSON** Hefur lengi hlakkað til að fara að veiða.

## Tekur lífinu með ró

„Auðvitað er mikil spenna fyrir þennan leik enda mikilvægur leikur og gaman að Laugardalshöllin sé loksins full,“ segir Guðjón Valur Sigurðsson, hornamaður íslenska landsliðsins í handbolta og leikmaður þýska liðsins Gummersbach. Guðjón hefur staðið sig vel í þýsku deildinni og er þar markahæstur sem og besti leikmaður deildarinnar. „Við erum að æfa mjög mikið í þessari viku, einu sinni til tvisvar í viku. Ég reyni að hvíla líkamann og hugsa vel um hvað ég set ofan í mig svona rétt fyrir leik.“ Guðjón segist aðallega vera heima í rólegheitum með fjölskyldunni og horfir á myndbandsupptöku frá síðasta leik við Svía sem fram fór síðustu helgi. „Þar er farið vel yfir öll tækniatriði okkar og sænska liðsins. Ég er ómeðvitað með ákveðna rútínu fyrir leik en hún er svo ómerkileg að það er best að ég haldi henni fyrir mig,“ segir hinn skotfasti Guðjón Valur.



## Vinir og fjölskylda

Vignir Svavarsson leikur með Skjern í Danmörku. „Ég er búinn að vera duglegur að horfa á HM og vera með fjölskyldum og vinum. Bara slappa af, það er ekkert hægt að gera þegar það er svona veður. Annars líst mér bara vel á þetta, það er uppselt í Höllina og ég er mjög spenntur fyrir þessu.“



**VIGNIR SVAVARSSON** Eyðir frítímanum í HM og fjölskylduna.

## Breytir ekki út af venjunni

Sigfús Sigurðsson er einn besti varnarmaður íslenska lansliðsins og spilar með spænska liðinu Ademar Leon á Spáni. „Ég er ekki búinn að gera neitt sérstakt til að búa mig undir þennan leik. Ég reyni þó að breyta ekkert út af venju minni og líki leikjum við próf. Maður á ekki að gera neitt óvenjulegt og reyna að læra undir það eins og maður gerir venjulega. Þá fær maður bestu útkomuna.“ Sigfús segist ekki vilja setja sjálfan sig undir óþarfa pressu og það eina sem hann hugsar um fyrir leiki er að skórnir séu með í för svo að geti að minnsta kosti spilað. Sigfús tók þátt í Stjörnugolfinu sem var á þriðjudaginn og segist vera mikill áhugagolfari. „Ég átti reyndar mjög lélegan leik á þriðjudaginn og ég spilaði með Tryggva Guðmundssyni fótboltakappa í frábæru golfveðri.“



**SIGFÚS SIGURÐSSON** Hugsar um að hafa strigaskóna með sér fyrir leiki svo hann geti spilað. FRETTABLAÐIÐ/HARALDUR


Fender
DIAMOND ANNIVERSARY
1946 - 2006
Kassagítar
...með öllu
14.990,–
Fáanlegir × Svartir × Viðarlitaðir
GETTING STARTED ON
ACOUSTIC
GUITAR
HLJÓÐFÆRAHÚSIÐ
Hljóðfærahúsið Laugavegi 176 105 Reykjavík www.hljodfaerahusid.is info@hljodfaerahusid.is Sími 591 5340



**GYLFI EINARSSON** Þetta glæsilega armbandsúr hans heitir U-Boat og virðist ekki fást á Íslandi. Áhugasamir þurfa þó ekki að örvænta því Gylfi íhugar að flytja úrin inn til Íslands.

# Stór úr í tísku í boltanum

„Já, þetta hlýtur að vera í tísku fyrst maður er með þetta,“ segir fótboltamaðurinn Gylfi Einarsson og hlær. Hann og Grétar Rafn Steinsson voru gestir í fótboltaþættinum 4-4-2 í byrjun vikunnar og margir áhorfendur tóku eftir stórum armbandsúrum sem þeir félagar báru. Gylfi kippti sér ekki mikið upp við þetta þegar Fréttablaðið ræddi við hann í gær, var að slappa af uppi í sumarbústað og bjóst ekki við að fólk hefði tekið eftir armbandsúri sínu í þættinum.



Hann hélt þó að þeir Grétar gengju með svipaðar týpur.



**GRÉTAR RAFN STEINSSON** Með U-Boat úr af svipaðri gerð og Gylfi skartar. Það virðist ljóst hvaða úr verða heitust í sumar.

„Þetta úr heitir U-Boat og ég fékk það hjá félaga mínum í liðinu,“ segir Gylfi og á þar við Leeds United, félagið sem hann leikur með í ensku knattspyrnunni. „Hann er með umboð fyrir þessi úr á Norðurlöndunum en ég hef ekki enn séð þau hér á landi. Ég var nú einmitt að spá í að fara að flytja þau inn til Íslands sjálfur,“ segir Gylfi Einarsson knattspyrnumaður.

# Banvænar veirusýkingar í smábæ

Grínhryllingurinn Slither, sem verður frumsýnd á föstudag, gerist í smábænum Wheesly þar sem undarleg veira gerir vart við sig sem breytir íbúunum smám saman í hin ýmsu skrímsli. Þetta er fyrsta myndin sem James Gunn leikstýrir en hann samdi handritið að Dawn of the Dead sem sló rækilega í gegn fyrir tveimur árum.

Með aðalhlutverk í Slither fara Nathan Fillion, Elizabeth Banks, Gregg Henry og Michael Rooker.



**SLITHER** Grínhrollurinn Slither gerist í smábænum Wheesly.

# Banderas í dansstuði

Í kvikmyndinni Take the Lead fer hjartaknúsarinn Antonio Banderas með hlutverk dansara sem tekur að sér að kenna vandræðaunglingum réttu sporin.

Fyrst um sinn fær hann kaldar móttökur en smám saman vinnur hann sig í áliti hjá unglingunum. Myndin er byggð á sannsögulegum atburðum og með hitt aðalhlutverkið fer Alfre Woodard. Leikstjóri er Liz Friedlander og er þetta fyrsta kvikmynd hennar. Hefur hún áður leikstýrt hinum ýmsu myndböndum og tónlistarmyndum. Myndin er frumsýnd í Laugarásbíói á morgun.



**TAKE THE LEAD** Antonio Banderas fer með aðalhlutverkið í Take the Lead.

# Sumarið er tíminn...

**Fátt pirrar Íslendinga jafn mikið og sumarveðrið sem nú ríkir hér á landi. Rigning, rok og kuldi hafa leikið um landann að undanförnu og er þetta farið að hafa veruleg áhrif á þjóðarsálina. Fréttablaðið fór á stúfana og fann nokkur atriði sem gætu létt okkur lífið á þessum síðustu og verstu.**



■ HM í Þýskalandi: Nú þarf enginn að hafa samviskubit yfir því að horfa á heimsmeistarakeppnina í sjónvarpinu. Ekki hægt að fara í göngutúra eða mála húsið og því ekkert annað í stöðunni en að koma sér vel fyrir í sófanum með allri fjölskyldunni og útskýra fyrir henni rangstöðuregluna og þar fram eftir götunum. Fjölskyldan getur jafnvel valið sér lið, farið í næstu íþróttaverslun og keypt búninga á alla.

■ Heitir drykkir: Loksins er komið kærkomið tækifæri fyrir þá sem vilja prófa sig aðeins áfram í heitum drykkjum. Ná sér í kakó og bragðbæta það jafnvel með smá brjóstbirtu. Hver getur sagt nei við írsku kaffi á gráum sumardegi?





■ Sólarlandaferðir: Allir ættingjarnir hafa verið að býsnast yfir þeirri vitleysu þinni að fara til útlanda um hásumar. Þú varst hins vegar sniðugri en allir aðrir og ert á leiðinni til Spánar að drekka sangría í ermalausum bol.



■ Breyttu til á heimili þínu: Í stað þess að liggja úti í beði og reyta arfa getur þú núna endurraðað öllu inni á heimilinu. Málaðu öll herbergi hvít til að ná fram birtu og keyptu þér pottaplöntur til að fá smá gróður. Sumarið kemur að innan en ekki að utan.



■ Yfirhöfnin: Flíkin sem þú keyptir þér fyrir morðfjár í vetur nýtist þér miklu lengur og því er um töluverðan sparnað að ræða þegar svona viðrar. Ekki er verra að þú getur einnig sett upp húfuna en sumarklippingin er ekki alveg að halda á þér hita um þessar mundir.

■ Sumarbústaðaferð: Fátt er jafn rómantískt og róandi eins og ferð upp í sumarbústaðinn með fjölskyldunni. Kveikja á kertum, setja rólega djasstónlist á og grilla á pallinum enda ættu nokkrir dropar ekki að pirra grillarann. Þjóðarráð væri síðan að láta renna í heita pottinn og njóta þess að horfa á stjörnurnar fjarri borgarljósunum.






# The Beach Boys saman á nýjan leik

Eftirlifandi meðlimir hljómsveitarinnar goðsagnakenndu The Beach Boys komu saman í fyrsta sinn opinberlega í áratug er þeir tóku á móti viðurkenningu fyrir safnplötuna Sounds of Summer. Hefur platan selst í tveimur milljónum eintaka, eða í tvöföldu platínuupplagi.

Brian Wilson, Mike Love og Al Jardine, sem hafa átt í deilum í gegnum árin, voru allir á staðnum. Sögðust þeir hafa leyst ágreiningsmál sín og bætti Wilson því við að ágætar líkur væru á því að þeir myndu spila saman á tónleikum í framtíðinni.

Með þremenningunum við athöfnina voru gítarleikarinn fyrrverandi David Marks og Bruce Johnston sem spilaði með Mike Love og The Beach Boys hér á landi fyrir nokkrum misserum. Við athöfnina þakkaði Love Wilson fyrir framlag hans til The Beach Boys og sagði að ótrúlegir hæfileikar hans hefðu lagt grunninn að yndislegu lífi þeirra allra.

Love hefur tvisvar sinnum höfðað mál gegn frænda sínum Wilson auk þess sem Jardine kærði fyrrum félaga sína í The Beach Boys árið 2001 fyrir að meina honum að spila með þeim á tónleikum. „Það koma upp ýmis vandamál og þau leysast með tímanum,“ sagði Jardine.

The Beach Boys sló í gegn á sjöunda áratugnum með lögum á borð við Good Vibrations, I Get Around og Surfin´ USA. Sveitin lagði opinberlega upp laupana árið 1998 eftir að Carl Wilson, bróðir Brian, lést. Eftir það öðluðust Love og Johnston réttinn að nafninu The Beach Boys og hafa þeir komið fram undir því nafni allar götur síðan án þeirra Wilson og Jardine.



**THE BEACH BOYS** Hljómsveitin The Beach Boys hefur gefið út þekkt lög á borð við Good Vibrations og I Get Around.

# Tilraunakennd tíska frá Brasilíu

Tískuvika var haldin í Rio de Janeiro í Brasilíu í byrjun júní. Þar sýndu margir af fremstu hönnuðum landsins í nýlistasafni borgarinnar. Margir halda að Brasilíumenn séu einungis í því að hanna og framleiða sundfatnað en meira er í þá spunnið og þess má geta að Francisco Costa, aðalhönnuður Calvin Klein, er brasilískur að uppruna og þjóðarstolt þeirra.

Tískuviðburðurinn er haldinn árlega og hefur Brasilíumönnum tekist að stimpla sig ærlega inn í tískuheiminn með flottum sýningum og eru ætíð fyrstir í röð inni til að halda sýningar. Þessar myndir eru frá brasilíska merkinu TNG, sem er ungt og frambærilegt merki. Sýningin var fyrir vor/sumar ´07. Tilraunakennd snið og skemmtilegar litasamsetnig. Látum myndirnar tala sínu máli.



**HATTAÞEMA** Allar fyrirsæturnar hópuðust saman í lok sýningar og sést greinilega að Brasilíumenn spá mikilli hattatísku næsta sumar. Berir leggir og töffaralegar línur. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES



**LITURINN ER GULUR** Hægt er að klæðast gallastuttbuxum í Brasilíu og hér sést röndótt skyrta og tvílitt vesti við.



**TVÍLITIR SKÓR** Niðurmjóar gallabuxur, támjóir skór og röndóttir pólobolir ættu ekki að vera ný tíðindi fyrir íslenska karlpeninginn. Bolurinn er í íslensku fánalitunum.



**SVALUR VALUR** Strákarnir gleymast ekki í Brasilíu og skemmtileg grafík er í þessum fatnaði. Bláar buxur með hvítum röndum sem passa vel við skóna. Takið eftir húfunni.



**ÞVÍ MEIRA ÞVÍ BETRA** Hvítt og svart munstur í bland við æpandi liti var einkennandi í sýningunni. Stuttur samfestingur og jakki í stíl.



**LITAGLEÐI** Töffaralegur kjóll með breiðum svörtum og hvítum röndum. Plastarmböndin notuð til að poppa heildarútlið upp.


SLOGGI TILBOÐ TAI




ÚTSÖLUSTAÐIR

HAGKAUP SMÁRALIND
HAGKAUP SKEIFUNNI
HAGKAUP KRINGLUNNI
HAGKAUP SPÖNGINNI
HAGKAUP GARÐABÆ
HAGKAUP EIÐISTORGI
HAGKAUP AKUREYRI
NETTÓ, AKUREYRI
NETTÓ, MJÓDD
NÓATÚN SELFOSSI
ÚRVAL NJARÐVÍK
ÚRVAL HAFNAFIRÐI
ÚRVAL EGILSSTÖÐUM
ÚRVAL HRÍSALUNDI
ÚRVAL HÚSAVÍK
ÚRVAL DALVÍK
ÚRVAL ÓLAFSFIRÐI
ÚRVAL ÍSAFIRÐI
ÚRVAL SIGLUFIRÐI
ÚRVAL BORGARNESI
ÚRVAL BLÖNDUÓSI
KAUPFÉLAG V-HÚNV.
AG V-HÚN HVAMMST.
KAUPFÉLAG SKAGF. SAUÐÁRKR.
KAUPFÉLAG STEINGRÍMSFJARÐAR, HÓLMAV.
KAUPFÉLAG STEINGRÍMFJAR. DRANGSNES DRANGSNESI.
EFNALAUG DÓRU, HÖFN
HEIMAHORNIÐ, STYKKISHÓLMI
LYFJA, PATRÓ
PALOMA GRINDAVIK
FATABÚÐIN ÍSAFIRÐI
VERSLUN RANGÁ, SKIPAS. 56
ÞÍN VERSLUN, SELJABRAUT RVK.
GAMLA BÚÐIN, HVOLSVELLI
DALAKJÖR BÚÐARDAL
KASSINN ÓLAFSVÍK
BJARNI EIRÍKS, BOLUNGARVÍK
EINAR ÓLAFSS, AKRANESI
KRÓNAN REYÐARFIRÐI
KRÓNAN BÍLDSHÖFÐA
KRÓNAN SELFOSSI
KRÓNAN JAFNASELI
KRÓNAN HVALEYRARBRAUT
KRÓNAN LÁGHOLTSVEGI
KRÓNAN SKEIFUNNI
KRÓNAN MOSÓ
KRÓNAN VESTMANNAEYJUM
KJARVAL KLAUSTUR
KJARVAL VÍK
11-11 HVOLSVELLI
11-11 HELLU
11-11 HÖFN
STRAX, FÁSKRUÐSFIRÐI
STRAX, SKAGASTRÖND
STRAX, FLÚÐIR










# Fékk hjartaáfall

Grínistinn frægi, Jerry Lewis, er að jafna sig á sjúkrahúsi eftir að hann fékk hjartaáfall er hann var í flugvél á leið til Las Vegas.

Lewis, sem er áttræður, var fluttur á sjúkrahús í San Diego eftir að flugvél hans lenti þar. Lewis átti að koma fram í Las Vegas en ekkert verður af því.

Að sögn upplýsingafulltrúa kappans var um vægt hjartaáfall að ræða auk þess sem hann greindist með vott af lungnabólgu. Búast læknar við því að hann nái sér að fullu.

Jerry Lewis er þekktastur fyrir samstarf sitt og Deans Martin á sjötta áratugnum. Eftir það lék hann í þekktum myndum á borð við The Ladies Man og The Nutty Professor, sem síðar var endurgerð með Eddie Murphy í aðalhlutverki.

Lewis hefur átt við ýmis veikindi að stríða undanfarna tvo áratugi en hefur þó nokkrum sinnum komið fram á sviði að undanförnu.



**JERRY LEWIS** Grínistinn Jerry Lewis er að jafna sig eftir hjartaáfall. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Prestur í ógöngum

Kvikmyndin Keeping Mum verður frumsýnd í Sambíóunum og Háskólabíói í dag. Myndin fjallar um prestinn Walter Goodfellow (Rowan Atkinson), sem er svo upptekinn við að semja hinn fullkomna sálm að hann áttar sig ekki á ástarsambandi eiginkonu sinnar (Kristin Scott Thomas) við golfkennara sinn (Patrick Swayze).

Einnig fer það alveg framhjá honum að dóttir hans skiptir um kærasta í hverri einustu viku. Leikstjóri myndarinnar er Niall Johnson sem meðal annars leikstýrði The Big Swap árið 1998.



**KEEPING MUM** Rowan Atkinson og Kristin Scott Thomas fara með aðalhlutverkin í Keeping Mum.



**SIGN** Hljómsveitin Sign er á leiðinni til Bretlands um helgina.

# Sign spilar órafmagnað í Reykjavík

Hljómsveitin Sign kemur fram á sumartónleikaröð Reykjavík Grapevine og Smekkleysu í dag. Sign spilar órafmagnað í Smekkleysubúðinni kl. 17.00 og er frítt inn. Sign kemur síðan fram á Amsterdam um kvöldið ásamt Pan og Truckload of Steel. Aldurstakmarkið er 18 ára og er aðgangseyrir 800 krónur.

Á morgun spilar Sign síðan í Tryggvaskála á Selfossi klukkan 20.00. Miðaverð er 1000 krónur.

Á laugardaginn halda Sign-liðar síðan til Bretlands þar sem þeir koma fram á Middlesborough-tónleikahátíðinni á sunnudag ásamt því að spila á Water Rats í London daginn eftir.

# Frændur Scissor Sisters

Platan Emotional með íslensku hljómsveitinni Trabant var nýverið gefin út í Evrópu af plötufyrirtækinu Southern Fried sem er í eigu Fatboy Slim. Fjallað er um plötuna í nýjasta hefti breska tónlistartímaritsins Q. Emotional fær þrjár stjörnur af fimm mögulegum í umfjöllun blaðsins og gagnrýnin er nokkuð jákvæð. Trabant er lýst sem vel smurðri vél og tónlist sveitarinnar er sögð einhvers staðar á milli Take My Breath Away með Berlín og Queen-myndbandsins I Want to Break Free. Sú formúla er sögð ganga vel upp á Íslandi enda sé Trabant vinsælli en Coldplay hérlendis. Gagnrýnandinn John Robinson klikkir svo út með því að lýsa Trabant sem „undarlegum evrópskum frændum Scissor Sisters".



**TRABANT** Plata þeirra, Emotional, fær þrjár stjörnur af fimm mögulegum í nýjasta hefti Q.




# Þrettán ástarlög

Platan Íslensk ástarlög er komin í verslanir á vegum Senu og Steinsnars. Á plötunni fara fimm glæsilegar söngkonur á kostum í flutningi á þrettán íslenskum dægurperlum.

Fyrsta lag plötunnar er eftir Bubba Morthens, Með þér, og er í flutningi Ragnheiðar Gröndal. Það er einmitt vinsælasta lagið á landinu um þessar mundir. Hinar söngkonurnar sem syngja á plötunni eru Hildur Vala, Ellen Kristjánsdóttir, Andrea Gylfadóttir og Sigríður Eyþórsdóttir.

Fjögur áður óútgefin lög eru á plötunni. Jón Ólafsson á lagið Perlan sem Sigríður Eyþórsdóttir syngur, Magnús Þór Sigmundsson á lögin Sólstafir og Þú ert mér allt og Ragnheiður Gröndal frumflytur lag sitt Sólon Íslandus.



**RAGNHEIÐUR GRÖNDAL** Söngkonan vinsæla syngur þrjú lög á plötunni Íslensk ástarlög sem er nýkomin út.
FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

# Fjarlægð úr tré

Leikkonan Daryl Hannah var fjarlægð af lögregluþjónum ofan úr tré í jurtagarði í Los Angeles eftir að hafa mótmælt byggingu vöruhúss á svæðinu.

Hannah hefur að undanförnu safnað hundruðum milljóna til að bjarga garðinum. Um 350 bændur hafa ræktað þar blóm og grænmeti frá árinu 1992. Þjóðlagasöngkonan Joan Baez var einnig á meðal þeirra sem mótmæltu byggingu vöruhússins.

Rúmlega eitt hundrað lögregluþjónar voru á svæðinu til að fjarlægja mótmælendurna og voru sautján þeirra handteknir inni í garðinum. 27 til viðbótar voru handteknir fyrir utan garðinn.

Á meðal fleiri stjarna sem vilja halda garðinum í sama horfi eru Willie Nelson, Danny Glover og Laura Dern. „Ég er sannfærð um að það sé rétt að taka afstöðu og styðja bændurna," sagði Hannah áður en hún var fjarlægð úr trénu.

Daryl Hannah sló í gegn í kvikmyndinni Splash á níunda áratugnum. Síðan þá hefur hún meðal annars leikið í Roxanne og Kill Bill 2.



**DARYL HANNAH** Leikkonan Daryl Hannah er lögregla fjarlægði hana úr trénu.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP




# L´Occitane 30 ára

Franski snyrtivöruframleiðandinn L´Occitane fagnar þrjátíu ára afmæli um þessar mundir. Merkið á rætur að rekja til Provence-héraðs í Frakklandi en vörur fyrirtækisins eru nú seldar í 600 verslunum víðs vegar um heim. L´Occitane er þekkt fyrir framleiðslu á hágæðasnyrtivörum úr náttúrulegum efnum þar sem aðaláherslan er lögð á náttúruafurðir Provence-héraðs. Fyrirtækið hefur stutt við ýmis góð málefni á þessum þrjátíu árum og síðustu tíu ár hefur fyrirtækið meðal annars stutt blindrakennslu í fátækustu löndum heims. Þeir sem skipta við fyrirtækið styrkja því í leiðinni gott málefni.



Í tilefni af afmælinu hefur fyrirtækið sett í framleiðslu olíu sem er blanda af þrjátíu ilmkjörnum eins og japanskri myntu, sítrónu, rósmarín, pipar, basilíku og sætri appelsínu. Olían á að auka vellíðan og hentar hún vel til nudds. Einnig er sérstakt afmæliskerti komið á markað sem er einnig með þessum sömu þrjátíu ilmkjörnum.




7. UMFERÐ | LANDSBANKADEILD KARLA

mán. 12. júní kl. 19:15 Fylkir - Keflavík
fim. 15. júní kl. 19:15 Grindavík - Valur
fim. 15. júní kl. 19:15 ÍA - Breiðablik
fim. 15. júní kl. 19:15 FH - ÍBV
fim. 15. júní kl. 19:15 KR - Víkingur

6. UMFERÐ | LANDSBANKADEILD KVENNA

mið. 21. júní kl. 19:15 Þór/KA - KR
mið. 21. júní kl. 19:15 Fylkir - Breiðablik
mið. 21. júní kl. 19:15 Stjarnan - FH
fim. 22. júní kl. 19:15 Valur - Keflavík

Tryggðu þér miða á betra verði á landsbankadeildin.is eða ksi.is

Landsbankinn
410 4000 | landsbanki.is



## Scott Ramsay í Víði

Knattspyrnukappinn Scott Ramsay er genginn til liðs við 3. deildarfélagið Víði í Garði. Ramsay spilaði síðast með Grindavík en var áður hjá Keflavík. Ramsay fékk leikheimild með Víði í gær en liðið er í öðru sæti A-riðils eftir þrjá leiki.

# sport

sport@frettabladid.is

HÓLMGEIR EINARSSON, HANDKNATTLEIKSFORKÓLFUR HJÁ ÍR: SÁTTUR VIÐ NIÐURSTÖÐU Í PENINGADEILU

# *Réttlætið náði fram að ganga*

Hólmgeir Einarsson og félagar hans í handknattleiksdeild ÍR eru geysilega sáttir með þá niðurstöðu sem fékkst í peningadeilu sem þeir stóðu í við aðalstjórn félagsins. Félaginu áskotnaðist mikið fé vegna lands á Hengilssvæðinu og var mikil deila innan félagsins með upphaflega tillögu aðalstjórnar um skiptingu fjárins. Á aðalfundi félagsins undir lok síðasta mánaðar var skipt um aðalstjórn sem síðan kom fram með nýja tillögu um skiptingu fjárins sem meiri sátt náðist um. Handknattleiksdeildin fékk því fimm og hálfa milljón í sinn rekstur í stað einnar milljónar sem var upphaflega eyrnamerkt deildinni.

„Þetta er fullnaðarsigur og við lítum svo á að réttlætið hafi náð fram að ganga," sagði Hólmgeir Einarsson, sem hefur staðið í brúnni hjá ÍR til fjölda ára og ávallt verið stoltur af því hvernig deildin hafi verið rekin á hans tíma en ólíkt sumum öðrum deildum félagsins hefur handknattleiksdeildin verið með svo gott sem engu tapi. „Þetta er sanngjörn skipting og ég veit ekki betur en allir hafi verið sáttir þegar upp var staðið. Ég hef farið fram á að hluti þessara peninga fari í grasrótina og ég ætla að skella mér í það sjálfur. Það verður mitt verkefni næsta vetur að fara í skólana og reyna að virkja krakkana, betrumbæta heimaleikjaumgjörðina og gera eitthvað til að gera starfið skemmtilegra og vekja áhuga á íþróttinni í Breiðholtinu."




Hólmgeir segir að meiri ró sé komin í félagið eftir að aðalstjórninni var skipt út en fráfarandi stjórn hafði til að mynda ekki haldið aðalfund í tvö ár og var veruleg óánægja með hennar starf eða réttara sagt skorti á störfum. „Þetta eru allt saman toppmenn og það er gríðarleg sátt með þessa stjórn. Nú getum við horft björtum augum til framtíðar," sagði Hólmgeir.

## > Ólöf náði sér ekki á strik

Ólöf María Jónsdóttir, kylfingur úr Keili, lék opnunarhringinn á BMW-meistaramótinu í Róm á 75 höggum í gær, á þremur höggum yfir pari. Ólöf byrjaði vel og var á einu höggi undir pari eftir fyrri níu holurnar, en fataðist síðan flugið á seinni hringnum. Mótið er hluti af Evrópumótaröð kvenna en Ólöf er í 84.-95. sæti. Þá eru Birgir Leifur Hafþórsson úr GKG og Ófeigur Jóhann Guðjónsson eru saman í ráshópi á fyrsta hring á Áskorendamótinu sem hefst í Larvik í Noregi í dag. Ófeigur keppir fyrir Noreg en hann er fæddur á Íslandi en er með tvöfalt ríkisfang. Heiðar Davíð Bragason úr GKJ keppir einnig á mótinu.





**FRÁBÆR VÖLLUR** Heimsókn á Camp Nou er upplifun út af fyrir sig. NORDICPHOTOS/AFP

Camp Nou-leikvangurinn:

## Stórbrotið mannvirki

**FÓTBOLTI** Camp Nou-leikvangurinn, hinn nýi heimavöllur Eiðs Smára, er stórbrotið mannvirki frá A til Ö. Hann er stundum kallaður Nou Camp, en á katalónsku, máli innfæddra, þýðir það „Hinn nýi völlur". Upprunalega nafnið er þó Estadi del Futbol Club Barcelona, eða „Leikvangur Barcelona-félagsins".

Leikvangurinn hýsir 98.787 áhorfendur, sem gerir hann að stærsta leikvangi Evrópu, en nánast þriðji hluti af íslensku þjóðinni gæti horft á leik á vellinum í einu. Hann var byggður árið 1957 en við hann er æfingasvæði félagsins, minjagripaverslanir, safn um félagið og meira að segja kapella þar sem leikmenn geta lagst á bæn fyrir leiki. - hþh

Íslendingar hjá Barcelona:

## Eiður Smári og Viggó þeir einu

**FÓTBOLTI** Eiður Smári Guðjohnsen er fyrsti Íslendingurinn til að spila knattspyrnu með Barcelona í 106 ára sögu þessa fornfræga félags. Alls hafa leikmenn frá 35 löndum spilað með félaginu, en Eiður Smári hækkar þá tölu í 36. Hann er þó ekki fyrsti Íslendingurinn til að spila í búningi Barcelona því Viggó Sigurðsson, fyrrverandi landsliðsþjálfari í handbolta og stórskytta, lék með handknattleiksliði félagsins á árunum 1979-1981. - hþh

# Eiður mun fá sína leiki

**Arnór Guðjohnsen, faðir og umboðsmaður Eiðs Smára, var stoltur og stóð þétt við hlið sonar síns er hann skrifaði undir samning við Evrópumeistarana.**

**FÓTBOLTI** Faðir Eiðs og umboðsmaður, Arnór Guðjohnsen, var að sjálfsögðu á Camp Nou eða Nývangi þegar Eiður skrifaði undir samninginn við Barcelona. Hann var að sjálfsögðu ánægður með strákinn en sagði að það ætti eftir að koma í ljós hvaða áhrif þessi félagaskipti mundu hafa á feril Eiðs Smára. „En þetta eru ágætis merki um að hann sé virtur sem knattspyrnumaður. Við verðum síðan að bíða og sjá en ég hef fulla trú á honum. Ég trúi líka að það henti honum og hans leikstíl jafnvel betur að spila á Spáni en á Englandi."

Sem umboðsmaður Eiðs Smára hefur Arnór gengið í gegnið í gegnum nokkuð mikið og strembið samningaferli sem hann segir að sé mun flóknara en margir halda. Í vor komust Eiður og Chelsea að ákveðnu samkomulagi um að Eiður færi frá félaginu. „Þá kom í ljós að flest stærstu liðin á bæði meginlandinu og í Englandi höfðu áhuga og Chelsea hafði meiri áhuga á að selja út fyrir landsteinana en til helstu samkeppnisaðila. Barcelona var fyrsta félagið sem síðan setti sig í samband við Chelsea," útskýrir Arnór en bætir við að Real Madrid hafi þó rennt hýru auga til leikmannsins allt frá seinasta sumri. „Þá kom ekki til greina að selja hann en þeir báðu um að vera látnir vita ef stæði til að selja



**GLAÐUR** Það leyndi sér ekki á Eiði Smára að hann var kátur í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**GAMAN Í LÆKNISSKOÐUN** Eiður Smári gekkst undir ítarlega fjögurra tíma læknisskoðun og fylgdu fjölmiðlar honum hvert fótmál. Hann flaug í gegnum skoðunina og hafði gaman af eins og sjá má. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Eið og það var gert. Vandamálið var hins vegar það að þeir gátu ekkert aðhafst fyrr en eftir forsetakosningarnar hjá félaginu í júlí."

Arnór segir jafnframt að eftir samtal Eiðs við Frank Rijkaard, þjálfara Barcelona, hafi hann svo gott sem sannfærst. „Ég er alveg klár að Eiður mun fá sína leiki, það er ekki spurning. Þá er einungis spurning hvað hann mun gera við þá."



EIÐUR TIL BARCELONA
**STEINÞÓR HELGI ARNSTEINSSON**
*skrifar frá Barcelona.*
steinthor@frettabladid.is



**HJÁ BOLTON** Eiður spilaði með Bolton í tvö tímabil, þar á meðal með Guðna og Arnari Gunnlaugssyni. NORDICPHOTOS/AFP

Guðni Bergsson:

## Hárrétt skref hjá Eiði Smára

**FÓTBOLTI** „Mér þykir gaman og vænt um það að hafa spilað með honum hjá Bolton og landsliðinu og ég held að það hafi verið gæfuspor fyrir hann að koma til Bolton og hefja ferilinn upp á nýtt. Hann var í slæmu formi en sýndi úr hverju hann er gerður, komst í form og spilaði vel fyrir Bolton," sagði Guðni Bergsson, sem spilaði með Eiði hjá enska liðinu.

„Menn komast ekki mikið lengra í knattspyrnunni en að fara til Evrópumeistaranna og liðs eins og Barcelona. Það er líklega draumur allra knattspyrnumanna og í tilfelli flestra ekki raunhæfur möguleiki. Þetta er frábært tækifæri fyrir Eið og það verður spennandi að fylgjast með honum," sagðu Guðni, sem telur að Eiður sé að taka hárrétt skref.

„Ég held það. Leikstíll Barcelona, með hollenska bakgrunninn sem Eiður þekkir vel hjá Frank Rijkaard, hentar honum mjög vel. Ég hef fulla trú á því að hann eigi eftir að standa sig vel hjá Barcelona á milli þeirra frábæru leikmanna sem eru þar fyrir," sagði Guðni um Eið. - hþh

Eiður Smári mun spila í treyju númer 7:

## Fetar í fótspor Luis Figo

**FÓTBOLTI** Eiður Smári Guðjohnsen leikur í treyju númer 7 hjá Barcelona. Eiður óskaði eftir því að vera í treyju númer 7 hjá Barcelona, sem varð við ósk hans. Félagið hafði tekið frá númerið 22 skyldi hann óska eftir því en í því númeri lék hann hjá Chelsea. Þeir síðustu til að leika í treyju númer 7 eru Henrik Larsson, sem lék í treyjunni á síðasta tímabili, argentínski sóknarmaðurinn Javier Saviola og á undan honum sjálfur Luis Figo. - hþh

KÉRASTASE OPEN GOLFMÓT
GOLFKLÚBBUR SUÐURNESJA 1964
Opna KÉRASTASE kvennamótið,
sunnudaginn 18. júní.
Nándarverðlaun á öllum par 3 holum - Glæsilegar teiggjafir
Punktakeppni Keppt í þremur flokkum.
Allir ræstir út á sama tíma kl 14:00.
Skráning á golf.is og í síma 421 4100.
KÉRASTASE PARIS

Landsliðsþjálfarinn Eyjólfur Gjafar Sverrisson um komu Eiðs Smára til Barcelona:

## Leikstíll Barcelona hentar Eiði Smára mjög vel enda spilar liðið sóknarbolta

**FÓTBOLTI** Eyjólfur Sverrisson, landsliðsþjálfari Íslands í knattspyrnu, var kampakátur fyrir hönd Eiðs Smára þegar Fréttablaðið hafði samband við hann í gær. Eyjólfur hefur einnig spilað með Eiði í landsliðinu og hlakkar mikið til að sjá hann í spænska boltanum á næstu tímabilum.

„Það er draumur margra að spila með Barcelona og gríðarlega flottur og skemmtilegur áfangi fyrir Eið. Ég er mjög glaður fyrir hans hönd og ég hef fulla trú á því að Eiður geti staðið sig vel hjá stórliðinu," sagði Eyjólfur í gær og velti því næst fyrir sér hvaða hlutverk Eiður myndi hafa í stórliðinu.

„Það verður spennandi að sjá hvaða hlutverk Frank Rijkaard hefur fyrir Eið. Framherjinn Samuel Eto´o er gríðarlega fljótur og Rijkaard sér Eið eflaust fyrir sér rétt fyrir aftan hann ásamt Ronaldinho auk þess sem þeir hafa Lionel Messi og fleiri magnaða leikmenn. Eiður getur passað vel þarna inn í enda frábærlega vel spilandi og hann hentar liðinu vel. Vonandi tekst honum að festa sig strax í sessi í þessum sóknarbolta sem þeir spila," sagði Eyjólfur.

„Þetta sýnir hve mikils metinn Eiður er í evrópsku knattspyrnunni. Þetta er mjög jákvætt og Íslendingar geta verið stoltir af því að eiga svona framúrskarandi knattspyrnumann sem kemur til með að spila með bestu leikmönnum í heimi," sagði Eyjólfur Sverrisson um Eið Smára. - hþh



**FYRIRLIÐINN** Eiður Smári fagnar hér marki með íslenska landsliðinu. NORDICPHOTOS/AFP



**RIJKAARD** Er goðsögn úr hollenska boltanum og hefur nú skipað sér á stall á meðal færustu þjálfara heims. NORDICPHOTOS/AFP

Frank Rijkaard:

## Vill spila mjög sóknarsinnað

**FÓTBOLTI** Franklin Edmundo Rijkaard fæddist hinn 30. september árið 1962 í Amsterdam í Hollandi. Hann átti farsælan feril sem leikmaður þar sem hann lék með Ajax Amsterdam, Real Zaragoza og AC Milan. Hann stýrði hollenska landsliðinu frá 1998-2000 og tók svo við Spörtu frá Rotterdam.

Hann var svo skipaður stjóri Barcelona, nokkuð óvænt, fyrir tímabilið 2003/2004. Eftir erfiða byrjun fikraði liðið sig upp töfluna og náði öðru sætinu í deildinni. Næstu tvö tímabil gerði hann liðið svo að Spánarmeisturum og er hann eini þjálfarinn til að ná því afreki með Barcelona.

Hann gerði liðið svo að Evrópumeisturum í maímánuði síðastliðnum eftir frækinn sigur á Arsenal í úrslitaleiknum. - hþh

### STUÐNINGSMENN CHELSEA SÖGÐU...

Eiður - Goðsögn hjá Chelsea. (Konan mín er líka brjáluð)



Sumir þekkja bara sérstaka leikmenn þegar þeir sjá þá, ég er einn þeirra og ég sá slíkan leikmann í Eiði Guðjohnsen.

Ég óska honum alls hins besta hjá Barca en ég er gjörsamlega miður mín yfir því að sjá hann fara frá okkur. Lengi lifi Eiður kóngur!



Þetta er frábært skref fyrir hann. Hann fær fjögur góð ár í viðbót þar sem hann mun spila mikið og án efa vinna til fleiri titla. Gangi þér allt í haginn Eiður.



Ég gleymi aldrei tímabilinu þar sem hann og Jimmy skoruðu 50 mörk saman né markinu með hjólhestaspyrnunni gegn Leeds. Ég held að hann hafi verið pirraður á sínu hlutverki en hann mun örugglega skína hjá Barcelona.

*Tekið af ýmsum spjallborðum

# Vonandi ekki hátindurinn

**Eiður Smári Guðjohnsen segist klár í þá áskorun sem felst í að spila fyrir besta knattspyrnulið Evrópu, Barcelona. Hann skrifaði undir fjögurra ára samning við félagið og greiddi Barcelona rúman milljarð íslenskra króna fyrir Eið.**

**FÓTBOLTI** Atburðarásin var nokkuð hröð þegar Eiður Smári Guðjohnsen skrifaði undir samning hjá knattspyrnuliðinu Barcelona, eins og reyndar gengur og gerist í þessum bransa. Chelsea og Barcelona höfðu komist að samkomulagi um kaupverðið á leikmanninum kvöldinu áður og strax morguninn eftir hafði Eiður flogið út og gekkst þá undir ítarlega læknisskoðun.

Boðað hafði verið til blaðamannafundar klukkan 17 að spænskum tíma en neyddist blaðamaður Fréttablaðsins til þess að bíða nokkuð lengur en það því að blaðamannafundurinn hófst ekki fyrr en rúmlega 19.

Í millitíðinni gafst blaðamanni hins vegar tækifæri til þess að ræða við spænska starfsbræður sína. Voru þeir allir afar ánægðir með kaupin hjá Barcelona. Sögðu þau vera bæði mikilvæg og góð til þess að fylla upp í skarð Svíans knáa Henriks Larsson, sem er gríðarlega vinsæll meðal aðdáenda Barcelona. Hér í Barcelona sjást Larsson-treyjur á hverju götuhorni og eru næstum jafn vinsælar og treyjur Ronaldinho og Eto´o.

Blaðamaður spurði kollega sína einnig að því hvort að þeir hefðu frekar vilja fá hinn fagurljóshærða Íslending í stað hins fagurljóshærða Diego Forlan frá Villarreal. Þeir svöruðu því játandi enda sögðu þeir Eið vera mun fjölhæfari leikmann sem hentaði Barcelona mun betur og gat blaðamaður ekki annað en verið sammála þeirri staðhæfingu, þrátt fyrir að Forlan hafi eitt sinn verið í Manchester United.

Eftir langa bið rúmlega 50 blaðamanna, ljósmyndara og myndatökumanna gekk íslenski landsliðsfyrirliðinn loksins í VIP-sal Nývangs, ásamt Joan Laporta, forseta félagsins, báðir skælbrosandi. Þeir félagar settust við borð fyrir framan blaðamenn og þar settist einnig Frank Rijkaard, þjálfari liðsins. Laporta og Rijkaard héldu báðir stutta ræðu þar sem þeir meðal annars sögðu að Eiður hefði verið efstur á óskalista félagsins enda hefði leikmaðurinn margoft sýnt hvað í honum býr, meðal annars í leikjum Chelsea og Barcelona í Meistaradeildinni, þar sem Eiður átti sannkallaða stjörnuleiki.

Blaðamenn fengu síðan að spyrja nokkurra spurninga. Margar þeirra voru bornar fram á spænsku og svarað á spænsku þannig að hinn íslenski blaðamaður skildi lítið. Þær spurningar sem hins vegar var varpað til Eiðs voru vel skiljanlegar þar sem Eiður var í svipaðri stöðu og blaðamaður og voru þær því þýddar yfir á ensku. Mikið var spurt um hvort Eiður hræddist ekki að þurfa að fylla upp í fótspor Henriks Larsson og hvort hann væri hræddur við að hanga á bekknum. Eiður var hins vegar mjög öruggur og ákaflega yfirvegaður. Sagði að hann væri ekki kominn til Barcelona til þess að fylla upp í fótspor eins né neins og sagðist hann ætla að sanna sig sem knattspyrnumaður, fyrst og fremst. Hann sagði að lið byggðust ekki upp á einum manni heldur allt frá þjálfara til leikmanna og frá forseta til sjúkraþjálfara. Hann sagðist því ætla að berjast fyrir liðið og leggja þannig sitt af mörkum til þess að halda liðinu á þeim stalli sem það er í dag og hjálpa því að ná enn lengra. Auk þess væri hann blessunarlega yngri en Larsson en þegar sá sænski gekk til liðsins og hefði því lengri tíma til þess að sanna sig hjá félaginu, tíma sem hann ætlaði að nýta til hins ítrasta. Blaðamaður náði að spyrja Eið að því hvort þetta hefði einhver áhrif á stöðu hans sem landsliðsfyrirliði og sagðist hann vona ekki. „Ég er stoltur af stöðu minni sem landsliðsfyrirliði og hef alltaf verið stoltur af uppruna mínum.“

Blaðamaður náði líka að spyrja Frank Rijkaard að því hvort hann væri sammála þeirri staðhæfingu Jose Mourinho að Eiður væri hinn ljóshærði Maradona. Rijkaard svaraði mjög diplómatískt og sagði að allir leikmenn hefðu eitthvað ákveðið fram að færa og væri því illa við að líkja leikmönnum saman. „Guðjohnsen er Guðjohnsen og Maradona er bara Maradona.“

Eftir blaðamannafundinn var haldið út á sjálfan leikvöllinn þar sem Eiður klæddist Barcelonabúningnum í fyrsta skipti formlega. Þar lék hann listir sínar fyrir framan ljósmyndara, sem höfðu mjög gaman af, sérstaklega þegar Eiður tók boltann upp á hausinn og hélt honum þar. „Ah, Ronaldinho!,“ heyrðist frá einum ljósmyndaranum og aðrir hlógu með. Allir voru greinilega meira en lítið ánægðir.

Að lokum náði blaðamaður að spyrja Eið hvort hann væri á hátindi feril síns. „Nei, við skulum nú vona ekki. Ég vona að ég nái að bæta mig eitthvað frekar,“ svaraði Eiður brosandi en játaði því að þetta væri hátindurinn það sem af er ferlinum.



**FLOTTUR** Eiður tók sig vel út í búningi Barcelona. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP



EIÐUR TIL BARCELONA
STEINÞÓR HELGI ARNSTEINSSON
*skrifar frá Barcelona.*
steinthor@frettabladid.is



**NÚ SAMHERJAR** Eiður og Puyol eigast hér við í leik í Meistaradeildinni en verða samherjar á næstu leiktíð. NORDICPHOTOS/AFP

Carles Puyol, fyrirliði Barca:

## Eiður er frábær leikmaður

**FÓTBOLTI** Fyrirliði Barcelona, Carles Puyol, var ekki lengi að fagna komu Eiðs Smára Guðjohnsen til Barcelona í gær. Puyol er af mörgum talinn einn besti varnarmaður í heimi en hann þekkir Eið vel frá viðureign þeirra í Meistaradeildinni tvo síðustu tímabil.

„Ég veit ekki hvort hann er búinn að skrifa undir en ég hef spilað á móti honum og hann er frábær leikmaður. Hann er sterkur, fljótur, býr til mörk og hefur alla burði til að gera vel fyrir okkur. Hann er fjölhæfur leikmaður sem getur spilað á miðjunni og í sókninni,“ sagði Puyol um Eið Smára. - hþh

ÍR og Valur:

## Hagnast á sölu Eiðs til Spánar

**FÓTBOLTI** ÍR og Valur eiga von á peningum frá Barcelona vegna kaupanna á Eiði Smára. Reglur kveða á um að félög skuli greiða ákveðna prósentuupphæð af kaupverðinu innan þrjátíu daga frá því samningar voru undirritaðir. Samstöðubæturnar gilda fyrir leikmenn sem seldir eru á milli landa til þeirra félaga sem leikmaður er samningsbundinn frá því hann er 12 ára þar til hann nær 23 ára aldri.

Eiður var hjá ÍR þar til hann varð 14 ára, fór þá til Vals og gekk í raðir PSV Eindhoven sextán ára. Þegar hann varð nítján ára samdi hann við Bolton á Englandi og var þar í tvö ár. Þá samdi hann við Chelsea og hefur verið þar síðan, þar til hann gekk frá samningi við Barcelona í gær.

ÍR og Valur fá lægstu upphæðina af félögunum fimm þar sem Eiður var ungur hjá félögunum og var þar í stystan tíma. Þannig fær Chelsea mesta peninga. Ljóst er að Chelsea munar ekki um upphæðirnar, en Valur og ÍR gætu fengið skemmtilegan bónus í kassann á næstunni. - hþh





**ÞRUMUSKOT** Hér sést þegar Isaksson fékk skotið frá Källström í höfuðið. NORDICPHOTOS/AFP

Svíþjóð mætir Paragvæ:

## Isaksson aftur í markið

**FÓTBOLTI** Andreas Isaksson mun snúa aftur í markið hjá sænska landsliðinu fyrir viðureignina gegn Paragvæ í kvöld. Þessi markvörður hjá Rennes í Svíþjóð lék ekki með gegn Trínidad og Tóbagó á laugardaginn vegna þess að hann fékk heilahristing á æfingu eftir þrumuskot Kim Källström.

Læknalið sænska liðsins hefur fylgst grannt með líðan hans að undanförnu og er hann orðinn heill heilsu. Þrátt fyrir að Rami Shaaban hafi ekki gert nein mistök í leiknum um síðustu helgi mun Isaksson að öllum líkindum endurheimta sæti sitt. **- egm**







Íslandsmeistarar Fram spila í Meistaradeild Evrópu í handbolta á næstu leiktíð:

# Sleppa við umspil og fara beint inn í riðlakeppnina

**HANDBOLTI** Íslandsmeistarar Fram munu taka þátt í Meistaradeild Evrópu í handbolta á næstu leiktíð. Fram þurfa ekki að fara í umspil eins og íslensk lið hafa jafnan gert vegna góðs árangurs íslenskra liða á undanförnum árum. Þetta er í fyrsta skipti sem íslenskt lið fær þáttökurétt beint inn í riðlakeppnina.

Alls eru átta riðlar í Meistaradeildinni og fjögur lið í hverjum riðli. 24 lið fá sæti án umspils í riðlakeppninni, og sextán lið berjast um þau átta sæti sem eftir eru.

Dregið verður í riðla í Meistaradeildinni þann 29. júlí í höfuðstöðvum Ólafs Stefánssonar og félögum hans hjá Ciudad Real, ríkjandi Evrópumeistara.

Fyrstu leikirnir í riðlakeppninni fara fram dagana 30. september til 1. október og sjötta og síðasta umferðin í riðlakeppninni fer fram 11.-12. nóvember. Tvö lið úr hverjum riðli komast svo í fjórðu umferðina, þar sem sextán lið kljást um átta sæti.

Hin átta liðin fá þátttökurétt í öðrum Evrópukeppnum. **- hþh**



**ÍSLANDSMEISTARATITLINUM FAGNAÐ** Sverrir Björnsson og Þorri B. Gunnarsson með Íslandsmeistaratitilinn á milli sín. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓMAR

**ÞAU 23 LIÐ SEM EIGA FAST SÆTI Í MEISTARADEILDINNI AUK FRAM**

| | |
|---|---|
| 1. BM CIUDAD REAL | SPÁNN |
| 2. FC BARCELONA-CIFEC | SPÁNN |
| 3. RK CELJE LASKO | SLÓVENÍA |
| 4. THW KIEL | ÞÝSKALAND |
| 5. MKB VESZPREM | UNGVERJALAND |
| 6. MONTPELLIER HB | FRAKKLAND |
| 7. HC ZAGREB | KRÓATÍA |
| 8. KOLDING IF | DANMÖRK |
| 9. PORTLAND SAN ANTONIO | SPÁNN |
| 10. RK GOLD CLUB | SLÓVENÍA |
| 11. FLENSBURG | ÞÝSKALAND |
| 12. PICK SZEGED | UNGVERJALAND |
| 13. CHAMBERY HB | FRAKKLAND |
| 14. GOG SVENDBORG TGI | DANMÖRK |
| 15. GUMMERSBACH | ÞÝSKALAND |
| 16. CHEHOVSKI MEDVEDI | RÚSSLAND |
| 17. HAMMARBY IF | SVÍÞJÓÐ |
| 18. PORTOVIK YUZHNY | ÚKRAÍNA |
| 19. KADETTEN SCHAFFHAUSEN | SVISS |
| 20. HC BANIK KARVINA | TÉKKLAND |
| 21. POVASZKA BYSTRICA | SLÓVAKÍA |
| 22. WISLA PLOCK | PÓLLAND |
| 23. LIÐ FRÁ SPÁNI SEM EHF VELUR | |

Miami Heat hélt lífi í úrslitum NBA með dramatískum sigri á Dallas í fyrrinótt:

# Dwyane Wade bjargaði Miami Heat á ævintýralegan hátt

**NBA** Dwyane Wade, sem margoft er ranglega kallaður Dwayne, bjargaði Miami Heat einn síns liðs frá því að tapa á niðurlægjandi hátt fyrir Dallas Mavericks í úrslitum NBA-körfuboltans í fyrrinótt. Miami marði 98-96 sigur á heimavelli sínum og breytti stöðunni í einvíginu þar með í 2-1, en einvígið hefði svo gott sem verið búið ef Dallas hefði komist í 3-0. Þetta var fyrsti leikurinn af þremur sem fram fara í Flórída.

Texas-liðið var sterkari aðilinn lengst af í leiknum og hafði meðal annars þrettán stigum yfir í fjórða og síðasta leikhlutanum. Þá tók hinn magnaði Wade til sinna ráða og raðaði niður körfunum.

Hann skoraði 42 stig í leiknum og hirti þrettán fráköst fyrir Miami en Þjóðverjinn Dirk Nowitzki hafði tækifæri til að jafna leikinn í lokin.

Hann klikkaði á vítaskoti á ögurstundu og mistókst að jafna leikinn á meðan Shaquille O´Neal fór skyndilega að hitta úr sínum, ótrúlegt en satt.

Staðan í einvíginu breyttist þar með á svipstundu. Frá því að vera 3-0 undir, niðurlútir og í sárum, er staðan nú 2-1 og leikmenn Miami eflaust fullir sjálfstrausts eftir ævintýralegan sigur.

Næstu tveir leiki fara svo fram í Miami en ef liðið ætlar sér að fara með 3-2 forystu aftur til Dallas verður það að spila betur en í fyrrinótt og getur ekki treyst um of á Wade, sem verður að fá meiri hjálp frá félögum sínum í liðinu eins og Shaquille O´Neal, sem getur betur en hann hefur sýnt í fyrstu leikjunum. **- hþh**



**MAÐUR LEIKSINS** Dwyane Wade gat heldur betur leyft sér að munda byssurnar eftir leikinn gegn Dallas í fyrrnótt. NORDICPHOTOS/AFP



**TIGER WOODS** Tekur þátt í US Open. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Tiger Woods:

## Snýr aftur á völlinn

**GOLF** Tiger Woods er mættur aftur eftir níu vikna hvíld frá golfi sem hann notaði til að jafna sig á andláti föður síns. Woods hefur ekki keppt á neinu móti síðan á Masters en faðir hans lést skömmu síðar. Opna bandaríska meistaramótið fer fram um helgina og byrjar í dag og Woods segist vera tilbúinn í slaginn á ný.

„Ég er kominn hingað til þess að vinna þetta mót og mun gefa allt sem ég á til að sigra. Faðir minn hefði viljað það. Það hefur verið erfitt að byrja aftur en margar af mínum bestu minningum af föður mínum eru tengdar golfvellinum,“ sagði Tiger á blaðamannafundi í gær en hann játaði af hafa ekki snert kylfu í heilan mánuð.

„Þegar maður tekur sér langt frá þarf maður að byrja á að æfa grunnatriðin aftur til að fá tilfinninguna. Það var erfiðara en ég átti von á að byrja aftur að spila.“

Þrátt fyrir að hafa ekki spilað í níu vikur er Woods samkvæmt veðbönkum líklegastur til að sigra. **- hbg**




Króatinn Robert Kovac hefur ekki mikið álit á Ronaldo:

# Hvað kom fyrir Ronaldo?

**FÓTBOLTI** Robert Kovac segir að það engin hætta hafi stafað af Ronaldo þegar Brasilía og Króatía gerðu markalaust jafntefli í fyrsta leik sínum á HM í fyrradag. Króatinn sterki gaf lítið fyrir Ronaldo, sem virðist ekki vera í góðu formi um þessar mundir.

„Ég veit ekki hvað kom fyrir hann. Ronaldo hljóp ekkert og var bara fyrir framan okkur, hann hlýtur að hafa verið þreyttur þar sem hann snerti varla boltann í leiknum. Það gerði okkur mjög auðvelt fyrir. Ég hef spilað á móti honum áður og það var mjög erfitt en hann virtist heillum horfinn í leiknum,“ sagði Kovac.

„Ég vil gjarnan sjá tölfræði yfir það hversu langt hann hljóp. Hann tók þrjá eða fjóra tíu metra spretti eða svo,“ sagði Joe Didulica, varamarkmaður Króata af bekknum en þrátt fyrir allt hefur Ronaldo verið lofað sæti í byrjunarliðinu í næsta leik. **- hþh**



**EKKERT MÁL** Kovac átti ekki í neinum vandræðum með arfaslakan Ronaldo í leiknum í fyrradag. NORDICPHOTOS/AFP




**MEIDDUR** Milan Baros er tæpur vegna meiðsla. NORDICPHOTOS/AFP

Meiðsli hjá Tékkum:

# Óvíst hvort Baros spili

**FÓTBOLTI** Óvíst er hvort markakóngur Evrópumótsins 2004, Milan Baros, geti spilað með tékkneska landsliðinu á heimsmeistaramótinu. Þessi 24 ára sóknarmaður meiddist á fæti í æfingaleik gegn Trínidad og Tóbagó rétt fyrir mót. Hann var ekki með í fyrsta leik Tékklands á mótinu, sem var 3-0 sigurleikur gegn Bandaríkjunum.

„Bati hans hefur verið hægari en við höfðum vonast til. Það er mjög slæmt að vera án Baros, sérstaklega í ljósi þess að Jan Koller fór meiddur af velli í fyrsta leiknum og er ekki alveg heill,“ sagði Karel Brückner, þjálfari tékkneska liðsins. Næsti leikur Tékklands er gegn Gana hinn 17. júní. **- egm**



**MEISTARI** Roethlisberger varð í janúar síðastliðnum yngsti leikstjórnandi sem hefur unnið Super Bowl. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Betur fór en á horfðist hjá leikstjórnanda Steelers:

# Stóri Ben lenti í slæmu mótorhjólaslysi

**NFL** Ben Roethlisberger, leikstjórnandi NFL-meistara Pittsburgh Steelers, er á góðum batavegi eftir að hafa lent í slæmu mótorhjólaslysi en hann hefði skaðast mun minna hefði hann borið hjálm, sem hann gerði ekki.

„Hann er vaknaður og við meðvitund. Hann er ekki lengur í lífshættu heldur er ástand hans stöðugt,“ sagði í yfirlýsingu frá spítalanum sem Roethlisberger, sem oftast er kallaður Stóri Ben, liggur á. Stóri Ben gekkst undir sjö tíma skurðaðgerð en bæði kjálki og nef hans brotnaði og svo brákuðust kinnbein og annað. Hann losnar væntanlega af spítalanum strax eftir helgi.

Roethlisberger lenti á bílrúðu bíls sem keyrði veg fyrir hann. Slysið gæti haft áhrif á samning hans við Steelers en í honum kom fram að hann gæti orðið af fjármunum ef hann slasaði sig á mótorhjólinu án hjálmsins. **- hbg**




Daniel Alves:

# Vill fara til Liverpool

**FÓTBOLTI** Hægri kantmaðurinn knái Daniel Alves hefur mikinn hug á því að ganga til liðs við Liverpool. Brasilíumaðurinn sló í gegn með Sevilla á tímabilinu og var lykilmaður í liði UEFA-meistaranna. Rafael Benítez vonast til að tryggja sér hægri kantmann og í það minnsta einn sóknarmann í sumar og er Alves efstur á óskalistanum.

„Við viljum ekki selja hann en leikmaðurinn vill fara og við getum ekki neytt hann til að vera hér áfram. Hann sagði okkur frá því að hann vildi fara til Liverpool en það setur ekki neina pressu á okkur,“ sagði Jose Maria del Nido, forseti Sevilla.

Liverpool hefur í tvígang boðið í Alves, sjö og átta milljónir punda, en báðum tilboðunum var hafnað. Sevilla vonast til að fá allt að tólf milljónir fyrir Alves en liðið verða að ná samkomulagi um kaupverðið áður en málið getur farið lengra. **- hþh**



**VONBRIGÐI** Henry náði sér ekki á strik gegn Sviss. NORDICPHOTOS/AFP

Thierry Henry er bjartsýnn:

# Sýnum okkar rétta andlit

**FÓTBOLTI** Thierry Henry er bjartsýnn á gott gengi Frakklands á heimsmeistaramótinu þrátt fyrir að liðið hafi byrjað illa og gert aðeins jafntefli gegn Sviss í sínum fyrsta leik. „Ég hef engar áhyggjur. Það hefði vissulega verið betra að byrja á sigri en mér finnst ósanngjarnt að við höfum ekki náð þremur stigum, við áttum meðal annars að fá vítaspyrnu í leiknum. Við þurfum að eiga betri leik gegn Suður-Kóreu á sunnudag en sá leikur verður ekki auðveldur,“ sagði Henry.

Henry var langt frá sínu besta í leiknum gegn Sviss og það sama má segja um margar aðrar stjörnur í liðinu, til dæmis Zinedine Zidane. „Ég tók eftir því að völlurinn var vökvaður eftir leik þrátt fyrir að það væri enginn leikur á eftir. Mér finnst að FIFA eigi að sjá til þess að vellirnir séu bleyttir fyrir leiki,“ sagði Henry. **- egm**



Úkraína var lítil fyrirstaða fyrir stórskemmtilegt lið Spánverja í H-riðli heimsmeistaramótsins í gær:

# Mögnuð byrjun hjá sprækum Spánverjum

**FÓTBOLTI** Úkraínumenn áttu alls enga óskabyrjun í sínum fyrsta leik á heimsmeistaramóti en þeir mættu Spánverjum í Leipzig í gær. Fyrir fram var talið að þarna væru tvö sterkustu lið H-riðils að fara að eigast við en leikurinn var einstefna frá byrjun til enda og buðu leikmenn spænska liðsins upp á flugeldasýningu. Spánn vann 4-0 og eftir þessa frammistöðu verður liðið að teljast meðal þeirra sigurstranglegustu í keppninni.

Það var Xabi Alonso sem braut ísinn eftir þrettán mínútna leik þegar hann komst milli tveggja varnarmanna og skoraði með skalla eftir hornspyrnu. Stuttu síðar skoruðu Spánverjar aftur en þá var það David Villa sem skoraði beint úr aukaspyrnu. Fleira markvert gerðist ekki í fyrri hálfleiknum en Úkraínumönnum gekk ákaflega illa að skapa sér færi og ógnuðu marki Spánar ekkert.

Snemma í seinni hálfleik kom síðan þriðja mark Spánverja en það skoraði Villa úr mjög umdeildri vítaspyrnu. Þarna voru úrslitin algjörlega ráðin en svissneski dómarinn sem bar flautuna í leiknum rak einnig varnarmanninn Vladyslav Vashchuk af velli og Úkraínumenn voru því manni færri það sem eftir lifði leiks. Það var síðan Fernando Torres sem rak síðasta naglann í kistuna með góðu marki níu mínútum fyrir leikslok.

„Við áttum svo sannarlega frábæran leik. Vonandi verður þetta aðeins fyrsta skref spænska landsliðsins í farsælli heimsmeistarakeppni. Við gáfum okkur alla í þennan leik og vonandi heldur það þannig áfram. Stemningin innan hópsins er mjög góð og við höfum samheldið lið,“ sagði Villa, leikmaður Valencia og Spánar, eftir leikinn. - egm



**GLEÐI** Mikil gleði ríkir á Spáni eftir úrslitin í gær en hér fagnar David Villa öðru marka sinna í gær. NORDICPHOTOS/AFP

# Gestgjafarnir mörðu sigur

**Þjóðverjar biðu fram á 92. mínútu með að skora sigurmarkið gegn Pólverjum á Heimsmeistaramótinu í gær. Það gekk illa hjá gestgjöfunum að skora en Artur Borac, markmaður Pólverja, var í miklu stuði í leiknum.**

**FÓTBOLTI** Fyrri hálfleikur var eign Þjóðverja og Miroslav Klose komst ansi nálægt því að skora þegar hann var aleinn inni í vítateignum en skalli hans sleikti stöngina á leið sinni framhjá markinu. Besta færi fyrri hálfleiks féll í skaut Lukas Podolski, sem skaut rétt framhjá markinu úr þröngu en góðu færi eftir undirbúning Bastian Schweinsteiger og Philipp Lahm.

Þjóðverjar voru mun meira með boltann en Pólverjar gerðu sitt besta úr fáum sóknum sínum, sem aðallega komu þegar þeir sóttu hratt upp völlinn. Radoslaw Sobolewski fékk að líta rauða spjaldið og róðurinn þyngdist til muna.

Artur Borac, markmaður Pólverja, átti frábæran leik og varði hvað eftir annað meistaralega, besta markvarslan kom þó undir lokin þegar Borac bjargaði skoti frá Lahm og síðan frákastinu frá Oliver Neuville. Á 90. mínútu skutu svo bæði Klose og Michael Ballack í þverslána og allt leit út fyrir að þetta yrði ekki gleðidagur fyrir heimamenn.

Þá komu varamennirnir tveir, David Odonkor og Neuville, til bjargar þegar sá fyrrnefndi sendi fyrir og Neuville setti boltann í netið af stuttu færi við angist Pólverja, sem héldu að þeir hefðu náð að hanga á einu stigi. Allt kom fyrir ekki og þjóðhátíð ríkir nú í Þýskalandi enda liðið svo gott sem komið áfram í sextán liða úrslitin. en Pólverjar eru aftur á móti úr leik.

Jürgen Klinsmann, landsliðsþjálfari Þjóðverja, var í skýjunum með sína menn eftir leikinn en hann hoppaði og skoppaði eftir hliðarlínunni frá fyrstu mínútu. Hann réð sér ekki fyrir kæti þegar sigurmarkið kom og faðmaði alla sem á vegi hans urðu. Hann hrósaði sérstaklega varamönnunum Neuville og Odonkor, sem voru lykillinn að sigrinum.

„Við vildum auka hraðann í leiknum og því ákvað ég að setja tvo fljóta menn inn á völlinn. Þeir hleyptu miklu lífi í leik okkar og ég gæti ekki verið sáttari,“ sagði Klinsmann. Markaskorarinn Neuville var sannfærður um að sigurinn hefði verið verðskuldaður. „Augljóslega vorum við virkilega heppnir en þegar öllu er á botninn hvolft fannst mér við eiga sigurinn skilinn,“ sagði hetja Þjóðverja í gær.

hjalti@frettabladid.is



**HETJUNNI FAGNAÐ** Miroslav Klose og Michael Ballack með hetju Þjóðverja í gær, Oliver Neuville, á milli sín. Hann tryggði sínum mönnum sigur með marki á síðustu andartökum leiksins í gær. NORDICPHOTOS/AFP



**STUÐNINGSMENN Á ÖLLUM ALDRI** Þessi ungi drengur lék sig ekki vanta á Westfalen-leikvanginn í gær, og tók svo sannarlega góða skapið með sér. NORDICPHOTOS/AFP

Meiðsli hjá Englandi:

## Óvissa með Gary Neville

**FÓTBOLTI** Ekki er víst hvort Gary Neville geti tekið þátt í leik enska landsliðsins í dag en hann þurfti að draga sig í hlé eftir stundarfjórðung á æfingu liðsins í gær. Neville átti við meiðsli að stríða og sagði landsliðsþjálfarinn Sven Göran Eriksson að óvíst væri með þátttöku hans. - egm

Íslenska kvennalandsliðið:

## Stór hópur æfir í sumar

**KÖRFUBOLTI** Guðjón Skúlason, landsliðsþjálfari kvenna í körfuknattleik, valdi í vikunni 24 manna hóp sem mun æfa með landsliðinu í sumar til að undirbúa sig fyrir Evrópukeppnina næsta haust.

Þetta verður í fyrsta sinn sem kvennalandsliðið tekur þátt í Evrópukeppni. Keflavík á flesta leikmenn í þessum hóp, sjö talsins.

Það eru þær Birna Valgarðsdóttir, Bryndís Guðmundsdóttir, Ingibjörg Vilbergsdóttir, María Erlingsdóttir, Rannveig Randversdóttir, Svava Stefánsdóttir og Margrét Kara Sturludóttir.

Haukar eru með sex leikmenn í hópnum en það eru þær Hanna S. Hálfdánardóttir, Helena Sverrisdóttir, Kristrún Sigurjónsdóttir, Pálína Gunnlaugsdóttir, Sigrún Ámundadóttir og Ösp Jóhannsdóttir.

Frá ÍS eru þær Signý Hermannsdóttir, Stella R. Kristjánsdóttir, Þórunn Bjarnadóttir og Helga Jónasdóttir. Í hópnum eru einnig þær Ragnheiður Theodórsdóttir úr Breiðablik og Alda Leif Jónsdóttir leikmaður hjá Den Helder í Hollandi.

Enska landsliðið leikur sinn annan leik á HM í dag gegn Yorke og félögum í Trínidad og Tóbagó:

# England kemst áfram á HM með sigri

**FÓTBOLTI** „Við eigum ekki að nota hitann sem afsökun, við þurfum bara að vanda sendingarnar og færslurnar á vellinum,“ sagði Gary Neville, bakvörður enska landsliðsins, en leikmenn liðsins kvörtuðu mikið yfir því hvað það var gríðarlega heitt meðan leikurinn gegn Paragvæ fór fram um síðustu helgi. Enska liðið var alls ekki sannfærandi í leiknum en náði samt sem áður 1-0 sigri og tryggir sig áfram í aðra umferð keppninnar með sigri gegn Trínidad og Tóbagó í dag.

FIFA hefur staðfest að leikmenn liðsins fái greiðan aðgang að vatni í dag en spáð er 28 stiga hita í Nürnberg þegar leikur hefst. Búist er við því að Sven-Göran Eriksson, landsliðsþjálfari Englands, muni tefla fram sama byrjunarliði og gegn Paragvæ. Vangaveltur hafa verið uppi um hvort Wayne Rooney komi við sögu í leiknum og talað er um að ef hann meiðist á mótinu eigi enska knattspyrnusambandið yfir höfði sér málsókn frá Manchester United.

Trínidad og Tóbagó er að taka þátt í sinni fyrstu heimsmeistarakeppni og náði óvænt jafntefli gegn Svíþjóð í fyrstu umferð riðlakeppninnar. Þekktasti leikmaður liðsins er Dwight Yorke. Fróðlegt verður að sjá baráttu Peter Crouch við varnarmanninn Dennis Lawrence, en þeir tveir eru svipaðir stórir. Allir búast við sigri enska liðsins og ljóst að kröfurnar að heiman eru að England vinni sannfærandi sigur.

Um kvöldið eigast síðan Svíþjóð og Paragvæ við í sama riðli en ef England vinnur sinn leik og sá leikur endar með jafntefli er enska liðið búið að tryggja sér efsta sætið í riðlinum. Sænsku leikmennirnir rifust heiftarlega innbyrðis eftir leikinn gegn Trínidad. „Við þurfum að standa saman sem ein heild og gleyma þessu sem gerðist. Við erum búnir að ræða þessi rifrildi og þau eru að baki. Það sem mestu máli skiptir er að ná góðum úrslitum gegn Paragvæ,“ sagði Teddy Lucic, varnarmaður Svía.

Fyrsti leikur dagsins er viðureign í A-riðli milli Ekvador og Kosta Ríka. Ekvadorar stefna á að fylgja eftir góðum sigri gegn Póllandi í fyrstu umferðinni en von er á jöfnum leik. Kosta Ríka spilaði vel gegn gestgjöfum Þýskalands í opnunarleiknum þó það hafi ekki dugað til að ná í stig. - egm



**FJÖR Á ÆFINGU** Það var létt yfir Jamie Carragher og Wayne Rooney á æfingu enska landsliðsins í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Fínir bílar




BMW X5 3.0 dísel
Nýskr. 01.2004, 2900 cc.
5 dyra, sjsk., ekinn 24 þ.




HYUNDAI SANTA FE
Nýskr. 06.2005, 2000cc.
5 dyra, sjsk., ekinn 19 þ.




HYUNDAI TERRACAN
Nýskr. 01.2005, 2900 cc.
5 dyra, sjsk., ekinn 34 þ.




LAND ROVER RANGE ROVER
Nýskr. 07.2002, 4400 cc.
5 dyra, sjsk., ekinn 43 þ.
VOGUE útgáfa.




PORSCHE CAYENNE
Nýskr. 04.2003, 4500cc.
5 dyra, sjsk., ekinn 54 þ.




VOLVO V70 TURBO
Nýskr. 03.2004, 2000 cc.
5 dyra, sjsk., ekinn 28 þ.

bílaland B&L
notaðir bílar

Grjóthálsi 1
bilaland.is

Opið mán-fös 10-18
Lokað 17. júní

575 1230



**JAFNTEFLI** Leikurinn var ansi fjörlegur. NORDICPHOTOS/AFP

Jafnt hjá Túnis og Sádi-Arabíu:

# Túnis jafnaði í viðbótartíma

**FÓTBOLTI** Radhi Jaidi, leikmaður Bolton, bjargaði stigi fyrir Túnis sem gerði 2-2 jafntefli gegn Sádi-Arabíu í gær. Þegar tvær mínútur voru komnar fram yfir venjulegan leiktíma skoraði hann með skalla en varnarmenn mótherjanna sváfu illa á verðinum. Liðin skiptu því stigunum á milli sín í H-riðlinum.

Zaid Jaziri skoraði fyrsta mark leiksins fyrir Túnis en það var Yasser Al Kahtani sem jafnaði metin með snyrtilegu marki þegar rúmar tíu mínútur voru liðnar af stórskemmtilegum seinni hálfleik. Sádar héldu síðan að þeir hefðu tryggt sér sigurinn þegar varamaðurinn Sami Al Jaber skoraði sex mínútum fyrir leikslok en svo var aldeilis ekki.

„Það er svekkjandi að hafa fengið þetta mark á sig í viðbótartímanum. Þetta eru þó engin endalok því stig er alltaf stig og vonandi náum við að leggja Úkraínu í næsta leik," sagði Al Jaber, markahæsti leikmaður Sádi-Arabíu frá upphafi, sem byrjaði á bekknum í leiknum þar sem hann hefur verið að glíma við meiðsli. Túnis olli nokkrum vonbrigðum í leiknum í gær en liðið saknaði sinnar skærustu stjörnu, Dos Santos, sem á við meiðsli að stríða. - egm

Ísland-Portúgal á sunnudag:

# Danskt tríó í Laugardalnum

**FÓTBOLTI** Það verður dómaratríó frá Danmörku á leik kvennalandsliða Íslands og Portúgals næsta sunnudag. Leikurinn er hundraðasti A-landsleikur Íslands í kvennaflokki. Dómarinn heitir Marianne Svendsen en eftirlitsmaður á leiknum er Sheila Begbie frá Skotlandi, sem var einmitt í skoska landsliðinu sem lék gegn Íslandi í fyrsta A-landsleiknum fyrir 25 árum.

## HM 2006 ÚRSLIT GÆRDAGSINS

*A-riðill:*

ÞÝSKALAND-PÓLLAND 1-0
1-0 Oliver Neuville (90.).

*H-riðill:*

SPÁNN-ÚKRAÍNA 4-0
1-0 Xabi Alonso (13.), 2-0 David Villa (17.), 3-0 David Villa (víti, 48.), Fernando Torres (81.).

TÚNIS-SÁDI-ARABÍA 2-2
1-0 Ziad Jaziri (23.), 1-1 Al Kahtani (57.), 1-2 Sami Al Jaber (84.), 2-2 Rhadi Jaidi (90+1.).

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JÚNÍ

12 13 14 **15** 16 17 18

**Miðvikudagur**

**SJÓNVARP**

- 12.30 **HM stúdíó** á Sýn.
- 12.50 **HM í fótbolta** á Sýn. Bein útsending frá leik **Ekvador** og **Kosta Ríka** í A-riðli.
- 15.00 **HM stúdíó** á Sýn.
- 15.50 **HM í fótbolta** á Sýn. Bein útsending frá leik **Englands** og **Paragvæ** í B-riðli.
- 18.00 **HM stúdíó** á Sýn.
- 18.50 **HM í fótbolta** á Sýn. Bein útsending frá leik **Trinidad** og **Svíþjóðar** í B-riðli.
- 21.00 **4-4-2** á Sýn. HM-uppgjör dagsins.
- 22.00 **Landsbankadeildarmörkin** á Sýn. Mörk kvöldsins sýnd.

Ólafur Kristjánsson spáir í leiki dagsins í Landsbankadeild karla í knattspyrnu:

# Heimavöllurinn mun ráða úrslitum í Vesturbænum

**FÓTBOLTI** Í kvöld klárast sjöunda umferð Landsbankadeildar karla með fjórum leikjum. Umferðin hófst á mánudagskvöldið þegar Fylkir vann Keflavík 2-1 en þeim leik var flýtt vegna þátttöku Keflvíkinga í Evrópukeppninni. Ólafur Kristjánsson, fyrrverandi þjálfari Fram, spáði í leiki kvöldsins fyrir Fréttablaðið og býst hann við heimasigri í þremur af leikjunum fjórum.



**SIGRA Í KVÖLD** Ólafur Kristjánsson spáir því að KR nái sigri á heimavelli í kvöld. Rógvi Jacobsen fagnar hér marki gegn Breiðabliki fyrir skemmstu. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Íslandsmeistarar FH eru með góða forystu í deildinni en þeir taka á móti ÍBV í Kaplakrikanum. „Eyjamenn koma af krafti en það dugar ekki til. ÍBV hefur fínt tak á KR-ingum í Vestmannaeyjum en það er allt annað að leika gegn FH í Kaplakrikanum. FH-ingar mæta einbeittir eftir vonbrigðin í síðasta leik og taka þetta," sagði Ólafur.

ÍA fékk loks sín fyrstu stig í sumar gegn Keflavík í síðasta leik sínum en Skagamenn fá Breiðablik í heimsókn. „Það var gott fyrir Skagamenn að ná sigri gegn Keflavík í síðasta leik og ég held að þeir sigri Breiðablik. Í sögulegu samhengi hefur ÍA líka alltaf haft yfirhöndina gegn Blikum á Skaganum."

Þess má geta að Skagamenn unnu sinn stærsta sigur á Íslandsmóti þegar þeir unnu Breiðablik 10-1 árið 1973. Þá skoraði Teitur Þórðarson sex mörk fyrir ÍA en Teitur mun í kvöld stýra lærisveinum sínum í KR gegn Víkingi. „Víkingsliðið inniheldur nokkra gamla KR-inga og því er þessi leikur athyglisverður. Fyrst leikurinn er vestur í bæ held ég að KR vinni þann leik, heimavöllurinn ræður úrslitum," sagði Ólafur.

Viðureign Grindavíkur og Vals reyndist Ólafi erfið og gaf hann sér góðan tíma í að spá fyrir hana. „Þetta er snúinn leikur. Ég sá Grindvíkinga keppa við Víking um daginn og það var ekki gott. Valsmenn tóku Fylki örugglega en þeir ná ekki sigri gegn jafntefliskóngunum í Grindavík og liðin skipta milli sín stigunum," sagði Ólafur. - egm


# STELPURNAR HORFA Á STÖÐ 2

## 10 VINSÆLUSTU ÞÆTTIR KVENKYNS ÁSKRIFENDA STÖÐVAR 2





| | | Konur yngri en 50 ára |
|---|---|---|
| 1. | Grey's Anatomy | 45,0% |
| 2. | Stelpurnar | 44,1% |
| 3. | Cold Case | 39,6% |
| 4. | Fréttir NFS | 35,6% |
| 5. | Prison Break | 35,5% |
| 6. | Það var lagið | 35,2% |
| 7. | Twenty Four | 34,1% |
| 8. | Aðþrengdar eiginkonur | 33,9% |
| 9. | Neighbours | 33,0% |
| 10. | Strong Medicine | 32,4% |

## DÝRMÆTASTI MARKHÓPURINN

Skipting á áhorfi kvenna yngri en 50 ára á þrjár sjónvarpsstöðvar, óháð áskrift að Stöð 2

**Hvar er auglýsingin þín?**




Gallup könnun 24. til 30.mars 2006

515 6100 | STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„In Bay City, when you cross the line, your nuts are mine."**

Svar: Starsky úr kvikmyndinni Starsky & Hutch árið 2004.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ: ÁLFRÚN PÁLSDÓTTIR GERIR UPP VIÐ FORTÍÐINA

# *Fallega fólkið blekkir ekki lengur*

Ég varð mjög spennt þegar ég sá að sjónvarpsstöðin Skjár einn hóf endursýningar á hinum ævafornu sápum Beverly Hills og Melrose Place. Loksins gat ég fengið uppreisn æru þar sem ákveðin minnimáttarkennd hafði alltaf plagað mig sem unglinga vegna þess að fjölskyldan mín var ekki með Stöð tvö. Allar umræður í grunnskóla snerust meira og minna um þessar tvær sápur og karakterana sem þar voru fremstir í flokki. Brenda, Jason, Steve og Kelly úr Beverly Hills 90210 voru fyrirmyndir síns tíma þegar þættirnir byrjuðu árið 1990 og stjórnuðu þau tískunni í fötum og hárgreiðslum enda ávallt með puttann á púlsinum í þeim efnum.

Ég settist því spennt fyrir framan tækið tilbúin að taka inn allt sem ég hafði misst af á mínum unglingsárum en varð fyrir miklum vonbrigðum. Brenda og Kelly voru orðnar kellingarlegar 16 stelpur með eldrauðan varalit og illa túberað hár. Sætu strákarnir sem allir voru skotnir í voru ekkert nema mjóir strákgemlingar, vel girtir í



**RÍKA OG FALLEGA FÓLKIÐ** Margir leikararnir voru hluti af Beverly Hills-genginu í heil tíu ár en það var líftími þáttaraðarinnar vinsælu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

skræpóttum skyrtum. Ég sat gapandi yfir minniháttar vandamálum ríku og fallegu krakkanna í Hollywood sem heilu grunnskólabekkirnir veltu sér upp úr. Ekki alveg það sem mig minnti um þessa þætti en þarna fékk ég góða staðfestingu þess efnis að ég er orðin eldri og vitrari. Læt ekki fallega fólkið blekkja mig og ná mér inn í þennan heim lengur. Held mig þá frekar við fótboltann, sem virðist ekki ætla að valda vonbrigðum.

Ég komst að þeirri staðreynd að þessir þættir brúa bilið á milli drauma og raunveruleika. Unglingaveikin einkennist að hluta til af því að halda ávallt að grasið sé græna hinum megin og skil ég að þessir þættir hafi ýtt undir þá hugaróra. Skiljanlegt að þættirnir hafa fengið fólk til að límast við skjáinn á þeim tíma.

Beverly Hills lagði hins vegar bara tóninn að grunnhyggni dagskrárgerðar í sjónvarpi. Núna hafa seríur eins og til dæmis OC tekið við af glæsibrag og virðast fylgja þessari sömu uppskrift að hinu fullkomna sjónvarpsefni fyrir unglinga.



▶ **21.15** *Spenna*

WITHOUT A TRACE



▶ **20.35** *Spenna*

BONES



▶ **21.00** *Spenna*

SMALLVILLE



▶ **21.30** *Gaman*

EVERYBODY HATES CHRIS



▶ **17.00** *Fréttir*

5 FRÉTTIR

## SJÓNVARPIÐ

**16.20** Íþróttakvöld **16.35** Mótorsport **17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Stundin okkar (5:31)

**18.30** **Sögurnar okkar (2:13)** Jóhann G. Jóhannsson og Þóra Sigurðardóttir ferðast um Ísland.
**18.40** **Kalk og ostur** Leikin barnamynd frá Wales. e.
**19.00** **Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35** **Kastljós**
**20.10** **Hálandahöfðinginn (3:10)** (Monarch of the Glen VI) Breskur myndaflokkur um ungan gósserfingja í skosku Hálöndunum og samskipti hans við sveitunga sína.
▶ **21.15** **Sporlaust (16:23)** (Without a Trace) Bandarísk spennuþáttaröð um sveit innan Alríkislögreglunnar sem leitar að týndu fólki. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**22.00** **Tíufréttir**

**22.25** **Aðþrengdar eiginkonur (43:47)** **23.10** Fótboltakvöld **23.25** Lífsháski (45:49) **0.10** Kastljós **0.40** Dagskrárlok

## STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi **9.35** Martha **10.20** Alf **10.45** 3rd Rock From the Sun **11.10** Whose Line Is it Anyway? **11.35** My Wife and Kids

**12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi **13.05** Home Improvement **13.30** The Sketch Show **13.55** Two and a Half Men **14.20** Medium **15.10** Eldsnöggt með Jóa Fel **16.00** Barney **16.25** Titeuf **16.50** Noddy **17.00** Bold and the Beautiful **17.22** Neighbours **17.47** The Simpsons **18.12** Íþróttafréttir

**18.30** **Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00** **Ísland í dag**
**19.40** **Strákarnir**
**20.05** **Eldsnöggt með Jóa Fel (3:6)** Jói Fel fer á Litlu Hryllingsbúðina og býður leikurum í grill.
▶ **20.35** **Bones (8:22)** (Bein) Ung kona finnst gaddfreðin í ísskáp.
**21.20** **Murder In Suburbia (4:6)** (Morð í úthverfinu)
**22.10** **How I Met Your Mother (20:22)** (Svona kynntist ég móður ykkar)
**22.35** **Hackers** (Tölvuþrjótar) Dade Murphy er tölvuþrjótur. Ellefu ára var hann kominn á skrá hjá alríkislögreglunni. En tekst honum að vera réttum megin við lögin í þetta sinn?

**0.20** Huff 2 (1:13) (Bönnuð börnum) **1.15** Lockdown (Stranglega bönnuð börnum) **3.00** Get Well Soon (Bönnuð börnum) **4.35** Bones (8:22) **5.20** Fréttir og Ísland í dag **6.25** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

## SIRKUS TV

**18.30** **Fréttir NFS**
**19.00** **Ísland í dag**
**19.30** **Bernie Mac (10:22) (e)** (J-O-R-D-A-N Spells Funny)
**20.00** **Friends (22:23)** (Vinir)
**20.30** **Twins (3:18)** (Treat Her Like A Lady) Mitchee er komin með nóg af því að Alan komi fram við hana eins og eina af strákunum .
▶ **21.00** **Smallville (5:22)** (Thirst) Í Smallville býr unglingurinn Clark Kent. Hann er prúðmenni og er fús til að rétta öðrum hjálparhönd.
**21.50** **Killer Instinct (3:13)** (13 Going On 30)
**22.40** **X-Files** (Ráðgátur) Einhverjir mest spennandi þættir sem gerðir hafa verið eru komnir aftur í sjónvarpið.

**23.30** Clubhouse (7:11) (e) **0.15** Sirkus RVK (e) **0.45** Friends (22:23) (e)

## SKJÁREINN

**7.00** 6 til sjö (e) **8.00** Dr. Phil (e)

**15.40** Run of the House (e) **16.10** Beautiful People (e) **17.05** Dr. Phil **18.00** 6 til sjö

**19.00** **Beverly Hills**
**19.45** **Melrose Place**
**20.30** **Völli Snær** Völundur býr sem kunnugt er á Bahama-eyjum þar sem hann rekur veitingastað og galdrar fram suðræna og seiðandi rétti – með N-Atlantshafslegu yfirbragði.
**21.00** **Courting Alex**
▶ **21.30** **Everybody Hates Chris** Árið 1982 verður Chris 13 ára, en hann er elstur þriggja systkina. Hann dreymir um að vera töff unglingur, en verður fyrir sífelldu aðkasti í skólanum eftir að fjölskyldan flytur í nýtt hverfi.
**22.00** **Everybody loves Raymond**
**22.30** **C.S.I: Miami** Horatio Cane fer fyrir hópi réttarrannsóknafólks sem rannsakar snúin sakamál.

**23.20** Jay Leno **0.05** America's Next Top Model V (e) **1.00** Beverly Hills (e) **1.45** Melrose Place (e) **2.30** Óstöðvandi tónlist

## NFS

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin fyrir hádegi **11.40** Brot úr dagskrá

**12.00** Hádegisfréttir/Markaðurinn/Íþróttafréttir/Veðurfréttir/Leiðarar dagblaða/Hádegið, fréttaviðtal. **13.00** Sportið **14.00** Fréttavaktin eftir hádegi ▶**17.00** 5fréttir **18.00** Kvöldfréttir/Íþróttir/Veður

**19.00** **Ísland í dag...**
**19.40** **Hrafnaþing** Ingva Hrafns Jónssonar gerir upp fréttir dagsins á tæpitungulausan hátt.
**21.00** **Fréttir**
**21.10** **60 Minutes**
**22.00** **Fréttir** Fréttir og veður
**22.30** **Hrafnaþing** Ingva Hrafns Jónssonar gerir upp fréttir dagsins á tæpitungulausan hátt.

**23.00** Kvöldfréttir/Íþróttir/Veður/Ísland í dag **0.00** Fréttavaktin fyrir hádegi **3.00** Fréttavaktin eftir hádegi **6.00** Hrafnaþing

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** To Walk with Lions **8.00** Splitting Heirs (e) **10.00** Kangeroo Jack **12.00** De-Lovely **14.05** Splitting Heirs (e) **16.00** Kangeroo Jack **18.00** To Walk with Lions **20.00** **De-Lovely** (Dá-samlegt) Stjörnum prýdd stórmynd um líf og ástir tónskáldsins Coles Porters, sem naut sannarlega hins ljúfa lífs í Hollywood. Myndin er uppfull af dansi- og sönglögum Porters. **22.05** **Halloween: Resurrection** (Hrekkjavaka: Morðingi gengur aftur) Hrollvekjandi spennumynd. Hópur menntaskólakrakka dettur í lukkupottinn og ber sigur úr býtum í vinsælli samkeppni. Fyrstu verðlaun eru einnar nætur dvöl á æskuheimili Michaels Myers, illræmds raðmorðingja. Stranglega bönnuð börnum. **0.00** Special Forces (Stranglega bönnuð börnum) **2.00** Dead Funny (Stranglega bönnuð börnum) **4.00** Halloween: Resurrection (Stranglega bönnuð börnum)

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## E! ENTERTAINMENT

**12.00** E! News **12.30** The Daily 10 **13.00** E! News Special **13.30** 10 Ways **14.00** THS Lionel & Nicole Richie **15.00** It's So Over: 50 Biggest Celebrity Break-Ups **17.00** Girls of the Playboy Mansion **17.30** Girls of the Playboy Mansion **18.00** E! News **18.30** The Daily 10 **19.00** THS Kate Moss **20.00** 101 Best Kept Hollywood Secrets **21.00** Sexiest **22.00** Dr. 90210 **23.00** Girls of the Playboy Mansion **23.30** Girls of the Playboy Mansion **0.00** THS Kate Moss **1.00** 101 Best Kept Hollywood Secrets **2.00** 101 Incredible Celebrity Slimdowns

## AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15



# VIÐ MÆLUM MEÐ ...

Eldsnöggt með Jóa Fel **Stöð 2** kl. 20.05

## *Hryllingsbúðarveisla*



Í kvöld skellir matgæðingurinn Jói Fel sér á söngleikinn Litlu hryllingsbúðina, sem sýndur hefur verið við miklar vinsældir í Íslensku óperunni. Eftir á býður hann þátttakendum sýningarinnar í öðruvísi grillveislu með frumlegri þríréttа máltíð. Jói býður upp á grillaðan hvítlaukshumar með hvítlauksbrauði í forrétt, kengúrusteik kryddaða með íslenskum kryddjurtum og framreidda með púrtvínssósu og grænmeti í aðalrétt og að lokum reiðir hann fram girnilega og sæta Hryllingsbúðartertu. Sannkölluð sælkeraveisla í Jóa Fel í kvöld.

# HM Í ÞÝSKALANDI SPARKSÉRFRÆÐINGAR SÝNAR SPÁ Í SPILIN

## *Bjarni Jóhannsson*



**Ekvador - Kosta Ríka 3-1**
Ekvador fylgir eftir góðum sigri á Póllandi og fer ásamt Þjóðverjum upp úr þessum riðli. Kosta Ríka heldur áfram að skemmta fólki með liprum töktum en það dugir ekki til gegn öflugum Ekvadorum.

**England - Trínidad & Tóbagó 6-1**
Þetta verður stærsti sigur keppninnar. Englendingar þekkja vel til leikmanna Trínidad þar sem flestir þeirra spila á Englandi. Leikur Trínidada við Svía tók mikinn toll. Englendingar nota leikinn til að slípa sóknarleikinn. Nú kemur í ljós hvort Peter Crouch er skorari eða dansari.

**Svíþjóð - Paragvæ 2-1**
Stjörnur Svía vakna af værum blundi og knýja fram sigur á síðustu stundu. Háðugleg útkoma úr leiknum við Trínidad verður þess valdandi að þeir koma tvíefldir til leiks. Paragvæar munu berjast eins og ljón og leikurinn verður grófur. Úrslitaleikur um hverjir fara með Englendingum áfram.



▶ **22.00**

***Fótbolti***

LANDSBANKAMÖRKIN

**SÝN** *besta sætið*

**7.30** US PGA í nærmynd **8.00** HM 2006 (Spánn – Úkraína) **9.45** HM 2006 (Þýskaland – Pólland) **11.30** 4 4 2

**12.30** HM 2006 – spjall **12.50** HM 2006 (Equador – Kosta Ríka) **15.00** HM 2006 – spjall **15.50** HM 2006 (England – Trinidad) **18.00** HM 2006 – spjall

**18.50** **HM 2006 (Svíþjóð – Paragvæ)** Bein útsending frá leik Svíþjóðar og Paragvæ sem leika í B-riðli á HM 2006. Lið Paragvæ er skipulagðara en oft áður og þessi leikur ætti að verða mjög spennandi.

**21.00** **4-4-2** HM uppgjör dagsins í umsjá Þorsteins J og Heimis Karlssonar.

▶ **22.00** **Landsbankamörkin 2006** Öll mörkin, tilþrifin, umdeildu atvikin og allt það markverðasta úr leikjum umferðarinnar í Landsbankadeildinni.

**22.30** **HM 2006** (England – Trinidad) Upptaka frá leik Englands og Trínídad og Tóbagó sem fram fór fyrr um daginn.

**0.15** 4 4 2 **1.15** NBA – úrslitakeppnin

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.50** Bæn **7.05** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.45** Morgunleikfimi **10.13** Músík og mas **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.20** Fréttir **12.45** Veður **13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan **14.30** Miðdegistónar **15.03** Mozart og fjölskylda **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá **18.25** Spegillinn **19.00** Bíótónar **19.27** Sinfóníutónleikar **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Kvöldsagan: Drekar og smáfuglar **23.10** Hlaupanótan

**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunútvarp Rásar 2 **9.05** Brot úr degi

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútvarpið

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Á vellinum **22.10** Píkupopp **0.10** Popp og ról

## BYLGJAN FM 98,9

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi **13.00** Rúnar Róberts **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag **19.30** Bjarni Ólafur / Ívar Halldórs **1.00** Ragnhildur Magnúsdóttir

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 90,9 TALSTÖÐIN**
**FM 99,4 ÚTVARP SAGA**
**FM 95,7 FM957** / Topp tónlist rstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt Bylgjan** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 97,7 X-ið** / Enginn viðbjóður





## HRÓSIÐ

*...fær Eiður Smári fyrir að ganga í raðir besta knattspyrnuliðsins í Evrópu.*

# Helgin okkar...

### Föstudagstónleikar

Á föstudag mun hljómsveitin Todmobile halda tónleika á Nasa og Jet Black Joe spilar á Gauki á Stöng. Þeir sem hafa ekki gaman af útitónleikum geta því fengið sinn tónleikaskammt á 16. júní.

### Tónleikar á Arnarhóli

Á 17. júní munu Nylon, Ampop, Á móti sól og Dr. Spock meðal annarra koma fram á tónleikunum á Arnarhóli sem hefjast kl. 18.00 og lýkur 22.00.



### Bíó

Geimverumyndin Slither kemur í kvikmyndahúsin á föstudag. Þeir sem vilja meira léttmeti gætu haft gaman af myndinni Take the Lead þar sem Antonio Banderas tekur nokkur dansspor.

### Thorsplan

Í Hafnarfirði verða tónleikar og skemmtun á Thorsplani á 17. júní frá 20.00 til 24.30.



Helga Braga, Love Guru, Björgvin Franz og Nylon eru meðal þeirra sem ætla að skemmta þjóðhátíðargestum.

### Landsleikur í handbolta

Ef veðrið er leiðinlegt er kjörið að fagna 17. júní með því að horfa á landsleik Íslands og Svíþjóðar á laugardag. Leikurinn hefst kl. 17.15 og má búast við æsispennandi leik miðað við fyrri leik liðana.

### Kósí sunnudagur

Eftir hátíðahöldin á 17. júní er ágætt að slappa vel af á sunnudag, sérstaklega ef veðrið er landanum ekki hliðhollt. Fréttablaðið mælir með eplakökunni í blaðinu í dag og heitu kakói með.



| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT** 2 mett 6 klaki 8 sæ 9 fugl 11 bardagi 12 vondur 14 fást við 16 í röð 17 æðri vera 18 utan 20 guð 21 faðmlag.

**LÓÐRÉTT** 1 smáfiskur 3 mannþyrping 4 áræðinn 5 leikföng 7 fíkinn 10 fæða 13 sarg 15 megin 16 töf 19 á líðandi stundu.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2 södd, 6 ís, 8 sjó, 9 lóa, 11 at, 12 illur, 14 garfa, 16 hí, 17 guð, 18 inn, 20 ra, 21 knús.
**LÓÐRÉTT:** 1 síli, 3 ös, 4 djarfur, 5 dót, 7 sólginn, 10 ala, 13 urg, 15 aðal, 16 hik, 19 nú.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1. Hanna Birna Kristjánsdóttir.
2. Barcelona.
3. Modern Times.





AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ


ARI MATTHÍASSON: SLÆR Í GEGN Í NÝRRI AUGLÝSINGU ICELANDAIR

# Er ekkert lélegur í fótbolta

„Ég ætlaði ekki að taka þetta verkefni að mér því ég hef merkilegt nokk verið duglegur við að segja nei við auglýsingum. Svo fannst syni mínum, sem er átta ára, það vera hræðilegt að sleppa þessu þannig að ég gat ekki sagt nei. Hann uppskar líka treyju Heiðars Helgusonar sem allir landsliðsmennirnir árituðu," segir leikarinn Ari Matthíasson, sem fer á kostum í nýrri auglýsingu Icelandair. Í auglýsingunni fer Ari með hlutverk fótboltaáhugamanns sem heima í stofu lætur sig dreyma um að hann sé ein af hetjunum sínum, sjálfum landsliðsmönnum Íslands í knattspyrnu. Óhætt er að fullyrða að auglýsingin hafi vakið mikla athygli enda er hún sýnd grimmt meðan á HM í knattspyrnu stendur.

Ari er einn af þekktari leikurum þjóðarinnar en hann starfar þó ekki sem slíkur í dag. Hann hóf störf sem framkvæmdastjóri hjá SÁÁ fyrir þremur mánuðum. „Ég reif mig upp úr leiklistinni og fór í MBA-nám við Háskólann í Reykjavík. Þetta er hefðbundin stjórnunarstaða hjá SÁÁ, fullt starf svo maður hleypur ekki mikið frá," segir Ari, sem er greinilega þegar kominn vel inn í málin og upplýsir blaðamann um ágæti þess starfs sem SÁÁ vinnur: „Við gerðum könnun um daginn þar sem þrjú þúsund svör fengust. Í ljós kom að 86 prósent svarenda þekktu einhvern sem á við áfengis- eða vímuefnavanda að stríða. Það er því ekki seinna vænna fyrir ríkið að hysja upp um sig brækurnar og endurnýja þjónustusamninginn við SÁÁ sem er runninn út. Annars er mikil hætta á því að meðferðin sem í boði er verði ekki jafn góð og örugg."



**ARI MATTHÍASSON** Þykir fara á kostum sem fótboltaáhugamaður í nýrri auglýsingu Icelandair. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Icelandair-auglýsingin var tekin upp á æfingasvæði knattspyrnufélagsins QPR í London. Ari segir að það hafi verið mjög gaman að eyða heilum degi með landsliðsmönnunum.

Hann viðurkennir líka fúslega að hann hafi ekki þurft að hafa allt of mikið fyrir leik sínum: „Já, þessi gæi er nokkuð nálægt mér. Maður hugsar stundum um það að ef aðrir hlutir hefðu ekki farið að glepja mann í menntaskóla væri maður kannski einn af þessum drengjum. Þá væri maður kannski með demantslokk í eyrunum," segir Ari hlæjandi. Ari æfði fótbolta með KR á sínum yngri árum og situr nú í stjórn KR-sports. Ari er að lokum spurður hvort hann hafi virkilega getað eitthvað í fótbolta þegar hann var ungur. „Mér fannst það. Við skulum svo bara setja punktinn þar. Nei, nei, Ég var alla vega ekkert svo lélegur."

hdm@frettabladid.is



**FRÁBÆR AUGLÝSING** Ari Matthíasson í hlutverki sínu með íslenska landsliðinu í fótbolta.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Mikil leynd hvílir yfir því hvaða unga leikkona verði í hlutverki fjallkonunnar á hátíðarhöldunum vegna 17. júní. Venja er að því sé haldið leyndu hver fjallkonan verður og þannig er málum einnig háttað nú. Sú unga leikkona sem hefur verið mest áberandi á árinu er án alls efa **Ágústa Eva Erlendsdóttir,** sem farið hefur mikinn í hlutverki Silvíu Nætur. Ágústa mun þó ekki vera fjallkonan í ár. **Benóný Ægisson** hjá Hinu húsinu staðfesti við Fréttablaðið að hvorki Ágústa Eva né **Silvía Nótt** kæmu fram á 17. júní hátíðarhöldunum í Reykjavík.



Í fyrra var **Þrúður Vilhjálmsdóttir** í hlutverki fjallkonunnar og árið áður var það **Brynhildur Guðjónsdóttir.** Þar á undan stigu **Inga María Valdemarsdóttir** og **Nína Dögg Filippusdóttir** á stokk. Margir spá því að **Elma Lísa Gunnarsdóttir** komi sterklega til greina þetta árið. Fjölmargar leikkonur af hennar kynslóð, ef horft er til útskriftarárganga úr Leiklistarskólanum, hafa verið fjallkonur og það gæti verið góður kostur fyrir Benóný og félaga að fá Elmu til verksins. Það myndi að líkindum marka endalok hennar kynslóðar í hlutverki fjallkonunnar.



Benóný og hans fólk gætu þó vel ákveðið að þegar væri kominn tími á kynslóðaskipti. Þá er til þess að horfa að óvenjumargar leikkonur á aldrinum 25-30 ára hafa gert sig gildandi síðustu ár. Þar á meðal má nefna **Ilmi Kristjánsdóttur, Vigdísi Hrefnu Pálsdóttur, Maríönnu Clöru Lúthersdóttur** og nú síðast **Höllu Vilhjálmsdóttur.** Aðrar sem nefndar hafa verið til sögunnar eru **Esther Talía Casey, Sólveig Guðmundsdóttir** og **Unnur Ösp Stefánsdóttir.** Flestir veðja þó á að þetta árið sé **Álfrún Örnólfsdóttir** líklegust til að verða í hlutverki fjallkonunnar á laugardaginn. - hdm






Nýr humar, grillpinnar
sólþurrkaður saltfiskur

FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, sími 588 8686
opið alla laugardaga 11-14


# Sumargleðin saman aftur?

„Þetta eru náttúrlega enn þann dag í dag skemmtilegustu menn þjóðarinnar. Ef hægt væri að líkja þeim við einhverja þá væru það bara Frank Sinatra, Dean Martin og Sammy Davis jr. Það er þess vegna bara heiður fyrir okkur ef við færum að vinna saman," segir Einar Bárðarson hjá Concert þegar hann er spurður um þrálátan orðróm þess efnis að Sumargleðin ætli sér að koma aftur saman í sumar. Þekktustu nöfn Sumargleðinnar eru þeir Hemmi Gunn, Þorgeir Ástvalds og Raggi Bjarna og þeir hafa fundað með Einari um þetta mál. „Við höfum átt nokkra fundi og á milli hláturskastanna hefur Sumargleðin komið til tals á þeim fundum. Meira get ég ekki sagt um málið enda ekkert enn verið ákveðið í þeim efnum," segir Einar.



**SUMARGLEÐIN '82** Eitt af fjölmörgum góðum árum Sumargleðinnar. Þarna má meðal annarra greina Ragnar Bjarnason, Ómar Ragnarsson og Þorgeir Ástvaldsson.

Auk þeirra sem áður voru nefndir komu fjölmargir við sögu hjá Sumargleðinni þegar hún var upp á sitt besta á áttunda og níunda áratugnum. Þar má meðal annarra nefna Ómar Ragnarsson og Bessa heitinn Bjarnason. Yfir tuttugu ár eru síðan Sumargleðin fór síðast um landið en Einar telur ólíklegt að þessar kempur hafi nokkru gleymt. Fari svo að Sumargleðin verði endurvakin má líklegt telja að það verði gert í kringum verslunarmannahelgina. - hdm

www.icelandexpress.is




FITON / SIA

# VERÐIÐ KLUKKAN NÍU

## Seljum síðustu sætin í júní á lækkuðu verði

» Það er óhætt að segja að lognið hreyfist hratt á Íslandi þessa dagana. Iceland Express hefur því ákveðið að koma til móts við þá sem vilja komast út í blíðuna í Evrópu og býður síðustu flugsætin í júní, til og frá öllum áfangastöðunum, á lægra verði: 9.900 kr. aðra leiðina með sköttum.*

» Sala miða hefst kl. 9:00 í dag og gildir tilboðið í einn sólarhring.

**Farðu í betra veður á betra verði – bókaðu núna á www.icelandexpress.is!**

*9.900 kr. aðra leið með sköttum og frá 19.800 kr. báðar leiðir með sköttum.
Tilboðið gildir til og frá öllum áfangastöðunum á ferðatímabilinu 15.–30. júní 2006.

**Barnaverð: 5.995 kr.****

**Aðra leið með sköttum. Gildir fyrir börn 12 ára og yngri í fylgd með fullorðnum

Iceland Express

Iceland Express, Grímsbæ, Efstalandi 26, Sími 5 500 600

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS
**Stórmarkaður í stofunni heima**
PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS




## BAKÞANKAR
JÓNS GNARR

# *Mótmæli*

Mikil umræða hefur verið að undanförnu um mótmælagönguna sem farin var á dögunum gegn virkjanaframkvæmdum á hálendi Íslands. Ég sá gönguna, og eins og margir tók ég aðallega eftir áletruninni: Drekkjum Valgerði, ekki Kárahnjúkum. Einstaklega ljót og ósmekkleg krafa. Ég held að þetta eina kröfuspjald hafi skemmt meira fyrir náttúruverndarsinnum en allar auglýsingar Alcoa samanlagt.

**ÞAÐ** var einhver sem sagði mér þá sögu að þegar Ralph Nader frambjóðandi Græningja bauð fram í forsetakostningunum í Bandaríkjunum 2004, hafi hann fengið einna mestan fjárhagslegan stuðning frá kosningasjóði George W. Bush. Það er skrítið því þeir eru algjörlega á öndverðum meiði. Bush styrkti Nader í þeirri von að Nader tæki atkvæði frá John Kerry. Sniðugt hvort sem þetta er rétt eða ekki. Kannski Alcoa beiti svipuðum aðferðum?

**MÓTMÆLAGANGAN** rifjaði upp fyrir mér gamalt partý sem ég var í fyrir um tuttugu árum. Þá kom sú hugmynd upp, að skella sér í Keflavíkurgönguna. Við ætluðum að vera með tvö kröfuspjöld: „Ísland úr Nató og allir SVARTIR hermenn burt!“ og „Ísland fyrir Íslendinga!“ Okkur fannst þessi ganga hallærisleg og vildum skemma hana og um leið gera grín að tvískinnungshætti Íslendinga gagnvart útlendingum og „erlendum áhrifum“ á íslenska menningu. Enda vorum við nýskriðnir úr skóla og búnir að þurfa að læra utanbókar og þruma reglulega hundleiðinleg ættjarðarljóð eftir Grím Thomsen og þá félaga alla í Íslenskum skólaljóðum.

**ÞJÓÐERNISHYGGJA** er ágæt í hófi. Það er allt í lagi að finnast vænt um einhvern hól á Íslandi. En það er allt annað mál ef fólk verður ástfangið af sama hól og fer að meina að þetta sé fallegasti hóll í heimi og öðrum hólum æðri. Þegar fólk gerir náttúruna að guði er oft stutt í mannfórnir.

**ÉG** er ekkert sérstaklega hrifinn af virkjunum og stóriðju. Mér finnst álverið í Straumsvík ljótt. Ég er ánægður að Gullfoss var ekki virkjaður á sínum tíma. En heimurinn þarf ál til að búa til hluti; flugvélar og bíla og alls konar drasl. Hvar á að gera það? Er í lagi að það sé gert í Ekvador eða Afríku? Bara svo framarlega sem við sjáum það ekki þegar við örkum upp á ósnert öræfin með álpönnur og ál-katla og álpappír í álbakpokum, með ál-göngustafi og fislétt ál-reiðhjól?





